

EISTLAND

SMÁÞJÓÐ UNDIR OKI ERLENDIS VALDS



ANDRES KÜNG

„Segðu þeim að Eistland sé lifandi.“

— *Eistnesk kona við höfund 1972*

EISTLAND
smáþjóð undir oki
erlends valds

Andres Küng

SAFN TIL SÖGU KOMMÚNISMANS

Ritstjóri: Hannes H. Gissurarson

Meðal útgáfurita

Svartbók kommúnismans,
Stéphane Courtois og fleiri

Konur í einræðisklóm,
Margarete Buber-Neumann

Gudinn sem brást,
Arthur Koestler og fleiri

Leyniræðan um Stalín,
Níkíta Khrústsjov

Greinar um kommúnisma,
Bertrand Russell

Trúin á kommúnisma,
Arthur Koestler

Örlaganótt yfir Eystrasaltslöndum,
Ants Oras

Konur í þrælakistum Stalíns,
Elinor Lipper og Aino Kuusinen

Þjóðbyltingin í Ungverjalandi,
Erik Rostbøll

Ég kaus frelsið,
Víktor Kravtsjenko

Þjónusta, þrælkun, flótti
Aatami Kuortti

Bóndinn, El campesino
Valentín González

Nytsamur sakleysingi
Otto Larsen

Úr álögum
Jan Valtin (Richard Krebs)

Andres Küng

EISTLAND
Smáþjóð undir oki
erlends valds

með formála eftir
Hannes H. Gissurarson



26. ágúst 2016

Þetta rit er gefið út, þegar aldarfjórðungur er liðinn
frá því, að Ísland endurnýjaði 26. ágúst 1991
viðurkenningu á sjálfstæði Eyrstrasaltsríkjanna þriggja.

Útgáfa bókarinnar er styrkt af:



MIÐSTÖÐ ÍSLENSKRA BÓKMENNTA
ICELANDIC LITERATURE CENTER

Útgáfa þessarar bókar er liður í samstarfsverkefni RNH, Rannsóknarseturs um nýsköpun og hagvöxt, og AECR, Alliance of European Conservatives and Reformists, um „Evrópu fórnarlambanna“, Europe of the Victims. Hún er einnig liður í samstarfsverkefni RNH og IDDE, Institute for Direct Democracy in Europe, um smáriki í Evrópu. Ritröðin, sem hún er í, er studd af Atlas Foundation.

Eistland. Smáþjóð undir oki erlends valds kom út hjá Almenna bókafélaginu 1973 í þýðingu Davíðs Oddssonar. Á sænsku nefndist hún *Estland. En studie i imperialism* (Stockholm: Aldus/Bonniers, 1971), en var sérstaklega endurskoðuð fyrir ísl. útg. af höfundi 1972.

Gefið út með leyfi barna Andres Küngs.
Formáli og Skýringar © 2016 Hannes H. Gissurarson.

Myndir af Andres Küng, August Rei og rússnesku herliði teknar af Netinu.
Mynd úr Höfða úr myndasafni Davíðs Oddssonar.
Hönnun kápu og umbrots: Sigurgeir Orri Sigurgeirsson.
Prófarkalestur: Ingvar Smári Birgisson.
Nafnaskrá: Snorri G. Bergsson.
Prentvinnsla: Litlaprent, Reykjavík.

ÖLL RÉTTINDI ÁSKILIN.

Bók þessa má ekki afrita með neinum hætti svo sem ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sam-
bærilegan hátt, þar með talið tölvutækt form, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

ISBN 978-9935-469-96-0

Almenna bókafélagið er hluti af BF-útgáfu ehf.

Efnisyfirlit

Formáli · 7

Inngangur höfundar · 15

Inngangur þýðanda · 17

1. Eistland lifir · 19

2. Eistland í aldanna rás · 29

3. Menntun · 35

4. Menningarlíf · 41

5. Kommúnistaflokkurinn · 49

6. Efnahagslíf Ráðstjórnar-Eistlands, afreksverk og arðrán · 55

7. Rússneskjun · 74

8. Óvirk andstaða · 90

9. Eistland og framtíðin · 100

10. Er um nýlendukúgun að ræða? · 107

11. Vandí Eystrasaltslanda á okkar dögum · 115

Annáll Eistlandssögunnar · 127

Tilvísanir höfundar · 133

Skýringar · 137

Nafnaskrá · 157



Norðurlönd (ljós) og Eystrasaltslönd (dökk) 2016

Formáli

EISTLAND OG ÍSLAND URÐU BÆÐI fullvalda ríki árið 1918, og bæði voru þau hernumin 1940. Þau eru bæði lítil ríki, um margt háð grönnum sínum, byggð þjóðum með ríkan menningarlegan metnað og sterka sjálfsvitund, sem mótaðist ekki síst í þjóðlegri vakningu á 19. öld. En margt annað hefur verið svo ólíkt í sögu þeirra, að engu er líkara en forsónin hafi sett þessar tvær smáþjóðir niður á ólíkum stöðum til að skoða og reyna, hvernig þeim myndi reiða af við misjafnar aðstæður. Eistlendingar neyttu færís, á meðan fyrri heimsstyrjöld geisaði og ekki var ljóst, hver færi með sigur af hólmi. Öldum saman höfðu Rússar og Þjóðverjar og á undan þeim Svíar og Danir barist um yfirráðin yfir þessu landi sunnan Kirjálabotns í Eystrasalti. Eistlendingar lýstu yfir stofnun fullvalda ríkis 24. febrúar 1918, eftir að veldi Rússakeisara hafði hrunið og bolsévíkar hrifsað völd í Pétursborg (sem síðar var lengi nefnd Lenínsgarður), en Þjóðverjar ekki hernumið allt Eistland. Eftir ósigurinn í styrjöldinni hvarf þýski herinn úr landinu, og Eistlendingum tókst að hrinda árás bolsévíka. Eistneska lýðveldið varð að veruleika. Grannar Íslendinga voru hins vegar helst þrír, Norðmenn, Bretar og Ægir konungur, sem girti landið af og veitti björg í bú, en krafðist líka stundum mannfórna. Fyrir rás viðburðanna hafði Ísland, sem gerst hafði skattland Noregskonungs 1262, orðið hjálenda Danakonungs, en þótt Bretar sendu árlega stóran fiskiskipaflota á Íslands-mið, höfðu þeir ekki áhuga á að taka landið. Þegar Íslendingar höfðu sýnt Dönum, að þeir gætu staðið á eigin fótum, samdist við þá um fullveldi, sem tók gildi 1. desember 1918, og skildu þjóðirnar sáttar.

Ólíku var saman að jafna, þegar Bretar hernámu Ísland 10. maí 1940 og Rússar Eistland fimm vikum síðar, 17. júní. Rússar reyndu ekki aðeins að má hið sjálfstæða Eistland út af landabréfinu, heldur líka að tortíma sjálfstæðri menningu þjóðarinnar, „rússneskja“ það, eins og það er kallað í þessari bók. Landið var hernumið og undirokað allt fram til 1991, þar af í þrjú ár af Þjóðverjum. Bretar hurfu hins vegar frá Íslandi eftir eitt ár, þegar Íslendingar sömdu við Bandaríkjamenn um hverrend, og Bandaríkjamenn héldu á brott 1946, þótt kalda stríðið ylli því síðan, að Íslendingar semdu aftur við þá um hverrend 1951. Bretar og Bandaríkjamenn reyndu ekki að hlutast til um innanríkismál, svo að heita mætti, og því síður að svipta Íslendinga tungu sinni og menningu. Ægir breyttist einnig úr byrstum húsbónda í þægan þjón: Árið 1976 öðluðust Íslendingar fyrir eigið frumkvæði, en með fulltingi Bandaríkjamanna og Norðmanna, óskoruð yfirráð yfir 200 mílna fisk-

veidilögsögu, og árið 2008 var hið fyrsta í skráðri sögu Þjóðarinnar, þegar enginn sjómaður fórst við vinnu sína. Á meðan Rússar og Þjóðverjar bjuggu við alræði, voru þeir miklu grimmar grannar, eins og sést á nokkrum tölum. Frá 1934 til 2015 þrefaldaðist íbúafjöldi á Íslandi, úr 114 þúsund í 332 þúsund. Á sama tímabili jókst hann aðeins um rösk 15% í Eistlandi, úr 1,1 milljón í 1,3 milljónir. Árið 2015 voru Eistlendingar fjórum sinnum færri en Danir, sem þó búa í jafnstóru landi með svipaða landkosti. Hundruð þúsunda höfðu fallið í stríðinu, flúið til Vesturlanda eða verið flutt nauðungarflutningum til Síberíu.

Höfundur þessarar bókar, Andres Küng, var Íslandsvinur, sem sá margar hlið-stæður, en líka andstæður með Eistlandi og Íslandi. Hann fæddist 13. september 1945 í Ockelbo í Svíþjóð, sonur eistnesks flóttafólks. Foreldrar hans höfðu kynnst á flotta 1943, en í Eistlandi hafði faðir hans verið málfærslumaður og móðir hans í þann mund að hefja læknanám. Küng ólst upp við eistnesku á heimili sínu, en sænsku víðast annars staðar og var því tvítyngdur. Hann lærði líka frönsku og rússnesku í túlkaskóla. Küng lauk hagfræðiprófi frá Viðskiptaháskólanum (Handelshögskolan) í Stokkhólmi 1967, varð árið eftir ritstjóri menningarþáttar í Málmejardeild sænska Ríkisútvarpsins og starfaði þar í þrjú ár. Þá hafði áhugi hans á eistneskum rötum sínum vaknað, og fór hann tvisvar til Eistlands og skrifaði síðan þessa bók, sem kom út á sænsku 1971. Eftir útkomu hennar var honum bannað að snúa þangað aftur, og ollu því helst skrýtlurnar í bókinni um Ívan Kábin, voldugasta mann kommúnistaflokks Eistlands. Sumarið 1972 ferðaðist Andres Küng með konu sinni, Lenu, til Íslands og gerði heimildapátt um landhelgismálið, sem sýndur var í sænska Sjónvarpinu. Þeir Matthías Johannessen, skáld og ritstjóri, urðu vinir, og skrifaði Küng öðru hvoru greinar um alþjóðamál í *Morgunblaðið*. Hann endurskoðaði líka handritið að bók sinni um Eistland sérstaklega fyrir íslensku þýðinguna. Küng var frá 1972 til 1982 fréttastjóri erlendra fréttu í fjölskylduþáttum sænska Sjónvarpsins, en starfaði eftir það sem sjálfstæður rithöfundur og blaðamaður. Var hann þá virkur í hinum frjálslynda sænska Þjóðarflokki (Folkpartiet), sat í miðstjórn hans og tók um skeið sæti á Ríkisdeginum sem varamaður. Küng skrifaði fjölda bóka, ekki síst um minnihlutahópa, sem áttu sér fáa talsmenn. Eftir að Eystrasaltsríkin endurheimtu sjálfstæði sitt 1991, tók hann þátt í margvíslegri starfsemi þar, meðal annars sjónvarpsrekstri, og skrifaði leiðsögubækur um löndin. Hann skildi við konu sína 1999, en þau áttu þrjú börn, Daniel, Emilie og Frida. Küng gaf haustið 2002 út endurminningar sínar á sænsku og eistnesku, *Lif í þjónustu Eystrasaltslanda* (Ett liv för Baltikum; Baltikumile elatud aastad) og skrifaði Mart Laar, forsætisráðherra Eistlands, formála. Küng varð bráðkvaddur í Málmei 10. desember 2002.

Eitt meginstefið í bók Küngs um Eistland er um tilverurétt smáþjóða eins og Eistlendinga og Íslendinga. Víst er um það, að þessar þjóðir eiga sér sérstaka tungu og menningu. Fyrsta handritið, bænakver, var skrifað á eistnesku 1524 og fyrsta bókin, spurningakver, prentuð 1535, en Nýja testamentið var prentað 1686.

Fyrsta handritið var skrifað á íslensku veturinn 1117–1118, lögbók, og fyrsta bókin, tíðakver, prentuð 1534, en Nýja testamentið var prentað 1540. Með báðum þjóðunum varð þjóðleg vakning á 19. öld, þegar saga þeirra var færð í letur, þjóðsögur skráðar, ættjarðarljóð ort og settar fram kröfur um forræði eigin mála. Leiðtoginn í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga, Jón Sigurðsson, rökstuddi kröfuna um sjálfsforræði með því, að þjóðin hefði verið frjál og fullvalda, þegar hún játaðist 1262 undir Noregskonung, þótt hún hefði við einveldishylluminguna 1662 afsalað sér valdi í hendur Danakonungi, en væri síðan laus mála, eftir að í Danmörku færðist valdið frá honum til þjóðarinnar. Í öðru lagi ættu Íslendingar sérstaka sögu, tungu og menningu, væru ekki brot úr neinni annarri þjóð. Í þriðja lagi væru þeir kunnugri eigin högum en erlendir valdsmenn og því færari um að taka ákvarðanir í eigin málum. Í Eistlandi var upphafið nokkuð annað, því að bændurnir, sem erjuðu þar jörðina, stofnuðu ekki eitt ríki, heldur mynduðust á miðöldum eins konar sjálfstjórnareiningar, sýslur og sóknir, sem teygðu sig yfir allt landið. Þýskir riddarar lögðu hins vegar Eistland undir sig 1227 eftir harða baráttu við heimamenn, sem þeir hnepptu í ánauð. Hinar tvær röksemdir Jóns fyrir sjálfsforræði eiga þó enn betur við, eins og Küng reifar skilmerkilega: Eistlendingar áttu sér sérstaka sögu, tungu og menningu, og þeir voru og eru kunnugri eigin högum en erlendir valdsmenn og því að sama skapi bærari að ráða eigin málum.

Stundum hefur verið gert lítið úr þeim sjálfstæðisdraumum smáþjóða, sem rættust víða 1918. Geta þær leyst jafnhaganlega úr málum og fjölmennari þjóðir? Hafa þær raunverulegt afl til að halda uppi eigin ríki? Verða þær ekki að ganga til liðs við öflugri heildir? Því er til að svara, að ýmsum fjölmönnum þjóðum, eins og Þjóðverjum og Rússum, hefur ekki gengið mjög vel að stjórna sjálfum sér og hvað þá öðrum. Eru ekki meiri andleg og efnisleg verðmæti til skiptanna með smáum þjóðum en stórum? Er þar ekki rýmra um einstaklingana? Það er engin tilviljun heldur, að smáþjóðum hefur fjölgað mjög síðustu öldina. Stofnríki Sameinuðu þjóðanna 1945 var aðeins 51; árið 2011 voru aðildarríkin orðin 193 talsins, og eru þá ótalin svæði eins og Páfagarður, Taívan og Þúertó Ríkó. Skýringarnar á þessari öru fjölgun eru aðallega tvær: Með frjálsum alþjóðaviðskiptum geta smáþjóðir hagnýtt sér hina miklu kosti stórra markaða og verkaskiptingar. Þær lokast ekki inni í óhagkvæmum sjálfspurftabúskap. Stærðarhagkvæmni gildir frekar um markaði en ríki. Í annan stað hefur alræðisherrum fækkað í heiminum: Mússólíni, Stalín, Hitler og Maó áttu sér skárrí eftirmenn, og víða hefur lýðræði leyst einræði eða alræði af hólmi. Vilji lítil þjóð frekar vera sjálfstæð en í sambandi við aðra stærri, þá sætta ráðamenn í lýðræðisríkjum sig oftast við það. Til dæmis um það eru ekki aðeins gamlar nýlendur í Afríku og Asíu, sem öðluðust sjálfstæði á sjötta og sjöunda áratug 20. aldar, heldur líka ýmis Evrópuríki: Noregur skildi friðsamlega við Svíþjóð 1905 og Ísland við Danmörku 1918, og eftir nokkur átök hurfu Bretar frá því að neyta aflsunnar við Íra, sem slitu síðustu tengslin við þá 1949. Slóvakía skildi friðsamlega við Tékkland 1993, og engum dettur í hug, ef Quebec í Kanada, Skotland í Stóra-

Bretlandi og Katalónía á Spáni vilja verða sjálfstæð ríki, að þá verði komið í veg fyrir það með valdi. Önnur lítil ríki hafa orðið til vegna þess, að um tíma hefur hardstjóra brostið afl. Svo var til dæmis 1991 um Slóveníu og Króatíu, sem höfðu um nokkurt skeið verið hlutar Júgóslavíu, og um Eystrasaltslöndin þrjú, þegar þau urðu sjálfstæð 1918.

Kastalaherrann í Kreml, Josíf Stalín, brast hins vegar ekki afl, eftir að hann gerði griðasáttmála við Hitler í Moskvu 23. ágúst 1939, en þar afhenti Hitler honum samkvæmt leynilegum ákvæðum Eystrasaltslöndin gegn vesturhluta Póllands og nokkrum öðrum svæðum. Hernám Eistlands og annarra Eystrasaltsríkja 1940 og innganga þeirra í Ráðstjórnarríkin naut að vísu hvorugt almennrar viðurkenningar á alþjóðavettvangi. Bandaríkin og Páfagarður héldu sambandi við sendimenn Eystrasaltsríkja og viðurkenndu þess vegna inngönguna hvorki *de jure* né *de facto*, hvorki að lögum né í verki. Flest önnur ríki, þar á meðal Ísland, viðurkenndu ekki inngönguna í Ráðstjórnarríkin *de jure*, en gerðu það *de facto*. Svíþjóð og Þýskaland nasista viðurkenndu hins vegar strax inngönguna jafnt *de jure* og *de facto*. Svíar lokuðu sendiráði Eistlands í Stokkhólmi og afhentu Kremlverjum gull það, sem Eistlandsbanki hafði komið fyrir þar í geymslu. Á Íslandi naut málstaður Eystrasaltslanda mikillar samúðar, ef undan eru skildir vinstri sósíalistar og kommúnistar. Til dæmis birti *Morgunblaðið* sumarið 1946 greinaflokk eftir litáíska flóttamann, sem var almæltur á íslensku, Teodoras Bieliackinas, um kúgunina í Eystrasaltslöndum. Þegar málgagn sósíalista, *Þjóðviljinn*, réðst á Bieliackinas fyrir greinarnar, varði *Morgunblaðið* hann snarplega. Það var líka athyglisvert, að fyrsta bókin, sem Almenna bókafélagið gaf út haustið 1955, var *Örloganótt yfir Eystrasaltslöndum* eftir prófessor Ants Oras í þýðingu séra Sigurðar Einarssonar. Hún var um hernám Eystrasaltslanda og illa meðferð á borgurum þeirra. Almenna bókafélagið hafði verið stofnað 17. júní 1955 til að mynda mótvægi við áhrif kommúnista í íslensku menningarlífi, en þeir nutu verulegra fjárstyrkja frá Moskvu. Enn má nefna, að dr. August Rei, forsætisráðherra útlagastjórnar Eistlands, kom til Íslands 1957, og gekk hann ásamt síðasta ræðismanni hins frjálsa Eistlands á Íslandi, Tómasi Tómassyni forstjóra, á fund Guðmundar Í. Guðmundssonar utanríkisráðherra í ráðuneytinu og heimsótti Ásgeir Ásgeirsson forseta á Bessastöðum. Eftir að *Morgunblaðið* birti frétt um þetta, skundaði sendiherra Ráðstjórnarríkjanna á skrifstofu utanríkisráðherra og mótmælti þeirri „óvild“, sem Ísland hefði sýnt Ráðstjórnarríkjunum. Utanríkisráðherra svaraði, að Rei hefði komið til Íslands á eigin vegum og öllum Íslendingum verið frjálst að hitta hann.

Enn fremur er merkilegt, að Almenna bókafélagið gaf Eistlandsbók Küngs út 1973. Küng reyndist í henni sannspár um hina sterku sjálfstæðisþrá Eistlendinga. Næstu átján ár reyndu Eistlendingar eins og aðrar Eystrasaltsþjóðir að fíkra sig í átt til aukins sjálfsforræðis. Þeir stofnuðu til dæmis 1990 sitt eigið þing, sem var hliðstætt Æðsta ráðinu, en þó sjálfstætt, og gegndi sagnfræðingurinn Tunne Kelam forystu þess. Ýmsar stofnanir hins gamla Eistlands voru endurreistar og

Þjóðleg tákni, sem verið höfðu bönnuð, tekin upp á ný. Í Æðsta ráði Eistlands, sem laut stjórni kommúnista, fjölgaði einnig þeim, sem vildu veikja eða jafnvel slíta sambandið við Ráðstjórnarríkin. En þrátt fyrir allt sitt tal um opnun (glasnost) og umbætur (perestrojka) virtust ráðamenn í Kreml vera ófáanlegir til að veita Eistlandi sjálfstæði, og þeir höfðu úrslitavaldið, hvað sem öllum bænaskráum leið. Stjórnmal á Íslandi þessi átján ár voru öll skaplegri. Þýðandi Eistlandsbókar Kungs, Davíð Oddsson, gerðist stjórnmalamaður og myndaði sína fyrstu ríkisstjórn vorið 1991. Jón Baldvin Hannibalsson var utanríkisráðherra, en hann deildi áhuga Davíðs á Eystrasaltslöndum, ekki síst að áeggjan bróður síns, Arnórs Hannibalssonar heimspekiprófessors, sem hafði í langri Moskvudvöl eignast marga vini frá þessum löndum.

Tæpum fjórum mánuðum eftir stjórnarmyndun Davíðs Oddssonar urðu stórtíðindi í austurvegi. Harðlínukommúnistar gerðu misheppnaða valdaránstílraun í Rússlandi. Eystrasaltsþjóðirnar þrjár gripu óðar tækifærið og lýstu yfir sjálfstæði. Þeir Davíð og Jón Baldvin Hannibalsson ákváðu að endurnýja hina gömlu viðurkenningu Íslands á Eystrasaltsríkjum, og varð Ísland fyrst til þess allra ríkja. Sendiherra Ráðstjórnarríkjanna á Íslandi, Ígor Krasavín, gekk á fund Davíðs og mótmælti harðlega, en Davíð vísaði til þess, að forseti Rússlands, Borís Jeltsín, sem nú hefði borið sigurorð af valdaræningjunum, hefði ekkert að athuga við sjálfstæði Eystrasaltsríkja. Davíð hafði einnig samband við Manfred Wörner, framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins, til að skýra honum frá ákvörðun Íslendinga. Wörner benti Davíð á, að Ísland hefði ekkert afl til að framfylgja henni. Studningur þess væri því aðeins fólginni í yfirlýsingum. Voldugustu ríki Atlantshafsbandalagsins vildu fara hægar í sakir, því að þau vildu ekki styggja Rússa. En síðan sagði Wörner: „Nú hef ég talað við þig opinberlega sem framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins. Og nú ætla ég að tala í eigin nafni og segi við þig, Davíð: Þið skulið gera þetta!“

Þótt Ísland hefði vissulega ekkert afl til að framfylgja ákvörðun sinni, var hún Eystrasaltsþjóðunum mikils virði. Utanríkisráðherrarnir þeirra, Lennart Meri frá Eistlandi, Jānis Jūrkans frá Lettlandi og Algirdas Saudargas frá Litáen, hröðuðu sér til Íslands, og endurnýjun sjálfstæðisviðurkenningarinnar var staðfest við hátíðlega athöfn í Höfða 26. ágúst, en um kvöldið hélt Davíð Oddsson boð inni í Ráðherra-bústaðnum. Í ræðu vitnaði hann í fræg orð Shakespeares.

Í mannlífínu gætir flóðs og fjöru:
sé flóðsins neytt, er opin leið til gæfu,
en láist það, er lífsins sigling teppt
á grunnu lóni lítilmennsku og smánar.
Nú ber oss uppi háflóð stærsta straums;
vér grípum það! því ef oss fjarar uppi,
þá tapast allt.

Kváðu utanríkisráðherrar Eystrasaltsríkjanna þessi orð lýsa vel sjálfstæðisbaráttu þjóða þeirra, og einnig fannst þeim merkilegt, að gestgjafi þeirra skyldi átján árum áður hafa þýtt bók um þá baráttu. Var þessi samkoma ógleymanleg þeim, sem hana sóttu.

Næstu daga viðurkenndi hvert ríkið af öðru Eystrasaltsríkin, en við tók það erfiða úrlausnarefni að endurreisa lýðræðislegt ríkisvald í löndunum þremur. Í Eistlandi höfðu Æðsta ráðið frá dögum kommúnista og þingið, sem kjörið hafði verið 1990, þegar náð samkomulagi sín í milli um breytingar í nokkrum áföngum á stjórn-skipulaginu í átt til vestræns lýðræðis. Ný stjórnarskrá var samþykkt og Lennart Meri kjörinn forseti Eistlands í lýðræðislegum kosningum 1992. Afhenti síðasti forseti útlagastjórnar Eistlands í Stokkhólmi, Heinrich Mark, honum umboð sitt það ár. Fyrsti forsætisráðherra hins endurreista lýðveldis varð sagnfræðingurinn Mart Laar, sem var undir sterkum áhrifum frá hinum frjálslyndu hagfræðingum Friedrich von Hayek og Milton Friedman. Beitti Laar sér fyrir hraðri aukningu atvinnufrelsis, sem heppnaðist vel, þótt auðvitað yrði aðlögun að nýjum aðstæðum ekki öllum jafnléttbær. Næstu ríkisstjórnir fylgdu svipaðri stefnu í atvinnumálum. Eitt brýnasta verkefnið var að semja við Rússa um að kveðja herafla sinn úr landinu, og tókst það 1994.

Annað mikilvægt verkefni var að reyna að tryggja öryggi landsins með aðild að Atlantshafsbandalaginu, en hún fól í sér fyrirheit um það frá Bandaríkjunum, langöflugasta herveldi heims, að önnur innrás Rússa í Eistland yrði ekki þoluð. Á bak við tjöldin beitti Davíð Oddsson forsætisráðherra sér eindregið fyrir aðild Eystrasaltslandanna að bandalaginu, til dæmis á leiðtogafundi þess í Madrid 1997, og nutu þau líka fulltingis Danmerkur, Noregs og Bretlands, en þó munaði vitaskuld aðallega um stuðning Bandaríkjamanna, þar sem afl fylgdi ákvörðunum. Fengu Eystrasaltsríkin inngöngu í Atlantshafsbandalagið vorið 2004. Eins og fram kemur í þeim tveimur bókum, sem Almenna bókafélagið gaf út um Eistland eftir Ants Oras og Andres Küng, hafa Eistlendingar löngum litid á sig sem Evrópuþjóð og verið frábirtir nánara sambandi við Rússa, aðallega vegna þess að þeir hafa sjaldnast búið við frelsi eða lýðræði. Í samræmi við það sóttu Eistland og önnur Eystrasaltsríki um aðild að Evrópusambandinu og fengu hana haustið 2004. Fyrir þeim vakti áreiðanlega ekki aðeins að öðlast aðgang að hinum stóra Evrópumarkaði, heldur líka að tryggja öryggi sitt frekar með nánari samstarfi við Evrópuríki. Enn láta Rússar stundum samt ófriðlega við landamæri Eistlands.

Þegar Eystrasaltsþjóðirnar lýstu yfir sjálfstæði í ágúst 1991, var afstaða þeirra ekki, að þær væru nú að ganga út úr ráðstjórnarsambandinu, því að þær hefðu aldrei gengið inn í það, heldur verið hernumdar og neyddar til inngöngunnar. Hernámið hefði verið brot á alþjóðalögum og alþjóðasamningum og hliðstætt hernámi Austurríkis 1938 og Noregs 1940 (en norsk útlagastjórn sat einmitt í Lundúnum á stríðsárunum). Þegar eistneska lýðveldið var endurreist 1991, fengu til dæmis þeir, sem voru ríkisborgarar fyrir hernámið 17. júní 1940, og afkomendur

þeirra sjálfkrafa ríkisborgararétt, en aðrir þurftu að sækja um. Hefur þó gengið vonum framur að leysa úr málum hins fjölmenna rússneska minni hluta í landinu. Sumir rússneskumælandi menn hafa gerst eistneskir ríkisborgarar, aðrir flust burt og sumir setið um kyrrt í Eistlandi, en haldið ríkisborgararétti í Rússlandi. (Er fróðlegt að bera Eistland saman við Alsír, þar sem franskir minni hlutinn hraktist allur burt, eftir að landið fékk sjálfstæði.)

Afstaða Íslands til sjálfstæðis Eystrasaltsríkja var hin sama og þeirra sjálfra, að um væri að ræða endurnýjun á viðurkenningu, sem þegar hefði verið veitt nokkrum árum eftir sjálfstæðisfirlýsingar þjóðanna 1918. Þess vegna kemur á óvart að lesa það, sem Sigurður Ragnarsson sagnfræðingur skrifar um Eystrasaltlöndin í *Nýjum tímum*, kennslubók fyrir framhaldsskólanema. Fyrst segir hann athugasemdalaust: „Sovétmenn höfðu fært fremstu víglínu sína til vesturs þegar þeir tóku austurhluta Póllands á sitt vald. Árið 1940 voru Eystrasaltsríkin Þrjú, Eistland, Lettland og Litháen, innlimuð í Sovétríkin.“ Hann lætur þess ekki getið, að löndin voru hernúmin og undirokuð, og því síður minnst hann á nauðungarflutninga tugþúsunda frammámana þessara landa og fjölskyldna þeirra til Síberíu. Síðan vísar Sigurður að opnuninni (glasnost) í Rússlandi á síðari hluta níunda áratugar og hnyttir við:

Hin opna umræða varð hins vegar til að vekja upp gamla þjóðernishyggju í ýmsum lýðveldum. Sterkust varð þessi þjóðernishreyfing í Eystrasaltsríkjunum þemur, Eistlandi, Lettlandi og Litháen, en hennar gætti einnig annars staðar. Þar kom að Eystrasaltsríkin lýstu yfir sjálfstæði og úrsögn sinni úr Sovétríkjunum eins og þau höfðu raunar heimild til samkvæmt stjórnarskrá ríkisins.

Eins og kemur fram í Eistlandsbókum þeirra Ants Oras og Andresar Küngs, fór þessu víðs fjarri. Eistlendingar og aðrar Eystrasaltsþjóðir héldu fast í þjóðerni sitt allan hernámstíma Rússa, frá 1940, og veittu virka og óvirka andspyrnu gegn ofurfliinu. Eystrasaltsríkin sögðu sig aldrei úr Ráðstjórnarríkjunum, því að þau voru aldrei að lögum í þeim.

Einkennilegt er að taka sérstaklega fram, að Eystrasaltsþjóðir hafi haft heimild til að ganga úr Ráðstjórnarsambandinu: Sú heimild var nafnið tómt, eins og glöggst sést af orðum eins skólabróður Arnórs Hannibalssonar í Moskvu, Árna Bergmanns, þegar hann rifjaði upp dvöl sína eystra:

Stúdentar frá Eystrasaltlöndum höfðu sagt mér, hvernig farið var að því að innlima ættlönd þeirra inn í Sovétríkin, frá kaldrifjaðri valdniðslu, fjöldahandtökum, nauðungarflutningum, sjálfsmorðum vonsvikinna kommúnista og háska þeim, sem búinn var sjálfri tilveru þessara þjóða. Það var alveg ljóst, að þessum þjóðum var hvaða eigin stjórn sem vera skyldi betri en sú, sem Stalín og Bería réðu fyrir.

Hins vegar er afstaða Sigurðar Ragnarssonar í þessari kennslubók vissulega hin sama og rússneskra stjórnvalda. Þau telja innlimun Eystrasaltsríkjanna í Ráðstjórnarríkin hafa verið löglega, en síðan hafi ný ríki verið stofnuð, eftir að Ráðstjórnarríkin liðuðust í sundur. Athygli vekur og, að Sigurður minnist ekki einu orði á, að Ísland varð fyrst ríkja til að endurnýja viðurkenningu á Eystrasaltsríkjum, þótt hann taki til dæmis fram í frásögn af spænska borgarastríðinu, að þar hafi Íslendingar barist.

Ýmislegt er vitanlega orðið úrelt í Eistlandsbók Andresar Küngs, og sumt miðast ef til vill aðeins við áttunda áratug 20. aldar, þegar margt ungt fólk var með hugann við svokallaðar þjóðfrelsinhreyfingar í suðrænum löndum og endurskoðun marxískra fræða. (Höfundurinn var aðeins 26 ára, þegar hann skrifaði bókina.) En Küng hafði svo sannarlega rétt fyrir sér um það, að sjálfstæðisvilji Eistlendinga og annarra Eystrasaltsþjóða lifði allar hremmingar af. Sá dagur rann upp, að síðasta nýlenduveldið í Norðurálfunni hrundi. Lestur þessarar bókar sýnir líka, að sjálfstæði smáþjóða er ekki sjálfsagt mál, heldur verður að keppa að því með rökum, reyna síðan að tryggja það með samningum og láta hvergi bilbug á sér finna. Seigla og kjarkur vegast þar á, og er hvort tveggja jafnauðsynlegt. Bók Küngs er endurútfegin 26. ágúst 2016 í minningu tímamótanna aldarfjórðungi áður, er neytt var „háflóðs stærsta straums“. Er stafsetning og málnotkun fært til nútíma-horfs og texti lagfærður, þar sem þurfa þótti. Örstuttar skýringar á nokkrum atriðum eru aftanmáls.

Viljandi, Eistlandi, 29. júní 2016.

Hannes H. Gissurarson.

Inngangur höfundar

SÚ BÓK, SEM NÚ HEFST, er ávöxtur athugana minna á bókum, tímaritum og dagblöðum, sem út hafa verið gefin í Ráðstjórnar-Eistlandi og á Vesturlöndum um efnið, og jafnframt rannsókná í landinu sjálfu. Sumarið 1970 fór ég tvívegis til Eistlands. Í fyrri skiptið sem réttur og sléttur ferðamaður, en í hið síðara sem blaðamaður. Í þeirri ferð naut ég ágættrar aðstoðar frá þeirri deild eistneska útvarpsins, sem um erlend tungumál fjallar. Með þeirra tilstyrk auðnaðist mér að ná fundum fjölda valdamanna í Ráðstjórnar-Eistlandi. Auk þess átti ég óteljandi óformlega fundi við „manninn á götunni“.

Ég fæddist í Svíþjóð, skömmu eftir lok heimsstyrjaldarinnar síðari. Báðir foreldrar mínir voru Eistlendingar, en þó eru aðeins örfá ár síðan verulegur áhugi á Eistlandi vaknaði með mér. Eistneska var heimilismál mitt í Svíþjóð, og fyrstu sex skólaár mín gekk ég í eistneskan skóla í Stokkhólmi. Ég tala því eistnesku reiprennandi, og auðvitað varð það mér ómetanlegur styrkur, er ég átti samræður við Eistlendinga sumarið 1970.

Áður en ég hélt í mína fyrstu Eistlandsferð, hafði ég komið til um 60 annarra landa. Hafði ég skrifað nokkrar bækur um þann vanda, sem steðjar að minnihlutahópum víðs vegar um heim.

Meðan ég hafði bókina í smíðum, lá þyngst á mér ótti um, að eitthvað í frásögn minni kynni að koma vissum einstaklingum í Eistlandi í vanda. Því hef ég forðast að birta tilvitnanir, sem rekja mætti til heimildarmanna minna. Þá óttaðist ég, að bókin gæti orðið til þess fallin að leggja stein í götu eðlilegra samskipta milli flóttamanna og samlanda þeirra í Eistlandi.

Nú eru rúm 30 ár liðin, frá því að Eystrasaltslöndin voru svipt sjálfstæði og innlimuð í Ráðstjórnarríkin. Eistland, Lettland og Litáen eru gleymd Evrópulönd. En hvernig hefur þessum þjóðum farnast eftir að hafa búið við rússnesk yfirráð í þrjá áratugi? Upplýsingar um ástandið í þessum löndum eru takmarkaðar, og þær liggja ekki á lausu. Ýmsir flóttamannahópar þaðan hafa þó reynt að koma upplýsingum á framfæri í þeim ríkjum, sem þeir búa í. En af skiljanlegum ástæðum eru frásagnir þessara hópa yfirborðskenndar og erfitt að sannreyna þær. Allar opinberar fréttir frá Ráðstjórnarríkjunum sæta ritskoðun (reyndar er öll Austur-Evrópa undir sama hatti í þeim efnum). Einkum er eftirlitið strangt gagnvart öllu, sem lýtur að hinum ólíku þjóðum og þjóðarbrotum Ráðstjórnarríkjanna. Og Eystrasaltsþjóðirnar eru sérstaklega snöggur blettur á samvisku alríkisins.

Þá er þess að gæta, að fágætt er, að borgurum þessara landa leyfist að ferðast úr landi sem ferðamenn. Sennilegt er, að enn muni draga úr slíkum ferðaleyfum á næstu árum, þar sem yfirvöld hafa nýlega hert enn á efnahagslegum skilyrðum þess, að þau séu veitt. Og í þriðja lagi hafa flóttamenn löngum hikað við að snúa heim. Margt aftrar þeim frá því. Þeir eiga bitrar minningar frá stríðsárunum, föðurland þeirra er í ánaud, og síðast en ekki síst óttast þeir, að þeir verði kyrrsettir í landinu. Í fjórða lagi hafa mjög fáir vestrænir fréttamenn sótt þessi lönd heim, og fæstir þeirra mæla á tungu þessara þjóða.

Ég veit ekki betur en að bók þessi sé hin fyrsta sem skrifuð er um Ráðstjórnar-Eistland frá lokum heimsstyrjaldarinnar eftir mann, sem dvalist hefur í landinu og talar tungu þess (og raunar einnig rússnesku). Ég geri mér vonir um, að bókinn megi miðla einhverjum fróðleik og upplýsingum um efni, sem hefur vissulega verið afrækt.

Vegna ástandsins í Ráðstjórnar-Eistlandi á ég þess engan kost að þakka opinberlega öllu því fólki, sem hefur verið mér innan handar. Ég vil þó geta nokkurra úr hópi fjölmargra vina minna, sem lagt hafa hönd á plóg, Rein Taagepera, aðstoðarprófessors í stjórnmálinum við háskólann í Kaliforníu, Tönu Parming, þjóðfélagsfræðings við Yale-háskóla, og sagnfræðinganna Evald Uustalu í Stokkhólmi og Imre Lipping í Washington-borg. Vildi ég geta allra þeirra mörgu hvaðanæva að, sem eiga þakkir skildar, ætti ég efni í aðra bók, svo að ég læt hér staðar numið.

Málmey, Svíþjóð, vorið 1972.

Andres Küng.

Inngangur Þýðanda

Á UNÐANFÖRNUM ÁRUM Hafa menn tekið að gefa undirokuðum þjóðum og þjóð-
arbrotum meiri gaum en áður. Andspyrnuhreyfingar þriðja heimsins eru sveipaðar
ævintýraljóma, rétt eins og krossferðariddararnir forðum. Hvarvetna á Vesturlönd-
um eru starfandi nefndir og ráð, sem berjast fyrir málstað þeirra, sem kúgaðastir
eru taldir á hverjum tíma. Að vísu virðist stundum sem jafnalvarleg mál og þessi
séu háð tískuduttlungum, engu síður en pilsfaldar, popptónlist og annað hverfult
fánýti. Þannig bar til dæmis eitt sinn við, að menn gengu þúsundum saman með
spjöld um götur allra helstu borga Vestur-Evrópu og mótmæltu ofstjórnarkúgun
og pólitískum fangelsunum í Grikklandi. Um þær mundir bárust fregnir um,
að hundruðum þúsunda manna hefði verið útrýmt í Súdan með skipulögðum
aðgerðum stjórnvalda. Öllum bar saman um, að ástandið væri alvarlegt þar syðra,
en mótmælendur virtust hafa svo mikið á sinni könnu, að þeim gæfist ekki tóm til
að sinna atburðunum í Súdan.

Þessi bók er um Eistland og þá þjóð, sem þar býr aðþrengd af hernámsliði stór-
veldis. Þrjátíu ár eru liðin frá því, að Ráðstjórnarríkin hernámu Eystrasaltslöndin
þrjú, Eistland, Lettland og Litáen. Þjóðirnar þrjár berjast enn hetjulega fyrir tilveru
sinni. Vopn þeirra eru hvorki hávær né stórvirk og eru eingöngu nothæf í vörn.
En varnarveggurinn, þjóðleg menning og rík þjóðerniskennnd, hefur staðið af sér
þrjátíu ára umsátur. Og þótt enn sé „barist“ í þessum löndum, eru þau fyrir löngu
dottin út af „vinsældalistum“ mótmælenda og frelsishópa hins frjálsa heims. Því
kann einhver að spyrja: Hvers vegna gengur þessi bók á prent? Á hún eitthvert
erindi, eða er hún eins og hver önnur boðflenna, sem betur hefði setið heima?

Auðvitað kann enginn að svara slíkum spurningum fyllilega, nema lesandinn
sjálfur er hann lokar bókinni að síðustu. Höfundur hennar, Andres Küng, er Eist-
lendingur, sem alið hefur aldur sinn fjarri ættlandinu. Hann reynir með bókinni að
gægjast undir þá þagnarhulu, sem lagst hefur yfir þá atburði og þær hræringar, sem
orðið hafa í Eistlandi, frá því að landið var svipt sjálfstæði. Þótt landið sé ekki lengur
sjálfstætt, þá kemur glögg fram, að þjóðin berst enn fyrir sjálfstæði sínu, sem þjóð.
Hún leitast við að varðveita tunguna og með því tengslin við fortíðina, og umfram
allt reynir hún að slá skjaldborg um þjóðarsálina — hina sérstöku þjóðmenningu
Eistlendinga. Og þótt við ofurefli sé að etja eru Eistlendingar enn óbugaðir.

Auðvitað hlýtur þessi ójafna barátta smáþjóðarinnar við stórveldið, sem hersetur
landið og á alls kostar við íbúa þess, að vera öllum áhugaverð. Þá er þess að gæta,

að Íslendingar eru smáþjóða smæstir, þeir óttast um tungu sína og þjóðmenningu og bera ugg í brjósti vegna aukinna erlendra áhrifa. Á Íslandi er erlent varnarlið, og Íslendingar eru þátttakendur í varnarbandalagi með stórum og völdugum þjóðum. Allmargir hafa haldið því fram í fullri alvöru, að landið sé í raun hernumið, og sjálfstæði landsins sé því vart meira en nafnið eitt. Þá telja sumir, að erlenda varnarliðið mengi þjóðlífið og tungunni sé hætt, vegna þeirra fjölmíðla, sem það rekur.

Fjöldi Íslendinga ber kvíðboga vegna útþenslu þess stórveldis, sem Eistlendingar þekkja hvað best. Telja þeir, að öryggi landsins sé ógnað, ef hið erlenda varnarlið, sem hér dvelur, verður á brott. Allt þetta ætti að vera til þess fallið að vekja áhuga íslenskra lesenda á því efni, sem þessi bók fjallar um. Mér þykir rétt að taka fram, að sá samanburður, sem gerður er við Ísland og Íslendinga í bókinni, er höfundarins, en ekki þýðandans.

Reykjavík 1973.

Davíð Oddsson.

1. kafli

Eistland lifir

ÞEGAR FERÐALANGUR KEMUR til Tallinn frá Stokkhólmi, flýtir hann úri sínu um tvær stundir. En er hann skimar í kringum sig á ákvörðunarstað, finnst honum sem nær væri að færa það aftur um tvær aldir. Sú hugsun flögrar að honum, að ferðaáætlunin hafi farið í handaskolum og fyrir misskilning sé hann staddur í Austur-Berlín liðinna ára. Grámollulegar byggingar gefa eistnesku höfuðborginni dapurlegt yfirbragð. Vissulega er ekki ónýtt að geta rölt um stræti og torg, laus við þá bílamergð, sem annars staðar verður ekki þverfótað fyrir. En þeir fáu bílar, sem þó sjást í Tallinn, eru margra bíla makar, því að bensíninu sem þeir nota, fylgir megn óþverra stybba.

Enginn má þó skilja þessa lýsingu svo, að Tallinn sé eymdarsvipurinn upp-málaður — öðru nær. Nenni ferðalangurinn ekki að glápa á nýjar byggingar, sem þegar eru famar að láta á sjá, getur hann reikað um einhvern hinna mörgu garða og útivistarsvæða, sem borgina prýða, ellegar arkað um gamla borgarhlutann. Ef marka má rússneskar heimildir, þá er engin borg í öllum Ráðstjórnarríkjunum jafnauðug af gróðurreitum og grasgördum og Tallinn. Miðhluti borgarinnar hefur verið varðveittur að mestu í upprunalegri mynd, allt frá miðöldum, og er hann hrífandi minnisvarði um borgina frá þeim tíma, er hún var ein af miðstöðvum Hansakaupmanna.

Þegar ferðalangurinn virðir fyrir sér borgarvirkið, sem reist var á miðöldum og enn er vel varðveitt, og hina gömlu turna og spíru, verður hann að viðurkenna, að þeir, sem telja Tallinn fegurstu borg í Evrópu, hafa mikið til síns máls. Árið 1939 reit þekktur enskur landskoðari á þessa leið: „Það er ófært að bera á móti því, að Tallinn er hrífandi borg. Gamalt og nýtt, líðandi stund og liðinn tími, tvinnast svo undur nettilega saman.“ Þessi orð lýsa Tallinn ekki síður nú en þegar þau voru rituð.

Uppbygging gamla borgarhlutans gengur hægt, en stöðugt, og er hún framkvæmd af nærfærni og djúpri virðingu fyrir þeim menningarverðmætum, sem hann geymir. Til dæmis má nefna hina gömlu turna borgarmúrsins, sem hafa verið endurbygðir eftir teikningum frá 17 öld. Sömuleiðis hafa gluggar hins þekkta ráðhúss borgarinnar verið settir í upprunalegt horf. Hinn frægi Kiek-in-de-Köh-(Gægstu

inn í eldhúsið)-turn, sem allir þeir þekkja, sem til Tallinn hafa komið, hefur verið gerður upp og er nú eins og hann var fyrir stríð. Hann hýsir nú borgarsafnið. Og sumarið 1970 var tekið til við að gera við turnspíru St. Nikulásarkirkju, og er því lýkur, mun borgin hafa endurheimt útlínur þeirrar sömu gömlu skuggamyndar, sem í aldanna rás heillaði margan sæfarann.

Saga Tallinn

Tallinn sést þegar á korti því, sem arabíski landfræðingurinn al-Idrisi gerði að undirlagi norska konungsins Hróðgeirs II. af Sikiley á því herrans ári 1154. Þar ber borgin nafnið Koluvan, en svo var borgin áður nefnd á rússnesku. Nafnið má líklega rekja til Kalevs, sem var sú hetja, sem hæst bar í þjóðsögum Eistlendinga.

Eistneska nafn borgarinnar, Tallinn, á rætur sínar frá þeim tímum, er Danir réðu norðurhluta Eistlands, en það var jafnvel áður en Gamli sáttmáli var gerður. Tallinn er stytting á Taani Linu, sem þýðir „danska borgin“. Danir sjálfir kölluðu borgina hins vegar Reval eftir héraðinu Rävälä í Norður-Eistlandi. Allt fram til þessa dags hefur borgin oftast verið nefnd Reval í sagnfræðiritum.

Ferðamenn af Vesturlöndum

Það var löngum erfitt fyrir ferðamenn frá Vesturlöndum að komast til Ráðstjórnar-Eistlands eða hinna Eystrasaltslandanna, Lettlands og Litáen. Eftir dauða Stalíns og þó sérstaklega eftir að reglulegum bátsferðum var komið á milli Helsinki og Tallinn á miðjum 6. áratug, hefur vestrænum ferðamönnum fjölgað. Þeir voru um 15.000 árið 1969. Flestir þessara Vesturlandabúa eru Finnar, sem aðeins staldra við í einn dag í senn, og það er einkum hið ódýra áfengi um bord í ferjunni, sem heillar þá til fararinnar. Enda er ferjan manna á meðal kölluð Vodka-ferjan. Mjög fáir ferðamenn fá heimild til að heimsækja aðra staði en Tallinn og hina suðlægu háskólaborg Tartu (Dorput). Almennir ferðamenn verða að halda sig innan 10 mílna geisla frá borgarmörkum Tallinn. Ekki er ótrúlegt, að þessi mörk hafi verið dregin til þess, að hin mikilvæga herskipahöfn, Paldiski, félli utan opna svæðisins. Einnig getur ástæðan verið sú, að stór varnareldflaugastöð er ekki fjarri Tallinn. Mér var neitað um heimild til að sækja heim aðra landshluta en höfuðborgina með þeirri undantekningu þó, að ég fékk að skjótast í einn dag til Tartu.

Það er miklum erfiðleikum bundið fyrir útlendinga að fá leyfi til að fljúga frá Tallinn til Riga, höfuðborgar Lettlands, innan lofthelgi Eistlands. Kann þessi stífni að stafa af ótta yfirvalda við, að ferðamenn ljósmyndi herstöðvar, sem eru í ná-munda við Tallinn. Þessi ótti stjórnvalda við njósnara bagar þó ekki eingöngu ferðafólk og útlendinga. Eistneskir borgarar, sem af öryggisástæðum voru fluttir burt af hinni hernaðarlega mikilvægu strönd Vestur-Eistlands, verða að fá sérstök leyfi, vilji þeir heimsækja átthaga sína.

En svo sem fyrr er sagt, gegnir öðru máli um Tallinn. Þangað komast erlendir ferðamenn núorðið hindrunarlaust. Ferjan frá Helsinki er í daglegum ferðum allt frá 1. maí til 1. október ár hvert, og er hún 4 tíma að ösla hvora leið. Ferðin kostar aðeins 1.500 krónur fram og til baka. Fólk, sem einungis er í helgarferðalagi, getur gist í bátnum um nóttina fyrir sanngjarnt verð, og þarf þá ekki vegabréfsáritun til fararinnar. En ef lengri dvöl er fyrirhuguð, verður hlutaðeigandi að afla sér vegabréfsheimildar. Það má geta þess, að fyrirhugað er að koma á ferjusambandi milli Stokkhólms og Tallinn.

Rúblutjaldið

Það er ekkert undarlegt, að þeir Eistlendingar, sem leyft hefur verið að sækja heim „kapítalísk lönd“, hrífist af þeirri gnægð og fjölbreytni, sem kjörverslanirnar hafa á boðstólum, og ekki síður af alúð og hjálpfýsi afgreiðslufólks. Fjöldi Eistlendinga sagði mér, að það hefði verið eins og í ævintýrum að geta eytt mörgum klukkustundum í risaverslunum í Helsinki eða Stokkhólmi, smella sér í og máta hverja flikina af annarri án þess svo mikið sem kaupa snifsi, og eiga alltaf sömu lípru framkomunni að mæta hjá afgreiðslufólkinu. Það er raunar ekkert skrítið, að þeir keyptu minna en gengur og gerist. Eistlendingur, sem árið 1970 fékk leyfi til að fara með ferjunni til Finnlands, fékk aðeins að hafa með sér upphæð, sem svaraði til 6 Bandaríkjadala í vestrænum gjaldeyri. Engu að síður töldust þessir lánsömu til lítils forréttindahóps, þar sem aðeins mjög fáir Eistlendingar eða aðrir borgarar Ráðstjórnarríkjanna fá heimild til að ferðast til Vesturlanda. Það tekur hálf ár að fá vegabréf til fararinnar. Og þeir útvöldu, sem loksins detta í lukkupottinn og fá ferðaheimild, verða að skilja börn sín eða maka eftir heima sem nokkurs konar baktryggingu, gísla. Ættingjar hinna fjölmörgu, sem dvalist hafa í vinnubúðum í Síberíu, fá sárasjaldan utanfaraleyfi.

Haustið 1970 var enn hert á hnútunum og skilyrði þau, sem fullnægja verður til þess að fá að ferðast, enn þrengd, en þau voru þó ærin fyrir. Áður varð ráðstjórnarborgari, sem ætlaði til Vesturlanda, að greiða 40 rúblur fyrir vegabréf. Nú verður hann að greiða 400 rúblur! Svarar það til 4 mánaða launa fyrir venjulegan eistneskan launþega. Hin flugan, sem slegin var í þessu sama höggi, var umsóknargjaldið, sem hækkað var úr 4 rúblum upp í 40 rúblur. Þetta fé er ekki endurgreitt umsækjanda, þótt honum sé synjað um faraleyfi. Áður höfðu umsækjendur iðulega sótt aftur og aftur um, fengu þeir neitun, allt þar til þeim var loks veitt jákvætt svar. Við þessu er nú séð með því skilyrði, að 6 mánuðir líði frá því, að neitun berst, og þar til nýja umsókn má senda af stað.

Þessar síðustu hækkanir og tálmar hafa drepið niður þá veiku von, sem menn ólu í brjósti um að auðnast einhvern tíma að heimsækja ættingja sína á Vesturlöndum. Útþráin er þó enn mjög sterk, og hún skín ætíð í gegnum þau samtöl, sem Eistlendingar eiga við erlenda ferðamenn.

Fleygur brandari er skýr og um leið beisk lýsing á þessari þrá. Tveir kunningjar rabba saman, og annar spyr: „Heyrðu, hvað ætlar þú að gera, daginn sem þeir opna Vesturlandamærin?“ Hinn svarar að bragði: „Blessaður vertu, ég þýt upp í næsta tré til að troðast ekki undir.“

Skortur á erlendum gjaldeyri í Ráðstjórnarríkjunum er meginástæðan fyrir þeim efnahagslegu þvingunum, sem beitt er til þess að koma í veg fyrir ferðalög til útlanda. Eistlendingar búa ekki einir við slíkar hömlur, heldur sitja aðrir ráðstjórnarþegnar við sama borð í þessum efnum, þannig að ekki er raunhæft að tala um, að hér sé verið að vega sérstaklega að baltnesku þjóðunum. En engu að síður koma þessar reglur harðar við þær þjóðir en aðrar. Baltar eru nú sjö milljónir talsins í heiminum, og þar af býr yfir ein milljón þeirra á Vesturlöndum — í Bandaríkjunum, Kanada, Vestur-Evrópu, Ástralíu og Suður-Ameríku. Lætur því nærri, að sérhver fjölskylda í Eistlandi, Lettlandi eða Litáen eigi ættingja erlendis. Fyllilega er eðlilegt, að þessi bönd kveiki þrá til persónulegra kynna milli aðskilinna ættingja og vina.

Við bætist, að ekki er einungis erfitt fyrir Eistlendinga, sem heima búa, að fara úr landi, því að enn meiri vandkvæði eru fyrir samlanda þeirra, sem erlendis verða að dveljast, að heimsækja föðurland sitt. Eistneskir útlagar hætta ekki á að ferðast til heimalandsins, þar sem í augum yfirvalda þar eru þeir enn ráðstjórnarborgarar. Þeir eiga því á hættu að verða kyrrsettir og jafnvel vera sakfelldir um, að með flóttu sínum á styrjaldarárunum hafi þeir framið landráð.

Fyrir innlimunina voru samskipti Eystrasaltsbúa við Vesturlönd miklu umfangsmeiri og virkari en Ráðstjórnarríkjanna. Sambandsleysið nú er því mun tilfinnanlegri fyrir þá, og þeir eiga bágt með að setta sig við orðinn hlut. Árið 1930 fóru um 50.000 Lettar utan, en nú fá um 100 fararleyfi árlega. Hlutfallið er svipað í Eistlandi og Litáen. Þó fengu 1.700 Eistlendingar að fara til Finnlands árið 1971. Þeir fóru í hópferðum á vegum ríkisins og dvöldust aldrei lengur en viku í senn.

Hvernig orkar Tallinn á gest sinn?

Það getur oltið á ýmsu, hvernig Tallinn kemur ferðamanninum fyrir sjónir. Áhrifin fara ekki síst eftir honum sjálfum. Hver er hann, hvers vegna kemur hann til landsins, og hvað sér hann? Rússi, kominn að austan, gleðst yfir skárna vöruúrvali en hann á að venjast og snotru stelpunum í pínupilsunum. Sá, sem kominn er í austurveg, verður ekki uppnuminn yfir þessu tvennu. Hann rekur hins vegar augun í endalausar biðraðir við verslanirnar, sem flestar hafa feikn lélega vöru á boðstólum, og ef til vill ekki síst í stírdbusalega og slæga þjónustu afgangslúfólksins. Og hann mun aldrei venjast ófrelsisandrúmsloftinu, sem ríkir.

Þeir, sem leita eingöngu að því, sem miður fer, vandamálum og deyfð, þeir numu finna það bæði í Tallinn og annars staðar í Eistlandi, og það mundu þeir raunar gera, hvar sem er í heimi. En eintrjánungslega bölsýni væri þó erfitt að sitja uppi með lengi, nema lagt yrði hart að sér. Öðru máli gegnir, að ekkert er líklegra

en gestkomandi yrði uppveðraður yfir alúð fólks og vinsemd og barnslegri forvitni þess um allt, sem vestrinu við kemur. Einnig yrði hann snortinn af stolti og virðingu íbúanna fyrir borg sinni og landi. Slíkt er þó eðlilegt af lítilli þjóð, sem býr við kúgun stórveldis.

Jafnvel harðskeyttustu hatursmenn kommúnista og Rússa vekja hreyknir athygli á nýjum byggingum, vísindastofnunum, söfnum og þess háttar. Og þegar öllu er á botninn hvolft, ættu þessi viðbrögð ekki að vekja neina furðu. Jafnvel þó að við séum ósáttir við margt í eigin þjóðfélagi og vildum helst, að flest væri á annan veg, þá höfum við tilhneigingu til að lýsa enn meir kostunum, er við eigum orðræðum við erlenda menn, og jafnvel þó að útlægir samlandar eigi í hlut. Við gerumst þá iðulega verjendur þess, sem dagleg gagnrýni okkar beinist einkum gegn.

Um Eystrasaltsþjóðirnar má segja, að afstaða þeirra markast ef til vill ekki síst af því, að þeir telja, að útlægir landar líti í meðaumkun niður á þá „eins og snauða ættingja utan af landi“. Eigi sú trú enn stoð í raunveruleikanum, þá eru þessi viðhorf útlagans svo sannarlega óréttmæt og ekki sanngjöm. Á síðasta áratug urðu örur breytingar í Eystrasaltslöndunum. Þeim fór ört fram, jafnt í veraldlegum efnum sem menningarlegum, strax og rofa fór fyrir heiðglugga eftir svartnætti Stalínstímans. Nú er Eistland blómlegt iðnaðarland. Þjóðinni, sem landið byggir, ber viðurkenning fyrir fjölþættar framfarir, sem henni hefur tekist að vinna að þrátt fyrir andlega þrælkun erlends valds.

Hvað sem öllum fordómum líður, fer ekki hjá því, að flestir þeir, sem til Tallinn koma, skynji dálítið vestrænt andrúmsloft og yfirbragð í borginni, einkum þó þeir, sem farið hafa um önnur ráðstjórnarlönd. Það er því ekki út í hött, er Rússar nefna baltnesku löndin, og þá ekki síst höfuðborg Eistlands, fordyri Vesturlanda. Rússar nefna þessi lönd líka stundum „sovjetskaja zagránítsa“, eða hið erlenda ráðstjórnarland.

Á liðnum öldum hafa Rússland og Vestrið ætíð mæst í Eystrasaltslöndum. Hinn vestræni blær birtist á margan hátt, ekki síst í klæðaburði fólks. Margur ferðalangurinn kemst fljótt upp á lag með að sjá á klæðunum einum, hver er Rússi og hver Eistlendingur, enda var það engin tilviljun, að pínupils og bítlahár namu fyrst land í Eystrasaltslöndunum og bárust þaðan til Lenínsgarðs og Moskvu og löngu síðar til annarra staða í Rússlandi. Tískumiðstöðin í Tallinn er miðdepill tískuheims Ráðstjórnarríkjanna, og tímarit Tískumiðstöðvarinnar, sem gefið er út á eistnesku og rússnesku, hefur náð mikilli útbreiðslu í Moskvu og Lenínsgarði.

Það kemur óneitanlega spáskt fyrir sjónir, að obbi Eistlendinga á strætum Tallinn er í mun klæðilegri og vandaðri fötum en rússneskir íbúar borgarinnar. Veldur þessu líklega tilhneiging þjóðarinnar til að búa sig á vestræna vísu og eins hitt, að frændur og vinir á Vesturlöndum senda Eistlendingum iðulega föt. Er samfelldur straumur gjafapinkla inn í landið þrátt fyrir geysiháa tolla, sem yfirvöld hafa sett á þá. Vilji viðtakandinn ekki nota sendinguna sjálfur, þá getur hann aflað

sér drjúgs skildings á svarta markaðinum. Einn slíkur böggull getur gefið meira en mánaðarlaun í aðra hönd.

Nauðsynlegt er að gera sér fulla grein fyrir ríkkum tengslum Eistlands við hinn vestræna heimshluta, þegar reynt er að lýsa núverandi ástandi. Þessi sterku bönd ásamt þeirri staðreynd, að Eistland var á milli stríða eins og bræðralönd þess, Lettland og Litáen, sjálfstætt ríki, gerir það að verkum, að athugun á Eistlandi er ekki hægt að heimfæra á Ráðstjórnarríkin í heild. Tunga Þjóðarinnar, eistneskan, sem náskyld er finnsku, á drjúgan hlut í sambandi landsins við aðrar Þjóðir. Þessi ættar-tensl hafa í för með sér, að finnskt sjónvarp er tíður gestur á eistneskum heimilum. Sá, sem ekki kann finnsku, er orðinn bjargálma í málinu eftir nokkurra vikna gón.

Í þessu samhengi má geta þess undurs, að málgagn finnskra kommúnista, *Kansan Uutiset*, virðist eiga fleiri áhængendur í Eistlandi en í heimalandinu. Sérstaklega á þetta þó við um laugardagsblað þessa rits. Laugardagsblaðið er venjulega rífið út í Tallinn, eins og menn telji, að í því séu ótal stórfréttir. Skýringin á þessum fögnuði landsmanna yfir laugardagsblaði *Kansan Uutiset* er reyndar sú, að þá birtir það dagskrá finnska sjónvarpsins næstu viku á eftir. Í Tallinn er útilokað að næla sér í vestræn dagblöð, þegar frá eru talin *Kansan Uutiset* og nokkur önnur vestræn kommúnistablöð.

Eistlendingar þurfa ekki að blóta finnskt sjónvarp í laumi. Finnsk loftnet trjóna á allflestum húspökum. Hægðarleikur er fyrir yfirvöld að kanna nákvæmlega, hverjir fylgjast með finnska sjónvarpinu, hefðu þau áhuga á því. Áhorfendafjöldinn er svo mikill, að erfitt myndi reynast að hamla gegn honum. Enda er nauðsynin ekki brýn, þar sem finnskir fjölmiðlar eru ritskoðaðir, hvað snertir „viðkvæmar“ upplýsingar um Ráðstjórnarríkin.

En hvað sem öðru líður, eiga Eistlendingar aðgang að upplýsingum um heimsmál hjá öðrum en opinberum fjölmiðlum. Ég rakst ekki á einn einasta Eistlending, sem lét sér nægja *Prövdur* eða Tass til upplýsingar um erlend málefni, hvað þá að þeir tryðu þessum fjölmiðlum. Eistlendingar fá fregnir hjá ferðamönnum og vestrænum ættingjum. Þyngst vega þó sendingar erlendra útvarpsstöðva.

Í forsetatíð Johns Kennedys var gerður samningur við ráðstjórnina. Árangur þess samnings var meðal annars sá, að rússnesk yfirvöld létu að mestu af truflunaraðgerðum gegn bandarískum útvarpssendingum. Bandaríkin lofuðu á móti að hætta beinum áróðri í sendingum sínum.

Eftir innrásina í Tékkóslóvakíu 1968 tóku rússnesku truflunarstöðvarnar í Eyrstrasaltslöndunum og annars staðar til starfa að nýju af fullum krafti.

Það er þó örðugleikum bundið að trufla vestrænar útvarpssendingar með einhverjum árangri. Ekki síst, þar sem stór hluti af þeim mikla útbúnaði, sem þarf til truflananna, var fluttur til hinna umdeildu landamæra, sem skilja að kommúnísku risaveldin tvö, Ráðstjórnarríkin og Kína.

Ef styrkja ætti truflanastöðvar á vesturlandamærunum svo, að fullnægjandi væri, þyrfti að leggja í gífurlega fjárfestingu, sem auðvitað væri gersamlega óarðbær.

Þegar stórviðburðir gerast, fjölgar hlustendum erlendra útvarpssendinga verulega. Verksmiðjustarfsmaður í Tallinn sagði mér, að verkamenn hefðu, á meðan á innrásinni í Tékkóslóvakíu stóð, skipt sér í hópa, sem hlustuðu á BBC og Voice of America og fleiri stöðvar á nóttinni. Á morgnana, áður en vinna hófst, báru þeir saman bækur sínar og ræddu atburðina.

Það er um fleiri stöðvar en BBC og Voice of America að ræða. Sú síðarnefnda er rekin af upplýsingaþjónustu Bandaríkjanna og leggur áherslu á óháða fréttamiðlun. Stöðvar eins og Radio Liberty og Radio Free Europe hafa lagt meira upp úr beinum áróðri. Þær eru í Vestur-Þýskalandi. Ef til vill verða þær knúnar til að leggja niður starfsemi sína, meðal annars þar sem rekstur slíkra stöðva á ekki samleið með þeirri stefnu, sem Bonnstjórnin hefur fylgt og miðar að því að lægja öldurnar milli Austurs og Vesturs. Þá setti þessar stöðvar mjög ofan, þegar upplýst var, að CIA, bandaríska leyniþjónustan, hefði fjármagnað þær.

Auðvitað var skynsamlegt að rjúfa öll tengsl við CIA og jafnframt að koma beinum áróðri burt úr sendingum, en hitt er einnig víst, að fjöldi ráðstjórnarborgara mun harma, ef raddir þessara stöðva þagna með öllu. Vitað er, að meira en helmingur allra uppkominna Austur-Evrópubúa fylgist með sendingum RFE og tugmilljónir ráðstjórnarborgara hlusta reglulega á Radio Liberty. Í samtali við fréttamann *New York Times* hafði Nóbelskáldið Aleksandr Solzhenítsyn þessi ummæli um Radio Liberty: „Einu fréttirnar, sem okkur berast um atburði í þessu landi (Ráðstjórnarríkjunum), koma frá þeirri stöð“ (3. apríl 1972).

Hví í ósköpunum ætti tiltölulega opið og frjálst þjóðfélag eins og Bandaríkin að auðvelda stjórnvöldum einræðisríkis eins og Ráðstjórnarríkjanna að leyna þegna sína sannleikanum eða afskræma hann, jafnvel þó þau séu haldin stundarminni-máttarkennd um þessar mundir?

Og engum blöðum er um það að fletta, að Ráðstjórnarríkin og bandalagsríki þeirra munu ekki láta af útvarpssendingum til annarra landa, gegnsýrðum áróðri.

Tvær manneskjur

Er ég hélt til Eistlands, bjóst ég við að hitta þar fyrir þjóð, sem látið hefði af andstöðu við rússnesk yfirráð, jafnvel þótt hún hefði gert það nauðug. Mér skjátlaðist hrपालlega. Vopnaðri andstöðu lauk um leið og sjötta áratugnum. En ofbeldislaus andstaða er rík og virk engu síður þar en í Tékkóslóvakíu. Þótt landið hafi nú verið hernumið um 30 ára skeið og þrátt fyrir hugmyndafræðilegan heilapvott og kerfisbundna forsmánun á flestum mannréttindum, hefur enn ekki tekist að buga móttöðukraft Eistlendinga. Sterk andstaða gegn erlendu yfirráðunum virðist ekki síður rótföst með þeim, sem yngri eru og hafa aðeins kynnst sjálfstæði af vörum foreldranna.

Rússneskjun af hálfu yfirvalda hefur haft önnur áhrif en til stóð. Hún vekur Eistlendinga til vitundar um skörp, þjóðleg einkenni sín og hvetur þá til að hlúa að þeim og vernda.

Eistland ætti að vera talandi dæmi, sem sýnir, að þeir, sem ugga um örlög smá-þjóða, hafa ekkert að óttast. Ef eistneska þjóðin, sem býr við harkalegustu kúgun erlends valds, sem hugsast getur, stenst sem þjóð, hversu björt er þá ekki framtíðin fyrir íslensku þjóðina, sem hefur svo góð vaxtarskilyrði, sem raun ber vitni?

Fyrir mann, sem mælir á tungu þjóðarinnar, verður heimsóknin til Eistlands reynsla, sem snertir hann djúpt. Hann öðlast trúnað fólksins og kynnist því fljótt. Ég minnst eistnesks skrifstofumanns, sem klökknaði, er hann heyrði, að ég, sem fæddur er í eftirstriðsútleidd, var engu að síður talandi á móðurmálinu.

Gömul kona, sem ég rakst á af hendingu, leiddi mig afsíðis og sagði einlæg, en ákveðin: „Þegar heim kemur, verður þú að skrifa um allt, sem þú hefur séð hér, heyrt og reynt. Segðu þeim, að Eistland sé lifandi og muni hvorki verða rússneskt né kommúnískt, hvað sem á gengur.“

Þessi bók er tilraun til að verða við þessari ósk gömlu konunnar og reyndar margra annarra, sem ég kynntist í Eistlandi.

Frá hvaða bæjardýrum er horft

Þegar hafist er handa við að lýsa Eistlandi og raunar hvaða landi, sem vera skal, þá er einkum tvennt, sem nauðsynlegt er að gera upp við sig strax. Í fyrsta lagi, frá hvaða sjónarhorni skal litið, og svo hitt, hver séu mikilvægustu einkenni þess þjóðfélags, sem um ræðir. Sú mynd, sem dregin er upp, getur orðið mjög breytileg eftir því, hvernig þetta val tekst og við hvað er miðað.

Sem dæmi má nefna, að eigi að meta stöðu Eistlands nú á dögum, verður niðurstaðan misjöfn, eftir því hvert sjónarhorn skoðandans er. Annars vegar má hafa til dæmis Vesturlönd til viðmiðunar, og verður þá útkoman ófögur. Sé hins vegar núverandi ástand borið saman við ástandið í landinu sjálfu á fyrstu árum ráðstjórnar, sést, að ástandið hefur skánað mjög mikið.

Eðlilegt er, að Evrópu- og Ameríkumenn hafi tilhneingingu til að miða samanburðinn við Vesturlönd. Sama gildir um eistneska útlaga. Þeir líta ósjaldan neikvæðum augum á þá lífsmynd, sem við þeim blasir í föðurlandinu. Eistlendingum í Eistlandi er meira virði að skynja þær miklu framfarir, sem orðið hafa á síðasta áratug, sérstaklega síðan birti til eftir ógnarstjórn og hálfgerða hungursneyð Stalínstímans. Tækni- og iðnbýlting Eistlands, sem orðið hefur undir stjórn Ráðstjórnarríkjanna, væri líkleg til að vekja athygli skoðenda úr þróunarlöndunum, eða ef til vill staða landsins sem tiltölulega auðugar nýlendu.

Hægt er að lýsa eistneskri tilveru út frá þrem ólíkum viðmiðunum. Samanburðurinn getur verið í tíma, rúmi og ímynduðum kostum að velja úr.

I. Samanburður í tíma: Eistland okkar daga borið saman við a) sjálfstætt Eistland, b) Ráðstjórnar-Eistland á fyrstu árum þess, c) Eistland framtíðarinnar og þá tekið mið af núverandi stefnu og tilhneingum.

II. Samanburður í rúmi: Þar drægi samanburðurinn mest dóm af a) Vesturlöndum,

einkum næstu nágrönnum, skandínávísku þjóðunum, b) kommúnistaríkjum Austur-Evrópu, c) hinum Eyrstrasaltslöndunum og öðrum minnihlutabjóðum í Ráðstjórnarríkjunum eða á áhrifasvæði þeirra, d) öðrum þjóðum sem búa við annars konar kúgun, e) sjálfstæðum þróunarlöndum þriðja heimsins.

III. Að lokum má leitast við að geta í eyðurnar og reyna að gera sér í hugarlund, hvernig væri umhorfs í Eistlandi nú, ef a) Eistland hefði fengið að varðveita sjálfstæði sitt, b) ef Eistland byggi við bestu skilyrði, sem Ráðstjórnarríkin geta haft, til dæmis ef Eistland hefði rýmri sjálfstjórn í efnahagsmálum, innri stjórnámálum og menningu.

Í þessari bók er mér umhugað um að skoða ástandið frá öllum þeim hliðum, sem ég hef nefnt.

Hitt meginatriðið, sem ég gat um áður, var mat á því, hverjir væru mikilvægustu þættir í eistnesku lífi í samtímanum. Með hliðsjón af því lagði ég einfalda grundvallarspurningu fyrir nær alla eistneska viðmælendur mína: Hvað er best og hvað er verst við ástandið í Eistlandi nú á dögum?

Svörin, sem ég fékk við þessari stöðluðu spurningu, voru furðu samhljóða og drógu því upp fróðlega mynd.

Ég hef notað þessi svör til að gera samanþjappaða úttekt á fyrstu 30 árum ráðstjórnar í Eistlandi, eins og þau koma Eistlendingum fyrir sjónir.

Hið jákvæða taldi fólk einkum vera:

- 1) aukin menntun og menntunartækifæri;
- 2) blómlegt menningarlíf;
- 3) hve lífsafkoma sveitafólks hefði batnað mikið á sjöunda áratug, en það hafði búið við fádæma kröpp kjör áratuginna á undan;
- 4) stórkostlega framþróun iðnaðar á ráðstjórnartímabilinu.

Í neikvæða dálkinn voru rússnesku yfirráðin nær undantekningarlaust sett fremst, svo framarlega sem rætt var við hlutaðeigandi mann einslega, í hópi fjölskyldu eða áreiðanlegra vina. Ákafar tilraunir til að rússneskja þjóðina töldu margir vera tilræði, sem varðaði líf hennar eða dauða. Sem neikvæð atriði komu síðan:

- 2) húsnæðisskortur;
- 3) lítið og einhæft vöruval, ásamt litlum gæðum þeirrar vöru, sem er að fá;
- 4) skortur á almennu frelsi og réttindum, til dæmis rétti til að gagnrýna valdhafa, frelsi til að ferðast úr landi. Íðulega heyrði ég kvartanir vegna nýlendustefnu Rússa og heimsvaldastefnu og arðráns, sem rússnesk yfirvöld létu bitna á Eistlandi. En einmitt þær eru undirrótin að titli þeim, sem ég valdi þessari bók: *Smáþjóð undir oki erlends valds*.

Ég hef unnið bókina í samræmi við þessa stuttu úttekt. Hún hefst á því, sem vel hefur

tekist, — menntun og menningu, þá er efnahagsþróunin skoðuð, síðan rússneskjun á þjóðinni og loks mannréttindi. Flest af því, sem fjallað verður um, er ekki eingöngu bundið við Eistland, heldur á einnig við um þjáningarbræðurna, Lettland og Litáen. Sumt lýsir einnig hlutskipti annarra þjóðarbrotá í Ráðstjórnarríkjunum og afstöðu þeirra gagnvart Rússum og jafnvel Ráðstjórnarríkjunum í heild. Einnig geri ég mér vonir um, að sú staðreynd, hve margt í sögu og framtíð Eistlands og íslenska lýðveldisins er hliðstætt, muni vekja lesendur til umhugsunar.

Til þess að skerpa skilning lesenda, sýnist mér rétt að stikla á stærstu atriðunum í Eistlandssögunni, áður en ég vind mér að Eistlandi okkar daga. Margir þeir þættir, sem einkum gera Ráðstjórnar-Eistland að verðugu rannsóknarefni á þjóðarbrotastefnu Ráðstjórnarríkjanna og þróun hennar, eiga rætur í fyrri söguskeiðum þjóðarinnar.

2. kafli

Eistland í aldanna rás

HVER SAGNFRÆÐINGUR, SEM TEKUR sjálfan sig hátíðlega, byrjar venjulega rullu sína á vísun til forngrískra sagnspekinga. Illu heilli fyrir mig vissu þeir ágætu og vísu menn ekki mikið um Eistland eða Eistlendinga. Sjálfur Heródótos vissi ekki annað en „að í Eystrasaltslöndunum væri svo krökkt býflugna, að þau væru ófær yfirferðar gangandi mönnum“. Rómverjar voru þó aðeins betur að sér, en þeir nefndu Eystrasaltsbúa samheitinu „aesti“. Löngu síðar festist það hugtak við Eistlendinga eina.

Svo mikið vitum við þó, að Eistlendingar eru forn þjóð. Þeir taka sér bólfestu í landi, sem liggur við austanvert Eystrasalt, suður af Finnska flóa, á síðustu öld annars árþúsunds f. Kr. Eistlendingar hafa aldrei getað gælt við hugmyndina um að vikka út yfirráðasvið sitt. Þar hafa „Drang nach Osten“ Þjóðverja og ásókn Rússa í vesturátt sett þeim stólinn fyrir dymar. Sitja Eistland og Ísland ekki í ólíkum bás, hvað þetta snertir. Íslendingar hafa ætíð verið komnir upp á náð þeirra ríkja, sem ráða Norður-Atlantshafinu og Eistlendingar átt undir högg að sækja gagnvart sterku þjóðunum við Eystrasalt á hverjum tíma.

Eistland finnum við fyrst í skrifuðum heimildum frá byrjun 9. aldar, en þá sækja víkingar þá heim ýmist í kaupleiðangri eða ránsferð. Sjaldan fóru víkingar með friði, og heimamenn svöruðu í sömu mynt. Tókst þeim að stofna til velheppnaðra gagnsóknna á stundum, til að mynda náðu þeir Sigtuna, hinni fornu höfuðborg Svíþjóðar, á sitt vald árið 1187. Einnig áttu þeir í höggi við stríðsmenn frá Hólmgarði (Novogorod), slavneska borgríkinu, sem réð Norður-Rússlandi og Kænugarði (Kiev).

Eistlendingar ásamt Lettum og Litáum voru síðastir Evrópuþjóða til að snúast til kristinnar trúar. Er leið að lokum 12. aldar, sá páfinn í Róm, að við svo búíð mátti ekki standa, og skar upp heilaga herör gegn landinu og efndi til krossferðar þangað. Þessi ákvörðun hins heilaga föður í Róm varð hvatinn að innrásum Þjóðverja og Dana, sem hófust rétt um aldaskiptin.

Er styrjaldir höfðu geisad nær látlaut í þrjá áratugi, urðu Eistlendingar að láta í minni pokann gegn sameinuðum árásarherjum Þjóðverja, Dana og Svía. Með því var bundinn endir á sjálfstæði þjóðarinnar, og nú átti hún í vændum erlenda

yfirstjórn næstu sjö aldirnar, rétt eins og Íslendingar, er þeir undirrituðu Gamla sáttmála tæpum 40 árum síðar.

Í kjölfar þessara yfirráða í Eystrasaltslöndunum sigldi kristnitaka landanna. Þýskir riddarar skjóta upp kollinum og hafa fljótlega tögl og hagdir í landinu. Þeir kallast baltneskir barónar og verða hinir útvöldu á þessum slóðum, og sæta hinir upphaflegu íbúar hvers konar kúgun, jafnt í menningarlegum og fjárhagslegum efnum sem þjóðfélags- og pólitískum. Eistlendingar sökkva æ dýpra í ánaudina, — verða þrælur í eigin landi, en baltnesku barónarnir mynda eins konar lágaðal á staðnum, ekki ólíkt því sem bresku innflytjendurnir á Írlandi urðu á árum Cromwells. Bændur gerðu alloft uppreisn gegn kúgurunum. Þekktust þeirra er uppreisn, sem hófst að kvöldi St. Georgsdagsins 23. apríl 1343. Er hún ein mesta bændu-uppreisn, sem gerð var í Evrópu á miðöldum. En bændur voru brotnir á bak aftur og uppreisnin kæfð eftir nokkurra ára baráttu.

Þýska riddarareglan missti smám saman stjórn á ríkinu. Innri sundrung þjakaði regluna, hún lenti í samkeppni við kirkjuna, sem á tímabili seildist til áhrifa. Þá varð sú ólga, sem siðaskiptunum fylgdi, til þess að veikja riddarana. Og er Þýska riddarareglan lét endanlega af völdum, blossaði upp stríð, sem stóð í nokkra áratugi. Áttust þar við Svíar, Þjóðverjar, Pólverjar og Rússar, sem allir kölluðu til arfs eftir þýsku riddarana. Er þessum hjaðningavigum lyktaði loks, komu Svíar á laggir stjórn í Norður-Eistlandi, en Pólverjar ginu yfir suðurhlutanum.

Eistlendingar kalla sænska stjórnartímabilið iðulega „hinn góða gamla tíma Svíanna“. Ekki skulu menn þó gera því skóna, að eitthvað minna hafi þá verið um farsóttir, plágur, hungursneyð, rán og rupl í landinu, — öðru nær. En um þessar mundir er hins vegar leitast við að bæta lagastöðu búandliðs. Nokkurt átak er gert í menningarmálum. Til dæmis er fyrsta háskóla, sem stofnsettur er í Eystrasaltslöndunum, komið á fót í suður-eistnesku borginni Tartu 1632.

Svíar misstu yfirráð sín í Eystrasaltslöndum til Rússa í Norðurlandaófriðnum mikla, sem geisaði á öndverðri 18. öld. Eystrasaltslöndin voru vettvangur þessa ægilega hildarleiks, og af hans völdum verður óskaplegur mannfellir í Eistlandi. Eftir lifðu 90.000 manns, — aðeins fjórðungur þjóðarinnar. Því má skjóta hér inn, að áratug áður hafði íslenska þjóðin orðið fyrir ekki ósvipaðri blóðtöku. Er rússneski hershöfðinginn Sheremetev hafði fullkomnað ætlunarverk sitt, gaf hann yfirboðara sínum, Pétri mikla, skýrslu: „Eyðileggingin er alger, ekki heyrir svo mikið sem hanagal frá Riga-flóa að Peipsi-vatni.“¹ Peipsi-vatn er sögufrægt landamæravatn á mörkum Eistlands og Rússlands.

Með því voru í fyrsta sinn tvær Evrópuþjóðir (ekki rússneskar), Eistlendingar og megnið af Lettlendingum, innlimaðar í rússneska heimsveldið. Rússneska valdaskeiðinu fylgdi langt friðartímabil, og víðtæk uppbygging átti sér stað. En böggull fylgdi skammrifi. Hinar miklu umbætur á landbúnaðarmálum, sem Svíar höfðu beitt sér fyrir, voru nú lagðar af. Eistlendingar urðu á ný þrælur í eigin landi og gengust undir tvenns konar ok, annars vegar Rússanna, sem höfðu stjórn mál landsins í

hendi sér, og hins vegar Þjóðverjanna, sem vegna valds baltnesku barónanna voru nær allsráðandi á sviði efnahags-, þjóðfélags- og menningarmála.

Þýsk-lútherskur prestur og rithöfundur skrifar: „Eistlendingar og Lettlendingar teljast ekki menn, heldur þrælar eða göss, og ganga kaupum og sölum, eða fara í skiptum fyrir hross, hunda og annað slíkt. Fólk í Líflandi er mun ódýrara en negrar úr nýlendunum.“²

Viðhorf baltnesku barónanna til hinna eistnesku undirsáta má vel marka af skrifum Þjóðverja nokkurs, sem segir árið 1880: „Þessir svokölluðu frumbyggjar eru á allan hátt undirmálsfólk, ófært um að tileinka sér sjálfstæða menntun, hálfvillt og þrælar að edlisfari. Æðri hugsun lýstur aldrei niður í nautshausa þeirra. Er einhver úr hópi þessa lýðs með Mongólasmettin leyfir sér að snýta úr nösum sér spurningum um, á hvern hátt ég sé honum fremri og æðri, þá fer um mig kaldur hrollur af viðþjóði.“³ Ekki höfðu Rússar meira álit á landsmönnum, eins og eftirfarandi lýsing, sem látin var uppi 1824, sýnir: „Það er mun minni erfiðleikum bundið að kenna skógarbirni dansspor en Eistlendingi að haga sér eins og maður.“⁴

Er ekki laust við að þessar lýsingar minni á viðhorf Dana til íslenskra bænda og fiskimanna um líkt leyti. Rétt eins og á Íslandi og raunar annars staðar í Evrópu örlar á þjóðlegri vakningu meðal Eistlendinga á miðri 19. öld. Það voru einkum tvö atriði, sem plægðu jarðveginn fyrir eistneska þjóðerniskennd. Annars vegar aukin menntun bændastéttarinnar og hins vegar, að um þær mundir slaknaði á þjóðfélagslegri og efnahagslegri ánaud bænda. Er leið að lokum 19. aldar, var aðeins 1/5 hluti Eistlendinga ólæs, en til samanburðar má nefna Rússa þar sem aðeins 1/5 voru læsir. Næstir Íslendingum hafa Eistlendingar ætíð verið fremstir í flokki þjóða um lestrarkunnáttu, — allt frá þeim tíma er þjóðin vaknaði til sjálfsvitundar.

Er eistneskir bændur voru stig af stigi leysir úr ánaud, tóku þeir að kaupa undir sig landspildur af þýsku landsdrottunum. Á síðasta áratug aldarinnar hljóp fjörkippur í eistneskan iðnað. Tallinn komst 1870 í járnbrautarsamband við Pétursborg, höfuðborg Rússaveldis, og varð Eistland eftirsóttur vettvangur fyrir verksmiðjur, er unnu í þágu hins stóra Rússlandsmarkaðar.

Baltnesk þjóðernisbarátta varð að hoga um set, er gerð var ákøf tilraun til að rússneskja menningarlíf landsins á árabílinu frá 1880 til loka aldarinnar. Þessari tilraun var hrundið. Þjóðernissinnar öðluðust óvænt á ný nokkra viðurkenningu, en æði takmarkaða þó, eftir að uppreisnin, sem gerð var gegn Rússakeisara 1905, hafði farið út um þúfur. Tvær höfuðborgir Eystrasaltsríkja, Tallinn og Riga, komu mikið við sögu í þeirri uppreisn, og áttu uppreisnarmenn þar töluverðan stuðning.

Heimsstyrjöldin fyrri varð loks til þess að skapa nauðsynleg skilyrði fyrir sjálfstæði Eystrasaltslandanna, er þýska og rússneska heimsveldið hrundu undan þunga þessa mikla ófriðar. Skilyrði þessi voru þó í sjálfu sér ófullnægjandi. Bráðabirgðastjórnin, sem komst til valda eftir febrúarbyltinguna 1917, lýsti því yfir, að Eistland hlyti sjálfsforræði „innan sögulegra og þjóðfræðilegra landamæra.“

Stofnað var eistneskt ríkisþing. En þegar bolsévíkar tóku við völdum í Pétursborg

í nóvember 1917, færðust öll raunveruleg völd í Eistlandi úr höndum hins nýja þings til bolsévika, sem nutu óskoraðs stuðnings nokkurra rússneskra herdeilda, sem voru í landinu. Á þessu varð þó breyting, er Þjóðverjar hernámu Eistland í febrúar 1918.

Um leið og bolsévikar létu undan síga og jafnframt áður en Þjóðverjar höfðu hernumið landið að fullu, lýstu Eistlendingar yfir sjálfstæði landsins. Haustið 1918 var hafin uppreisn í Þýskalandi, og hurfu þá Þýsku hersveitirnar í Eistlandi heim. Næstu tvö ár háðu Eistlendingar sigursæl sjálfstæðisstríð á tvennum vígstöðvum. Þeir áttu við Rússa í austri og Þjóðverja í suðri.

Í friðarsamningunum, sem gerðir voru í Tartu 1920, viðurkenndi stjórn Ráðstjórnar-Rússlands sjálfstæði Eistlands um alla framtíð og féll frá öllum kröfum um yfirráðarétt yfir Eistlandi.

Eistneska lýðveldið

Leiðtogar hins nýstofnaða lýðveldis áttu sannarlega geysierfið verkefni framundan. Þeir beindu fyrst öllum kröftum sínum að landbúnaðarmálum. Með róttækum umbótum var oki baltnesku barónanna loks létt af bændum. Öll hin víðfedmu óðalsetur voru tekin eignarnámi og skipt upp á milli smábænda. Í sviphendingu kom Eistland út úr forneskjinni. Landið hafði áður búið við hálfgert lénsskipulag líkt og Írland, þar sem engilsaxneskir aðkomumenn urðu stórlandeigendur, sem stýrðu landinu. Nú var komið á sjálfstæðum, þjóðlegum búskap líkt og gerðist í Skandinavíu. Heildarlandbúnaðarframléiðslan tvöfaldaðist á árunum milli styrjaldanna. Og hin stórauðna kaupgeta sveitanna hafði mjög hvetjandi áhrif á allt efnahagslífið.

Ótal vandamál stéðjuðu engu að síður að eistneskum iðnaði allan þriðja áratug. Hlutur hans í heildarframléiðslunni stórminnkaði. Meginorsökin fyrir þessum samdrætti í iðnaðinum var sú, að hinn mikli Rússlandsmarkaður, sem eistneskar verksmiðjur höfðu áður haft forgang að, var nú lokaður með himinháum tollum. En þess er að gæta, þó að hlutur iðnaðarins í heildarframléiðslunni yrði minni, að hann var í örur vexti allt sjálfstæðistímabilið.

Yfirlitstölur, sem birtar voru af Þjóðabandalaginu um eistneskan iðnað, sýna, að vöxtur iðnaðarframléiðslu var mun örari í Eistlandi á árunum milli stríða, einkum þó síðari hluta þess tímabils, en var í gömlu iðnaðarríkjunum.

Hið sjálfstæða Eistland var stórstígt í félagslegum framkvæmdum. Læknishjálp var öllum að kostnaðarlausu, sama gildi um tannlækningar, og allir áttu kost á ókeypis gleraugum. Fjöldi menntaðra lækna þrefaldaðist, uns svo var komið 1936, að 8 læknar voru á hverja 10. 000 íbúa, sem var hagstæðara hlutfall en hin gömlu velferðarríki Þýskaland eða Skandinavíuríkin gátu þá stært sig af. Undir tryggingakerfið féllu veikindakostnaður, mæðrabætur, jarðarfararstyrkir, slysabætur og elli-

lífeyrir. Stærsti bresturinn í tryggingakerfinu var, að atvinnuleysistryggingar vantaði með öllu.

En sú breyting, sem mesta aðdáun vekur, er menntunarbyltingin. 1880 voru aðeins 15 Eistlendir í hópi þeirra þúsund stúdenta, sem stunduðu nám við Tartu-háskóla. Er landið hlaut sjálfstæði, fengu innlendir íbúar sama rétt til menntunar og þýska yfirstéttin, sem áður hafði litið á menntun sem forréttindi sér til handa. Eistneski „björninn“ fékk nú í fyrsta sinn að dansa frjáls, og virtist sem menntunarhungur hans væri gersamlega óseðjandi. Um 1930 er svo komið, að miðað við fólksfjölda finnast hvergi fleiri háskólastúdentar en í Eistlandi.

Árið 1925 eru sett lög um minnihlutahópa innan eistneska ríkisins. Lög þessi eru einstök í sinni röð, því að þau sýna menningarlífi og sérkennum minnihluta óvenjulegan skilning og umburðarlyndi. Það menningarlega sjálfsforræði, sem lög þessi veittu, náði til Rússa, Svía, gyðinga, Þjóðverja og Letta. Gyðingasjóðurinn í Palestínu veitti eistneska lýðveldinu sérstaka tileinkun í hinni Gullnu bók í Jerúsalem í virðingar- og þakkarskyni fyrir göfuglyndi þess.

Lýðveldið átti sín æskuár á þeim tímum, sem þingræðisskipulagið var almennt að hljóta viðurkenningu sem hallkvæmasta stjórnarfyrirkomulagið. Fyrsta stjórnarskrá Eistlands dregur dóm af þessu, og boðaði hún mjög lýðræðislegt stjórnskipulag. Má nefna, að í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að valdið gæti safnast á of fáar hendur var ekki myndað sjálfstætt framkvæmdavald. Áhrif hins almenna borgara voru einnig styrkt með því að lögbjóða, að þjóðaratkvæðagreiðsla skyldi fara fram, ef 25.000 borgarar krefðust þess.

Jafnaðarmenn og hinn marxíski verkalyðsflokkur voru í meirihluta á löggjafarþinginu. Í seinni kosningum tók þó fylgið að færast jafnt og þétt til hægri. Kommúnistar náðu lengst í þingkosningunum 1923, er þeir hlutu 10% atkvæða. Þeir náðu slíku fylgi aldrei upp frá því. Ástæðan til fylgistaps þeirra var tvíþætt. Að einhverju leyti varð það vegna opinbers óróa, en einkum fékk fjöldinn andúd á þeim, eftir að stjórnarbyltingartilraun þeirra fór út um þúfur 1924 þrátt fyrir öflugan stuðning Rússa við áform þeirra.

Mikill afturkippur varð í stjórnámálum og efnahagsmálum í Eistlandi, er heimskreppan mikla dundi yfir árið 1929 og næstu ár þar á eftir. Útflutningstekjur minnkuðu um 60%. Mánaðartekjur landbúnaðarverkamanns minnkuðu um helming og tímakaup iðnverkamanns um 10%. Vinnandi mönnum fækkaði um 17%. Ástandið var ógnvænlegt, og almenningur tók að líta þingræðisfyrirkomulagið hornauga. Það stóð ekki heldur eins traustum fótum og fyrr. Stórir stjórnámálflokkar höfðu klofnað og nýir skotið upp kollinum. Afleiðingar aragrúa smáflokka urðu þær, að sífellt var verið að mynda veikar skammtíma samsteypustjórnir. Kröfur hægri manna um, að stýri þjóðarskútunnar væri fengið sterkum leiðtoga í hendur, fengu hljómgrunn. Tókst hægri mönnum að afla hugmyndum um að efla forsetaembættið að völdum með stjórnarskrárbreytingu mikils fylgis. Árið 1933 var ný stjórnarskrá samþykkt við þjóðaratkvæðagreiðslu.

Eistneskir fasistar juku nú áróður sinn um allan helming og undirbjuggu byltingu leynt og ljóst. Forsætisráðherrann Konstantin Päts brást skjótt við og kom í veg fyrir þessar fyrirætlanir fasista með því að gera „stjórnskipulega gagnbyltingu“. Päts notfærði sér hin víðtæku neyðarréttarákvæði nýju stjórnarskrárinnar. Hann leysti upp ríkisþingið, eftir að hann hafði fengið það til að samþykkja ákvörðun framkvæmdarvaldshafa um að lýsa yfir neyðarástandi í mars 1934. Skömmu síðar var starfsemi allra stjórn málaflokka bönnuð í landinu.

Meðan einræðisstjórn Päts var við völd, hljóp aftur gróska í efnahagslíf landsins, en þann árangur mátti þakka því, að heimurinn var þá allur að rétta úr kútnum eftir kreppuna. Árið 1938 var kosið til Þjóðþings, og það setti landinu nýja stjórnarskrá Engum blöðum er um það að fletta, að ríkisstjórn Päts var einræðisstjórn, þótt hún væri tiltölulega góðgjörn og friðsamleg í samanburði við slíkar ríkisstjórnir um þær mundir. Frelsi einstaklinga var sárásjaldan skert. Og 1938 voru hinir rúmlega 150 stjórn málafangar í landinu náðaðir. Hægt og sígandi var landið að þökast í lýðræðisátt á ný, þótt enn væru stjórn málasamtök ekki leyfð. En þá skall heimsstyrjöldin síðari á.

Ráðstjórnar-Eistland verður til

Í ágústmánuði árið 1939 gerðu einræðisjöfrarnir tveir, hinn rauði Stalín og hinn brúni Hitler, með sér sáttmála um, að hvorugur skyldi ráðast á hinn. Í leynilegu plaggi, eins konar fylgiskjali við þennan samning, var Eystrasaltslöndum skipt í áhrifsvæði. Strax þá um haustið var Eistland neytt til að heimila Ráðstjórnarríkjunum að koma sér upp herstöðvum í landinu. Í júní 1940 þrammaði Rauði herinn inn í öll Eystrasaltslöndin. Settar voru á svið „kosningar“ af rússneskri gerð, og sá Andrej Zhdanov, útsendari Stalíns, um að þær yrðu ekki misskildar. Tveimur mánuðum síðar voru Eistland, Lettland og Litáen innlimuð í Ráðstjórnarríkin.

Á fyrsta hersetuárinu lét ráðstjórnin lífláta eða flytja nauðungarflutningum 5% Þjóðarinnar. Þegar málamyndahjónabandi þeirra Hitlers og Stalíns lauk með innrás Þjóðverja í Ráðstjórnarríkin um mitt sumarið 1941, voru Eystrasaltslöndin hernúmin af Þjóðverjum, og sex þúsund menn til viðbótar voru líflátnir.

Er þýsku hersveitirnar hörfuðu frá Eystrasaltslöndunum, virtist sagan, sem gerðist eftir fyrri styrjöldina, ætla að endurtaka sig. Eistlendingar lýstu yfir sjálfstæði sínu upp í opið ginið á rússneska hernum. En nú var styrkur Rauða hersins orðinn slíkur, að sjálfstæðið varð með engu móti varðveitt. Haustið 1944 flúðu 250.000 Eystrasaltsbúar föðurland sitt, og um leið hófst hernám ráðstjórnarinnar í Moskvu í Eistlandi, Lettlandi og Litáen, sem enn stendur.

3. kafli

Menntun

TÖLFRÆÐILEGAR SKÝRSLUR SÝNA glögglega, að eistneskum menntamálum hefur miðað mjög fram. Valter Klauson, forsætisráðherra Ráðstjórnar-Eistlands, skrifar: „Á borgaralega tímabilinu voru aðeins 48 menntaskólar í landinu. Þar af voru aðeins tveir, sem þjónuðu landsbyggðinni. Nú er 141 menntaskóli í Eistlandi, og eru 30 þeirra ætlaðir landsbyggðarbörnum. Fjöldi nemenda í æðri skólum hefur þrefaldast frá 1940. Í hinu borgaralega Eistlandi voru um 5.000 kennarar starfandi, en nú eru 15.000 kennarar við kennslu í gagnfræða- og menntaskólum landsins. Verkamannasonum og dætrum opnuðust leiðir til æðri menntunar, er Eistland sameinaðist Ráðstjórnarríkjunum. Til samanburðar má nefna, að stúdenta fjöldi miðaður við 10.000 íbúa er 108 í Finnlandi, 79 í Englandi, 61 í Noregi, 49 í Vestur-Þýskalandi og 173 í Eistlandi.“⁵

Misvísandi samanburðartölur

Að vissu marki á sú gagnrýni, sem ég hef uppi síðar í bókinni um talnatilvísanir í efnahagsmálaumræðum einnig við um framangreindar tölur forsætisráðherrans. Þess er fyrst að gæta, að bréfanám alls konar er talið með í eistnesku tölunum, er alþjóðlegi samanburðurinn er gerður. Þriðji hluti þeirra nemenda, sem taldir eru stunda nám við háskólann í Tartu, gera það bréfflega, og svipaðar tölur eiga við annað æðra nám í landinu. Heildarfjöldi háskólanemenda var 22.500 árið 1969. Þar af voru 12.000 dagstúdentar, 2.900 kvöldstúdentar og 7.600 stunduðu bréfanám.

Í öðru lagi má að nokkru rekja hina mjög hækkandi heildartölu innritaðra stúdenta til almennrar fólksfjölgunar í landinu á eftirstríðsárunum. En þjóðinni hefur fjölgað um 50% á tímabilinu milli áranna, sem samanburðurinn er gerður á. En í þessu sambengi má nefna, að nemendum í almennum skólum hefur fjölgað úr 1.149 á hverja 10 þúsund íbúa 1940 í 1.580 árið 1970.

Í þriðja lagi hefur menntun fleygt fram hvarvetna í heiminum, eftir að síðari

heimstýrjöldinni lauk, þannig að rökrétt er að álíta, að þróun menntamála hefði ekki verið óhagstæðari, hefði Eistlandi lánast að varðveita frelsi sitt og sjálfstæði.

Í lok fjórða áratugs þessarar aldar var hlutfallstala háskólastúdenta mun hærri í Eistlandi en gerðist í nokkru öðru landi.⁶ Þá áhugaverðu þróun, sem orðið hefur á þessu sviði á ráðstjórnartímabilinu, má því skoða sem framhald fyrri stefnu.

Enda þótt hér sé sleginn varnagli, vegna þess hversu misvísunar gætir í talna- meðferð yfirvalda, skal ekki dregin fjöður yfir, að sú þróun, sem vissulega hefur orðið í menntamálum í Ráðstjórnar-Eistlandi, er að magni til mikil og lofsverð. Og leggja ber áherslu á, að Eistlendingum er það sérstakt fagnaðarefni, að í landi þeirra skuli vera á boðstólum sú menntun, er þá þyrstir í. Að sjálfsögðu eru hér þó undanskildir þeir, sem hafa stjórn málaáhuga, sem rekst á viðtekinn stórasannleik, og einnig hinir, sem eru trúarlega sinnaðir.

Margir eistneskra viðmælenda minna höfðu ekkert út á ytri umgjörð skólakerfisins að setja, fjölda skóla, námsgreina og svo framvegis. Öðru máli gegndi um gæði þess, sem framreitt var í skólunum. Og þar er staðið frammi fyrir álítaefni, sem ekki verður mælt í tölum eða með línuritum. Marga eistneska þjóðernissinna óar við, hvernig skólunum er beitt til þess að fullkomna rússneskjunaráætlanir ráðamanna og sem allsherjar hugmyndafræðilegri heilapvottastöð fyrir æskuna. Kennsla í sögu Eistlands og landafræði var ekki tekin upp á ný fyrr en 1957, en hún hafði verið felld niður, strax og valdarán ráðstjórnarinnar var um garð gengið. Og í ársbyrjun 1970 var enn mjög fáum stundum eytt í kennslu á þjóðlegum greinum í eistneskum skólum.

Það, sem börnum er kennt um land sitt og þjóð, er ekki aðeins af æði skornum skammti, heldur er það, sem þó er kennt, iðulega fjarri sanni eða afbakað og villandi. Er ég átti þess kost að spyrja menn beint út undir fjögur augu, viðurkenndu jafnvel kommúnistafylgjendur úr kennarastétt, að skólábækurnar hagræddu svo sagnfræðinni, að jafraði við beina fölsun. Ætti þetta ekki síst við, er atburðum þeim, er gerðust árin 1939 og 1940 væri lýst. Samninganna, sem einræðiskempurnar Stalín og Hitler gerðu 1939 og lögðu grundvöllinn að sjálfstæðissviptingu Eistlands, er sjaldan eða aldrei getið í kennslubókum. Hernámi Rauða hersins 1940 og innlimun Eystrasaltslandanna, sem fylgdi í kjölfar þess, er lýst sem rökréttu framhaldi á byltingu fjöldans í Eistlandi, Lettlandi og Litáen. Við bar stundum, að ég var fullvissaður um, jafnvel af ákøfum stuðningsmönnum núverandi stjórnvalda, að slík „gleymaska“ og sannleikshagræðing væri aðeins þáttur í því tvöfalda siðgæði, sem í rauninni væri lögbundið í ríkinu. Óþarfi væri að taka það hátíðlega. Enn væri öllum ljós munurinn á, hvað væri satt og hvað logið.

Enn virðast þessar fullyrðingar eiga við rök að styðjast. Til eru kennarar, sem neita að fylgja áróðurslínunum kennslubókanna og reyna að skýra hlutlægt frá. Þeir, sem ekki þora að taka þá áhættu, sem slík sannleiksást býður heim, eiga þess kost að sleppa áróðursköflunum að mestu. Þeir bera við tímaskorti og segja réttilega, að ekki sé hægt að kenna allt. Nemendurnir eru þess í stað hvattir til að kynna sér þessa

kafla á eigin spýtur heima, og kennarinn skýtur að þeim, að ekki sé ótrúlegt, að foreldrar þeirra geti aðstoðað þá við að læra um það, er gerðist fyrstu hernámsárin. En sú spurning hlýtur að vakna, hvernig muni fara, er þeir, sem lifðu atburði ársins 1940, verða ekki lengur ofar moldu. Hversu margar kynslóðir mun sannleikurinn lifa?

Áróðurinn og innprentun SANNLEIKANS í kennslubókunum er ekki bundin við söguritin ein. Í eistneskri málfræði fyrir 8. bekk má lesa: „Ráðstjórnarþjóðirnar vinna að framgangi kommúnisma, og sameiginlegt tungumál þeirra er rússneska. Rússnesk vísindi standa öllum öðrum framar. Ráðstjórnarvísindi, sem byggjast á þeim rússnesku, gegna lykilhlutverki í veröldinni. Hvernig má þá nokkur ná á tind vísindanna, sem ekki kann rússnesku? Þess vegna er öllum brýn nauðsyn að læra rússnesku sérstaklega vel.“⁷ Þetta rit er kennslubók í eistnesku máli!

Þriðjungur allra skóla í Eistlandi er rússneskur. Flestir þeirra eru í borgum og öðrum þéttbýliskjörnum og því oft fremur fjölmennir. Í höfuðborginni eru 26 skólar af 49 rússneskir. Í rússnesku skólunum er eistneska kennd 2 stundir á viku, og hefst sú kennsla í 10 ára bekk, og er þess að gæta, að eistneska er valgrein — ekki skyldugrein. Í eistnesku skólunum er svo látið heita, að rússneska sé ekki skyldugrein. Kennsla í rússnesku hefst í 9 ára bekk og er þá 4–5 stundir í viku hverri. Hverjum árgangi er þannig kennt meira af rússnesku í eistnesku skólunum en kennt er af eistnesku í þeim rússnesku. Og þess er að gæta, að rússneskunáminu er haldið áfram mun fleiri skólaár en því eistneska. Rússneska og rússneskar bókmenntir er skyldugreinar við inntökupróf við háskólann.

Andóf stúdenta

Þjóðernisvitund er mjög rík meðal eistneskra stúdenta. Á hinni árlegu stúdenta-hátíð í Tartu er fjöldi spjalda og myndaraða, fullra af and-rússneskum og and-kommúnískum vígordum, gerður upptækur. Árið 1969 höfðu nokkrir stúdentar aflagað gamla vígordið, „Yankees, go home“ (Kaná, hypjið ykkur heim) að eistneskum aðstæðum. Kaldhæðnin leyndi sér ekki, því að á veggspjaldinu stóð: „Kaná, hypjið ykkur alla leið að Peipsi“ (austurlandamærum Eistlands). Bersýnilega litu yfirvöldin ekki á háðið sem neinn fimmaurabrandara, því að það kostaði stúdentana háskólavistina, — hún varð ekki lengri. Sama ár var mörgum Tallinn-stúdentum hegnt fyrir að þramma um í opinberri mótmælagöngu undir vígordinu, „Tellige Tapa Kommunisti“, sem þýðir: „Gerist áskrifendur að Tapa Kommunist“, en svo nefnist mál gagn kommúnista í borginni Tapa. En með því að „gleyma“ fyrsta orðinu og kalla aðeins seinni orðin tvö, gat vígordið þýtt „drepið kommúnismann.“⁸

Varast verður að ofmeta árangur eða umfang rússneskjutilraunar í skólum Eistlands. Opinberar tölur bera með sér, að 81% allrar kennslu við háskólann í Tartu fari fram á eistnesku. Rétt um þær mundir, sem ég var í Tartu, sumarið 1970, var birtur

listi yfir nýinnritaða stúdenta. 90% nafna á þeim lista voru eistnesk. Fyrirlestrar í læknisfræði, eðlisfræði og bókmenntum fara fram á rússnesku. Eistneskumælandi stúdentar og rússneskumælandi eru aðskildir í sérstökum bekkjardeildum.

Þó að opinberar tölur séu teknar með fyrirvara eins og áður segir, er ljóst, að áhugi á æðra námi hefur síst minnkað. Á síðustu árum hafa um 90% nemenda haldið áfram að loknu skyldunámi. 60% þeirra fara í almenna gagnfræða- og menntaskóla, 20% setjast í iðn- og tækniskóla, en hinir dreifast á verknámsskóla og kvöldskóla. Fjöldi þeirra, sem hefja vinnu þegar að skyldunámi loknu, sest síðar á skólabekk á ný.

Á sjálfstæðisárunum öðlaðist hver sá, er menntaskólanámi lauk, rétt til að stunda nám í háskóla. Nú verða stúdentar að gangast undir inntökupróf, og er kunnátta í rússnesku forsenda þess, að slíkt próf verði staðist.

Við inntökuprófið vegur félagsleg starfsemi stúdents einnig þungt á metaskálunum. Þykir til dæmis ekki ónýtt, ef hann hefur lagt sitt af mörkum til æskulýðsfylkingar kommúnista. Með því að beita hugmyndafræðilegri mælistiku á menn er leitast við að tryggja, að hæfari stúdentar innritist í háskólann. Auk þess er aðgangur að æðri menntun miðaður við kvóta, sem hvert þjóðarbrot fær.

„Úrvals“-skólar

Einn þáttur í menntunarkerfi Eistlands (og reyndar Ráðstjórnarríkjanna) eru hinir sérstöku „úrvals“ skólar. Þessir skólar eru aðeins eitt dæmið af fjölmörgum um ríka tilhneingingu til þess að gernýta sérgáfu hvers barns með því að forðast að blanda saman börnum með misjafna hæfileika og þroska. Slíkir sérskólar eru settir um margvíslegar greinar, svo sem stærðfræði og önnur vísindi, erlend tungumál, íþróttir og tónlist. Í málaskólunum, sem eru sex að tölu, hefst sérgreiningin strax á öðru misseri fyrsta skólaárs. Umsækjendur um skólavist í þessum sérskólum gangast undir sérstök gáfnapróf, og reynt er að kanna, hversu gott þeir eiga með að mynda og líkja eftir hljóðum. Engu máli skiptir, hvort barnið er vel að sér í málum eða hvort það kann alls ekki neitt, er það sækir um inngöngu. Sérhæfingin í raunvísindaskólunum þremur hefst ekki fyrr en í 9. bekk (15 ára). Er náð samstarf milli þessara skóla og háskólans frá öndverðu. Margir nemendanna leggja síðan stund á sína framhaldsgrein við háskólann í Tartu samkvæmt einstaklingsbundinni námsáætlun.

Erfitt er að gera sér ljósa grein fyrir ágæti þessara sérskóla og hvað árangri þeir hafa náð, þar sem síðarnefndu skólarnir eru svo nýir af nálinni. Hvar sem þetta mál bar á góma í minni viðurvist, þótti mönnum sem árangur þessara skóla lofaði mjög góðu um framhaldið. Rætur nemenda í þessum skólum liggja víða í þjóðfélaginu, en þó er stærsti hópurinn kominn af menntafólki og menningarvitum. Hætta er talin á, að nemendur þessara skóla verði fyrsti vísirinn að nýrri afburða- og forgangsstétt.

Talsmaður menntamálaráðuneytisins kvað nauðsynlegt að hætta á slíkt, þar sem að öðrum kosti væri ekki hægt að fullnýta þá hæfileika, sem þjóðin byggir yfir.

Innan almenna skólakerfisins á nokkur sérhæfing sér einnig stað. Af 151 gagnfræða- og menntaskóla, sem í landinu eru, hefur 41 deildaskiptingu. Þessi deildaskipting er iðulega á fleiri en einn veg, þó að einkum sé um að ræða sér stærðfræðideildir. En þar kennir einnig margra annarra grasa, allt frá eistneskri þjóðfræði til skíðaíþróttar. Og auk hinnar beinu deildaskiptingar eiga nemendur þess kost að velja sér aukagrein, stundum tvær, eða aukna kennslu í grein, sem þeir þegar nema. Nemandinn og kennarinn hjálpast að við þetta val.

Árið 1970 var hægt að velja á milli um 100 valgreina í eistneskum skólum. Þorri stúdenta velur greinar eins og sálarfræði, kennslusálarfræði og listasögu. Eina skilyrðið, sem þarf að fullnægja, er, að ekki séu færri en 15 stúdentar í hverjum skóla, sem velji greinina. Að öðrum kosti er kennsla ekki veitt. Þó eiga minni skólar ekki erfitt með að fá undanþágu frá þessari reglu, og er þá tekið tillit til nemendafjölda.

Í landinu eru um 30 tónlistarskólar. Auk almennra dagskóla er einnig kennt á kvöldin, en námið tekur 8 ár. Þrátt fyrir að vinnudagurinn í þessum skólum sé bæði langur og strangur, er ekki hægt að sinna öllum þeim umsóknum, sem berast, vegna húsnæðisleysis. Engir tónlistarskólar eru úti á landsbyggðinni, en í mörgum hinna almennu skóla eru tónlist og aðrar listgreinar kenndar aukalega fyrir sáralitíð gjald.

Skólinn: Þjóðfélagsmyndin í hnotskurn

Vestrænum athuganda, sem kynnir sér eistneska skólakerfið kemur eftirfarandi mest á óvart: Í fyrsta lagi, hversu nemendur eru dregnir í dilka eftir gáfum, hæfileikum eða áhuga. Í öðru lagi, hvað lögð er mikil áhersla á fagurfræðilegar greinar, þar sem markmiðið er ekki eingöngu að efla þekkingu, heldur næmi nemandans. Í þriðja lagi hin ellefu ára skólaskylda, sem er lengri en nokkurs staðar annars staðar. Í fjórða lagi, hversu mjög er lagt upp úr samkeppni nemenda, og hins vegar sú áhersla, sem lögð er á, að nemendur virði svokölluð viðtekin sannindi, en kynnist þeim ekki með gagnrýni eða nýjar spurningar í huga.

Við háskólann í Tartu hefur nú verið boðað stigakerfi, sem stefnir enn lengra í sérhæfingu en áður hefur verið. Í viðræðum við rektor háskólans kom fram, að hann er algerlega andsnúinn hugmyndum um, að valdaráð skólans yrðu mönnum fulltrúum stúdenta að hálfu. Taldi hann, að fengju stúdentar áhrifavald í málefnum kennara, myndi afleiðingin verða hreint stjórnleysi. Ekki væri ósennilegt, að þá myndu jafnvel hinir hæfustu fræðimenn verða settir af, einungis vegna þess að stúdentar væru þeim persónulega óvinveittir.

Árlega er stofnað til landssamkeppni í stærðfræði, efnafræði, náttúrufræði og öðrum greinum. Er á þann hátt reynt að fiska hæfileikamenn úr fjöldanum, þannig að háskólinn geti náð til þeirra á unga aldri og sinnt þeim strax.

Æskulýðsfylking kommúnistaflokksins, Komsomol, stendur fyrir svipaðri keppni á hverju ári, jafnt í lýðveldinu sem í ráðstjórnarsambandinu öllu. Þá eru valdir bestí dráttarvélaekill landsins, snjallasti trésmíðurinn og svo framvegis. Þessari keppni er hampað mjög, og fjölmiðlar gera mikið veður út af henni. Og í verksmiðjum er mynd af besta starfsmanninum hengd upp á tilkynningatöflu.

Harður agi

Eistneskir kennarar og skólafirvöld eru mjög andsnúin tillögum um afnám bekkjardeilda á lægri stigum náms eða annarri slíkri rýmkuu á stjórnkerfi skólanna. Heimilt er að beita nemendur líkamlegum refsingum, og það er óhikað gert, þá sjaldan agabrot eru framin. Nemendum er ætluð mikil heimavinna, og hefur síst dregið úr þeim kröfum. Þeir fá ærin verkefni til að leysa heima í helgarfríum sínum og sumar- og jólaaleyfum. Laugardagur telst ekki til skólafrídaga.

Eitt helsta auðkenni á skólakerfi ráðstjórnarinnar og þá um leið hinu eistneska, er, að agi er fyrsta og síðasta boðorð þess. Í þeim skólareglum, sem nú er fylgt, segir meðal annars:

Sérhverju skólabarni er skylt:

3) að hlýða fyrirsmælum skólastjóra og kennara skilyrðislaust; ...

9) að rísa úr sæti sínu, er skólastjóri eða kennari fer úr stofu eða í;

10) að standa, er það svarar kennara; að setjast ekki nema með hans leyfi; að rétta upp hönd vilji það svara eða bera fram spurningar;

11) að gera nákvæmar úrlausnir í heimavinnubók sína tímanlega fyrir næstu kennslustund og sýna þær foreldrum sínum og vinna heimavinnu sína hjálparlaust;

12) að sýna skólastjóra og kennurum tilhlýðilega virðingu, verði þeir á vegi þess, heilsa þeim með því að hneigja sig kurteislega, en drengir skulu einnig taka ofan húfu sína;

13) að sýna sér eldri kurteisi, vera auðmjúkt og prútt í skólanum, á torgum og strætum og opinberum stöðum.⁹

Eins og við höfum séð, hvetur eistneska skólakerfið fremur til samkeppni en samvinnu, tekur hlýðni fram yfir umræður og sameiginlega ákvarðanatöku, boðar virðingu fyrir viðurkenndum sannindum fremur en mótun gagnrýnins og leitandi hugarflugs. Menntamál í Eistlandi sem og annars staðar spegla þjóðfélagsmyndina í heild sinni betur en aðrir þættir þjóðlífsins.

4. kafli

Menningarlíf

HIN ÁGÆTA OG ALMENNA menntun eistnesku þjóðarinnar er undirrót almenns áhuga á listum og öðrum menningarmálum. Árið 1969 seldust 1,4 milljón aðgöngumiðar að leikhúsum í Eistlandi. Íbúar er aðeins 1.350.000, og er talið, að ekki í nokkru ríki séu leikhúsgestir fjölmennari miðað við höfðatölu. Ný bókmenntaverk eru iðulega prentuð í 30.000 eintökum (sambærilegt við 7.000 á Íslandi) og seljast þá oft og endranær upp á skömmum tíma. Sama máli gegnir um tímarit um bækur og bókmenntir. Þau renna út, rétt eins og íslensk ríkisskuldabréf, og eru stundum ófáanleg að útgáfudegi liðnum. Þessi mikli áhugi á þess konar lesefni á sér einkum tvær forsendur. Stjórnvöld selja þessa vöru með afbrigðum ódýrt, og síðan er hitt, að fátt annað efni fæst til kaups. En útkoman verður sú, að Eistlendingar standa mjög nærri Íslendingum, sem enn bera titilinn mesta lestrarþjóð heims.

Þeir rithöfundar og listamenn, sem fremstir standa hverju sinni, njóta margvíslegra forréttinda. Höfundar, sem hafa gott eitt að segja um þær leikreglur, sem í landinu gilda, njóta góðrar umbunar fyrir útgefin rit sín. Aðfinnsluseggjum er kurteislega bent á, að því miður sé ófært að gefa út þeirra annars ágætu rit, þar sem pappírsskortur sé í landinu. Sé álitid, að eingöngu sé um meinlaust nöldur að ræða, má ætíð sættast á að gefa bókina út í litlu upplagi. Og stjórnvöld geta gripið til enn kurteislegri en jafnframt árangursríkari aðferða. Ein þeirra sem er næsta algeng er, að ritskoðarinn bendir rithöfundinum á, að honum sé rétt að kanna hug sinn enn betur um þennan eða hinn kaflann, sem sé dálítið áreitinn. Jafnvel væri ekki vitlaust að umskrifa hann, áður en endanleg ákvörðun um útgáfu yrði tekin. Á þennan hátt er einatt hægt að fá rithöfundinn sjálfan til að ritskoða verk sín, og hvorki þarf að vega að honum né bókum hans beint.

Ef í riti er opinská gagnrýni á þjóðskipulagið, þá er forðast að fá það ritskoðurum. Handritið er geymt í skúffu skáldsins, og aðeins nánir vinir þess líta það augum. Líklega er margt af skrifum allra eistneskra rithöfunda aðeins ætlað skúffunni. Og til eru þeir, sem skrifa eingöngu ofan í hana, í þeirri von, að „bráðum komi betri tíð“. En rithöfundum, sem ekki öðlast náð hjá ritskoðurum ríkisins, eru þó ekki allar bjargir bannaðar. Þeir geta gefið rit sín út sem 49 eintaka útgáfu. Hér er um æði sérstæða útgáfuáðferð að ræða. Lög heimila, að gefa megi út rit án ritskoðunar, sé

eintakafjöldi undir 50. Þó að þannig sé reynt að stemma stigu við útbreiðslu óþægilegra ritsmíða, þá er raunin sú, að einmitt rit, sem koma svo fáliðuð úr prentsmíðju, eru mest lesin. Frumritin eru handskrifuð upp af nær öllum lesendum, og þykir afrit eftirsóknarverð gjöf. En að sjálfsgöðu verður kostnaður á hvert útgefið eintak mjög mikill.

Er svartnætti Stalínímabilsins var dimmast, fengu örfáir höfundar að gefa út sögur á eistnesku. 1952 komu út þrjár frumsamdar eistneskar skáldsögur. Á sjöunda áratug voru eistneskir rithöfundar og reyndar starfsbræður þeirra í bræðraríkjunum tveim iðulega gagnrýndir fyrir „borgaralega þjóðernisstefnu“. En er Stalín hafði loks sagt skilið við þennan heim, tók nokkurrar þíðu að gæta í menningarlífi Eistlendinga. Á sjöunda áratug hófst endurreisn í bókmenntum, málalag og tónlist. Eistlendingar hafa löngum rutt fyrirbærum eins og jasstónlist og abstrakt list braut til Ráðstjórnarríkjanna. Nú fer þar fram hvers konar listræn tilraunastarfsemi, sem á rót sína jafnt í þjóðlegri hefð og vestrænum áhrifum.

Einna gleðilegast er, að fram hefur komið kynslóð frábærra ungra rithöfunda. Af þeim má helst nefna: Paul-Eerik Runnmo, Jaan Kaplinski, Enn Vetemaa, Mati Unt, Mats Traat, Arvo Valton og Ain Kaalep. Sú staðreynd, að þessum ungu leikskáldum og rithöfundum hefur auðnast að sýna verulega nýbreytni í listrænum verkum sínum, ber aðeins vitni um þeirra eigin hæfileika og snilld, en ekki aukinn skilning stjórnvalda.

Sé lesandi að fiska eftir stjórn málalegri undiröldu í verkum þessara höfunda, verður hann fljótlega hennar var. En hann nýtur þeirra ekki síður, þó að stjórn málaboðskapur þeirra sé alveg leiddur hjá sér. Enda hafna rithöfundarnir sjálfir oftast slíkri túlkun. Þeim eru í of fersku minni atburðir eins og réttarhöldin yfir Sínavskíj og Daníel í febrúar 1966, en þá voru þessi tvö rússnesku skáld dæmd til sjö og fimm ára fangelsisvistar vegna tilgreinds brots á 70. grein rússnesku hegningarlagna. En þessi grein lýsir svokölluðum rógburði um stjórn mála- og þjóðfélagskerfi Ráðstjórnarríkjanna sem glæp gegn ríkinu. Eistneskir rithöfundar hafa ekki heldur gleymt, að snemma á sjöunda áratug hlutu sjö lettnesk skáld og gagnrýnendur 10 ára fangelsisdóm. Jafnvel eldri rithöfundar hafa síðustu ár fundið sér ný yrkisefni og fylgja ekki lengur í þaula kennisetningum flokksins.

Framúrstefna¹⁰

Artur Alliksaar, sem krabbamein lagði að velli 43 ára gamlan, gegndi stóru hlutverki í menningarlífi Ráðstjórnar-Eistlands. Aðeins eitt leikrita hans var gefið út, *Nimetu saar* (Nafnlaus eyjan), og gekk það á prent aðeins hálfu ári, áður en hann lést. Mörg handrita hans, sem flest hafa að geyma ljóð, hafa enn ekki komið út. Alliksaar var einn úr hópi ljóðskálda, sem fjölgar jafnt og þétt og koma verkum sínum einungis á framfæri meðal náninna vina. Alliksaar var *persona non grata* í augum

yfirvalda, og því voru ljóðabýðingar hans og nokkuð af endursögnum gefnar út undir skírnarnafni eiginkonu hans.

Alliksaar var stundum nefndur George Büchner Eistlands eftir Þjóðverjanum, sem reit snilldarverkið *Woyzeck*, en það var ekki sviðsett, fyrr en 77 árum eftir að höfundurinn lauk því. Leikrit Alliksaars virðist við fyrstu sýn vera ósvikinn og viðburðaríkur ævintýraleikur, en þegar dýpra er skyggst, birtist áhorfandanum kaldhæðnisleg dæmisaga um stjórnmalalega ógnarstjórn, og hversu erfitt kann að vera að greina raunveruleikann frá blekkingunni. Rétt um ári eftir að leikrit Alliksaar var gefið út, var sett á svið nýtt leikrit af Vanemuine leikhúsinu í Tartu, en flest leikritaskáldin eru tengd því húsi. Þetta nýja leikrit var að hluta endursögn úr *Nafnlausu eyjunni*. Prófessor Mardi Valgemäe segir:

IDAM eftir Ain Kaalep lýsir hvernig mannleg verðmæti verða ofan á í alræðisríki tölvustýrðra apa. Þótt í *IDAM* megi vissulega heyra bergmál frá 1984 eftir George Orwell og *Veröld nýrri og góðri* eftir Aldous Huxley og *Gervimönnum* eftir Karel Capek, er það frumleg og á köflum frábær endursögn á sögunni um Adam og Evu. Tveir apar, sem kalla sig Adam og Evu, eru andstæðir harðneskjulegu þjóðfélagi, sem sett hefur á fót stöðvar fyrir frjálst kynlíf, en hins vegar gert ástina útlæga. Þeir taka þá ákvörðun að verða manneskjur og leynast í gömlu skýli, en hann á gömul vera kölluð Hamlet. Ríkið álitur Hamlet fífl, því að hann talar í órímuðum ljóðum og er þekktur fyrir skynsemis-efagirni sína. Slunginn sporhundur hins opinbera, Lúsífer að nafni, kemst á slóð elskendanna, sem földu sig. Er hann hefur fundið þá, reynir hann margoft að freista Evu með flösku af eplasafa. Í leikslok, rétt í þann mund sem æðsti rafreiknirinn gerir sig líklegan til að kveða upp dóm yfir ungu andófshjúunum, er hið hræðilega réttarhald stöðvað, því að aparnir hafa gert byltingu. Lúsífer harmar mjög að hafa ekki tekist að bjarga öpunum frá því að verða að mönnum og æpir að hann muni koma aftur, þótt síðar verði.¹¹

Annað af bestu verkum síðari ára lýsir einnig með dæmisögu baráttu fyrir frelsi og sjálfsvitund gegn harðstjórn og grimmd, spillingu og sinnuleysi. Það er *Faeton* eftir Mati Unt. Leikritið sækir efnivið til gamallar grískrar goðsagnar um Faeton, sem neyddi föður sinn til að leyfa sér að aka vagni sólarinnar, með hinum skelfilegustu afleiðingum. Leikrit Matis Unts var hið fyrsta, sem sviðsett var í því merkilega Vanemuine leikhúsi, er opnað var í árslok 1967. Eistnesku dagblöðin undir ráðstjórn birtu enga leikdóma um þetta verk og var það kynlegt, því að í síðari skrifum í ráðstjórnarveldinu hefur það verið talið besta leikrit, sem Vanemuine hefur sýnt.

Að lokum verður að geta leikritsins „Öskubuskuleikur“, sem telst til þess besta, sem ungu skáldin hafa sent frá sér. Höfundurinn er Paul-Eerik Rummo, og gaf hann leikritið út 1969. Þetta gamalkunna ævintýri er uppspretta leiksins, en hann

Lýsir heimi, þar sem ekki er hægt að henda reiður á nokkrum hlut. Ekki verður þverfótad fyrir öskubuskum og prinsum, sem öll þykjast vera hin einu sönnu. En hina góðu dís, bjargvætt öskubusku í ævintýrinu, er hvergi að sjá. Hún er ekki með í leiknum. Og í leikslok er vonda stjúpan, öldruð kona í hjólastól, sem sumir leikskýrendur telja, að sé ímynd lífsins, látin dreifa pappírsmöðlum, þar sem finna má skýringuna á öllu þessu brjálæði. En sá er hængur á, að enginn skilur undarleg merkin á þeim fáu blöðum, sem ekki eru gjörsamlega auð. Þetta leikrit hefur þegar verið þýtt á ensku og fært upp á Broadway 1970 af hinum þekktu tilraunaleikhópi „La Mama“.

Háðsádeilan er beitt vopn

Átta Japanir kallast safn smásagna eftir Arvo Valton. Það verk reis hæst á himni eistneskra bókmennta 1968, og er vert að gefa því gaum. Sögurnar virðast draga dóm af verkum pólska ádeiluskáldsins Slavomirs Mrozek, en þau höfðu komið út á eistnesku nokkru fyrir.

Valton beinir spjótum sínum að þjóðfélagsástandinu, hernaðaranda, dýrkun á vestrænum hlutum, bítlameningu undir ráðstjórn, stírðbusalegu kynningarþrugli flokksins og skrifstofuveldinu, — svo að nokkurra skotspóna hans sé getið. Valton hefur haldið ótrauður áfram við að rita smásögur í þessum dúr.

Dæmi Siigs

Einstaklega glögg dæmi um, hvernig eistneskum rithöfundum tekst þrátt fyrir rússneskjun og ritskoðun að koma rammþjóðlegum boðskap til árvökulla lesenda sinna, kom í ljós fyrir nokkrum árum hjá Arvi Siig, ungum flokksfélaga og rithöfundu. Í bókmenntatímaritinu *Siip ja Vasar* (Hamar og sigð) var birt sakleysislegt ljóð eftir hann. Ljóðið var um Masha, stjórnanda dagheimilis. Henni er lýst sem heldur indælli konu, en þó væri rétt, að hún hætti störfum við dagheimilið, því að hún skildi ekki börnin. Hún krefst þess, að allt sé í röð og reglu, en börnin fá ekkert endurgjald fyrir þrúðmennskuna.

Vissulega gæti verið tilviljun, að Masha er rússneskt nafn, en börnin bera öll dæmigerð eistnesk einkenni. Börnin eru ætíð nefnd í röð, þannig að upphafsstafir nafna þeirra mynda orð, sem merkir „þjóðin“ eða „fólkið“ (Þorsteinn — Jón — Ólafur — Davíð — Ingi — Níels). Sígild sjónhverfing til að rugla ritskoðara í ríminu. Meinleysislegt ljóðið fær aðra merkingu, þegar þetta verður ljóst, og það er til vitnis um, hvað jafnvel eistneskum flokksfélaga finnst innst í sínu hjarta um rússneskjun þjóðar sinnar.

Annað ekki síðra dæmi sýnir vel, hvernig snjöllum penna tekst að boða í undur þægilegu ljóði allt annað en virðist við fyrstu sýn. Ljóðið nefnir Siig „Che“ og er lofsöngur um suðurameríska byltingarmanninn Che Guevara, sem reyndar er

umdeildur maður í Ráðstjórnarríkjunum, þar sem hann fór óvægnum orðum um kommúnistaflokka í Suður-Ameríku og reyndar Ráðstjórnarríkin sjálf. Ljóðið birtist fyrst í janúar 1970 í eistneska bókmenntatímaritinu *Looming* (Sköpun). Það hefst þannig:

Che, Che Guevara.
Heimurinn er svartur, kolsvartur
ljómi byltingarinnar
er aðeins brot af heild hennar.
Þannig hlýtur Jóhann Húss að hafa týnt lífinu
þótt með öðrum hætti væri
hinn svarti og hvíti listi
mun geyma nafn þitt, Che Guevara.
Lofað var að daga skyldi.
Vindur og ský voru eirðarlaus. Í skóginum
og efst í steinskóginum djarfaði fyrir nýjum degi.
Nú þramma þeir á ný yfir líkama þinn
eins og þeir þrömmuðu
þessir liðsmenn heimslögreglunnar
inn í lítið land, sem við þekkjum.

Lesi má ljóð þetta sem and-amerískt, og hefur það yfirbragð þess sennilega komið því klakklaust í gegnum nálarauga ritskoðenda. En hafi lesandinn vanist að lesa á milli lína, skynjar hann þegar, að ljóðið er tvírætt. Litla landið sem hersveitirnar tróðu fótum, gæti eins verið Tékkóslóvakía eða Eistland og Dóminíska lýðveldið. En til að auðvelda lesandanum réttan skilning er Che Guevara borinn saman við tékkneska umbótamanninn Jóhann Húss.

Líklega er ætlun Ljóðskáldsins að fordæma í senn hernaðarstefnu Bandaríkjanna og Ráðstjórnarríkjanna, en það ber einnig vott um efasemdir ný-vinstrimanna gagnvart valdhöfunum í Kreml.

Mál Garaudys

Annað dæmi um, hvernig eistneskir skynsemismenn geta komið af stað ádeilu-kenndum umræðum, snertir franska félagsfræðiprófessorinn Roger Garaudy. Hann var í áratug eða lengur talinn einn fremsti hugmyndafræðingur kommúnista í Vestur-Evrópu. En svo bar við árið 1970, að hann var rekinn úr franska kommúnistaflokki, sakaður um að vera villuráfandi og ekki rétttrúaður lengur.

Garaudy staðhæfir, að hvorki kommúnismi né kapítalismi hafi skilyrði til að bregðast við þeim erfiðleikum, sem tæknibylting nútímans hefur skapað. Ein þeirra spurninga Garaudys, sem Moskvumenn eiga í mestum vandræðum með að finna

svar við er: „Skipa menntamenn nú sérstaka stétt í Þjóðfélaginu?“ Spurningin getur vírst veraldleg, en hana má einnig skoða sem tilraun til að laga *Kommúnistaávarpið* að samtímanum.

Samkvæmt *Kommúnistaávarpinu* varð borgarastéttin sýnu mikilvægari en áður við hinar fjölbættu vísindaupppfningar á 15. og 16. öld. Borgararnir urðu byltingarsinnaðasta stéttin. Síðar kom iðnbyltingin mikla. Hún gat af sér verkalyðsstétt síðari tíma. Og í þeim var byltingaraflið bundið um þær mundir, er ávarpið kom fram. Og einmitt nú stendur yfir geysileg tæknibylting. Má því ekki telja líklegt, að fram komi ný byltingarstétt, og væri ekki tilkoma hennar í fullu samræmi við formynd Kommúnistaávarpsins?

Vangaveltur Garaudys voru rækilega kynntar í eistneska menningarritinu *Siip ja Vasar* (hamar og sigð). Til þess að geðjast varðmönnum rétttrúnaðarins voru skoðanir franska hugsuðarins fordæmdar í lok greinarinnar. Þessi rækilega kynning og útlitun á villutrúarkeningum var að vísu með neikvæðu formerki, því að fullyrt var, að menntamenn væru ekki sérstök stétt í Þjóðfélaginu. En engu að síður hljóta margir lesenda að líta svo á, að sá maður, sem kynnir slíka ádeilu svo rækilega, án þess að nokkuð sérstakt innlent tilefni hafi gefist, sé sjálfur samþykkur henni. Þetta er aðeins enn eitt dæmið um, hvernig tekist hefur að koma viðkvæmstu málum á framfæri óbeint.

En þó að gestkomanda sýnist ærnar hömlur á menningarlegum umræðum í Eistlandi, eru þær mun minni en annars staðar gerist í Ráðstjórnarríkjunum. Til að mynda er ritskoðun ekki framkvæmd eins harkalega í Eistlandi. Ætlun eistneskra rithöfunda, sem komið hafa til Lettlands og ætlað sér að lesa kafla úr bók fyrir fólk, er einatt gerð að engu með þessari athugasemd: „Þetta er ekki Eistland“.

Í verslunum, sem höndla með listaverk, bregður nú orðið fyrir lostafullum myndum og óhlutbundnum, sem menn rekast hvergi á annars staðar í öllum Ráðstjórnarríkjunum.

Það segir einnig sína sögu, að fyrsta Brecht-sýning, sem sett var á svið í Ráðstjórnarríkjunum, fór ekki fram í Moskvu eða Lenínsgarði, heldur Tallinn. Fyrsta þýðing á verkum Franz Kafka, sem út kom í Ráðstjórnarríkjunum, var eistnesk. Loks hefur ýmsum verkum vestrænna höfunda verið snúið á eistnesku á síðustu árum. Úr þeim hópi nægir að nefna Samuel Beckett, Dylan Thomas og Carlos Fuentes til að sýna, að þýðingavalið er breitt.

Þýðingar eiga ekki síður en frumsamin verk undir högg ritskoðenda að sækja. Þannig var litrík and-stríðssaga, *22. hængurinn* (Catch 22) eftir Bandaríkjamanninn Josep Heller, bönnuð, þrátt fyrir að hún feli í sér gagnrýni á hernaðarstarfsemi. Óttast var, að lesendur undir ráðstjórn kynnu að líta sér nær og sjá ótvíræða hliðstæðu. Leikritið *Lady Mai Bird* var ekki heldur leyft, þar sem talið var, að í því fælist rögburður um Lyndon Johnson Bandaríkjaforseta.

Auk gamla þjóðleikhússins „Eistland“ í Tallinn hefur Vanemuine-leikhúsið í Tartu öðlast frægð og viðurkenningu. Gagnrýnendur utan Eistlands hafa jafnvel

rómað það fyrir frumlega og dirfskufulla verkefnaskrá auk mikillar tækni og listrænna gæða, sem leikhúsið sýnir í uppfærslum sínum.

Menningin — lífakkeri þjóðarinnar

Í Eistlandi nútímans kemur sterk þjóðernisvitund landsmanna á bestan og skýrastan hátt fram í menningarlífi þjóðarinnar. Þó að listamennimur komist ekki hjá að virða í verki einkunnarorð stjórnvalda, „þjóðleg umgjörð — sósíalískt innihald“, hefur þeim tekist að lyfta undir og magna þjóðlega þætti í verkum sínum. Eftirfarandi ljóð eftir Hando Runnel, sem hér birtist eftir enskri þýðingu Rein Taagepera er skýrt dæmi um lotningu eistneskra listamanna fyrir menningararfi sínum, einkum tungu sinni.

Hvað fær þjóð mína huggað
ef fegursti gimsteinninn hyrfi
og hvað gæti sjálfan mig fróað
ef þjóðtungu minni yrði tortímt?

Okkar alvitri vinur á svar
slíkt horfir til góðs
enda framfaraspor
sem þjónar málstaðnum mikla.

Öllum löndum og þjóðum er best
að smáseiði og hákarlar þrífist
og þótt einhver deyi þá aðeins til þess
að sporna gegn stríði og sjálfsblekkingu

og þótt einhver deyi hann stuðlar að því
að sá göfugi draumur rætist
sem segir að fjöldinn sé einn
eða hann verði að lokum að einum.

En hvað fær huggað þá þjóð
sem hefur tungunni týnt?
Sjálfur liti ég ekki glaðan dag framur
yrði móðurmálinu tortímt.

Sönghátíðir þær, sem haldnar eru fimmta hvert ár bera þó glæstastan vitnisburð um órofa lífskraft eistneskrar menningar. Síðustu hátíð var flýtt um eitt ár, svo að fagna mætti aldarafmæli þessarar alþjóðarsönghátíðar, en hin fyrsta var haldin 1869.

Nálega 30.000 söngvarar úr 600 kórum, nokkur þúsund hljóðfæraleikarar úr 11 sinfóníuhljómsveitum og rúmlega 100 lúðrasveitum tóku þátt í þessum mikla mannfagnaði. Aðrir þátttakendur, áhorfendur og hlustendur voru nærri því að fylla fjórðung milljónar, og er það álitlegur hópur í landi, sem telur aðeins 1,35 milljón þegna. Ekki einu sinni Fidel Castró á Kúbu hefur tekist að flykkja fimmta hluta þjóðar sinnar á einn stað. Og hafa ber í huga, að þriðjungur íbúa Eistlands eru Rússar, sem láta sig eistneskt menningarlíf litlu skipta.

En einmitt þessar söngvahátíðir sýna, svo ekki verður um villst, hversu Eistlendingum tekst enn að halda við þjóðlegum hefðum sínum og skila þeim af sér til komandi kynslóða í endurnýjaðri mynd.

5. kafli

Kommúnistaflokkurinn¹³

KOMMÚNISTAFLOKKURINN ER MIÐDEPILL valdsins í Eistlandi, enda eini stjórn mála-flokkurinn, sem leyfður er í landinu. Eistneski kommúnistaflokkurinn er í raun ekki annað en svæðisbundin deild í kommúnistaflokki Ráðstjórnarríkjanna, sem eins mætti kalla rússneska kommúnistaflokkinn. Rússneska sambandslýðveldið er eina lýðveldi sambandsins, sem ekki hefur sérstakan kommúnistaflokk, þar sem ráðstjórnarflokkurinn er í framkvæmd einnig svæðisflokkur Rússlands. Í kommúnistaflokki Eistlands er um 4,6% þjóðarinnar, og er það lág tala í samanburði við Ráðstjórnarríkin í heild, en þar er meðal félagatalan um 7%.

Er flokksþing var haldið 1971, voru 70.000 félagar í kommúnistaflokki Eistlands og 4.000 tilvonandi félagar, og hafði þeim fjölgað um 14.000 frá síðasta þingi. Nafn flokksins er Kommúnistaflokkur Eistlands, en ekki eistneski kommúnistaflokkurinn, sem felur í sér, að sérhver, sem búsettur er í Eistlandi, getur orðið félagi, hvert sem þjóðerni hans er. Tæplega 6% félaga eru eistneskir, en hinir rússneskir. Þess er og að gæta, að hluti af eistnesku félögunum eru menn, sem bjuggu í Rússlandi á sjálfstæðisárunum. Eistlendingar líta iðulega á þá menn sem Rússa frekar en Eistlendinga, og stundum líta þeir sjálfir einnig svo á.

Miðstjórnin og Æðsta ráðið eru mikilvægustu stjórnstöðvar kommúnistaflokks Eistlands eins og í Ráðstjórnarríkjunum.

1970 voru aðeins tveir af þeim ellefu, er sæti áttu í miðstjórninni, Rússar, og annar þeirra tveggja, sem í framboði voru. Eftir flokksþingið, sem haldið var 1971, báru 25 félagar og 10 varamenn rússnesk nöfn af 117 miðstjórnarmönnum og 58 varamönnum. Sýnir þetta, að Rússar hafa færri fulltrúa í þessum tveim valdastöðum en fjöldi þeirra í þjóðarheildinni veitir vísbendingu um. Í Eistlandi eins og öðrum ráðstjórnarlýðveldum gegnir Rússi, Konstantín Lebedev, stöðu annars flokksritara, sem er í raun lykilstaða flokksins. Áður en Lebedev hlaut þessa stöðu, hafði hann unnið í þeirri deild sambandsflokksins, sem sá um málefni Eystrasaltsríkjanna. Eistlendingurinn Ívan Käbin, sem treysta má að hlaupi ekki út undan sér, fær að gegna starfi fyrsta flokksritara. Hið rússneska yfirvald sér til þess, að flokkar lýðveldanna láti að stjórn með því að skipa Rússa í embætti, sem virðist skör lægra en hið æðsta, en er hins vegar í reynd það, sem fer með völdin.

Hlutföllin eru lík í Æðsta ráði Eistlands. Nöfn fulltrúa sýna, að 31 af þeim 183, sem „kosnir“ voru 1971, var Rússi. Í þessum kosningum gátu kjósendur aðeins valið um einn frambjóðanda. Hinn kosturinn var að kjósa ekki, sem er ólöglegt.

Flokksfélagar, sem sæti eiga í landshlutaráðum Eistlands, eru hlutfallslega mun færri en gerist í nokkru öðru ráðstjórnarlýðveldi. Eftir kosningar, sem haldnar voru 1967, var hlutfall þetta milli 42 og 48% í ráðstjórnarlýðveldunum, nema í Azerbaian (50%) og Eistlandi (tæp 39%). Í kosningunum 1969 var Eistland lægst með 39%.

Hugsanlegt er, að Eistland sé orðið svo háþróað, að hæfileikar teljist vega þyngra á metunum en flokksskrteinið. En samt sem áður er mönnum oftast nauðsynlegt að bera flokksstimpilinn, svo að þeir verði skipaðir í góðar stöður. Sé maður ófús að ganga í flokkinn, þarf hann ekki að búast við því að komast til metorða út á eigin verðleika.

Ágreiningur og átök milli miðstýringarsinna og þjóðernissinna innan kommúnistaflokks Eistlands eru jafngömul flokksnum. Þegar árið 1918 komu fram mjög þjóðlegar tilhneigingar innan eistnesku verkamannakommúnunnar. Þá kröfðust eistnesku bolsévíkarnir yfirráða yfir þeim deildum Rauða hersins, sem höfðu aðstoðað við stofnun kommúnunnar, en því var synjað. Eistneskir kommúnistar settu á fót aleistneska stjórn í landamærabænum Narva, þar sem Rússar voru þó meirihluti íbúa. Kennsla í skólum átti að fara fram á eistnesku. Þegar Stalín lét taka fimm af sjö leiðtogum kommúnunnar af lífi tuttugu árum síðar, var þeim einkum gefið að sök „þjóðernisleg frávik“ frá réttri stefnu.

Fyrsti kommúnistinn, sem gegndi forsætisráðherraembætti í Eistlandi, ljóðskáldið Johannes Vares-Barbarus, stytti sér aldur 1946, er blekkingarhulunni var svipt burt og í ljós kom, að Eistlandi var ekki einu sinni ætlaður sá snefill af sjálfstæði, sem margir eistneskir kommúnistar höfðu vonað, að það fengi þó að njóta. Um 1940 reyndi Vares-Barbarus árangurslaust að fá ráðstjórnarleiðtogana til að veita Eistlandi svipað sjálfstæði og Mongólska lýðveldið bjó við.

Jeistlendingar

Allt fram til ársins 1949 voru flestir leiðtogar Ráðstjórnar-Eistlands bornir og barnfæddir í Eistlandi. En þá urðu umskipti, og áhrif svonefndra Jeistlendinga, manna sem alist höfðu upp í Rússlandi og töluðu því enga eða mjög gallaða eistnesku, jukust verulega. Jeistlendingar eru þeir nefndir vegna þess, að í rússneskum málblæ þeirra hljómar bókstafurinn „e“ líkast rússnesku „je“.

Forfeður Jeistlendinganna höfðu sest að í Rússlandi á 19. öld. Eftir hernám Eistlands 1940 voru Jeistlendingar fluttir þangað frá Rússlandi til að taka þar við stjórnarstörfum. Vegna nauðungarflutninga úr landinu og fólksflotta urðu miklar eyður í þjóðfélaginu, sem ekki urðu fylltar með öðru móti. Og sá kostur fylgdi, að

nýju stjórnvöldin höfðu alist upp í erlendu, kommúnísku þjóðfélagi, og því mátti treysta þeim til að sýna eistneskum þjóðernisanda hvorki samúð né linkind.

Vegur Jeistlendinganna jókst til muna á árunum 1949–1951, er Kommúnistaflokkur Eistlands var hreinsaður af þjóðernissinum. Þær hreinsanir sönnuðu rétt eins og Moskvu-réttarhöldin á síðari hluta fjórða áratugarins, að ekki líður á löngu, þar til byltingin étur börnin sín. Meðal þeirra, er hurfu af sjónarsviðinu í hreinsunum, voru aðalritari flokksins, Nikolai Karotamm, og helmingur annarra flokksritara. Þá hvarf forsætisráðherrann og liðlega helmingur annarra ráðherra, formaður forsætisnefndar Æðsta ráðs Eistlands (sem heita átti forseti landsins) og formaður eistnesku vísindaakademíunnar. Þessir menn höfðu reynt að spyrna við fótum gegn áframhaldandi innflutningi Rússa. Þeir höfðu leitast við að verja þjóðlegar arfleifðir og hefðir og reynt að halda forystu í Kommúnistaflokki Eistlands í höndum eistneskra manna. Þeir voru allir sakaðir um að vera „borgaralega þjóðernissinnaðir“. Svipaðri ákæru var beint að fólki úr nærri öllum þjóðarbrotum hvarvetna í Ráðstjórnarríkjunum, en aldrei þó gegn Rússum. Er þetta enn einn votturinn um þann stór-rússneska þjóðernisgorgear, sem tíðkast í Ráðstjórnarríkjunum.

Á sjöunda áratug tóku innbornir Eistlendingar að seilast til ríkari áhrifa innan flokksins og í stjórnkerfinu. Jeistlendingarnir eru farnir að gamlast, og nú í byrjun áttunda áratugar eru þeir sjálfsagt orðið sjaldséðir í áhrifastöðum. Og ekki er heldur ótrúlegt, að í ellinni muni draga úr þýlyndi þeirra við Moskvuvaldið. Í tuttugu ár hafa Jeistlendingar deilt kjörum með þjóð, sem sýnir ætíð glögg andstöðu við rússnesk yfirráð, og það hlýtur að snerta jafnvel þá.

Síðustu árin hefur ekkert verið rétt eða ritað um andstæðu skautin tvö innan flokksins, þjóðholla kommúnista annars vegar og áhangendur Rússa hins vegar. En þeir Eistlendingar, sem ég tók tali, drógu núverandi ráðamenn hiklaust í dilla. Sumir voru taldir ákafir ættjarðarsinnar, en aðrir voru sagðir hallast að Moskvu og treysta á úrræði þaðan til lausnar innanlandsmálum.

Innan háaðals kommúnistaflokkanna í nágrannalýðveldunum tveimur eru einnig menn, sem eru mjög andsnúnir allri rússneskjun. Bréf 17 lettneskra kommúnista afhjúpaði þennan ágreining. Það var birt mjög víða á Vesturlöndum í ársbyrjun 1972. Höfundar bréfsins, sem ekki eru nafngreindir, sögðu meðal annars:

Samviskusamlega gerðum við allt, sem við gátum, til að útbreiða kenningar Marx, Engels og Leníns. Engu að síður runnu upp fyrir okkur þau bitru sannindi, að með hverju ári sem leið voru hugsjónir þeirra æ meir afskræmdar; að kenningar Leníns eru hafðar að skálkaskjólí fyrir stór-rússneskan þjóðarhroka; að orð og gerðir stangast ætíð á; að við gerum kommúnistum annarra landa sífellt erfiðara um vik; að við tálum þeirra verk og starf í stað þess að verða þeim hvatning.“¹⁴

Lettnesku bréfritararnir 17 áttu marga skoðanabræður í hópi eistneskra kommúnista, sem ég ræddi við, jafnt flokksbundinna sem annarra. Skylt er að taka fram, að andstaða og áhyggjur af rússneskjun teljast ekki andkommúnismi í Eistlandi, enda eru flestir sem ein sál í máli, stjórnmalaskoðanir breyta þar litlu.

Það er þó deginum ljósara, að eistneskir flokksleiðtogar og almennir flokksmenn verða að forðast að tjá sig opinberlega um þetta mál. Þar kann að vera komin ein skýringin á óvinsældum flokksins og flokksfélaganna, sem stappar nærri hatri á stundum. Álit Eistlendinga á flokksnum og flokksmönnum kemur hvað skýrast í ljós í farandskrýtlum. Ein þeirra beiskjuminni, sem algeng var sumarið 1970, sagði frá bangsa, snák og apaketti, sem voru að velta fyrir sér, hvort þeir ættu að innrita sig í flokkinn. Bangsapabbi kom heim og skýrði keltu sinni frá því, að hann hefði sótt um inngöngu í flokkinn. Bangsamamma rak upp stór augu: „Já, en hvers vegna skyldum við ganga í flokkinn, þú, ég og börnin eigum öll loðfeldi?“ Hið sama var upp á teningnum í snákafjölskyldunni. Snákafrúnni var ómögulegt að skilja, hvað maður hennar hefði að gera í flokkinn: „Við höfum þegar komið okkur upp húsi!“ Húsbóndinn á apaheimilinu kom og kvaðst hafa verið að velta fyrir sér, hvort hann ætti að ganga í flokkinn. Það fauk í apamömmu: „Þú mátt ekki hika, maður. Við erum öll berrössuð, hvað þá annað!“

Fjöldi skrýtlna í þessum dúr sneiddi að Jeistlendingum. Aðalritari flokksins, Ívan Käbin, var eftirlætisskotspónninn. Ein vinsælasta sagan var um ræðu, sem Käbin hélt yfir stórri mótmælagöngu 1. maí. Allt gekk eins og í sögu, meðan aðalritarinn hélt sig við skrifudu ræðuna, jafnvel þótt framburðurinn væri dálítið ankannalegur. En síðan lét hann frá sér bleðlana og ætlaði að enda á fagnaðarópi með fjöldanum. „Lengi lifi einn maí,“ hrópaði aðalritarinn, en fékk dræmar undirtektir. Sé þessi saga sönn, þá flýgur manni í hug, hversu margir þeir þjóðarleiðtogar séu, sem hafi ekki á valdi sínu raðtölnar frá 1–10 á tungu þjóðar sinnar. Um Käbin þennan er einnig haft í flimtingum, að eitt sinn, er hann heyrðist bjóða landsmenn sína hjartanlega velkomna til útisamkomu með þessum orðum: „Kallid söbrad“ (kæru vinir), hafi það hljómað líkast: „Kallid seebrad“ (kæru sebrahestar).

Skrýtlur eru ekki einar til frásagnar um, í hversu litlum metum flokksmenn eru hjá fólki í Eistlandi. Þar eð allir valdaþræðir Eistlands eiga annan endann í flokksnum, væri ekki fjarstæðukennt að álykta, að ungir þjóðhollir Eistlendingar gengju í hann í því skyni að koma einhverju til betri vegar innan frá. Hvort sem ég ræddi við stúdenta eða annað ungt fólk og impraði á þessu, fékk ég jafnan neikvæð svör. Þeir óttuðust, að vinir þeirra yrðu þeim fráhverfir og þjóðfélagið myndi hafna þeim, rétt eins og mannslíkama ókunnur hjarta. Allir viðmælendur mínir töldu með ólíkindum, að samvinna við flokkinn yrði litin hýru auga, hversu góður sem tilgangurinn væri, er að baki lægi. Enda er það til marks, að ekki nærri því allir félagar æskulýðsfylkingarinnar Komsomol, sem eru um 112.000 í Eistlandi, sækjast eftir inngöngu í flokkinn.

Eru Jeistlendingar kvislingar?

Ýmislegt bendir til, að Jeistlendingar séu ekki alfarið þeir óprúttu föðurlandssvikarar, sem flestir Eistlendingar, jafnt heimamenn sem útlagar, vilja vera láta. Meinið er ekki að finna í sannfæringu Jeistlendinganna, heldur er ástæðan fremur sú, hversu höllum fæti þeir standa gagnvart Moskvuvaldinu.

Aleksei heitinn Müürisepp (1902–1970) forsætisráðherra reit haustið 1956 grein í *Svestijn*, þar sem hann krafðist meiri valdsdreifingar. En í upphafi þess árs hafði 20. sambandsflokksþingið í Moskvu lagt jarðveginn fyrir allopinnskáar umræður um dreifingu valds. Jafnvel aðalritarinn Níkíta Khrústsjov hafði látið að því liggja, að sérhverri þjóð ætti að leyfast að feta eigin leiðir í átt til sósialisma. Eistneskir kommúnistaleiðtogar vonuðu, að þeirra land væri hér ekki undanskilið. Þess vegna fór Müürisepp fram á meiri sjálfstjórn í efnahagsmálum. Hann óskaði eftir, að Eistlendingar fengju að fullvinna hráefni sín í stað þess að senda þau úr landi. Hann andmælti útflutningi eistneskra afurða til annarra ráðstjórnarlanda, á meðan þörfum heimamanna fyrir þessar vörur væri ekki fullnægt. Og að lokum kvartaði hann undan því, að eistneskir vísindamenn væru neyddir til að setjast að í öðrum ráðstjórnarlyðveldum. Skemmst er frá því að segja, að kröfum Müürisepps var í engu sinnt. Nokkrum árum síðar, er forsprakkar lettneskra kommúnista tóku sig til og gerðu áþekkar kröfur og Müürisepp hafði sett fram, sáu Moskvu leiðtogarnir sitt óvænna og gerðu mikla hreinsun í forystusveit Lettlands á árunum 1959–1961.

Árið 1965 fullvissaði Arnold Veimer (f. 1903), núverandi formaður vísindafélagsins og fyrirrennari Müürisepps í forsætisráðherraembætti, fréttamann frá *New York Times* um, að stjórnvöld myndu ekki beita sér fyrir frekari innflutningi Rússa til Eistlands. En eftir því sem best verður séð, þá telja Jeistlendingar straum Rússa til landsins síst æskilegan.

Er þing Æðsta ráðs Ráðstjórnarríkjanna stóð árið 1969, leituðu Eistlendingar hófanna um að fá forræði yfir eigin efnahagsmálum í ríkara mæli en fyrr.

Eistneskir embættismenn barma sér iðulega yfir því, að dregið hafi úr heimastjórn efnahagsmála við afnám hins sérstaka Þjóðhagsráðs Eistlands 1965. Eins og ég hef dregið á, telja flestir Eistlendingar, að Jeistlendingar séu aðeins leikbrúður, sem dingla, er valdhafarnir í Moskvu kippa í strenginn. Og vissulega liggur hver sá vel við höggi, er þýðist erlent hernámssvald. En hvað sem öðru líður, ætti þjóðlegum þörfum Eistlendinga að vera skár borgið í höndum Jeistlendinga heldur en Rússa. Og þegar jeistneskir leiðtogar og verk þeirra eru metin, verður að hafa í huga, að stjórnfrelsi þeirra sjálfra er þröngur stakkur skorinn. Kommúnistaflokkur Eistlands er einungis smágrein út frá stórum stofni, kommúnistaflokki ráðstjórnarinnar, þar sem Rússar tróna í öllum lykilembættum.

Það er því ekkert sérstakt fagnaðarefni, þó að Eistland megi ásamt öðrum sambandslýðveldum senda 36 fulltrúa til Æðsta ráðs Ráðstjórnarríkjanna.

Hin nýja stétt

Sækist menn eftir góðum embættum í iðnaði, stjórnsýslu eða við háskóla, þá reynist ekkert meðmælabréf jafnliðtækt og flokksskírteinið. Nemendum, sem hafa verið virkir þátttakendur innan Komsomol, æskulýðsfylkingar kommúnista, er greiðari leið inn í æðri menntastofnanir en öðrum. Sérstakt sjúkrahús í Tallinn er ætlað flokksbroddum, og þeir hafa einkalyfjabúðir, auk þess sem vissir samkomustaðir eru eingöngu fyrir þá. Öll aðstaða í stofnunum, sem aðeins eru fyrir æðri flokksmenn, er önnur og betri en sauðsvartur almúginn á að venjast. Flokksfélögum er einnig ætlað meira lífsrými en öðrum, og búa þeir iðulega í einbýlishúsum. Flokksmaður nýtur og margvíslegra annarra forréttinda. Júgóslavneski sósíalístráttinn og fyrrum næstæðsti maður lands síns, Milovan Djilas, hittir því naglann á höfuðið er hann talar um „hina nýju stétt“ í þeirri veru. Embættismenn flokksins og aðrir, sem teljast til þessarar fámennu yfirstéttar, eru raunverulega einu Eistlendingarnir, sem hrærast í kommúnísku tímabili. Þeir fá atvinnu í nokkru samræmi við hæfileika sína og uppskera lífsgæði eftir þörfum, en öðru máli gegnir um eistneskan almenning. Slíkt djúp milli fólksins og leiðtoga þess er álíka fjörgjafi á innri flokksmúræður og vatn er á eld. Og á meðan Kommúnistaflokkur Eistlands er rakki, sem gíammar, þegar yfirvöld kippa í í rófunu, getur hvorki flokkurinn né leiðtogar hans vænst stuðnings frá eistnesku þjóðinni.

6. kafli

Efnahagslíf Eistlands undir ráðstjórn: Afreksverk og arðrán

ÞEGAR FÁMENNIS EYSTRASALTSLANDANNA ER gætt, kemur á óvart, hversu ríkan hlut þau eiga í heildarframleiðslu Ráðstjórnarríkjanna á afmörkuðum sviðum. Þannig má til dæmis nefna, að 1969 lagði Eistland til 3,2% af heildarfiskiðnaði Ráðstjórnarríkjanna, 2,7% af pappírframleiðslunni, 2,6% af bómullarframleiðslunni og 2,2% af áburðarframleiðslunni. Þetta er hátt hlutfall, því að Eistland er aðeins 0,2% af Ráðstjórnarríkjunum, og þar býr aðeins 0,6% af þegnum alríkisins.¹⁵

En meira virði er, að Eistlendingar hafa rutt ýmsum efnahagslegum umbótum braut, einkum á síðasta áratug, og þeir hafa aukið sjálfvirkni í framleiðslu að mun. Og eins og síðar verður rakið, er ræktunarhlutfall mun hærra í Eistlandi en öðrum Ráðstjórnarríkjum og jafnvel hærra en sambærilegar tölur frá Skandinavíu sýna. Engu að síður veldur efnahagsástandið enn almennri óánægju, enda kemur í ljós, þegar betur er skoðað, að hinar hagstæðu yfirlitstölur um framleiðslu gefa mjög villandi mynd af þeim afurðum, sem koma í hlut Eistlendinga sjálfra.

Kaldhæðnislegar skráttur

Þessi vonbrigði skinu jafnan í gegnum allar viðræður um efnahagsmál, sem ég átti við almennung í Eistlandi. Úr þeim jarðvegi voru margar skopsögur sprotnar. Ein hin vinsælasta sumarið 1970 var á þessa leið: Spurt er: „Hver er helsti munur á kapítalísku ævintýri og kommúnísku?“ „Jú, ævintýri kapítalista byrja á: Einu sinni var ..., en sósíalistar segja: Einhvern tíma mun ef til vill verða“

Aðrar skráttur lýsa oft biturlega, hvað Eistland er vanþróað efnahagslega. Dag nokkurn, er ég var staddur í miðbæ Tallinn, varð ég vitni að því, að geysilöng biðröð myndaðist skyndilega fyrir utan skóbúð. Það kom á daginn, að borist hafði lítil sending af tékkneskum bomsum, en þær eru taldar mun betri en rússneskar. Afgreiðslustúlkurnar í búðinni höfðu hringt til vana og vandamanna og sagt þeim tíðindin. Og bomsufréttin barst út eins og eldur í sinu. Fyrir en varði hafði myndast nokkur hundruð sálna halarófa út frá skóbúðinni. Ekki virðist slík dreifingaradferð á vöru skynsamleg eða sósíalísk úr hófi fram.

Biðraðir sem þessi eru óþrjótandi efni í gamansögur og munnmæli, um hvernig efnahagskerfið vinnur, — eða öllu heldur, hve óvirkt það er. Eftirfarandi skráttur gefa dálitla mynd af þessu. Spurt er; „Hvað er nýjasta afrekið í rússneskum landbúnaði?“ Svarið er: „Nú á síðustu tímum erum við farnir að sá hveiti í miðri Asíu, og það kemur allt upp í Kanada.“ Spurt er: „Hvort viltu heldur lenda í sósíalísku eða kapítalísku helvíti?“ Svar: „Hvernig spyrðu, maður, auðvitað sósíalísku. Þar má þó alltaf búast við tjöru-, kola- og eldiviðarskortri, svo að ekki sé hægt að kynda eldana undir kötlunum.“

Ótraustar skýrslur

Óhjákvæmilegt er að slá varnagla, er fjalla skal um efnahagsþróun Ráðstjórnar-Eistlands. Ætíð verður að lesa milli lína í efnahagsskýrslum, sem yfirvöld senda frá sér og taka allar samanburðartölur með fyrirvara. Og jafnvel þegar slíkar tölur eru sannleikanum samkvæmar, gefa þær mjög villandi mynd af áhrifum aukins hagvaxtar, þegar litið er frá bæjardrym eistnesku þjóðarinnar. Hinar opinberu skýrslur vitna um framleiðslu, en ekki neyslu, og þar liggur hundurinn einmitt grafinn.

Lesandi, sem ókunnur er í myrkviðum hagskýrslna frá ráðstjórninni, villist auðveldlega. Þær eru sjaldnast studdar skýrum tölum, heldur er allur samanburður í hundradstölum, sem getur verið torvelt að átta sig á. Á fyrri árum kvað enn rammur að þessu, en þá var litið á vissar efnahagsskýrslur sem hernaðarleyndarmál í bókstaflegum skilningi.

Það ruglar menn ekki síst í ríminu, að misjafnar forsendur eru gefnar fyrir útreikningum á einstökum tímum. Afleiðingin er sú, að erfitt er og stundum ógerlegt að gera samanburð milli ára, hvað þá árabíla.

Yfirvöldum tekst að fegra þá mynd, sem nú blasir við, með því að velja mjög óhagstætt ár til viðmiðunar. Er framleiðsluverðmæti ársins 1940 eru borin saman við það, sem nú gerist, án þess að litið sé til verðbreytinga, komast menn að þægilegri niðurstöðu. Einnig vill bera við, að ársframleiðslan 1940, sem miðað er við, sé í rauninni aðeins hálfis árs framleiðsla, því að mörkin eru þá dregin við hernámið og innlimunina í ágúst 1940. Einnig miða hagskýrslur ráðstjórnarinnar við verðmæti hvers framleiðsluþreps. Þannig er fyrst talið til verðmæti hráefnis, sem unnið er, þá talið til verðmæti vörunnar fullunnar og síðan eru þessar tölur lagðar saman til að fá tölu um heildarverðmætasköpun. Þannig að útkoman er í rauninni tvöföld, og eykur það vægi skýrslunnar.

Samkvæmt opinberum ráðstjórnarskýrslum framleiðir Eistland nú 40 sinnum meira af rafmagni en landið gerði síðasta sjálfstæðisárið 1940. Ársvöxtur rafmagnsframleiðslu er samkvæmt sömu heimildum fjórum sinnum meiri en heildarrafforkuframleiðslan 1939.

Tímabilið 1950–1969 fimmfaldaðist heildarrafforkugeta heimsins, en í Eistlandi

22-faldaðist hún. Nú eru 9.000 kw-stundir rafmagns framleiddar á hvert mannsbarn í Eistlandi, og gera ekki aðrar þjóðir betur.¹⁶

Samkvæmt opinberum yfirlitum er léttaiðnaður nú 40 sinnum meiri en 1940. Matvælaíðnaðurinn hefur tvítugfaldast. Ársframleiðsla á kjötmeti og mjólkurafurðum er 21 sinnum meiri nú en var árið 1940. Og nú skilar eistneskur iðnaður framleiðslu alls ársins 1939, er landið var enn sjálfstætt, á 10 dögum.

Þegar samanburður er gerður á stöðu iðnaðarframleiðslunnar nú og eins og hún var á árunum milli stríða, verður að gera sér grein fyrir gifurlegri fjölgun starfsfólks í iðnaði. Þjóðinni hefur aðeins fjölgað um 50% á tímabilinu, en nú vinna þrefalt fleiri við iðnað en þá var.

Auðvitað hefur þessi mannafla mjög stuðlað að örum iðnvexti og þannig auk- ið þann skerf, sem iðnaður leggur þjóðarbúinu til. Iðnaður stendur nú undir um helmingi þjóðarframleiðslunnar. Landbúnaður, sem var mikilvægasta atvinnugreinin á sjálfstæðisárunum, skapar nú aðeins fjórðung hennar. Augljóst er, að vöxt iðnaðarins má að nokkru rekja til færslu mannafla til hans frá landbúnaði. Afleiðingin er sú, að framleiðsluaukning á hvern verkamann er mun minni en heildar framleiðsluaukningin. Þar við bætist, að jafnan tíðkast nú vaktavinna í verksmiðjum, og hefur það neikvæð áhrif á líðan og hag þeirra, sem í þeim starfa.

Hin slæmu áhrif iðnvæðingar

Margir Eistlendingar líta iðnvæðinguna hornauga. Kemur það þeim spáskt fyrir sjónir, sem telja hana eitt af meginmarkmiðum hagvaxtar og eins konar mælikvarða á efnahagsþróunina.

Yfirvöld í Ráðstjórnar-Eistlandi hafa jafnvel sjálf reynt að draga úr iðnvexti landsins. Þeir tilburðir endurspegla óánægju meðal þjóðarinnar, sem kom oft glöggst fram, er ég tók fólk tali. Eistlendingum stendur ógn af geysilegum innflutningi Rússa, sem virðist vera óhjákvæmilegur fylgifiskur iðnvæðingarinnar. Þeir óttast, að þjóðerni þeirra bíði hnekki af þeim sökum. Vissulega er það þverstæðukennt, að ekki er með öllu fráleitt að ætla, að reigingslegar tölur yfirvalda um vaxandi iðnað tákni ósigur í augum Eistlendinga. Skýtur hér vissulega skökku við, því að venjulega kvarta þjóðarbrott undan því, að þeirra landsvæði séu afskipt í efnahagslegri þróun.

Í almennum umræðum, sem orðið hafa á Vesturlöndum hin síðari ár, hefur verið áréttáð, að rúmtak þjóðarframleiðslunnar er næsta ófullkominn mælikvarði á efnahagsþróun hvers lands. Þannig er sjaldnast tekið nokkurt mið af umhverfisspjöllum af aukinni framleiðslu. Eistland hefur sannarlega ekki farið varhluta af mengunarhættu og umhverfiseyðingu. Kemur það iðulega fram í dagblöðum þar í landi, og til að mynda hefur einn þekktasti rithöfundur landsins, Jaan Kaplinski, fjallað um þessa ógn í verkum sínum.

Drykkjarvatnsskortur stendur vexti og viðgangi Tallinn-borgar fyrir þrifum. Áætlað er, að innan fárra ára muni drykkjarvatn innan 60 mílna geisla frá borginni

verða uppuríð. Ráðagerðir hafa verið uppi um að leggja vatnsleiðslu um langan veg frá landamæravatninu Peipsi til Tallinn. Mengunar vatns vegna verksmiðjuúrgangs hefur einnig gætt í Eystrasalti. Fiskimenn og sundgarpar eiga orðið erfitt uppdráttar þar, einkum þó í Tallinn-flóa.

Nægtabrunnur eistnesks efnahags, jarðolíu-svæðið sem liggur milli Tallinn og hinnar austlægðu landamæraborgar Narva, er orðið áþekkast því landslagi, sem ber fyrir augu þeirra fáu, er leið eiga til tunglsins. Vegna þess óþverra, sem olíuvinnslan sér þessum landshluta fyrir, finna menn þar ekki hina hrjóstrugu fegurð, sem Neil Armstrong og starfsbræður hans heilluðust af, er þeir voru sendir í Öskju og Ódáðahraun til þess að þeir mættu kynnast tungli á jörð.

Eistlendingar geta enga rönd við reist gegn þeim óþrifnaði, sem röskun jafnvægis náttúrunnar veldur og eykst stöðugt í samræmi við hraðfara iðnvæðingu. Vinnslu úr þessum olíulindum er stjórnað beint af alríkisráðuneyti, sem hefur aðsetur í Moskvu. Sama máli gegnir um fjórðung alls þungaiðnaðar. Slík alríkistengsl merkja í raun, að stjórnendur verksmiðja, sem undir þau eiga, fá fyrirmæli frá Moskvu, en ekki höfuðborg Eistlands.

Eistneska stjórnin og leiðtogar flokksins hafa jafnvel gerst svo djörf að fetta fingur út í, hversu áhrifalaus þau séu um mikilvæga þætti efnahagslífsins innan eigin landamæra. Ívan Kábin, aðalritari Kommúnistaflokks Eistlands, lét eitt sinn svo um mælt: „Alríkisráðuneytin ákveða að stofna nýjar verksmiðjur og leggja gamlar niður án þess að gefa eistnesku stjórninni minnstu vísbendingu um, hvað standi til.“¹⁷

Svo sem dæmið um olíuframleiðsluna ber með sér, er enn hnykk á efnahagslegu ósjálfstæði Eistlands með því að setja stórfyrirtæki undir beina stjórn frá Moskvu. Annars er stjórn slíkra fyrirtækja í grófum dráttum á einhvern þessara fjóra vegu:

- 1) Sérstök alríkisstjórn frá Moskvu.
- 2) Heyra undir alríkisráðuneyti, sem eru í lýðveldinu sjálfu.
- 3) Heyra undir ráðuneyti lýðveldisins.
- 4) Þeim er stjórnað af samvinnufyrirtækjum.

Alríkis-lýðveldisráðuneytið á undir högg að sækja til alríkisráðuneytisins í Moskvu. Vissar greinar iðnaðar, sem einkum snerta heimaríkið, eru undir stjórn lýðveldisráðuneyta, sem ekki þurfa að sækja um heimild til Moskvu, en eiga sitt ædsta vald nær alfarið í Tallinn. En þá er þess að gæta, að iðulega gegna Rússar eða rússneskir Eistlendingar ædstu embættum þessara ráðuneyta. Í Eistlandi eru nú 5 lýðveldisráðuneyti, en þar eru staðsett 17 alríkisráðuneyti. Lýðveldisráðuneytin fara með: a) samgöngumál; b) svæðisbundinn iðnað; c) sveitarstjórnarmálefni; d) þjónustuiðnað, svo sem þvottahús, hárgreiðslustofur, ljósmyndun, skósmíðar; e) félagsmál.

Ekki fer á milli mála, að ein alvarlegasta afleiðing af, hversu áhrifalausir Eistlend-

ingar eru um stjórn eigin efnahagslífs, er rányrkja auðlinda landsins. Forsprakkar kommúnistaflokks landsins hafa stundum ekki orða bundist og fundið að þessari ofsókn. Arnold Veimer, fyrrum forsætisráðherra og helsti sérfræðingur Eistlendinga um efnahagsmál, skrifaði við lok fimmta áratugarins: „Strax eftir stríðslok var mikil ásókn í skóga landsins. Og nú eru felld 25% fleiri tré en áætluð segir til um, og vonlaust er að veða upp á móti slíkum ágangi með gróðursetningu.“¹⁸ Á árunum milli stríða var áætlað, að eistneskar olíulindir myndu endast næstu þúsund árin. Nú er talið, að olían verði gengin til þurrðar innan 70 ára.

Fjöldinn allur af þeim Eistlendingum, sem ég ræddi við, fordæmdu, hversu mikillar skammsýni gætti í öllum áætlunum um aukinn hagvöxt, og einkum þó þá stefnu að láta ekki framleiðslu og neyslu fylgjast að. Væri efnahagsmálum Eistlands stjórnað með hagsmunum Eistlendinga fyrir augum, er ég þess fullviss, að ekki yrði slík slagsíða á þjóðarskútunni og nú er og vistfræðilegt jafnvægi sæti í fyrirrúmi. Nú eru markmiðin þau að reyna að haga framleiðslunni eftir hungri Ráðstjórnarríkjanna á hverjum tíma, og verður því að fara eftir kokkabókunum í Kremli.

Stærstu framleiðslustökkin hafa orðið í gasframleiðslu (317-faldast 1940–1969), smíði rafmagnsvéla (225-faldast), rafmagnsframleiðslu (40-faldast), og Portlandsementsgerð (13-faldast). Allar þessar iðngreinar framleiða fyrir markað utan lýðveldisins. Gasframleiðslan hvílir á hinum miklu og verðmætu jarðolíulindum Eistlands. Strax á árunum 1946–1948 var gasverksmiðju komið á fót í Kohtla-Järve í Norðaustur-Eistlandi. Þaðan voru lagðar neðanjarðarpípur allt til Lenínsgarðs. Árið 1953 voru einnig lögð gasrör til Tallinn. En það gas, sem Tallinn var ætlað, var af skornum skammti, því að þarfir Lenínsgarðs voru miklar. Þess vegna þótti ekki taka að leggja kerfi gasheimtauga í Tallinn. 1968 glæddust vonir um, að Eistlendingar fengju brátt að nýta eigið gas, því að þá var lögð gasrás allt frá Síberíu til Lenínsgarðs. En þrátt fyrir það notar Lenínsgarður sama magn af eistnesku gasi og áður. Um þessar mundir er dálítið flutt af gasi frá Síberíu til Eistlands!

Svo sem áður er getið, er Eistland í hópi stærstu raforkuframleiðenda (á hvern íbúa) ásamt Íslandi. En töluvert fellur á myndina, þegar neyslulíð þessarar framleiðslugreinar er skoðuð, svo sem gert var í sambandi við gasið hér á undan. Opinberar tölur frá eistnesku ráðstjórninni bera með sér, að Eistland sé fimmta ríkið í röð raforkuframleiðsluþjóða (á hvern íbúa), og eru þær tölur sennilega nærri lagi. Þó skulu menn ekki draga of glæstar niðurstöður af þessari staðreynd. Af ráðnum hug gerðu Ráðstjórnarríkin Eistland að aðalraforkuframleiðanda ríkisins. Af þeim sökum er fyrrgreindur samanburður við önnur ríki mjög óraunhæfur. Þannig mætti eins fullyrða, að Búrfellssvæðið eitt gæfi af sér þúsundfalt rafmagn á við til dæmis allt Frakkland. Rétt er að hafa þetta dæmi í huga, þegar skoðaðar eru þær samanburðartölur, sem gefnar eru síðar í þessum kafla.

Um miðjan áratuginn 1960–70 var 1/5 hluti framleidds rafmagns hagnýttur innan eistnesku landamæranna. 12% fóru í súginn eða voru notuð til að knýja aflstöðvar. Tveir þriðju hlutar þeirrar orku, sem þá var eftir, voru fluttir til annarra

ráðstjórnarlýðvelda. Slíkt arðrán hefur aukist á síðustu árum. Árið 1955 nýttu Eistlendingar 4/5 hluta þess rafmagns, sem skapað var í landinu. 1960 notaði landið sjálft aðeins um helming þess, og 1965 er hlutur framleiðslulandsins aðeins 1/5 af rafmagninu, svo sem áður er sagt.

Af og til er drepð á þessar staðreyndir í eistneskum dagblöðum. Er þar kvartað undan því, hversu mjög þurfi að skerða raforkuneyslu Eistlendinga, svo að betur megi fullnægja þörfum Lenínsgarðssvæðisins og nágrennis þess innan rússneska ráðstjórnarlandsins. Árið 1960 segir svo í eistnesku dagblaði: „Í Riispere er rafstraumur svo veikur, að ógerlegt er að lesa við rafmagnsljós. Hvorki heyrast í útvarpi né sjónvarpi.“¹⁹ Fáum árum áður skrifaði annað dagblað í Ráðstjórnar-Eistlandi: „Í Sindi-borg eru engin rafmagnsljós. Þegar rafmagnsálagið er mest, er borgin myrkvuð. Ekki er lesbjart, og fráleitt er að láta sér til hugar koma að hlusta á útvarp eða kveikja á sjónvarpi.“²⁰

Forstjóri Estoenergo, rafmagnsstjórnar eistneska ríkisins, reit grein í tímarit flokksins 1967 og sagði þá meðal annars: „Við erum vissulega öll stolt af, að rafmagnsstöðvar Eistlands skuli hafa fengið það mikilvæga hlutverk að sjá Norðvesturhéruðunum fyrir orku og að tveir þriðju hlutar hennar skuli fara til Lenínsgarðs, Pskov-svæðisins og annarra svæða í rússnesku ráðstjórnarlýðveldunum. Og að næturlagi er okkur auðið að senda aukna raforku til Moskvu.“²¹

Í norðurhéruðum Eistlands er starfrækt afkastamikil sementsverksmiðja, sem framleiðir um milljón tonn af sementi árlega. Meginhluti þess sements, sem þar er unnið, er fluttur út, eða um 70% 1965. Er þetta hlálegt, því að sementsskortur hefur ætíð haft lamandi áhrif á byggingarstarfsemi í Eistlandi.

Eðli áætlunarbúskapar gerir að verkum, að vandkvæði eru á að meta fullkomlega, hvort samruni Eistlands við efnahagslíf Ráðstjórnarríkjanna hafi orðið landinu til góðs eða ills. Samkvæmt bókunum yrði slík úttekt að vera byggð á athugun á heildaráhrifum efnahagstengslanna við önnur ráðstjórnarlýðveldi. Ef kannna skal, hvort Eistland sé arðrænt af Ráðstjórnarríkjunum, þarf að afla nákvæmra upplýsinga um fjárfestingu í landinu, verð á gagnkvæmum vöruskiptum og gæði þeirrar vöru og þjónustu, sem aðilar láta hvor öðrum í té.

Þess má þó geta, að eistneskir hagfræðingar og forystumenn í iðnaði kvarta iðulega undan því, að Eistland skuli vera einangrað frá heimsmarkaðinum. Renna þeir hýru auga til háþróaðrar tækniframleiðslu Vesturlanda og vandaðrar neysluvöru. Er þetta vísbending um, að Eistlendingum kæmi betur, ef alþjóðaverslunarsamskipti þeirra væru aukin og að sama skapi dregið úr viðskiptum þeirra innan ráðstjórnar-markaðarins.

Davíð og Golíat

Hvernig er þá auðið að gefa yfirlit yfir efnahagssamskipti Eistlands og annarra ráðstjórnarlanda? Grundvallaratriðið í þeirri viðleitni er eftir sem áður þetta:

Ákvörðunarvaldið um framkvæmdir, framleiðslu og landnýtingu er ekki í höndum Eistlendinga sjálfra. Allar meiri háttar ákvarðanir eru teknar af erlendum mönnum, Moskvuvaldinu. Eistneska þjóðin hefur ekki nein tækifæri, fremur en aðrar ráðstjórnarþjóðir, til að haggja úrskurðum þess hið minnsta. Baltar gegna engum lykil-embættum í miðstjórn flokksins, stjórnsýslu eða innan hersins. Stjórnmalaleiðtogar landanna þriggja og hagræðingar klifa sífellt á þörfinni fyrir aukna sjálfstjórn í efnahagsmálum lýðveldanna. En miðstjórnarskrifstofuveldið lítur á slíkar kröfur sem lágkúrulegt hávaðakvak, sem andstætt sé sönnum „þjóðernisanda“, séð frá bæjardryrum alríkisins.

Ráðstjórnaryfirvöld fullyrða, að Eistland hagnist af „hinni sósíalísku verka-skiptingu“, sem tíðkast innan Ráðstjórnarríkjanna. Hún geri Eistlendingum kleift að fjöldaframleiða iðaðarvörur sínar og auki þannig hagkvæmni rekstursins og færi vinnsluverðið niður. Einnig skapi þessi skipting skilyrði þess, að Eistlendingar geti nýtt séreiginleika og gæði landsins til hins ýtrasta. Þeir framleiði aðeins þær vörur, sem hagkvæmast er að vinna í landinu, en flytji annað inn. Hér er á ferðinni hinn klassíski hugsanagangur frjálsra viðskipta tilreiddur í sósíalískum kennisetningum.

Ráðstjórnin hamrar á því, að hin mikla fjárfesting alríkisfjár ásamt útfærslu svæðishagkvæmni og fjöldaframleiðslu í ríkum mæli hafi stórlega aukið framleiðni og fjármunamyndun. Ólíklegt er, að þessi fullyrðing fái staðist. Efnahagsþróun þriðja heimsins á síðustu árum bendir eindregið til þess, að fjármagnsstraumur erlendis frá komi að litlu haldi, ef innlendir fjármagnsgjafar eru ekki virkjaðir jafnharðan. Og svo virðist sem slíkri virkjun verði ekki komið við, meðan löndin eru fjötruð af erlendum yfirráðum, og á þetta jafnt við um vestræna nýlendustefnu og rússneska yfirstjórn á Eystrasaltslýðveldunum.

Þótt Eistland sé þannig sem rakkí í bandi Moskvuvaldsins, hefur landinu engu að síður miðað áleiðis efnahagslega. En flest bendir þó til, að sú framþróun hefði verið mun örari, ef eistneskir þjóðarhagsmunir hefðu verið hafðir að leiðarljósi.

Vel stætt sambandslýðveldi

Ráðstjórnarheimildir halda þeirri staðreynd iðulega á lofti, að Eistland sé mun auðugra en önnur ráðstjórnarlýðveldi. Og í ljósi þess er dregin sú ályktun, að tengsl landsins við ríkjasambandið hafi eftl efnahagslíf þess. Jafnframt er bent á, að hvergi í Ráðstjórnarríkjunum séu þjóðartekjur hærri miðað við fólksfjölda en í Eistlandi (næst komi Lettland og Litáen). 1968 voru þjóðartekjur á mann nærri 1400 rúblur, en meðaltal þjóðartekna í ráðstjórnarsambandinu var um 1000 rúblur.²²

Hinn tiltölulega þróaði iðnaður Eistlands stendur undir þessari kaupgetu og einnig hitt, að iðnaðarmenn fá greidd tiltölulega há laun fyrir störf sín. Fá þeir mun meira í sinn hlut en bændur. Einnig ræður miklu hér um, hversu stór hluti þjóðarinnar vinnur arðbær störf eða um 50%. Athyglisvert er, að í Litáen, þar sem

landbúnaður á stærri hlut að þjóðarbúskapnum en gerist í bræðralöndunum tveim, eru þjóðartekjurnar lægstar.

Hvað ber til, að tekjur og lífskjör eistneskra þegna eru skárri en annarra ráðstjórnarþjóða? Þau tiltölulega góðu lífskjör, sem þjóðin bjó við á sjálfstæðisárunum, er ein skýringin. Grundvöllur þeirra var hins vegar lagður á keisaratímabilinu. Þjóðhagfræðileg könnun, sem gerð var í nokkrum Evrópulöndum, bar með sér, að Eistland árána milli stríða var allmiklu betur stætt efnahagslega en Ráðstjórnarríkin.²³ Í þeirri könnun var meðal annars gerður samanburður á kaupgetu verkamanns, miðað við fæði og klæði, árið 1938. Niðurstaðan varð sú, að kaupgeta verkamanna í Eyrstrasaltslöndunum var önnur og meiri en stéttarbræðra þeirra í Austurríki, Ungverjalandi, Tékkóslóvakíu, Júgóslavíu og Póllandi. Aðstaða þeirra var nánast hin sama og finnskra og franskra verkamanna. Einungis Skandínávar, Þjóðverjar og Bretar stóðu hinum eistnesku verkamönnum frammar. Samkvæmt könnuninni gat eistneski verkamaðurinn keypt helmingi meira af brauði fyrir vikukaupið en stéttarbróðir hans undir ráðstjórn. Og hann gat keypt sjö sinnum meira af kjöti, fjórum sinnum meira af smjöri og fimm sinnum meira af fötum og skóm. Miðað var við sömu vörugæði. Ef árin milli stríða eru valin til viðmiðunar nú, sést, að munurinn á kaupgetu í Rússlandi og Eyrstrasaltslöndunum hefur verið stórminnkaður með því að draga síðarnefndu löndin niður.

Þegar á þeim árum, er þjóðirnar þjuggu við sjálfstæði, var hafin fjölbreytt iðnvæðing. Tækninýjungar, sem fram komu á þessum árum, áttu ríkan þátt í, hversu olíuðnaður óx hröðum skrefum, er stríðinu lauk. Að sama skapi má rekja öran hagvöxt til þess, hversu almenn menntun eistneskra starfsmanna stóð á háu stigi.

Þessi góðu skilyrði vógu þungt á metunum, er ákveðið var að koma á fót miklum iðnrekstri í Ráðstjórnar-Eistlandi eftir stríðið, til hagsbóta fyrir Ráðstjórnarríkin í heild. Einnig töldu miðstjórnaryfirvöld þau, sem þessar áætlanir gerðu, að iðnvæðingin myndi auðvelda rússneskjun Eistlands, þar sem vinnuaflosskortur gerði innflutning Rússa nauðsynlegan, ef takast ætti að ná þeim efnahagslegu markmiðum, sem stefnt var að. Eistneska þjóðin ól með sér miklar efasemdir um ágæti þessara markmiða, og efasemdirnar urðu að andstöðu, eftir því sem á leið.

En hvernig standast lífskjör í Eistlandi samanburð við grannríkin í Vestur-Evrópu? Reyndar er slíkur samanburður vart sanngjarn, þegar haft er í huga, hversu illa Eistland varð úti á stríðsárunum, einkum vegna gegndarlausra loftárása Kremhverja á eistneskar borgir 1944. Vissulega hafa Vestur-Þýskaland og önnur vestræn ríki rétt sig undrahrott úr kútnum, og höfðu þau þó ekki fengið minni skerf af þeirri eyðileggingu, sem hildarleiknum fylgdi. En Eistland sat ekki við sama borð og þessi ríki, eftir að stríðinu lauk. Þau nutu hinnar ríkulegu Marshall-aðstoðar og voru sjálfráð í efnahagsmálum sínum. Opinberar tölfræðiskýrslur í Ráðstjórnar-Eistlandi staðhæfa, að þjóðartekjur á mann hafi vaxið um 7,5% árlega á árunum 1950–1960, sem er tvöfalt meira en gerðist hjá nágrönnunum, Skandínávíuríkjunum.

Lífskjör í Eistlandi

Ekki er hægt að gera sér raunhæfa mynd af lífskjörum Eistlendinga annars vegar og Vesturlandabúa hins vegar, ef gengið er fram hjá þeim mikla mun, sem er á gæðum þeirrar neysluvöru, sem á boðstólum er. Ef verðið eitt er skoðað, verður niðurstaðan afskræmd, þar sem vörugæðin eru mjög ólík.

Ríkislistamenn, aðall hersins, flokksstjórnarmenn og æðstu embættismenn stjórnkerfisins, sem hafa fíkrað sig efst upp í launastigann í Ráðstjórnar-Eistlandi, hafa algera sérstöðu. Þeir einir hafa aðgang að ákveðnum verslunum, sem höndla með fjölbreyttari og vandaðri vöru en sést í þeim búðum, sem sauðsvartur almúginn verslar í. Beinir skattar eru lágir. Af 100 rúblna mánaðarlaunum fara 8% í skatta. Ris skattstigans er einnig mjög litið, og stigur hann hæst í 13%. Unnt er að hafa svo væga beina skatta, þar sem Ráðstjórnarríkin afla tekna sinna með óbeinum sköttum og kaup og vöruverð er algerlega háð forsjá ríkisins. Söluskattar á vöru og þjónustu er helsti tekjustofninn; en einnig er sköttum bætt óaðgreindum inn í verð neysluvöru, sem ákveðið er af miðstjórninni.

Verð neysluvöru er oftast hátt, en gæðin eru ekki að sama skapi mikil, svo sem fyrr er sagt. Fjáröflun er þó ekki helsti höfuðverkur fjölskyldnanna, heldur þau vandkvæði, sem eru á að komast yfir vissar tegundir nauðsynjavöru. Þegar sæmileg vara berst, aðallega frá öðrum austantjaldsríkjum, stendur hún mjög stutt við í verslunum. Ríður því á að eiga peninga handbæra og komast að versluninni í tæka tíð til að lenda framarlega í biðröðinni, sem strax myndast.

Í Eistlandi er mikið um peningasparnað, sem sannar, að fólk býr ekki við algert auraleysi. Ætli maður að slá til og koma sér upp bíl, verður hann að leggja fyrir í allmörg ár. Haustið 1970 var biðtími algengustu bifreiðarinnar, Moskvitch, rétt um þrjú ár. Þó þurfa embættismenn flokksins og broddarnir í valdakerfinu ekki að bíða. Þeir fá vöru og þjónustu útreidda án tafar.

Neysluvenjur Eistlendinga er mjög frábrugðnar hinum vestrænu. Sum vara og almenn þjónusta er verulega ódýr, svo sem strætisvagnaferð. Þá er húsaleiga sérstaklega lág. Þannig er ný þriggja herbergja íbúð leigð út fyrir 15 rúblur á mánuði. Húsaleigan hindrar því ekki, að menn komist undir þak, en hins vegar er feikilegur húsnæðisskortur og margir um hverja íbúð. Hinn almenni borgari á ekki kost á ýmsum þeim vörum og þjónustupáttum, sem á Vesturlöndum eru taldir til nauðsynja. Og þegar þessi samanburður er gerður, má spyrja: „Hvað veldur því, að sárafaír Eistlendingar fá ferðaleyfi til annarra landa, meðan launþegar í Vestur-Evrópu hleypa iðulega heimdraganum í sumarleyfum og halda suður til Miðjarðarhafs og annarra fjarlæggra staða?“

Verkalýðshreyfingin hefur átt drjúgan þátt í sköpun stéttaskipts þjóðfélags í Ráðstjórnar-Eistlandi. Uppstokkun þjóðfélagskerfisins, sem fylgdi í kjölfar ráðstjórnarhernámsins, kom einna harðast niður á flokksbundnum sósíalistum og félagum verkalýðshreyfingarinnar. Jafnaðarmenn voru sakaðir um sósíalískan fasisma

og fráhrarf frá réttum kenningum. Starfsemi verkalýðsfélaganna var minnkuð og gerð að verkfæri, sem í höndum stjórnvalda var notað til að auka vinnuálag verkalýðsins.

Verkamenn hafa engin tök á að spyrna við fótum gegn stigmögnuðum vinnukvöðum. Verkfallsrétturinn var fljótlega afnuminn. Að nafninu til fara verkamennirnir sjálfir með stjórn allra verksmiðja, og samkvæmt kenningum kommúnista væru verkföll því gjörsamlega út í hött, þar sem verkalýðurinn væri þá að leggja niður vinnu í eigin fyrirtækjum. Engu að síður hefur aðeins örlað á ólöglegum verkföllum síðustu ár, er yfirvöld reyndu að auka vinnuálagið enn meir, en það var yfrið fyrir.

Stéttarfélögin hafa ekkert að segja út á við um hagsmunamál félaga sinna, svo sem kaupgjaldsákvörðun. Stjórnvöld ákveða gildandi laun í hverri atvinnugrein án nokkurs samráðs við fulltrúa verkamanna.

Sú yfirlýsing, sem fylgir hér á eftir og er um, hvernig búið er að lettneskum verkalýð, er runnin frá Jafnaðarmannaflokki lettneskra útлага. Hún á, athugasemdaleust, einnig við um ástandið í Eistlandi.

Í Lettlandi hefur verið komið á nýju stéttaskiptu þjóðfélagi samkvæmt rússneskri fyrirmynd, þar sem efnuð yfirstétt og flokksbroddar eru meginþjóðfélagsaflíð. Verkalýðurinn er arðrændur, — mergsoginn, kaup lágt, en verð á lífsnauðsynjum mjög hátt. Ríkið, undir stjórn rússneska kommúnistaflokksins, tekur til sín obbann af framleiðsluverðmætum þeim, sem lettneskir verkamenn afla í sveita sins andlits. Arðurinn er notaður til framdráttar hernaðar- og heimsvaldastefnu Rússlands. Verkalýðsfélagunum hefur verið umbreytt í skriffinnskubákn. Þau eru ekki frjáls félög, heldur stjórnað af kommúnistaflokknum. Þau vernda ekki hagsmuni verkamannanna, heldur efla skipulagninguna á arðráni frá þeim.²⁴

Félagsleg hjálp

Ef við reynum að mæla hina efnislegu stöðu Eistlendinga annars vegar og Vesturlandabúa hins vegar, verður að draga félagslega hjálp inn í dæmið. Eistneskir launþegar njóta ókeypiss læknisaðstoðar og skólagöngu og jafnvel stundum ókeypiss leyfisdvála í sumarbúðum. Fjölskyldubætur eru ekki greiddar vegna tveggja fyrstu barnanna, en vegna þriðja barns eru greiddar 20 rúblur í eitt skipti fyrir öll. Nú nýtur 1/5 hluti þjóðarinnar félagslegra bóta í einhverri mynd. Er það 2,5 sinnum fleiri en um áramótin 1960.

Almennur verkamaður fær 12 vinnudaga orlof á ári. Þeir, sem gegna ábyrgðarstörfum og ekki fá greitt sérstaklega fyrir yfirvinnu, fá helmingi lengra orlof. Vísindamenn geta fengið allt upp í 48 orlofsdaga á ári. Vinnuvikan er oftast talin 41 vinnustund. Eigi fyrirtæki í erfiðleikum með að skila áætlaðri framleiðslu,

eru menn látnir vinna yfirvinnu jafnvel á frídögum. Þá er til svokölluð ólaunuð sjálfboðayfirvinna. Er hún unnin að tilhlutan flokksins, er hann fagnar einu eða öðru, svo sem 100. afmæli Leníns og þess háttar.

Samanburður á lífskjörum í Eistlandi okkar daga og Eistlandi sjálfstæðisáranna er enn snúnari. Þannig nægir ekki að kanna kaupgetuna eina, sem auk þess er erfitt að henda reiður á. Neysluvenjur hafa breyst verulega á þessu langa tímabili. Á 30 árum kemur fram margvísleg ný vara, og önnur breytir um búning. Bíl nútímans er ekki hægt að líkja saman við það uppkast að bifreið, sem hökti um strætin á árunum kringum 1925–30. Á þeim tíma þekktist ekki sjónvarp, og þannig mætti lengi telja. Þá verða hin ólíku efnahagskerfi enn til að auka á erfiðleikana á raunhæfum samanburði. Nú er öll áhersla lögð á samneyslu, en dregið eins og kostur er úr valfrelsi og einkaneyslu borgarans.

En þó virðist ljóst, að eistneski launþeginn verður að inna meiri vinnu af hendi nú til þess að áskotnast fæði og klæði en á sjálfstæðistímanum.

Sænskur blaðamaður, sem sótti Eistland heim fyrir skömmu, lauk fréttaskýrslu sinni með þessum orðum: „Þeir, sem staðhæfa, að menn gæti fætt sig og klætt og búið betur um sig og með minni tilkostnaði nú en á 4. áratugnum, eru sára, sára fáir.“²⁵

Í ráðstjórnarskýrslum segir, að kaup iðnverkamanna í Eistlandi hafi verið 57% hærra 1955 og 85% hærra 1966 en árið 1938, rétt áður en landið missti sjálfstæði sitt. Samanburður á kaupum iðnverkamanna þá og nú gefur mun skárri mynd en kæmi í ljós, ef kaup bænda væri athugað. En ekki er hægt að draga heillega niðurstöðu af samanburði á lífskjörum í Eistlandi fyrir og eftir stríð, sem sannar eða afsannar ágæti núverandi efnahagsskipunar. Ekki er hægt með neinni vissu að segja til um, hver hefði orðið þróun efnahagsmála í Eistlandi, hefði þjóðinni auðnast að varðveita sjálfstæði sitt. En þróun hjá hinum skandinavísku nágrönnum gefur tilefni til að ætla, að Eistland hefði getað búið þegnum sínum betri lífskjör en nú er gert.

Yfirvöld í Ráðstjórnar-Eistlandi hafa þungar áhyggjur af þeim áhrifum, sem þeir fáu Eistlendingar, sem ferðast mega til Finnlands og annarra Vesturlanda, verða fyrir. Þessum ferðalöngum hafði verið margsagt frá kaldakolsástandinu á Vesturlöndum, en sjón er sögu ríkari. Þegar þessir vesturfara koma heim aftur, segja þeir frá þeirri gnótt efnislegra gæða, sem fyrir augu bar. Árið 1939 voru lífskjör í Finnlandi og Eistlandi næsta svipuð, en nú kemur öllum saman um, að mikið beri á milli.

En hvað sem öðru líður, þá hefur efnahagsþróun í Eistlandi verið mun örari og hagstæðari en annarra ríkja ráðstjórnarsambandsins. Talið er, að tekjur á mann hafi vaxið verulega þrátt fyrir miðstýrt eftirlit með kaupgjaldi. Þessar tekjur má einkum rekja til aukinnar framleiðni í Eistlandi.

Smásöluverslun hefur aukist þar mun hraðar en annars staðar innan Ráð-

stjórnarríkjanna. Nýtur landið góðs af því, að þau ráðstjórnarsvæði, sem erlendir ferðamenn sækja mest, fá aukinn skammt af neysluvörum í sinn hlut.

Miklir erfiðleikar í landbúnaði

Um langt skeið var landbúnaðurinn olnboga- og vandræðabarn jafnt í Eistlandi sem öðrum ráðstjórnarlöndum. Vegna þess hversu hratt samyrkjubúskap var komið á og einnig þar sem vissar iðngreinar urðu útundan í iðnvæðingunni, svo sem áburðariðnaðurinn, var ársuppskeran frá 1940 ekki jöfnuð fyrr en 1965 í Eistlandi. Samyrkjubúskap var komið á í einu vetfangi. Í ársbyrjun 1949 var aðeins 6,5% bænda í samyrkjubúum, en sama árið voru samyrkjubændurnir orðnir 75%.

Á sjötta áratug þessarar aldar var alger kyrrstaða í eistneskum landbúnaði. Úrslitaþáttur í þeirri stöðnun var, að ræktað land dróst saman. Allt fram til 1968 voru aðeins 1,9 milljón ekrur ræktaðar, en 1940 voru þær 2,3 milljónir.

Einungis þau ár, er landsmenn hafa búið við einstakt góðæri (svo sem 1965, 1968 og 1969), hefur kornyrkja þeirra orðið jafnmikil og var árið 1939. Nú eru uppskeruskýrslur miðaðar við blautt hveiti, en á fyrstu ráðstjórnarárum Eistlands sem og á sjálfstæðisárunum var magn þurrkaðs hveitis mælt. Ráðstjórnarheimildir greina (í sama smáa letrinu og er á tryggingaskilmálum), að með nýju mælingaraðferðinni verði útkoman 1/5 hagstæðari en samkvæmt þeirri, sem áður tíðkaðist.

Er Níkíta Khrústsjov var settur á eftirlaun 1964, skánuðu skilyrði eistnesks landbúnaðar. Var þá kaupverð landbúnaðarafurða hækkað allmyndarlega, en það hafði iðulega verið lægra en raunverulegt framleiðsluverð samyrkjubúanna. Og um leið hefur kostnaðarliðum við landbúnað, til dæmis áburðarverði, verið haldið niðri. Aðstoðarforsætisráðherra Eistlands, Tönurist, kvað framleiðni í eistneskum landbúnaði vera tvöfalt meiri en meðallandbúnaðarframleiðni Ráðstjórnarríkjanna. Taldi Tönurist, að þetta væri einkum að þakka stóraukinni áherslu, sem nú væri lögð á eldi búpenings, auk þess sem mjög margar hagnýtar nýjungar hefðu komið fram í hvers konar plönturækt.

Reynt hefur verið að virkja bændur betur með því að vekja áhuga þeirra sjálfra á velgengni samyrkjubúsins. Til að mynda var tekið að borga þeim kaup í reiðufé árið 1962. Launin ráðast af, hversu mikil vinna er látin í té. Bústjórar samyrkjubúanna hafa frjálssar hendur um ákvörðun kaupgreiðslna til starfsmanna sinna, svo sem stjórnendur verksmiðju og verslunarfyrtækja. Meðallaun á samyrkjubúum hafa vaxið ört hin síðustu ár. 1958 voru daglaun 3,5 rúblur, en 1970 voru þau orðin 5,8 rúblur. Sennilega hafa samyrkjubændur það efnalega betra núorðið en þorri borgarbúa.

Þessi framför í landbúnaði hefur gert fólki kleift að breyta að nokkru um mataræði. Það hefur minnkað brauð- og kartöfluát, en aukið neysluna á heilnæmari fæðutegundum. Kemur þetta glöggt í ljós, þegar skoðaðar eru skýrslur hins opinbera um neyslu nokkurra fæðutegunda á mann.

Tafla 1. Neysla á mann af fæðutegundum (í pundum) í Eistlandi:

	1965	1969
kartöflur	428	349
brauð	289	256
mjólk	904	915
grænmeti	154	170
kjöt	146	163
egg (stk.)	168	216

Tafla 2. Samanburður á fæðisneyslu í Eistlandi og nokkrum Austur-Evrópuríkjum í kg á ári 1967:

	kjötvara	kornmeti	mjólk og mjólkurafurðir	kartöflur
Eistland	70	129 ¹	412 ²	176
Ráðstjórnarríkin	46	150	274	131
Tékkóslóvakía	68	169	113	121
Pólland	52	189	250	207
Austur-Þýskaland	66	131	94	156

1 Aðeins miðað við brauð.

2 Aðeins miðað við mjólk.

Heimild: Tölfræðiskýrslur, sem dregnar voru saman í *Estonian Events* í desember 1971.

Einkareitirnir

Hverjum samyrkjubónda er leyft að rækta 1,5 ekrur lands upp á eigin spýtur. Á ríkisjörðunum (svonefndu *sovkhazy*) fær hver bóndi að yrkja eina ekru lands eftir sínu höfði. Einnig mega bændur reka búpening sinn á beitolönd, en þó mega þeir ekki halda aðrar skepnur en eina mjólkurkú, einn kálf, tvö svín, fimm ær og ónefndan fjölda fiðurhænsna.

Þessi „einkarekstur“ gefur bændum mat og nokkrar tekjur í aðra hönd og er því ekki ómerkilegur þáttur í eistneskum búskap. Mat þann, er bændur framleiða þannig fyrir sig, nota þeir handa fjölskyldu sinni og vinum, og það, sem þeir geta verið án, selja þeir oftast á svokölluðum samyrkjubúamörkuðum. Á þeim vettvangi má fá nokkra hugmynd um það verð, sem framboð og efirspurn setur á þessar fæðutegundir. Verðið er yfirleitt hærra á þessum samyrkjubúamörkuðum en í verslunum, en sjaldnast gerir nokkur veður út af því. Ávextir og alls konar grænmeti, sem sjaldgæft er að rekast á í almennum verslunum, er oft á boðstólum á mörkuðunum.

Tafla 3. Hlutur einkarektunar í eistneskri landbúnaðarframleiðslu undir ráðstjórn í %.

	1950	1960	1969
kartöflur		34	40
egg	88	70	40
nautakjöt	72	43	30
mjólk	56	45	32
svínakjöt			29

Heimild: Opinbera tölfræðisafnið *Eesti NSV rahva majandus 1969 aastal* (Þjóðarbúskapur ráðstjórnarlýðveldisins Eistlands 1969) og viðtal við aðstoðarlandbúnaðarráðherra Eistlands, Ilmar Aamisepp, 1970 í Tallinn.

Hlutur einkastarfseminnar í búnaðarframleiðslunni var jafnvel mikilvægari á fyrstu ráðstjórnarárum Eistlands en nú. Æ fleiri samyrkjubændum þykir of tímafrekt að ala önn fyrir aðeins einni kú. Og þá dregur greiðsla í beinhörðum skildingum fyrir útlátna vinnu, úr mikilvægi þessara einkareita. Fjöldi manna yrkir núorðið garðreit sinn aðeins ánægjunnar vegna, þó að þeir séu einnig margir, sem næla sér í nauðsynlegar aukatekjur með þeim hætti. Opinberar skýrslur frá 1969 bera með

sér, að um þriðjungur launa bænda á samyrkjubúi sé afrakstur af einkabletti hans. Enn er verulegur hluti vissra fæðutegunda framleiddur á einkareitunum.

Framangreindar tölur má skoða með hliðsjón af þeirri staðreynd, að í ársbyrjun 1969 var 17% nautgripa, 42% hænsna og 2,5% lands (annars en akra og bithaga) í höndum einkaaðila. Árið 1968 gaf meðalmjólkurkýr í einkaeign bónda 400 lítrum meira af mjólk en meðalmjólkurkýr á samyrkjubúi.

Tölurnar í töflu 3 sýna, hve einstaklingsbundinn áhugi til efnislegra gæða eflir framleiðnina, jafnvel í svo miðstýrðu efnahagskerfi og er í Ráðstjórnarríkjunum. Einnig má lesa úr þeim vísbendingu um, hver hefði orðið þróun eistnesks efnahagslífs, hefði landið fengið að halda sjálfstæði sínu. Þá hefði verið opin leið til að koma á blönduðu hagkerfi, þar sem ekki væri þrengt um of að frumkvæðisþrá einstaklingsins.

En þegar reynt er að meta ástand og þróun í landbúnaði Eistlands, ber menn fljótt að sama brunni, sem lýst er í kaflanum um menntun og menningu. Hvernig er hægt að mæla, hvort vel hefur tekist eða ekki, með því að setja umfang vissra þátta þróunarinnar í aðra metaskálina en ágæti þeirra í hina? Er hægt að gera samanburð á þeirri auknu framleiðni, sem orðið hefur, þeim tugþúsundum mannlífa, sem fórnad var í þrælkunarbúðum í Síberíu, svo að takast mætti að koma á samyrkjuskipulaginu? Hvað lengi enn skyldu örlög þessara vesalings manna teljast afgerandi þáttur, þegar reynt verður að meta þróunina í eistneskum landbúnaði?

Engum blöðum er um að fletta, að lífskjör í Eistlandi bötnuðu mjög á síðasta áratug. Í augum margra Eistlendinga er það mun mikilvægara en sú staðreynd, að Eistland á langt í land með að verða allsnægtþjóðfélag á borð við þau, sem við þekkjum í Vestur-Evrópu. Meðan Eistlendingum er ekki ljóst, hve góð lífsskilyrði nággranna þeirra í vestri eru, eiga þeir betra með að sætta sig við eigin aðbúnað. En jafnvel þótt fjárhagshlið þjóðlífsmýndarinnar skáni að mun, þá er hinn eiginlegi Þrándur í Götu lífshamingjunnar í veginum sem fyrr.

Er þessari staðreynd hvergi betur lýst en með bókarheiti þekktustu skáldsögu, sem fram kom á rússnesku í „hlákunni“ á sjötta áratug, bók Dúdántsevs, *Ekki af einu saman brauði*.

Núverandi efnahagsörðugleikar

Skortur á innlendu vinnuafli samfara lítilli framleiðni, sem stafar af ónýtum skipulagsháttum, er meginvandinn í eistnesku efnahagslífi um þessar mundir. Eins og fyrr var drepið á, stundar meira en helmingur þjóðarinnar launaða atvinnu. (Á Íslandi er talið, að 87.000 manns séu úti á vinnumarkaði.) Þessi hlutfallstala gildir jafnt um karla sem konur. Þess vegna er ekkert aukavinnuafli fyrir hendi þessa stundina. Ef til vill ætti maður að gjalda varhug við að staðhæfa, að vinnuafllsskortur sé úrslitþáttur í vandanum, ef tekið er mið af stjórnsýsluhagfræði. Í ákveðnu millibilsástandi getur

hann einmitt orkað til góðs, þar sem hann knýr á um hagræðingu, vélvæðingu og sjálfvirkni í framleiðslu, svo sem „vestur-þýska undrið“ er til vitnis um.

Öll árin eftir stríðið hefur gengið erfiðlega að fullmanna iðnaðinn, vegna þess hversu iðnvæðingarstefnunni var fylgt fast fram. Í öndverðu var fólk, sem talið var, að landbúnaðurinn gæti séð af, flutt frá sveitunum til borganna og fenginn verksmiðjustarfi. Erfiðleikar, sem stöðjuðu að samyrkjubúunum allt fram til ársins 1965, urðu til þess að ýta undir og hraða þessari tilfærslu á vinnuafninu.

Borg og landsbyggð

Nú á allra síðustu árum hefur dregið úr þessum fólksflutningum til borganna. 1969 var fyrsta árið allt frá stríðslokum, sem ekki varð beinlínis fólksfækkun í sveitum landsins. Landsbyggðin býður nú ekki lengur lakari lífskjör en borgirnar. Ef marka má opinberar skýrslur, þá var svo komið árið 1969, að samyrkjubóndi fékk meira af matvælum í sinn hlut en iðnverkamaður og auk þess betri og hollari, — 3600 hitaeiningar (kaloríur) gegn 2800 hitaeiningum. Þarna ber mikið á milli, ef tekið er mið af öðrum löndum, jafnvel þótt Eistland sé gamalt og gróið landbúnaðarland.

Fullvíst má telja, að ekkert verði af meiri háttar fólksflutningum úr sveitunum til borganna á næstu árum. Umhverfisspjöll, sem borgarmenning og iðnvæðing hafa í för með sér, svo sem drykkjarvatnskortur, mengun vatns og annarra landsgæða, setja slíkum mannflutningum einnig takmörk. Allan sjöunda áratug hækkuðu laun landbúnaðarverkamanns mun örur en laun iðnverkamanns. Þá er mönnum einnig heimilað að reisa eigin hús úti á landsbyggðinni, en aðeins í takmörkuðum mæli í borgunum. Slíkt er einungis leyft í Eyrstrasaltslöndunum og sambandslýðveldum Kákasus.

Í næsta nágrenni Tallinn hafa risið hverfi lítilla og einfaldra einstaklingsheimila. Venjulega er notkunarréttur landsspildunnar ókeypis. Hins vegar eru lán takmörkuð við 1/5 af verði byggingarefnis. Fjölskyldurnar reisa húsín í tómsundum sínum og oft með aðstoð vina og vandamanna. Skortur á byggingarefni er mönnum þó mikill fjötur um fót. Ef til vill kemur það einhverjum á óvart, að hið opinbera skuli heimila byggingu og kaup og sölu á slíkum einkahúsum í þjóðfélagi, sem afnam eignarrétt einstaklinga á nokkrum umtalsverðum eigum fyrir allöngu. Skýringin á þessu umburðarlyndi gagnvart athæfi eins og þessu, sem vissulega stangast á við réttar kennisetningar kommúnista, felst í geigvænlegum húsnæðisskorti. Ungt fólk, sem langaði til að láta pússa sig saman, tjáði mér oft, að það hafi ekki átt annars kost en að láta það bíða og búa hjá foreldrum sínum, oft í áratug eða lengur, meðan beðið var húsnæðis. Auk þess eru einkahúsín reist utan vinnutíma og grundvallast einkum af því, sem einstaklingarnir sjálfir láta í té, og því stangast þessi starfsemi ekki svo mjög á við hagsmuni heildarinnar.

Húsnæðisskortur

Vissulega er sú mikla eyðilegging, sem varð í heimstyrjöldinni síðari, snar þáttur í því húsnæðishraki, sem Eistlendingar eiga nú í. Í Tallinn var um 40% af íbúðarhæfu húsnæði lagt í rúst, um 50% af borginni Tartu og borgin Narva var nánast jöfnuð við jörðu. Frá stríðslokum hefur verið byggt meira í Eistlandi en nokkru sinni fyrr, en það var ekki fyrr en í lok síðasta áratugs, að húsnæði varð jafnmikið og það var áður en styrjöldin skall á. Takmarkið er, að tæpir 20 fermetrar verði á hvern íbúa, en árið 1970 var meðalhúsrýmið aðeins 9 fermetrar á íbúa. Fjölskyldur, sem nú hafa 5 fermetra eða meira á hvern heimilismanna, eiga þess engan kost að fá nafn sitt á æðilangan biðlista hins opinbera eftir nýju húsnæði. Þá verður viðkomandi að hafa búið í átta ár í þeirri borg, sem hann ætlar að sækja um húsnæði í, að öðrum kosti kemst hann ekki á biðlistann.

Þá stéðjar einnig sá vandi að í húsnæðismálum, að nýbyggð hús eru einatt sem næst að hrúni komin, fáeinum árum eftir að þeim er lokið. Sprungur, leki og hvers konar gallar eru daglegt brauð íbúanna. Þegar kvartað er, bera yfirvöld því við, að svo mikil ekla sé á vinnuafli, að notast verði við stúdenta og aðra óiðnlærða menn til verkanna. Skortur á vinnusiðgæði og einnig hitt, hversu allar áætlanir taka mið af afköstum, á mikla sök á, hve framleiðslugæðin eru lítil. Sú staðreynd, að yfirvöld verða að leita til finnskra verktaka og verkamanna til að reisa nýja ferðmannahótelíð í Tallinn, lýsir best ástandinu.

Hæfniskortur og sóun

Vanhæfni kemur víða illilega við sögu í eistnesku efnahagslífi. Einkum má þar kenna um yfirþyrmandi skrifinnsku og þeim erfiðleikum, sem eru á að framkvæma áætlanir miðstjórnarvaldsins. Af og til má rekast á stuttar klausur í dagblöðum Ráðstjórnar-Eistlands, þar sem að þessu er vikið. Þær hættur, sem hóflaust miðstjórnarvald býður heim, koma til dæmis fram í eftirfarandi frásögn:

Er fyrsti farmurinn kom frá Múrmansk (á Kola-skaganum), kom í ljós, að í stað byggingarbjálka geymdi sendingin einungis sprek, sem vart er hægt að nota til annars en láta hunda hlaupa eftir í leik. Forystumaður byggingasveitanna í Viljandi (bæ í Suðaustur-Eistlandi) mótmælti þessari sendingu. Það varð til þess, að þeir í Múrmansk sendu feikilega mikla viðardrumba með næstu ferð. Um þær mundir voru byggingabjálkar sendir frá Viljandi til fjarlæggra staða. Allir þessir flutningar urðu til þess, að vandræði sköpuðust á járnbrautarstöðinni í Viljandi vegna þessara miklu vörusendinga.²⁶

Sá mikli vinnuþjófnaður, sem viðgengst, auk tíðra fjarvista frá vinnu leiðir af sér ómælt tjón og tafir í framleiðslunni. Það er einkum gegndarlaus drykkjuskapur, sem

orsakar skrópið. Áfengisneysla á mann er hvergi meiri innan Ráðstjórnarríkjanna en í Eistlandi og Litáen, og þó er áfengið stórbrotinn vandi alls staðar í Ráðstjórnarríkjunum. Þeir, sem koma á matsölustaði í Tallinn og Riga, eru furðu lostnir að sjá, hvað menn þjóra mikið á þeim langa biðtíma, sem líður, áður en maturinn er borinn fram.

Magn eða gæði

Þegar efnahagslegt takmark í áætlunarbúskap hvers tímabils undir ráðstjórn er sett, þá er einblínt á að ná ákveðnu framleiðslumagni, en lítt skeytt um gæði þess, sem framleitt er. Ekki þarf að fara í grafgötur um, að slík einsýni er ekki til þess fallin að ýta undir vöruvöndun hjá framleiðendum. Stjórnandi vefnaðarfyrirtækisins Marat, sem er fyrirmyndarverksmiðja á sínu sviði og selur eftirsóttu framleiðslu sína um öll Ráðstjórnarríkin, tjáði mér, að ekkert væri því til fyrirstöðu, að verksmiðjan ynni vefnaðarvöru, sem fyllilega stæðist samkeppni við slíka vöru á Vesturlöndum. En til þess þyrfti að eyða 25% lengri vinnutíma en nú er gert á hverja framleiðslueiningu. Með því drægi úr heildarframleiðslunni og ekki tækist að ná því magni, sem áætl-anir gerðu ráð fyrir.

Þar eð fyrirtækin og stjórnendur þeirra fá einkunn eftir því, hvernig þeim tekst að fylla út áætlaðan kvóta, eru engin tök á að stefna að þeim framleiðslugæðum, sem ella mætti ná. Og auðvitað verður að líta til þess, að mikill skortur er á vefnaðarvöru víðs vegar í Ráðstjórnarríkjunum og því brýnt að framleiða sem mest, en láta gæðin sitja á hakanum. Manneklan í iðnaðinum leiðir og til þess, að auka verður sjálfvirkni á kostnað vörugæða. Er hún ein meginorsök þess, að í hefðbundnum framleiðslugreinum er ekki unnin vara í hærri gæðaflokkum.

Efnahagsendurreisnin

Efnahagsendurreisnin, sem svo er nefnd, hefur orðið öri og meiri í Eistlandi en öðrum Ráðstjórnarríkjum. Endurbætur þessar ganga aðallega í þá átt að auka sjálfstæði hverrar verksmiðjustjórnar án þess þó að hverfa frá miðstýrðri áætlanagerð og verðlagningu. Forstjóri hverrar verksmiðju getur nú ákveðið á eigin spýtur fjölda starfsmanna og kaupgreiðslu til ákveðinna starfseininga og einstakra verkamanna, en þó verður hann að halda sig innan þeirrar heildar kaupgreiðslu, sem miðstjórnin ákveður. Stjórnunarbót þessi hefur orðið til þess að auka þann afrakstur, sem hver verkamaður skapar, þar sem hún opnaði leið til að samtvinna kaup og framleiðni verkamanns meir en ella.

Vaxandi framleiðni hefur fylgt hærri kaup, sem aftur hefur haft verðbólguhvetjandi áhrif. En engu að síður fer ekki tvennum sögum af, að endurbótin orkar sem góður hvati á alla efnahagsþróun landsins.

Efnahagsérfræðingar í Ráðstjórnar-Eistlandi klifa sýknt og heilagt á því, að of-

vaxin miðstjórn á jafnþróðuðu svæði og Eistlandi og Litáen verki sem klafi á efnahagsþróunina.

Þessar umkvartanir, ásamt öðru, hafa orðið til þess, að Eistland hefur á síðustu tímum orðið vettvangur tilraunaumbóta í efnahagsmálum. Þannig hefur Eistlandi tekist, jafnvel innan ráðstjórnarskipulagsins, að vera brautryðjandi fyrir rússneska heimsveldið, eins og fyrrum.

7. kafli

Rússneskjun

SAMKVÆMT STJÓRNARSKRÁ RÁÐSTJÓRNARRÍKJANNA eru þau fjölþjóðaríki. Árið 1970 töldust íbúar þeirra rúmar 240 milljónir, og eru aðeins þjóðir Indlands og Kína fjölmennari. Innan landamæra Ráðstjórnarríkjana búa 108 ólíkar þjóðir í þjóðfræðilegum skilningi og 11 þjóðarbrot. Allir þessir þjóðahópar búa á eigin afmörkuðum landsvæðum, nema þeir, sem eru hluti þjóða, sem að meirihluta til eru utan Ráðstjórnarríkjana, svo sem Þjóðverjar, Pólverjar, Kúrdar og Grikkir. Hér er talað um sambandslýðveldi, sjálfstæðislýðveldi, sjálfstjórnarhérað (*oblast*) og þjóðarhéruð (*okúrg*). Hvert sambandslýðveldi hefur að nafninu til rétt á að ganga úr ráðstjórnarsambandinu, ef það æskir þess. 123. grein stjórnarskrárinnar kveður á um jafnrétti í efnahagslegu, stjórnmálalegu, félagslegu og menningarlegu tilliti til handa öllum ráðstjórnarborgurum óháð þjóðerni eða kynþætti. Hvers konar brot á þessari grundvallarreglu eru refsiverð lögum samkvæmt.

Fyrsta yfirlýsingin, sem fól í sér kröfu um, að öllu því, sem greindi þjóðirnar að, yrði rutt úr vegi (með öðrum orðum um rússneskjun þjóðanna), kom fram á flokksþinginu 1961 í nýrri stefnuyfirlýsingu flokksins. Hún hljóðaði þannig: „Nýtt stig í uppbyggingu kommúnismans skal vera þróun samskipta milli þeirra þjóða, sem að Ráðstjórnarríkjunum standa. Þær skulu dragast æ meir hver að annarri, uns algjörum samruna er náð.“ Sú stefna að þurrka út öll þjóðareinkenni felst raunar í öllum kenningum kommúnista um þjóðarsérkenni, allt frá Karli Marx til vorra tíma. Alþjóðleg samábyrgð stéttanna á að leysa þjóðareininguna af hólmi, því að hún var sköpuð í þeim tilgangi að skilja að verkalýð hinna ýmsu landa heims. En Rússar hafa misnotað herfilega hið glæsta heróp — „Öreigar allra landa, sameinist!“ því að þeir vilja ekki umbera þjóðlegar kenndir landamæraþjóðanna í Ráðstjórnarríkjunum og kommúnistaríkjum Austur-Evrópu og Asíu.

Lenín og þjóðernismál

Er bolsévíkar komust til valda 1917, tóku þeir í arf þjóðernismálin, óleyst eftir keisarastjórnina. Lenín var á báðum áttum um, hvort krefjast ætti algerrar miðstjórnar og sameina þjóðirnar eða hvort láta ætti landamæraþjóðunum eftir sjálfs-

ákvörðunarrétt í þeirri von, að ágæti kommúnismans yrði þeim fljótlega ljóst. Lenín gerði sér grein fyrir því, að vissulega myndi iðulega skerast í odda milli miðstjórnareinræðis flokksins og hinna óskyldu þjóða, sem krefjast myndu sjálfstjórnar innan rússneska heimsveldisins. En þegar nokkur landamæraríki lýstu yfir sjálfstæði sínu, vörpuðu bolsévíkar fyrir róða loforðum um sjálfsákvörðunarrétt þjóðanna, og hefur sá réttur ekki verið til upp frá því. Rauða hernum var snúið gegn Georgíu, Armeníu, Úkraínu, Hvíta-Rússlandi og Túrkménístan, og voru þessi ríki með valdi innlimuð í Ráðstjórnarríkin.

Fréttir um hrottalegar aðfarir Rauða hersins í þessum aðgerðum og umhyggja Leníns fyrir heimsbyltingu kommúnista urðu til þess, að hann varaði við uppvakningu gamla stórrússneska þjóðernisdraugsins í byrjun þriðja áratugsins. Lenín skrifaði þá: „Það er ekki að efa, að hinir fáu alþjóðahyggjumenn á meðal okkar munu drukkna í fjölda hrokafullra Stór-Rússa eins og flugur í mjólk.“²⁷ Lenín varaði féлага sína einnig við því að láta stjórnarskrárákvæðin um réttindi lýðveldanna verða aðeins krotið eitt. Varnaðarorðum Leníns var eitthvað sinnt, meðan hann var enn ofar moldu.

Á 12. flokksþinginu, sem haldið var 1923, var samþykkt yfirgripsmikil ályktun, sem sýndi verulegt umburðarlyndi í þjóðernismálum. Ári síðar var Lenín allur, og þróaðist stefnan í þjóðernismálum snögglega yfir í að boða drottinvald Stór-Rússlands. And-marxískum og and-lenínskum kennisetningum um vald rússnesku þjóðarinnar var bætt við hlið þeirra, sem sögðu til um yfirráð kommúnistaflokksins. Jafnrétti þjóðanna innan Ráðstjórnarríkjanna fyrirfinnst nú aðeins í orwellskri merkingu, að rússneska þjóðin sé jafnari en aðrar þjóðir. Leiðtogar minnihlutaþjóðanna í Ráðstjórnarríkjunum kalla þá rússnesku einatt „Stóra bróður“, þegar þeir þurfa að hefja þá til skýjanna við hátíðleg tækifæri.

Georgíumaður nokkur, Josíf Stalín, varð helsti fræðimaðurinn um þjóðernismál innan ríkisins og reit meðal annars rit, sem nefnist „Marxismi og þjóðernis- og nýlendumál.“ Hugmyndir Stalíns á þessu sviði eru enn viðurkenndar, þótt flestöllum kenningum hans hafi verið hafnað eftir fordæmingu einstaklingsdýrkunarinnar 1956.

Hugmyndafræðingar ráðstjórnarinnar eiga ekki gott með að gagnrýna kenningar Stalíns um þjóðernismál, þar sem hann skrifaði nefnd fræðirit sín fyrir byltinguna og Lenín tók þau góð og gild. Meira að segja gerði hann Stalín að þjóðfulltrúa yfir þjóðernismálum í fyrstu byltingarstjórninni 1917.

Eftirfarandi yfirlýsing Stalíns er dæmigerð um hugmyndir hans um þjóðernismálin: „Í vissum málum lýstur sjálfsákvörðunarréttinum saman við annan og æðri rétt, — rétt verkalýðsins, sem brotist hefur til valda, til að styrkja stöðu sína. Þegar þannig stendur á, og það verður að segja það afdráttarlaust, má sjálfsákvörðunarrétturinn ekki verða tálmi á leið verkalýðsins til að ná því alræðisvaldi, sem hann á rétt til.“

Eftir að Stalín, sem þó var ekki Rússi, var orðinn einræðisherra, fylgdi hann

rússneskjunarstefnunni æ fastar fram. Árið 1934 var leiðtogi flokksdeildarinnar í Lenínsgarði myrtur. Varð sá atburður til að styrkja síharðnandi stefnu gegn hvers konar svæðisbundinni gagnrýni á stjórnvöld, jafnt ímyndaðri sem raunverulegri. Hámarki náðu þessar aðgerðir með stórkostlegum fjöldahreinsunum og hinum svonefndu Moskvuréttarhöldum, sem fram fóru á ofanverðum fjórða áratug aldarinnar. Komu þessi stórvirki Stalíns einkum niður á öðrum þegnum en Rússum, því að ástæða þótti til að tor tryggja heilindi þeirra gagnvart Ráðstjórnarvaldinu. Rússneskjun var einnig aukin og eflað, þegar fást þurfti við þá óánægju, sem upp kom, er samyrkjubúskap var rutt til rúms með vopnavaldi og reynt var að hraða stórkostlegri iðnvæðingu.

Nauðungarflutningar úr Eyrstrasaltsríkjum

Þegar reynt er að gaumgæfa stefnu ráðstjórnarinnar í samhengi og þó öðru fremur leitast við að kanna þá anga hennar, sem miða að rússneskjun Eyrstrasaltslandanna, verður fyrst fyrir að greina að tvo sérstaka þætti.

Sá fyrri á sér upphaf með hernámi Rússa á Eyrstrasaltslöndunum þremur á heimsstyrjaldarárunum. Í því augnamiði að kæfa andóf þjóðanna í fæðingu hóf rússneska leyniþjónustan NKVD fljótlega umfangsmikla nauðungarflutninga úr löndunum. Þeir fyrstu hófust aðfaranótt 14. júní 1941 á svonefndri Bartólomeusarnótt Eyrstrasaltsþjóðanna. Þá nótt voru 10.000 manns sendir úr Eistlandi einu áleiðis til þrælknarabúða í Síberíu.²⁸ Þriðjungur þessa hóps voru börn yngri en 15 ára gömul. Tekist hefur að varðveita lista með nöfnum nær allra þeirra, sem nauðugir voru fluttir úr þessum löndum á árunum 1940–1941. Úr Lettlandi voru fluttir 15.000 manns þessa sömu nótt, en um 18.000 úr Litáen. Eftir að fyrri hernámi Ráðstjórnarríkjanna lauk, fundust miklar fjöldagrafir í Kore, rétt utan við Tallinn, og í Tartu og í smábænum Viljandi.

Eistlendingar hafa ekki enn gleymt þessum dögum. Gamalt fólk, sem á vegi mínum varð sumarið 1970, var óþreytandi að segja mér frá dýrkeyptri reynslu sinni á þessum gerræðis- og ógnartímum. August Rei, eistneski jafnaðarmaðurinn og fyrrum ríkisleiðtogi, hefur lýst því, hvað gerðist, er nauðungarflutningar fjöldans stóðu yfir:

Nauðungarflutningsaðgerðirnar fóru raunverulega af stað um nónbil þess 13. júní, er áðurgreindar þriggja manna nefndir gáfu út tilskipun þess efnis, að allir eigendur flutningsvagna afhentu herlögreglunni farartæki sín til ráðstöfunar. Þeim, sem ætlað var að framkvæma flutningana, — félögum í kommúnistaflokknum, herlögreglumönnum, starfsmönnum NKVD og nokkrum af heitustu stuðningsmönnum kommúnista úr verkamannastétt, — var einnig stefnt til ákveðinna staða. Fjórir og fjórir saman mönnuðu

Þessir menn flutningavagnana. Þeim var fenginn listi yfir þá, sem þeir áttu að sækja, og sendir af stað um kl. 1 eftir miðnætti 14. júní.

Flutningavagnarnir héldu til heimila fórnardýra áætluarinnar. Tveir menn biðu við bílana, en tveir gengu inn, alvopnaðir. Fólkinu var tjáð, að það ætti samstundis að flytja til Rússlands. Því var skipað að klæða sig í snatri og koma sér út. Flutningamennirnir voru misharðneskjulegir, svo að sumir fengu aðeins 15 mínútur til að tygja sig, en aðrir allt upp í tvær stundir. Nokkrir fengu ekki að hafa neinn farangur meðferðis, en öðrum fjölskyldum var leyft að hafa með sér allt að 100 kílóum af fötum og mat.

Því næst var hinu brottnumda fólki skipað að skreiddast inn í flutningavagnana, og síðan var ekið sem leið lá til járnbrautarstöðvarinnar, þar sem nautgripavagnar, með rimlagluggum, biðu farþega sinna. Á gólfum þessara vagna var dálítið gat, og var það eina náðhúsaðstaðan, sem fólkinu var búin. Á járnbrautarstöðinni var fólkinu skipt í hópa eftir kynjum. Fjörutíu manns var troðið inn í hvern vagn, sem urðu svo yfirfullir, að fólkið varð að skiptast á um að liggja og standa.

Er vagnarnir voru full-„hlaðnir“, var þeim læst að utan með járnslagbröndum. NKVD-menn og hermenn úr Rauða hernum slógu hring um vagnana, sem stóðu kyrrir á brautarstöðinni næstu þrjá dagana, meðan NKVD-mennimur gengu endanlega frá „sendingunni“. Allan þann tíma fékk „farmurinn“ hvorki vott né þurr. Örfáir höfðu haft með sér eitthvað matarkyns, en engan hafði órað fyrir því, að þeir myndu ekki einu sinni fá vatn.

Fólkið, sem var að farast úr þorsta í heitri sumarsólinni, teygði hendur sínar út milli rimlanna í örvæntingarfullri bæn um mat og þó einkum vatnsdreitil. En allar þeirra bænir voru til einskis. Verðirnir neituðu að opna og aftóku með öllu, að hin minnsta vatnssletta væri rétt inn í vagnana.

Nokkrir misstu vitið af hita og þorsta. Mörg kornabörn dóu. Þungaðar konur fæddu börn sín fyrir tímenn á skítug vagnsgólf. En ekkert af þessu snerti varðmennina hið minnsta. Hvorki líkin né hinir vitskertu voru fjarlægðir úr vögnunum. Það var ekki fyrr en nokkrum dögum síðar, er lestirnar voru komnar út úr Eistlandi, að vagnarnir voru opnaðir og fangarnir fengu að dreyfa á súpugutli og vatnssopa.²⁹

En nauðungarflutningunum lauk ekki með heimsstyrjöldinni. Þeir urðu aldrei meiri en á árunum 1947–1950, þegar verið var að hemja andstöðu bænda gegn samyrkjunni í landbúnaði, sem þá var verið að koma á. Á fáum dögum, frá 23. til 29. mars 1949, voru þúsundir Eistlendinga fluttar nauðugar á brott úr landinu. Talið er, að alls hafi 140 þúsund Eistlendingar verið sendir í nauðungarflutningum til Síberíu á því tímabili, sem rússneska hernámið hefur staðið. Í Lettlandi voru fórnarlömbin nokkrum þúsundum fjölmennari, og í Litáen er heildartalan um það

bil 280 þúsund. Þessi blóðtaka, sem Eistland hefur orðið að þola, er hlutfallslega sambærileg við, að Bretar misstu fimm milljónir manna og Bandaríkin 18 milljónir.

Dauði Stalíns batt enda á líkamlega upprætingu og fangaflutninga. Og þeir, sem ekki höfðu farist úr kulda, þrælkun, sjúkdómum eða annarri vösbúð í vinnubúðunum í Síberíu, tóku að tínast heim, einn af öðum. Sennilega hefur þriðjungur fanganna komist heim á ný — margir ævarandi skaddaðir á sál og líkama.

Reynt að skola burt Stalínsskítnum

Hin almenna sakaruppgjöf frá 1955 gerði nauðungarútlögunum kleift að líta ættland sitt á nýjan leik. Ári síðar flutti Níkíta Khrústsjov, forsætisráðherra Ráðstjórnarríkjanna, hina þekktu leyniræðu sína á 20. flokksþinginu. Ekki leið á löngu, uns efni ræðunnar tók að leka út — jafnt innan og utan Ráðstjórnarríkjanna. Khrústsjov afhjúpaði ógnaröld Stalínstímans að mestu leyti. En sá viðbjóður hafði verið hulinn jafnt ráðstjórnarleiðtogum sem kommúnistum annarra landa, sem dýrkuðu Stalín sem stórmenni og sannan friðarhöfðingja.

Ræða Khrústsjovs hafði geysilega víðtæk áhrif í stórum og smáum atriðum. Til að mynda má rekja til hennar, að skáldsaga eins og *Dagur í lífi Ívans Denisovítsj* eftir Aleksandr Solzhenítsyn, sem lýsir tilverunni í vinnubúðum ráðstjórnarinnar, fékkst gefin út. Í þeirri bók lýsir Solzhenítsyn eistneskum föngum af nærfærni: „Já, það er haft á orði, að þjóðerni manna skipti engu máli og sérhver þjóð eigi sín fúlu egg. En Shukhov rakst aldrei á neinn misjafnan í hópi þeirra mörgu Eistlendinga, sem hann kynntist.“³⁰

En þótt Stalín væri kominn niður til fedra sinna, þá varð ekki lát á gerræði og óréttlæti. Þar sem margur lesandinn fær ekki heillega mynd af margvíslegum talnaðæmum, þá ætla ég að segja hér stutta sögu af ungum manni. Afdrif hans eru ef til vill ljósari vottur um stjórn málalegt og að nokkru efnahagslegt ástand í Eistlandi en skýrsludóðrantar með aragrúa af tölfræðilegum upplýsingum.

Mart Niklus-málið

Mart Niklus, einstaklega gáfaður ungur vísindamaður, sem virtist eiga mikinn frama vísan í fræðigreini sinni, var mjög áhugasamur um fugla og tungumál. Voruð 1956 réðst hann sem túlkur að alþjóðlegu þingi fuglafræðinga, sem haldið var í Lenínsgarði. Tólmstundum sínum varði hann í námshópi, sem lagði stund á sænsku.

Um haustið 1956 fékk námshópurinn heimsókn finnsk-sænskrar stúdentasendinefndar. Eistlendingarnir voru vanir að biðja sendinefndarmennina að taka fyrir þá bréf til vina og ættingja erlendis til þess að komast hjá ritskoðurunum. Finnunum fannst því ekki óeðlilegt, að Mart Niklus skyldi biðja þá fyrir umslag með ljósmyndum til tiltekens manns utanlands. Nokkru síðar voru þessar myndir birtar í eistnesku útlagaðlaði. Ráðstjórnin brást skjótt við. Hún lýsti myndirnar fjan-

samlegar ráðstjórninni og glæpsamlegar. Ein þeirra sýndi truflunarstöð í Tartu, sem ruglaði sendingar Voice of America í Eistlandi. Á annarri sást íbúðarhús að nokkru gluggalaust og með svo sundursprungna bakhlíð, að styrktarstaurar höfðu verið settir upp til að varna því hruni. Þriðja myndin var af gamalli konu, sem rótaði í ruslahaug í leit að einhverju matarkyns í úrgangi frá sláturhúsi.

Ekki reyndu stjórnvöld að bera á móti því, að myndirnar voru ófalsaðar. En þar sem þær gáfu aðra mynd en þá, sem yfirvöld höfðu samþykkt, að væri hin eina rétta, þá var Mart Niklus dæmdur í 25 ára þrælkunarvinnu fyrir að senda þessar myndir úr landi.

Eistlendingar í vinnubúðum

Enn þá ber við, að Eistlendingar sæti handtökum af stjórn málaástandum. Ekki er hægt að gera sér fulla grein fyrir, hversu tíðar slíkar fangelsanir eru, þar sem réttarhöld fara einatt fram í kyrrþey. En víst er, að margir Eistlendingar gista enn þrælkunarbúðir ráðstjórnarinnar.

Bandaríkjamaðurinn Alexander Dinces, sem sat í ráðstjórnarfangelsi 1962–1967 ákærður fyrir njósnir, sagði, eftir að hann var leystur úr haldi, að 1/10 hinna 40.000 stjórn málaafanga í Potma-fangelsinu (500 km utan Moskvu) væru Eystrasaltsbúar.

Í bók sinni, *Vitnisburður minn*, lýsir rússneski verkamaðurinn Anatolij Marstsenko ýmsum samskiptum sínum við eistneska, lettneska og litáíska fanga.

En þrátt fyrir allt varðar mestu, að látið hefur verið af beinu ógnarstjórnargerræði og nauðungarflutningum í Eystrasaltslöndum, þótt vissulega sé engin trygging fyrir því, að í framtíðinni verði ekki á ný saumað að þessum hrjáðu þjóðum með þeim hætti.

En þótt staðhæft sé, að ástandið sé mun skárna nú en áður var, þá er sannarlega ekki með því sagt, að létt hafi af stjórn málanauðung eða ekki sé lengur unnið að rússneskjun þjóðarinnar. Einungis hefur verið breytt um vinnubrögð. Rússneskjunarmenn eru enn við sama heygardshomið, markmiðið er enn hið sama, og ákafinn hefur síst minnkað.

Endurvakning stalínismans?

Í „leyniræðu“ sinni kvað Nikita Khrústsjov nauðungarflutningana og aðra kúgun minnihlutahópanna vera sprotna af dómgreindarskorti og einstaklingsdýrkun Stalínstímans. En sá góði maður fetti þó ekki fingur út í þá þjóðfélagsskipun, sem felur í sér skilyrði til þess, að hægt sé að flytja heilu þjóðirnar nauðugar frá ættjörð sinni.

Ekki var komið á neinum breytingum eftir lát Stalíns, sem tryggja ættu, að harðstjóri af sama sauðahúsi og Stalín gæti aldrei orðið einræðisherra Ráðstjórnarríkjanna á ný. Og eftirkomendur Stalíns í valdasessi hafa ekki jákvæðari afstöðu til

réttinda samþjóða Rússa í Ráðstjórnarríkjunum en fóstri þeirra. Þessum orðum má ekki einungis finna stað í Ráðstjórnarríkjunum, heldur einnig í Ungverjalandi 1956 og Tékkóslóvakíu 1968.

Margar af helstu hjálparhellum og nánustu undirtyllum Stalíns hófust til enn frekari valda, eftir að sá gamli hafði kvatt. Ívan Serov, hershöfðinginn, sem bar ábyrgð á nauðungarflutningum Eystrasaltsþjóðanna gagnvart Stalín, varð yfirmaður KGB, leynilögreglu ráðstjórnarinnar á seinni hluta sjötta áratugar. Fjöldi annarra rússneskra stríðsglæpamanna gegnir enn háum embættum í Ráðstjórnarríkjunum. Þeir, sem báru ábyrgð á þjóðarmorðunum, sem framin voru í og eftir seinni heimsstyrjöldina, hafa aldrei verið dregnir fyrir lög og dóm.

Dauði Stalíns batt ekki með öllu enda á, að Baltar væru neyddir til að flytja búferlum til óskemmtilegra staða. Frá og með 1956 hefur margur ungur Baltinn verið sendur sem „sjálfbodaliði“ til að leggja járnbrautir og reisa aflstöðvar í Síberíu eða til að rækta hrjóstrug landsvæði í Kazakhstan. Samkvæmt opinberum skýrslum frá Ráðstjórnarríkjunum hefur 40.000 Böltum verið „falið“ að vinna við þess konar störf í Ráðstjórnar-Asíu.

20. flokksþingið samþykkti að veita sambandslýðveldunum aukna sjálfstjórn í menningarmálum og efnahagsmálum. Þingið lýsti yfir, að „sósíalismi miðar á engan hátt að upprætingu þjóðlegra eiginleika og sérkenna. Öðru nær. Hann er aflgjafi fjölbreytilegrar þróunar og sá jarðvegur, sem efnahags- og menningarlíf allra þjóða og þjóðerna blómstrar best í. Þá verður flokkurinn að halda áfram að sýna í verki í framtíðinni sem endranær, að hann tekur tillit til þessara þjóðlegra eiginda.“

Þessi ályktun gaf lýðveldunum byr undir vængina. Tekið var að huga að þjóðtungunni, menningu og sögu. Svo sem drepíð var á, hófst kennsla í landafræði Eistlands og sögu 1957, en hún hafði lagst niður, er Ráðstjórnarríkin hernámu landið. Árið eftir kom fyrsta kennslubókin um sögu Lettlands út. Reynt var að stöðva eða draga verulega úr straumi rússneskra iðnverkamanna til Eystrasaltslanda. Léttíðnaðurinn var eflur á kostnað þungaiðnaðarins í því skyni að auka neysluvöru á innanlandsmarkaði.

Afturkiptur

En ekki leið á löngu, uns sveifla varð í hina áttina. Sjöundi áratugur var ekki enn genginn í garð, þegar ásökunartónninn tók að berast frá Moskvu. Kommúnistaleiðtogar í lýðveldunum, sem ekki höfðu rússneskt þjóðerni sér til ágætis, voru sakaðir um þjóðerniskennnd og einkum þó að bera þrönga héraðshagsmuni fyrir brjósti í efnahagsmálum. Æ ofan í æ var ráðist að kommúnistaforingjum Eystrasaltsríkjanna með slíkum eða svipuðum ákærum. Og sumarið 1959 varð helsti forsprakki lettneskra kommúnista, Eduards Berklavs, að láta af embætti vegna þess, að hann þótti hafa rambað af rétttri leið og stefnt í öfuga átt við stóra sannleik. Örlög

Berklavs áttu að verða leiðtogum annarra lýðvelda, sem ólu í brjósti hugmyndir af slíku tagi, til viðvörunar.

Og í kjölfarið fylgdu fleiri ákærur á hendur Eyrstrasaltsbroddunum jafnt í flokki sem landstjórn. Einkum voru árásirnar hatrammar á árunum 1960 og 1961. Eftir þá atburði er orðið erfiðara að greina baráttu fyrir þjóðlegum kommúnisma í þessum löndum, þó að vitað sé, að grunnt sé á því góða milli forsvarsmanna miðstjórnarvalds og sjálfstjórnarfylgjenda innan kommúnistaflokksins.

Rússneskjun um þessar mundir

Innflutning rússneskra verkamanna til Eistlands verður að telja þyngstu löðin, sem lögð eru á vogarskál rússneskjunar um þessar mundir. Við lok sjálfstæðistímabilsins voru útlendingar um 12% af íbúafjölda Eistlands, þar af 7% innan núverandi landamæra ríkisins. Af margvíslegum orsökum hafði þessi tala lækkað úr 12% í 3% árið 1945. Þýsku- og sænskumælandi minnihlutahópar höfðu horfið úr landi á heimsstyrjaldarárunum. Og í janúar 1945 voru landsvæðin í suðausturlhuta Eistlands, sem að mestu voru byggð rússneskum íbúum, sameinuð rússnesku sambandslýðveldunum.

Aftökur, nauðungarflutningar, herkvaðningar ásamt stórfelldum flótta fólks úr landinu urðu til þess, að íbúatala Eistlands lækkaði úr 1.134.000 í ársbyrjun 1939 í 850.000 í ársbyrjun 1945. Þar af voru um 825.000 af eistnesku bergi brotnir. Næstu þrjú ár átti þjóðin í vændum mesta innflutning af fólki, sem hún hafði kynnst fram að þessu. „Þjóðinni“ fjölgaði mjög, en íbúatalan var aftur jöfnuð með nauðungarflutningunum 1949, er tugþúsundir Eistlendinga, aðallega bændur, sem spyrntu við fótum gegn samyrkjustefnunni, voru fluttir úr landinu.

Allar götur frá heimsstyrjaldarárunum hefur hlutfallstala þeirra íbúa Eistlands, sem ekki eru af eistnesku kyni, vaxið. Árið 1945 var talan 3% af heildaríbúafjölda. En 1959 eru þessir útlendingar 25% af íbúum landsins, og 1970 eru þeir orðnir 32%. Ef svo fer, sem nú horfir, verða útlendingar (í fyrrgreindum skilningi) 40% þjóðarinnar 1980 og helmingur þjóðarinnar rúmum 20 árum síðar. Þess er þó að gæta, að ekki er hlaupið að því að segja fyrir um íbúasamsetninguna. Allur þorri innflytjenda, er sest hafa að í Eistlandi fram til þessa, er rússneskur. Tafla 2 ber með sér, að samanburðartölur um rússneska íbúa innan núverandi landamæra Eistlands eru þessar: 1940 4%, 1959 20% og 1970 25%.

Þegar Tafla 4 er skoðuð, kemur í ljós, að eistneskum íbúum Eistlands fjölgaði aðeins um tæp 4% á árabílinu milli 1959–70, meðan öðrum íbúum landsins fjölgaði um rúm 40%.

Tafla 4. Íbúar Eistlands árin 1934, 1959 og 1970 greindir eftir þjóðerni (þúsund íbúar).

Þjóðerni	1934a	1934b	1959	Breytingar 1934a–1959	1970	Breytingar 1959–1970
Eistlendingar	992,5	977,2	892,7	- 99,8	925,0	+ 32,3
Rússar	92,7	41,7	240,2	+ 147,5	335,0	+ 94,8
Úkraínumenn			15,8	+ 15,8	28,0	+ 12,2
Hvít-Rússar			10,9	+ 10,9	19,0	+ 8,1
Finnar	1,1	1,1	16,7	- 15,6	19,0	+ 2,3
Lettar	5,5	4,0	2,9	- 2,6		
Litáar			1,6	+ 1,6		
Þjóðverjar	16,3	16,3		- 16,3		
Svíar	7,6	7,6		- 7,6		
Gyðingar	4,4	4,4	5,4	+ 1,0	5,3	- 0,1
Pólverjar	1,6	1,6	2,3	+ 0,7		
Aðrir og óþekktir	4,7	4,7	8,3	+ 3,6	24,7	
Samtals	1.126,4	1.057,5	1.196,8	+ 70,4	1.356,0	+ 159,2
Aðrir en Eistlendingar samtals	133,9	80,3	304,1	+ 170,5	431,0	+126,9

Heimildir: Ritgerð Tönus Parmings um breytingar á íbúasamsetningu Eistlands 1935–1970, *Population Studies*, 26. mars 1972. Tölurnar í dálki 1934 eru bundnar við íbúa á því landsvæði, sem eistneska lýðveldið náði til, en í dálki 1934b er miðað við íbúa á landsvæði Ráðstjórnar-Eistlands og líka í töludálkunum 1959 og 1970.

Manntal, sem yfirvöld gefa út í Eistlandi, gefur mjög villandi mynd af rússneskjun Eistlands. Í fyrsta lagi er ókleift að miða fjölda Rússa í landinu við fjölda þeirra á sjálfstæðisárunum, vegna þess hversu fjölmennir Rússar voru á þeim svæðum, sem sameinuð voru rússneska sambandslýðveldinu. Petserimaa, sem er fornt eistneskt hérað, var innlimað í rússneska sambandslýðveldið árið 1945. Sama gegndi um svæðin austan við Narva-fljót. Fáum árum síðar var lokið við mikla vatnsaflsvirkjun í borginni Narva, og var þá sá hluti borgarinnar, sem á austurbakka árinna stendur, einnig innlimaður í rússneska sambandslýðveldið. Borgarhlutinn var nefndur Ívangarður og lýtur sömu stjórn og Stór-Lenínsgarðssvæðið. Jafnvel það litla, sem enn er eftir af gömlu Narva-borg, er nú rússnesk borg, þar sem fáir mæla á eistneska tungu. Samtals hefur um 5% af því landi, sem tilheyrði hinu sjálfstæða Eistlandi, verið frá því numið.

Í öðru lagi hurfu hinir mikilvægu minnihlutahópar Þjóðverja og Svía frá landinu, áður en styrjöldin skall á og eins meðan hún enn stóð yfir, en þeir höfðu orkað sem mótvægi gegn rússneska minnihlutanum.

Í þriðja lagi er þess að geta, að þeir Eistlendingar, sem fluttir voru nauðbeygðir í þrælkun í Síberíu og eru þar enn, eru engu að síður taldir búsettir í Eistlandi í manntali hins opinbera.

Í fjórða lagi þá eru þeir eistnesku æskumenn, sem gegna þjónustu í landher í tvö ár og fjögur ár í sjóher, fjarri heimalandi sínu, taldir búsettir í Eistlandi. Þjóðir sambandslýðveldanna (annarra en Rússlands) geta ekki innt herskyldu sína af hendi í eigin landi. Þær fá ekki að mynda eigin her, þó að stjórnarskrá Ráðstjórnarríkjanna heimili slíkt. Talið er, að slíkur herafli myndi ögra öryggi ríkisins. Herstjórar helstu varnarsvæðanna eru nær undantekningarlaust Rússar.

Og í fimmta lagi eru rússneskir dátar í ráðstjórnarhernum, sem er í Tallinn og í strandhéruðunum, en enginn Eistlendingur. Í skýrslum er ekki talið, að þeir séu búsettir í Eistlandi, en sannarlega auka þeir fjölda rússnesku íbúanna, því að þeir dveljast samfelt í landinu. Þegar einhverjir fara, koma aðrir í staðinn.

Af Töflu 5 sést, að 1970 voru rétt rúmir 2/3 hlutar íbúa Eistlands af eistnesku þjóðerni, en áratug áður voru þeir 3/4 hlutar, og 1934, er síðasta manntal í sjálfstæðu Eistlandi var tekið, voru 9/10 þjóðarinnar af eistnesku bergi brotnir. Taflan sýnir einnig, að Lettar eiga enn styttra í að verða minnihlutahópur í eigin landi. Þeir eru þegar orðnir í minnihluta í sjálfri höfuðborginni Riga, þar sem raunverulegir Lettar eru einungis 2/5 borgaranna. (Kazakhstan er eina lýðveldið utan Rússlands, þar sem Rússar eru fjölmennari en í Lettlandi. Afrískum þjóðernissinum þætti sjálfsagt fróðlegt að heyra, að rétt eftir 1960 voru evrópskir íbúar í Kazakhstan mun fleiri en Evrópumenn í allri Afríkuálfunni.)

Í Litáen horfir málið öðru vísi við. Hluttur þeirrar þjóðar, sem fyrir var í landinu, hefur aukist nokkuð á síðasta áratug, svo að nú eru einungis Armenar, Rússar og Hvít-Rússar hlutfallslega fjölmennari í eigin lýðveldum.

Tafla 5: Samsetning og fjölgun íbúa í Eystrasaltslöndum 1934–1970

	Ár	Íbúar (þús.)	Innl. (þús.)	Aðrir (þús.)	Þar af Rússar (þús.)	Innl. (%)	Aðrir (%)	Þar af Rússar (%)
Eistland	1934	1.057	977	80	42	92,4	7,6	4,0
	1959	1.197	893	304	240	74,6	25,4	20,1
	1970	1.356	925	431	335	68,2	31,8	24,7
Aukning	1959–70	159	32	127	95	- 6,4	+ 6,4	4,6
Lettland	1935	1.951	1.473	478	207	75,5	24,5	10,6
	1959	2.093	1.298	795	556	62,0	38,0	26,6
	1970	2.364	1.342	1.022	705	56,8	43,2	29,8
Aukning	1959–70	271	44	227	149	- 5,2	+ 5,2	3,2
Litáen	1935	2.527	1.701	826	55	83,9	16,1	2,7
	1959	2.711	2.151	560	231	79,3	20,7	8,5
	1970	3.128	2.507	621	268	80,1	19,9	8,6
Aukning	1959–70	417	356	61	37	+0,8	- 0,8	0,1
Löndin í heild	1935	5.535	4.151	1.384	304			
	1959	6.001	4.342	1.659	1.027	72,3	27,7	17,1
	1970	6.848	4.774	2.074	1.308	69,7	30,3	19,1
Aukning	1959–70	847	432	415	281	+ 2,6	- 2,6	2,0

Heimild: *Estonian Events*, 26. júní 1971. Talnaröð í 1934-dálknum miðast við núverandi Ráðstjórnar-Eistland.

Meginorsök þess, að Litáen hefur gengið betur að halda hlut sínum að þessu leyti, er sú, að þar eru barnsfæðingar tíðari en í Eistlandi og Lettlandi eða 17%. Um 1970 voru barnsfæðingar í Eistlandi og Lettlandi 14% og gerðust ekki jafnfáar annars staðar í Evrópu. Önnur ástæða er sú, að hagkerfi Litáens hvílir meira á landbúnaði en hinna Eyrstrasaltsríkjanna, og það eru skýr tengsl milli háþróðrar iðnvæðingar og fækkunar barnsfæðinga. Einnig hefur tekist að beina umframvinnuafli landbúnaðarins að iðnaðinum og þannig verið hægt að halda innflutningi vinnuafis frá Rússlandi í lágmarki.

Litáen er ekki eitt um að halda hlut þjóðarinnar í fólksfjölgun innan ríkisins. Tyrkneskum og Kákasus-þjóðum fjölgar mun örar en Rússum. Vegna lágrar fæðingartölu Rússa hefur þeim hlutfallslega fækkað í 9 af sambandslýðveldunum 15. Landfræðileg skipting rússnesku innflytjendanna bendir til þess, að skortur á vinnuafli og hin hraða iðnvæðing, sem sóst er eftir ásamt rússneskjunartilraunum, séu undirrót innflutningsins. Mannaflaskortinn má rekja til hins stórfellda fólksflóttu úr landinu, nauðungarflutninganna og hversu eistnesku þjóðinni fjölgar hægt (0,4% á ári, 0,3% í Lettlandi en 1,71% til samanburðar á Íslandi). Þessi hægga tímgun stafar hins vegar af húsnæðisskortri, háum giftingaraldri, tilfærslu fólks úr sveitum í borgir og því, hve mikill fjöldi kvenna vinnur utan heimilanna.

Margt verður til þess að laða rússnesku verkamennina til Eistlands. Þeir fá þar skárra húsnæði, og einnig hafa þeir fregnir af, að margt sé þar meira á vestræna vísu en annars staðar í Ráðstjórnarríkjunum, til dæmis meiri velferð.

Jákvæðar fréttir af þessu tagi, sem hvarvetna eru undirrót þess, að menn sækja til annarra ríkja, virðast núorðið ráða úrslitum, og er það vissulega mikil breyting frá Stalínstímabilinu. Þá tók rússneskt verkafólk ekki upp hjá sjálfu sér að flytja til Eistlands. Það var sent að tilhlutan miðstjórnarvaldsins.

Er þessi innflutningur nauðsynlegur?

Ekki fer tvennum sögum af, að án aðflutnings rússnesks vinnukrafts hefði ekki verið hægt að koma á með svo skjótum hætti þeim iðnaði, sem nú er í Eistlandi, að minnsta kosti ekki við skilyrði ráðstjórnarkerfisins. Hins vegar má endalaust deila um hvort sjálfstætt Eistland hefði ekki náð jafnlangt eða mun lengra með því að beita aðferðum, sem hvetja vinnandi menn til að auka framleiðni sína. En reyndar þurfti hið sjálfstæða Eistland að fá erlent vinnuafli á vissum árstímum frá Póllandi og Litáen til að vinna við landbúnaðarstörf, þótt í litlum mæli væri.

Eistlendingum þykir sem rússneskt verkafólk sé orðið forréttindahópur í eistnesku þjóðlífi. Stór hluti af nýsmíðuðu húsnæði er settur undir rússnesku innflytjendurna. Látið er heita, að þeir séu sérhæfðir verkamenn, og því eru þeir í fyrirrúmi á biðlistum eftir húsnæði. Er mörgum Eistlendingum þungt í skapi vegna þessa, því að húsnæðisskortur er nú stórkostlegur þjóðfélagslegur vandi í Eistlandi, eins og áður hefur verið lýst. Mikilvægar ákvarðanir, sem snerta rússnesku inn-

flytjendurna, eru teknar í Moskvu, og er það mörgum Eistlendingum þyrnir í augum. Þar sem réttbornir þegnar Eistlands njóta aðeins lítils af auknum hagvexti í landinu, virðist innflutningur Rússa enn óæskilegrí en ella.

Frjósemi

Innflytjendurnir eru flestir á besta skeiði til vinnu. Þeir eru því flestir jafnframt á þeim aldri, sem drýgstur er við að uppfylla jörðina. Þess vegna er dánarmeðaltal þeirra lægra en Eistlendinga sjálfra og jafnframt mun meira um barnsfæðingar í þeirra hópi. Af þessum sökum er smám saman að koma fram allsérkennileg íbúasamsetning í Eistlandi, þar sem innfæddir íbúar landsins eru í meirihluta í elstu aldursflokkum, en aðkomumenn og þeirra afkomendur eru fjölmennari í yngri aldursflokkum. Því má segja, með mikilli einföldun málsins og umbúðalaust, að gamalt fólk í Eistlandi verði mest Eistlendingar, þegar tímar liði fram, en börnin og æskufólkið Rússar.

Árið 1959 var talið, að helmingur eistneskra aðkomumanna væri á frjósemis-skeiði ævinnar, en aðeins þriðjungur réttborinna Eistlendinga. Fjórar af hverjum tíu giftum konum á aldrinum 20–39 ára eru úr innflytjendahópnum. Eins og fyrr var dregið á, eru aðkomumenn aðeins 25% landsmanna. En þó er þegar svo komið, að Eistlendingar eru í minnihluta á aldurs skeiðinu 0–9 ára og verða fljótlega í minnihluta á skeiðinu 10–19 ára, en þeir eru í miklum meirihluta meðal þess aldurshóps, er mun kveðja innan tíðar.

Um lok sjötta áratugsins var fæðingarhlutfallið talið um 14,5‰ og 21,5‰, aðkomumönnum í hag. En kringum 1965 voru sambærilegar tölur 13,2‰ hjá Eistlendingum og 17,6‰ hjá innflytjendum. En nýlega lét utanríkisráðherra Ráðstjórnar-Eistlands þess getið, að barnsfæðingum í eistneska lýðveldinu hefði fjölgað úr 14,4‰ 1966 í 16,0‰ 1970.

Af augljósum stjórn málaástandum hirða opinberir félagsvísindamenn venjulega ekki um að greina innflytjendur frá Eistlendingum í tölfræðiskýrslum sínum. En engu að síður tók aðstoðarforsætisráðherrann Tönurist á sig rögg 1968 og hvatti landa sína til að eignast fleiri börn.

Á ráðstjórnartímabilinu hefur hjónaskilnuðum fjölgað áberandi mikið. Árið 1950 urðu 6,4 skilnaðir miðað við 100 hjónabönd. Nú er svo komið, að hvergi í veröldinni skilja fleiri hjón en í Eistlandi. Nú enda 36 hjónabönd af 100, sem til er stofnað, með skilnaði. Þessi tala stækkaði um lok sjöunda áratugs aldarinnar. Lettar koma næstir Eistlendingum um fjölda skilnaða.

„Blönduð“ hjónabönd

Allt fram til þessa dags hefur verið minna um að Eistlendingar og innflytjendur gengju í hjónabönd en ætla mátti. Þannig voru aðeins 7% af hjónaböndum, sem

stofnað var til árið 1968, milli þessara aðila. Af þeim 12.000 giftingum, sem urðu það ár, voru aðeins 400, þar sem eistneskir karlmenn kvæntust rússneskum konum, og 310, þar sem eistneskar konur giftust rússneskum mönnum. Þessar tölur gefa harla góða vísbendingu um samlyndi þessara tveggja þjóðernishópa.

Margir Eistlendingar sögðu mér, að öllum vinskap myndi þegar lokið, ef besti vinur þeirra giftist Rússa. Áköf þjóðernistilfinning og það hatur, sem margt eistneskt æskufólk hefur á öllu, sem rússneskt er, virðist vera sá þjóðfélagslegi múr, sem helst kemur í veg fyrir samruna innflytjenda og þeirra, sem fyrir eru í landinu. Aðrar hindranir eru tungumálaerfiðleikar og einnig hitt, að Eistlendingar eru betur menntaðir og fólk leitast heldur við að giftast „upp á við“ en „niður“. Í framtíðinni mun „útlenskt“-eistneskt æskufólk verða enn fjölmennara en nú er. Þegar árið 1959 var þriðjungur barna á aldrinum 0–9 ára innflytjendabörn. Líklegt er, að sú staðreynd verði til þess að „blönduðum“ hjónaböndum fjölgi.

Ekki er auðvelt að gera sér grein fyrir, hver áhrif hjúskapur Rússa og Eistlendings hefur á þjóðerni barna þeirra. Tönu Parming segir: „Svo virðist sem heldur fleiri börn þessara foreldra sækist eftir eistnesku þjóðerni, er þau sækja um opinber nafnskírteini. Að minnsta kosti á yfirborðinu bendir þetta til þess, að þau hneigist fremur að eistneskri þjóðmenningu en öfugt. Þó verður að hafa í huga, að af nafnskírteinisvalinu er ekki hægt að draga neina raunhæfa ályktun um raunverulega kvíslun þessara barna. Hvort mun þetta æskufólk tala eistnesku eða rússnesku heima fyrir? Hverjir verða helstu félagsnautar þeirra? Mun þetta fólk síðar mynda afbrigðilegan menningarhóp eða halla sér að einum þjóðfélagshópi öðrum fremur?“³¹

Margir, einkum eistneskir útlagar, láta gjarnan í veðri vaka, að börn rússnesk-eistneskra hjóna verði sjálfkrafa Rússar. Parming hafnar þessari kenningu réttilega. Félagfræðileg rannsókn, sem fram fór 1963, leiddi í ljós, að 62% nefndra barna búsett í Tallinn litu á sig sem Eistlendinga.³² Sennilega myndu sveitabörn úr eistnesk-rússneskum hjúskap hafa enn ríkari tilhneigingu til þess að líta á sig sem Eistlendinga og ekki Rússa, þar sem rússneskjun er á mun lægra stigi þar en í borgum.

Það styrkir þá kenningu að blönduð hjónabönd séu óalgeng í sveitum, að í héraðinu Vöru, sem er í Suður-Eistlandi, er heildarfjöldi „blandaðra“ hjónabanda minni en á fjórða áratug.

Andúð eistnesku þjóðarinnar á Rússum, sem ætíð liggur í loftinu, er ekki síst til þess fallin, að börn úr „blönduðum“ hjónaböndum kjósa að telja sig Eistlendinga. Enda kom upp úr dúrnum, að gallhörðustu þjóðernissinnar, sem ég átti tal við í Eistlandi, báru iðulega rússnesk nöfn, enda hálf-rússneskir. Hvort sem þeim var það leynt eða ljóst, reyndu þeir að öðlast viðurkenningu og vináttu jafnaldranna með því að sýna og sanna þjóðhollustu sína þrátt fyrir uppruna sinn.

Hvernig þróast þjóðasamsetning Eistlands í framtíðinni undir ráðstjórnaryfirráðum? Svaresins má að nokkru leita meðal Eistlendinga sjálfra — nánast í svefnherbergjum þeirra. Enginn getur hindrað að Eistlendingar geti af sér fleiri börn, ef

þeir ætla sér það. En hins vegar lýtur innflutningur Rússa til Eistlands og áhrifavaldar hans, svo sem tegund og vöxtur iðnvæðingar, lögmálum sem Moskvuvaldið setur.

Menning: Tæki til rússneskjunar

Síðustu síður þessa kafla um rússneskjun hafa verið helgaðar fólksfjölgunarþætti þessa máls, enda er þar um að ræða lífsgrundvöll eistneskrar menningar. Þó skal þess getið, að tölur um fólksmergð geta einar sér gefið villandi mynd af þeirri hættu, sem stöðjar að menningarlegri tilveru eistnesku þjóðarinnar, þar sem rússnesku innflytjendurnir eru flestir lítt menntaðir verkamenn, sem einungis geta haft takmörkuð menningaráhrif. Því er rétt að lýsa með örfáum orðum, hvernig reynt er að nýta menningaröfl til rússneskjunar.

Í fjórða kafla var nokkuð rætt um almenna erfiðleika, sem þjóðmenningin á við að etja sökum algerrar ríkiseinokunar fjölmiðlanna og ritskoðunar. Og í þriðja kafla var meðal annars rætt um, hvernig menntakerfinu er beitt í þágu rússneskjunar.

Sé lítið til prentaðs máls, þá er þess fyrst að gæta, að útgefnum eintökum á eistnesku máli hefur fækkað hlutfallslega, þar sem eintökum útgefnum á rússnesku hefur fjölgað hraðar en þeim, sem gefin eru út á eistnesku. Einnig ber að hafa í huga, að helmingur til 2/3 allra bóka, sem út koma, eru þýðingar, mest úr rússnesku, og því ekki sprottnar úr eistneskri menningu.

Lítið er vitað, hvaða mál er einkum notað í útvarpi annars vegar og sjónvarpi og kvikmyndum hins vegar. Athuganda, sem um skamma hríð fylgist með þessum fjölmiðlum, virðist sem eistneskan og innlend menning sé ríkjandi í útvarpsendingum. En Tallinn-sjónvarpið flytur þó sérstaka þætti fyrir rússneska „minni-hlutann“ í landinu. Þá er megnið af heimildarmyndum og kvikmyndum með rússnesku tali, þar sem eistnesk kvikmyndagerð er takmörkuð og stutt á veg komin. Lýðveldissjónvarpið hefur átta endurvarpsstöðvar í landinu, sambandsríkjasjónvarpið hefur sex endurvarpsstöðvar, og auk þess hefur Lenínsgarðs-sjónvarpið eina endurvarpsstöð í Eistlandi.

Niðurstaða

Eistlendingar hafa þraukað af 700 ára kúgun erlends valds og halda enn í og auðga eigin þjóðmenningu. Mörgum er mikill styrkur að þessari staðreynd. En ef til vill er galgopaleg bjartsýni að ætla, að þeir fái enn staðist þær erlendu þumalskrúfur, sem þrýsta æ meira á. Ég vitna aftur til Parmings:

Þótt Eistlendingar hafi fyrr verið aðþrengdir vegna setu útlendinga í landinu og ýmiss konar annarrar ánauda, er ástandið nú að ýmsu leyti annars eðlis. Í fyrsta lagi hafa Eistlendingar aldrei fyrr verið jafn nærri því að verða minnihluti í eigin landi og nú. Í öðru lagi er þetta í fyrsta sinn, sem Eist-

lendingum sjálfum fjölgar nánast ekki neitt, þó að síðast liðin 40–50 ár hafi verið að síga á þá ógæfuhlið. Á þeim þrem söguskeiðum, sem helst hefur kreppt að Eistlendingum um fólksfjölda, hefur náttúruleg fjölgun ætíð verið ör og því fljótlega verið bætt í þau skörð, sem höggvin voru. Þannig er ekki nú.

Slík svartsýni frá bæjardryrum fræðimanns kann að vera réttlætanleg. En næst er að áréttta, enda þótt hlutur Eistlendinga í eigin landi sé að þverra, að höfðatala þeirra hækkaði heldur síðasta áratuginn. Eistlendingar eru nú háþróað þjóð, og þeir búa 900.000 saman í landi sínu. Því er erfitt að sjá, að Eistlendingar muni drukkna með öllu í Rússasjó Ráðstjórnarríkjanna í næstu framtíð. Forsendan fyrir þessari trú minni er sú, hve Eistlendingar spyrna ákaft gegn menningarlegri rússneskjun landsins. Þessu verður nánar lýst í næsta kafla.

8. kafli

Óvirk andstaða

OFT MÁ GREINA HINA ÓVIRKU andstöðu Eistlendinga gegn rússneskjunartilraunum Moskvuvaldsins. Stundum er þetta andóf mjög greinilegt, en iðulega berst það ekki upp á yfirborðið, en finnst eins og undiralda í þjóðlífinu. Er það mjög ólíkt þeirri virku og vopnuðu andstöðu, sem landsmenn sýndu á síðari hluta fimmta áratugarins og í byrjun hins sjötta. Skæruhernaður hélt áfram í sveitahéruðum fram á miðjan sjötta áratug. Þeir, sem þar börðust fyrir frelsi þjóðar sinnar, voru kallaðir „Skógarbræðurnir“. Einkum voru þetta ungir menn, sem leituðu til skógar, er Þjóðverjar hernámu landið, þar sem þeir óttuðust að verða nauðugir teknir í þýska herinn. Þeir komu ekki úr fylgsnum sínum, þegar Rússar tóku landið aftur, því þeim þótti þá ný vá fyrir dyrum. Þeir voru hræddir um að Rússar tækju upp þráðinn, þar sem frá var horfið 1941 og myndu hefja nauðungarflutninga fólks á ný. Einnig vildu þeir forðast að verða skráðir í Rauða herinn gegn vilja sínum.

Eftir því sem yfirgangur Rússa jókst í landinu, fjölgaði þeim, sem kusu að fara huldu höfði í skógunum, og þar kom, að þeir mynduðu fámennar skæruliðasveitir. Bændur sáu þeim fyrir mat og öðrum nauðsynjum. Er einkabúskapur var látinn víkja fyrir samyrkjubúskapnum, lokaðist Skógarbræðrum þessi leið til öflunar nauðþurfta. Eftir að byltingin í Ungverjalandi hafði verið bæld niður 1956, misstu þessar sveitir móðinn og leystust upp, en síðustu árin á undan hafði dregið töluvert af þeim. Þeir urðu að kyngja þeim beiska bita, að Vesturveldin hefðu í raun viðurkennt, að Austur-Evrópa væri á áhrifasvæði Ráðstjórnarríkjanna. Því gátu Eystrasaltsþjóðirnar ekki vænst annars stuðnings en siðferðilegs úr þeirri átt.

Lýðræðishreyfingin

Virki stjórn málaandstöðu er samt til að dreifa, þó að hún sé hvorki umfangsmikil né hávær. Einkum eru það þó angar frá hinni svokölluðu lýðræðishreyfingu í Ráðstjórnarríkjunum. Stefnuskra hreyfingarinnar hefur verið dreift „neðanjarðar“. Þar er þess krafist, að Ráðstjórnarríkin viðurkenni Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna í verki og fái áþekkingu ákvæðum í eigin stjórnarskra gildi í raun.

Lýðræðishreyfingin sendir frá sér neðanjarðarfréttablaðið *Annálinn*.³³ Fréttarit-

arar blaðsins eru meðal annars í Tallinn, þótt ekki sé vitað, hvort þeir séu Eistlendingar eða óánægðir Rússar, sem búa um lengri eða skemmri tíma í landinu.

Nýlega sagði *Annállinn* frá fjórum ungu Eistlendingum, sem handteknir voru í júní 1970 og sakaðir um að vera með ólögleg vopn í fórum sínum og ætla sér að mynda andspyrnuhóp. Þrír þessara ungu manna voru dæmdir í milli tveggja og hálfis árs þrælkunarvinnu til fimm ára þrælkunar og sendir í Mordovíu-vinnubúðirnar, en hinn fjórði var dæmdur til þriggja ára dvalar í unglingafangelsi. Fróðlegt er að athuga, hvaðan þessir dæmdu æskumenn eru upprunnir. Þrír þeirra eru eftirstríðsbörn, einn var aðstoðarmaður á rannsóknarstofu í Tartu, annar ók leigubifreið og sá þriðji var bifvélavirki, fjórði pilturinn maður við háskólann í Tartu.

Skjölin frá 1968

Á síðari hluta sjöunda áratugar varð ljóst, að Tallinn var orðin miðdepill andófs í Ráðstjórnarríkjunum, ekki einungis í þjóðernislegri baráttu, heldur lágu allir helstu þræðir í neðanjarðarstarfsemi þaðan um Ráðstjórnarríkin. Ég gef Peter Reddaway orðið:

Tvö skjöl, sem bárust til Vesturlanda 1968, voru fyrstu merkin um að ýmislegt væri í deiglu í Tallinn. Hið fyrra var undirritað af „fjölda fulltrúa tæknimanna í Eistlandi.“ Sú undirskrift veitti meðal annars vísbandingu um, að sennilegt væri, að jafnt Eistlendingar og aðrir íbúar landsins, jafnt óbreyttir borgarar sem hermenn, stæðu að plagginu. Höfundar skjalsins staðhæfðu, að Ráðstjórnarríkin þörfnuðust siðferðilegrar endurvakningar, „þar sem sú efnishyggjulega hugmyndafræði, sem rutt hefði hinu kristilega gildismati burt, hefði ekki fært neitt í staðinn“.³⁴

Þessi hópur vísindamanna, tæknifræðinga og annarra í Eistlandi gekk langt um lengra en Sakharov, sem kallaði aðeins eftir tjáningarfrelsi.

Undirritendur eistneska skjalsins vörðu margsinnis við þeirri hættu, sem fylgdi afturhvarfi til stalinisma. Og þeir kröfðust í framhaldi af því, að snúið yrði í átt til nýs tíma.

- 1) Minnihlutahópar verða að hafa heimild til að láta í ljós andstæðar skoðanir.
- 2) Fólkið verður sjálft að hafa eftirlit með stjórnvöldum; ekki má líta á vald sem einkaeign efstu klíkunnar í skriffinnskukerfinu.
- 3) Æðsta ráði Ráðstjórnarríkjanna verður að breyta í vettvang umræðna og skoðanamyndunar og gera það þannig að öðru og meiru en vél til að greiða atkvæði með lófataki.

4) Kosningafyrirkomulaginu verður að breyta og koma á fjölflokkakerfi. (Enska fréttablaðið *The Economist* sagði réttilega um kosningarnar til Æðsta ráðsins 1970: „Kosningar til Æðsta ráðsins eru engar kosningar, og Æðsta ráðið er alls ekki æðst.“)

5) Rithöfundarnir Daníel og Sínjavskíj, sem hinn 25. ágúst 1968 mótmæltu innrásinni í Tékkóslóvakíu, skulu látnir lausir þegar í stað svo og allir aðrir, sem sviptir hafa verið frelsi, vegna þess að þeir hafa haft hugrekki til að segja skoðanir sínar í heyranda hljóði.

6) Lýðveldi Ráðstjórnarríkjanna verða að eiga fullan rétt til að verða sjálfstæð ríki.

7) Allar stéttir þjóðfélagsins verða að vera jafnréttáar.

Í skjalinu segir enn fremur:

Í tólf ár, allt frá því að 20. flokksþingið var haldið, höfum við verið að bíða. Við höfum beðið leiðtoga um endurbætur í frelsisátt. Og við erum reiðubúnir að bíða og vona enn um hríð. En þar kemur, að við munum heimta og hefjast handa. Og þá verður nauðsynlegt að senda skriðdreka inn í Moskvu og Lenínsgarð, en ekki Prag og Bratislava. Og þegar minnst er á utanríkismál, var það þá ekki okkar ríki, sem sölsaði undir sig 7.000.000 ferkílómetra lands á árunum 1939–1949? Við verðum að láta af gegndarlausri landagræðgi og útvíkkun stórveldishugmynda, og jafnframt verðum við að varpa ágengnisstefnunni fyrir róða. Þar sem við eigum meiri en hálfa sök á þeirri spennu, sem einkennir alþjóðasamskipti, ber okkur að stíga fyrstu og stærstu skrefin til sátta.³⁵

Í skjalinu er einnig lagt til, að á landamærum Rússlands verði í framtíðinni hlutlaus ríki undir eftirliti Sameinuðu þjóðanna. Sennilegt er, að sú hugmynd beinist að minnihlutalýðveldunum og ríkjum þeim, sem í raun mynda landamæri Ráðstjórnarríkjanna í vestri.

Skjalinu lýkur á þessa leið:

Ekki er nóg að eyða fjandskap þjóðanna, heldur verður að stofna til gagnkvæmra samskipta og kynna: þær eiga ekki einungis að búa hlið við hlið, heldur sættast; ekki er nóg að útrýma líkamlegu hungri, heldur verður að sedja siðferðilegt og andlegt hungur; ekki er nóg að gert með að halda aftur af stalínisma, honum verður að eyða með öllu; ekki er nóg að náða menn, heldur verður að bæta þeim, sem fangelsaðir hafa verið, þær hörmungar, sem á þá hafa verið lagðar, og tryggja, að enginn verði framvegis saksóttur vegna stjórn mála skodana sinna; ekki er nóg að koma á brýnustu umbótum í efnahagsmálum, heldur verður að breyta efnahagskerfinu frá rótum.

Seinna skjalið, sem til Vesturlanda barst 1968 var „Opið bréf til ráðstjórnarborgara“ undirritað af Gennadíj Aleksejev, kommúnista. Var efni þess áþekkt fyrra skjalinu, þó að vísu væri þar horft fremur gegnum marxísk gleraugu. Skjalið kom fram um mánuði eftir innrásina í Tékkóslóvakíu, og var hún þar einarðlega fordæmd. Í maí 1969 voru nokkrir yfirmenn í Eystrasaltsflotanum handteknir í Eistlandi og víðar. Meðal þeirra var Gennadíj Gavrílov, höfundur síðara skjalsins, en nafnið Aleksejev hafði hann aðeins notað sér til skjóls. Yfirmennirnir voru sakaðir um að hafa stofnað „Samtök til að berjast fyrir stjórn málaréttindum“ í því skyni að stuðla að því, að ákvæði Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna um réttindi og mannfrelsi fengju raunhæft gildi í Ráðstjórnarríkjunum. Alls var 31 maður handtekinn, þar af fjórðungur eistneskir.³⁶

Í október árið 1969 skýrir *Annállinn* svo frá, að í „neðanjarðar“-ritlingi hafi verið birt „Stefnuskrá lýðræðissinna í Rússlandi, Úkraínu og Eystrasaltslöndunum.“ Peter Reddaway og fleiri telja, að helstu einkenni þessarar stefnuyfirlýsingar séu baráttugleði, tilhneiging til að vegsama vestrænt lýðræði og stuðningur við blandað hagkerfi, eins og það finnst sums staðar í Vestur-Evrópu. (Flestar aðrar greinar lýðræðishreyfingarinnar virðast hafa hallast að sósíalísku markaðskerfi.)³⁷ Nokkur tengsl virðast hafa verið milli þessarar stefnuyfirlýsingar og hinna handteknu yfirmanna úr Eystrasaltsflotanum.

Skjalið frá 1971

Árið 1971 var flugriti, sem undirritað var RK (sem líklega er skammstöfun fyrir „Rahvuskommitee“, Þjóðarnefndin, en svo nefndist andspyrnuhreyfing gegn hernámi nasista í heimsstyrjöldinni síðari), dreift furðuvíða um Eistland. Vissulega ber þetta skjal ekki jafnvitsmunalegt yfirbragð og tvö hin fyrri. Það hefst á orðunum „Eistland fyrir Eistlendinga“. Því var smyglað til Vesturlanda um líkt leyti og bréfi því, sem lettneskir kommúnistar sendu til „bræðaflokkanna í Evrópu“, þar sem þeir mótmæla rússneskjun lands síns.³⁸

Í eistneska dreifibréfinu eru í upphafi rifjuð upp söguleg atvik um þýsku nýlendustjórnina í Eystrasaltslöndunum og síðan segir:

Gjörsamlega er út í hött að tala um eistneskt- sósíalískt ráðstjórnarlýðveldi, meðan helmingur íbúanna eru alls ekki Eistlendingar, og járnbrautarlestirnar frá Moskvu flytja daglega fleiri rússneska innflytjendur heldur en þau börn eru, sem þjóðinni fæðast. Nú þegar fyrirfinnast borgir og þorp, þar sem eistneskt mál heyrir aldrei talað (Narva, Sillimäe, Kohtla-Järva). Ástandið er einnig óbærilegt í Tallinn. 80% af nýjum húsum í miðborginni og nýjum fjölbýlishúsum hýsa aðra en Eistlendinga. Í ýmsum stjórnstöðvum og stórum verksmiðjum hefur eistnesku máli fyrir löngu verið úthýst, enda aðeins einn tíundi hluti starfsfólksins eistneskur. Meirihluti starfsmanna löggæslunnar

er ekki eistneskur og ekki talandi á eistnesku. Sérhver Eistlendingur, sem sækist eftir ábyrgðarstarfi, verður að kunna rússnesku, en Rússi getur gengið inn í hvaða starf sem vera skal án þess að kunna snefil í eistnesku.³⁹

Dreifibréfinu lýkur með þessum orðum: „Við heitum á hvern Eistlending, einkum þó æsku landsins, að berjast fyrir raunverulegu eistnesku, sósíalísku ráðstjórnarlýðveldi og fyrir tilveru eistnesku þjóðarinnar. Hið eistnesk-sósíalíska ráðstjórnarlýðveldi skal vera Eistlendinga sjálfra. — Eistnesk RK.“

Erfitt er að meta, hve mikið vægi sú óánægja hefur, sem gripið hefur um sig í röðum menntamanna. Vísast mun hún ekki hafa mikil áhrif á forystu Kommúnistaflokks Eistlands, enda myndi það ekki skipta sköpum, því að sú forysta er nær áhrifalaus í Moskvu. Í svo stéttskiptu þjóðfélagi sem hinu rússneska, eru samskipti þegnanna yfir stéttarmúrana margvíslegum takmörkunum háð. Því er líklegt, að menntamennirnir muni ala óánægjuna með sér, einangraðir frá öðrum borgurum. Þar fyrir utan er erfitt og hættulegt að koma innibyrðri óánægjunni og efasemdunum á framfæri. Fæstir hafa gleymt ógnaröld Stalínstímans, þegar eitt gáleysislegt orð gat gilt sem farmiði aðra leiðina til Síberíu.

Þá eru tungumálin enn einn þröskuldurinn í veginum og hindra þau marga Eistlendinga í að komast í eðlilegt samband við Rússa, jafnvel þá þeirra, sem hafa sitthvað út á Moskvuvaldið að setja. Ég spurði allmarga Eistlendinga um orðið „samizdat“, og kom þar oftast að tómum kofunum. En „samizdat“ er sem kunnugt er eins konar samheiti á neðanjarðarskrifum þeim, sem ganga mann frá manni, einkum milli háskólaborgara í Lenínsagarði og Moskvu. Ýmsir vissu þó, að slíkar bókmenntir fyrirfyndust, þótt fæstir gætu nefnt mér „samizdat“-höfunda eða verk þeirra.

Mér fannst eins og litlar líkur væru til þess, að eistneskir andófsmenn vildu hafa samvinnu við þjóðernissinna í öðrum órússneskum lýðveldum. Til dæmis virtust Georgíumenn og aðrir Kákasusbúar síst vinsælli en Rússar í Eistlandi. Og hið ótrúlega var, að Eistlendingar virtust ekki finna til neinnar samkenndar með öðrum minnihlutabjóðum ráðstjórnarsambandsins gagnvart hinum rússnesku húsbandum.

Hatrið, sem beinist að Rússum og stafar af hersetu þeirra, tvinnast saman við frumstæða andúð á þeim sem útlendingum. Einnig virðist margur Eistlendingurinn eiga erfitt með að greina á milli, hvort andstaða hans beinist gegn hinu stjórn mála- og hagkerfi, sem ráðstjórnarskipulagið er, eða að Rússum sem hataðri hernámsþjóð. Vissulega er þetta miður, — en hversu mörgum Eistlendingum geðj-aðist að Þjóðverjum, meðan landið var hernumið af nasístum? Og hvernig var Bandaríkjamönnum til japönsku þjóðarinnar eftir árásina á Perluhöfn? Þar sem ráðstjórnin heimilar ekki opinskáar umræður um mál þjóðanna, sem að ríkinu standa, munu þjóðernisfordómar halda áfram að krauma undir yfirborðinu um ókomna tíð.

Samskipti einstaklinganna

Eistlendingum er lagið að sýna hina þöglu andstöðu sína gegn rússnesku hernámsaðilunum. Iðulega neita Eistlendingar að svara þeim, sem yrða á þá á rússnesku, jafnvel þó þeir viti, að í hlut eigi Rússi, sem ekki skilur orð í eistnesku. Þegar ég bar við að ávarpa ókunna samlanda mína á rússnesku, sögðu þeir mér einatt að koma mér til helvítis eða nánar tiltekið til Síberíu. Óþarfi er að taka fram, að viðtökurnar voru mun blíðlegri, ef ég talaði ensku, þýsku eða önnur erlend tungumál.

Í inngangsspjalli fyrsta kaflans drap ég á tvo þætti, sem skoða má sem þjóðleg sérkenni og ögrun við rússnesk áhrif. Annar felst í því, hversu fólkið leitast við að klæða sig á vestræna vísu og hinn hversu mikill áhugi er á útsendingum finnska sjónvarpsins og vestrænum útvarpssendingum.

Á ferðalögum mínum heyrdi ég ósjaldan á tal skólabarna, sem klifuðu á, hversu heimskir og skítugir Rússar væru. Og aðrir Eistlendingar þvertóku fyrir, að Ráðstjórnarríkin hefðu nokkurn tíma náð árangri, sem ástæða væri til að gera veður út af. Verkamaður einn spurði mig: „Hvað er svo sem snjallt við að senda geimför, spútníka, út í geiminn, þegar það er ekki hægt án þess að þrælka aðrar þjóðir og neyða þær til að framleiða handa sér mat og alls konar aðrar vörur?“

Kvöld eitt sá ég tvær eistneskar stúlkur á rölti um einn af grasgörðum Tallinnborgar. Þær mættu þremur ungum Rússum, sem gerðu sér dælt við þær. En stúlkurnar sögðu vonbiðlunum að „fara fjandans til“ á litríkri eistnesku. Mér komu þessi harkalegu viðbrögð nokkuð á óvart og áræddi að spyrja stúlkurnar, hverju þetta sætti. En furðan var sannarlega gagnkvæm. „Hvað, sástu ekki, að þetta voru Rússar, eða hvað?“ sagði önnur stúlkan. Hún bætti því við, að ekki væri fátítt, að þær og félagar þeirra neituðu að dansa við Rússa í danshúsum eða samkvæmum.

Trúlega myndu Bandaríkjamenn, og aðrir þeir, sem fordæma þjóðernis- og kynþáttahatur, hneykslast á því Rússahatri, sem þessi tvö dæmi lýsa. En hafa verður í huga allar þær hörmungar, sem Eistlendingar hafa þurft að ganga í gegnum, eftir að Rússar hernámu landið 1940. Nauðungarflutningarnir, ógnarstjórnin, stórkostlegur innflutningur Rússa og rússneskjunar-aðgerðir skýra þessi viðbrögð fyllilega, þótt þau réttlæti þau ef til vill ekki. Þetta hatur hefði aldrei vaknað í brjóstum sjálfstæðra Eistlendinga. Á árunum milli styrjalda sýndu Eistlendingar minnihlutahópum í landinu einstakt umburðarlyndi, ekki síður Rússum en öðrum, með lögum, sem veittu Rússum algjört sjálfsforræði í eigin menningarmálum. Er þetta enn eftirtektarverðara, þar sem rússneska keisarastjórnin hafði áður reynt að rússneskja eistnesku þjóðina með valdi.

Ýmsir Eistlendingar eru þeirrar skoðunar, að nauðsynlegt sé að efla mótstöðukraft þjóðarinnar með öllum tiltækum ráðum, þar sem staðið er að rússneskjun með svo miklum þunga og krafti. Þessir menn telja, að ala verði á hatri og fordómum gagnvart hinum erlendu húsbændum, því að tilgangurinn sé að bjarga lífi þessarar smáþjóðar, og hann helgi vissulega hin ógeðfældustu ráð.

En eistneskt þjóðarstolt elur einnig af sér viðkunnanlegri þjóðernisvopn, sem beitt er inn á við til að efla styrk þjóðarinnar, en ekki út á við til að skaprauna óvininum.

Síðasta sönghátíðin, sem haldin var árið 1969, bar eistneskri þjóðernisvitund stórkostlegt vitni. Dæmigert var, að rússneskum söngkórurum, sem sóttu landið heim, var eins fálega tekið og lágmarkskurteisi framast leyfði, en stúdentasöngkórurum frá frændlandinu Finnlandi var tekið með kostum og kynjum og fagnað innilega. Eistnesk þjóðlög voru langfyrirferðarmest á efnisskrá sönghátíðarinnar. Til þess að rækja kommúnískar rétttrúnaðarskyldur var gamall söngur um „flokk Leníns“ sunginn nokkrum sinnum á dag.

Tilfinningar áheyrenda komu skýrast í ljós á síðasta degi þessarar miklu sönghátíðar. Næstsíðasta lagið, sem flutt var þann dag, var „Mu isamaa on minu arm“ (Fósturjörðin er mín æðsta ást). Textinn er eftir 19. aldar skáldkonuna Lydia Koidula, en tónlistina gerði færasta tónskáld Ráðstjórnar-Eistlands, hljómsveitarstjórinn Gustav Emesaks. Þetta verk er orðið einskona óopinber þjóðsöngur. Þjóðsöngur sjálfstæðistímabilsins hefur verið bannaður, rétt eins og blá-svart-hvíti þjóðfáninn frá þeim tíma og herfáninn, sem skryddur var þremur hléborðum.

Hátíðarnefndin, sem sá um sönghátíðina árið 1960, útilokaði „Mu isamaa on minu arm“ frá efnisskránni. En eftir að hátíðarhöldunum hafði verið slitið opinberlega, tók mannfjöldinn skyndilega að syngja þetta lag, meðan lögreglumenn reyndu árangurslaust að fá fólkið til að setjast eða yfirgefa hátíðarsvæðið. Sama varð upp á teningnum eftir síðustu hátíð, og 250 þúsund manns kyrjuðu þennan söng samhljóða eftir að hátíðinni hafði opinberlega verið slitið. Enn er fólk að minnast þess hve sönghátíðin hafi verið ógleymanleg, og auðfundið er, að allir hlakka til þeirrar næstu, sem fram fer í ár, 1973.

Afstaðan til Bandaríkjanna

Mörgum kemur á óvart, hve Eistlendingar bera hlýjan hug til Bandaríkjanna. Sjálfur fylgdist ég með körfuknattleikskeppni, þar sem áttust við bandaríska Olympíuliðið, eistneskt og lettneskt lið og rússneskt unglingslið. Rússneska liðið var ekki fyrr komið inn á völinn en áhorfendur tóku að þúa og blístra. Ungur maður, sem stóð í seilingarfjarlægð frá mér, var hætt kominn. Rússneskum lögreglumanni, sem stóð nærri piltinum, mislíkaði, er strákur bulaði að rússneska fánanum, þreif til hans og hugðist hafa hann á brott með sér. Mér tókst að skerast í leikinn með því að grípa til myndavélarinnar og segja nokkur orð á ensku. Ekki mátti þó tæpara standa. Fát kom á lögreglumanninn, og hann sleppti piltinum og strunsaði burt.

Er hann var farinn, spurði ég unga manninn, hvernig hefði farið, ef orðið hefði af handtökunni. Hann yppit öxlum og sagði: „Þeir hefðu líklega fært á spjaldskrá, að mér væri ekki treystandi, og það fól í sér, að mér yrði aldrei veitt ferðaleyfi úr landinu. Það myndi svo sem engu breyta, því að ég fengi hvort eð er ekki slíka heimild, þar

sem faðir minn hefur verið í einangrunarbúðum í Síberíu í rúm tíu ár.“ Ég ræddi við leikmenn hinna ýmsu liða, eftir að kappleikunum var lokið. Bandaríkjamenn voru í sjöunda himni yfir, hve áhorfendur hefðu stutt einlæglega við bakið á þeim, einkum í leiknum gegn Rússum. Fyrirlíðinn sló botninn í umræðurnar: „Reyndar er þetta alltaf þannig, þegar við keppum í landamæraríkjum Ráðstjórnarríkjanna. Þú hefur átt að sjá okkur leika í Kænugarði, höfuðborg Úkraínu. Ég hélt að þakið myndi rifna af kofanum, þegar við skoruðum sigurkörfuna gegn rússneska liðinu.“

Ég varð var við áþekkan hlýhug til Bandaríkjanna meðal háskólastúdenta, jafnvel þótt þeir teldu Bandaríkin ekkert fyrirmyndarþjóðfélag. Þess vegna spurði ég rektor Tartu-háskóla, hvers vegna stúdentar og annar æskulýður í landinu hefði svona lítið út á Bandaríkin að setja. Hvers vegna til dæmis hefðu þeir ekki mótmælt stefnu Bandaríkjastjórnar í Víetnam? Svar rektorsins var efnislega á þessa leið: „Hér þurfum við ekki á neinum slíkum mótmælaaðgerðum að halda. Við höfum sjálfir bitra reynslu af stríðum, og þess vegna erum við öll andstæðingar stríðsreksturs Bandaríkjamanna í Víetnam. Til að mynda eru stríð bönnuð með lögum í Ráðstjórnarríkjunum. Ef til vill lýsir það best friðarást okkar, að til skamms tíma var bannað að versla með stríðsleikföng fyrir börn.“

Ég spurði þá, hvers vegna það bann hefði verið afnumið. Hvort það merkti, að Ráðstjórnarríkin væru ekki eins friðelskandi og fyrr? „Þau eru leyfð, vegna þess að börn verða að læra að þekkja grimmilegar staðreyndir lífsins,“ svaraði rektorinn. „En ef óþarfi er að ganga í mótmælaskyni gegn Víetnamstríðinu af þeirri ástæðu, að allir væru á móti því, hvers vegna eru þá allar þessar eilífu göngur, spjöld og „sjálfboda“-yfirvinna nauðsynlegar til að heiðra Lenín?“ Jú, rektorinn hélt nú, að þar gegndi aldeilis öðru máli: „Lenín er því sem næst heilagur, ekki einungis í okkar landi (Ráðstjórnarríkjunum), heldur er hann tignaður af öllu framfarasinnuðu fólki um allan heim.“

Stjórnmalaskrýtlur

Einn þáttur hinnar óvirku andstöðu birtist í beittum stjórnmalaskrýtlum, sem ganga mann frá manni. Oftast er þeim beint gegn vöruskorti og lélegum verslunarvarningi, leiðtogum landsins og flokksins og kommúniskri hugmyndafræði. Þessar skrýtlur virðast vera einskonar öryggisloki með þjóðum Austur-Evrópu og heyrast því oft í margbreytilegum útgáfum. Nokkrar dæmigerðar skrýtlur ættu að geta gefið nokkra heildarmynd af þessum þætti andófsins.⁴⁰

Einstaklingsdýrkunin er efniviður margra skopsagna líkra þessum:

„Heyrðu, af hverju límast frímerkin með Brezhnev-myndinni svona illa á umslögin?“

„Það er af því, að fólkið spýtir á vitlausa hlið á þeim.“

Árið 2000 situr drenghnokki hjá pabba sínum: „Pabbi, hverjir voru þessir Brezhnev og Kosygin?“

„Ég er nú ekki alveg viss um það, vinur, en þó er eins og mig minni, að þeir hafi verið einhverjar stjórnmálabullur á Solzhenítsyn-tímanum.“

Síðari sagan minnr á orð Nóbelskáldsins sjálf, en það sagði einhvern tíma, að mikill rithöfundur væri eins og önnur ríkisstjórn í landinu. Ef til vill er þar komin skýringin á því, hvers vegna ungir og gáfaðir Eistlendingar kjósa heldur að verða rithöfundar, einkum ljóðskáld, en að öðlast frama innan Kommúnistaflokksins.

Spaug um kommúníska hugmyndafræði eru ekki sjaldgæfari en ádeilur á flokksbroddana í og Tallinn. Hér eru nokkur dæmi:

Hið fyrsta er sótt í, hvernig díalektísk efnishyggja raðar mannkynssögunni í fimm þrep, sem taka hvert við af öðru: Forsaga steinaldarmanna, þrælalald, lénskipulag, kapítalismi og kommúnismi.

Í sögunni er spurt: „Hvað er kommúnismi?“

Þá er svarað: „Það er sósíalískt þjóðskipulag, sem fengið hefur tæknimeningu sína frá steinöldinni, félagslegt kerfi frá þrælatímabilinu, helgivald sitt frá lénskipulaginu og arðrán verkamannanna frá kapítalísmannum.“

Einnig er nýlendustaða Eistlands gagnvart Ráðstjórnarríkjunum oft höfð að skotsþæni.

„Hvaða land skyldi vera hið stærsta í heimi?“

„Blessaður vertu, það er Eistland. Landamæri þess liggja að Eystrasalti, höfuðborg landsins er Moskva, og þjóðin býr í Síberíu.“

„Já, en hvaða land skyldi vera hið hlutlausasta, sem í heiminum finnst?“

„Nú auðvitað er það Eistland, því hér tókum við ekki einu sinni afstöðu í eigin málum.“

Ég verð að geta þess, að á ferðum mínum bárust mér iðulega til eyrna alls konar kvíksögur, sem gjörsamlega voru úr lausu lofti gripnar. Þannig fullyrtu margir í mín eyru, að rússneska væri skyldugrein strax í fyrsta bekk, en svo er alls ekki, eins og áður er sagt. Þetta er eitt dæmið um, hve erfitt er að fá réttar og greinargóðar upplýsingar í Eystrasaltlöndum. Sérstaklega eiga erlendir fréttamenn, sem ekki tala eistnesku, við ramma reip að draga í þessum efnun, ef þeir fá þá að heimsækja landið á annað borð. Þeir eru mjög háðir upplýsingum, sem opinberir aðilar láta þeim í té fyrir meðalgöngu opinberra túlka. Einkum eiga þeir fjölmörgu vestrænu fréttamenn í Moskvu, sem ekki skilja rússnesku, í miklum erfiðleikum af þessum sökum. Og jafnvel þótt fréttamaður vilji gæta sannsýni í fréttaflutningi, verður hann að gæta fyllstu varúðar. Gerist hann svo djarfur að minnst til dæmis á hin viðkvæmu þjóðernismál í Eistlandi, Lettlandi og Litáen, má hann eins búast við brottvísun úr landinu, ferðahömlum í Ráðstjórnarríkjunum eða öðrum refsiaðgerðum af hálfu yfirvalda. Þessi aðstaða knýr fréttaritara í Ráðstjórnarríkjunum til að ritskóða eigin fréttir, svo að þeir geti gegnt starfi sínu óáreittir. Hvað skyldu margir fréttalesendur gera sér grein fyrir þessum áhrifavöldum, er þeir lesa fréttir að austan?

Með hliðsjón af þeirri reynslu, sem ég hef af Ráðstjórnar-Eistlandi og öðrum lokuðum þjóðfélögum, sem reist eru á annars konar hugmyndafræði, held ég, að

mér sé óhætt að setja fram eftirfarandi reglu: Í þjóðfélagi, sem býr við hatramma ritskoðun, þar sem upplýsingar yfirvalda um þau mál, sem helst eru á döfnni, eru af eins skornum skammti og hugsast getur, eru óopinberar upplýsingar, einkum í formi kviksagna, óendanlega miklar. Eða með öðrum orðum: gegndarlausar kviksögur og getgátur eru óhjákvæmilegar í lokuðu þjóðfélagi eins og undir ráðstjórn.

9. kafli

Eistland og framtíðin⁴¹

SVO SEM SÝNT VAR FRAM Á Í 8. kafla, er hin „óvirka“ andstaða gegn hernámi Rússa enn mjög öflug í Eistlandi. En hvað ber framtíðin í skauti sér? Mun rússneskjunin ná því marki, sem húsbændurnir í Kreml hafa sett? Eða mun þjóðernisbaráttu Eistlands vaxa fiskur um hrygg?

Rússneski rithöfundurinn Andrej Amalrík og nokkrir tékkneskir ráðstjórnarfræðingar settu fyrir nokkrum árum fram kenningu um, að upplausn ráðstjórnarsambandsins myndi hefjast í Eystrasaltslöndunum og Úkraínu í byrjun níunda áratugar tuttugustu aldar.⁴²

Til að auðvelda lesandanum að meta þróun mála í Eistlandi í réttu samhengi og eins til að auka innsæi í framtíðina ætla ég að rekja í örfáum orðum atburðarás síðustu áratuga.

Er sjötti áratugur gekk í garð, voru eistnesk þjóðmál neðst í miklum öldudal. Tíundi hluti þjóðarinnar hafði verið neyddur í útlegð, fluttur í vinnubúðir eða verið drepinn á heimsstyrjaldarárunum. Svipaður mannfjöldi var fluttur nauðugur til Síberíu eftir að stríðinu lauk, aðallega vegna andstöðu við samyrkjubúskap, sem verið var að koma á með valdi um þær mundir. Stórfelldur innflutningur Rússa hófst til þess að fylla í þær eyður, sem sköpuðust vegna allra þessara aðgerða. Menn-ingarlífið var í molum. Minnsta frávik frá flokkslínunni gat kostað nokkurra ára þrælkun í sérstökum stofnunum í Síberíu. Opinberlega var ýtt undir, að menn njósnuðu og gæfu upplýsingar um náungann. Enginn var óhultur, og andrúmsloftið var þrungið ógnum og skelfingu. Skæruliðahópar höfðust við í skógum landsins, en jafnmiklar líkur voru á, að þeir hefðu styrk til að hrekja ráðstjórnarherinn úr landi, og hornsíli gæti ógnað búrhveli. Lífskjör voru mun lakari en á sjálfstæðisárunum. Það var því drungalegt andrúmsloft í Eistlandi í byrjun sjötta áratugar og framtíðin virtist þó enn skuggalegri.

Tíu árum síðar hafði mesta ógnargerræðinu þó verið létt af. Nauðungarflutningar fólks í þúsundatali áttu sér ekki lengur stað, og flestir þeir, sem lifað höfðu af þrælkunina í vinnubúðunum, höfðu fengið að snúa heim. Eistlendingar voru hlutfallslega jafnstór hluti af íbúum landsins og áratug áður. Og þó að ný rússnesk innflytjendabylgja virtist í vændum, þá var hættan á, að Eistlendingar yrðu minni-

hlutahópur í eigin landi, ekki jafnóskapleg og á dögum Stalíns. Og í lok sjötta áratugar voru sett á laggir svæðisbundin þjóðhagráð (*sovmarkhozes*) til að vinna að efnahagsumbótum, og varð starf þeirra til þess, að sjálfstjórn lýðveldanna óx nokkuð að þessu leyti. Þá hafði aðeins rofað til á menningarhimninum. Og farið var að veita gömlu fólki og farlana, sem orðið var ófært til vinnu, heimild til þess að flytjast til ættingja á Vesturlöndum. Og loks var fólki leyft að skrifast á við vini og ættingja, sem dvöldust erlendis, en þó urðu öll bréfaskipti að sæta strangri ritskoðun.

Í samanburði við áratugina tvo á undan varð þróunin á sjöunda áratug mjög í þá átt að bæta líffskilyrði eistnesku þjóðarinnar, auðvitað innan þess ramma, sem ráðstjórnarskipulagið setur. Innflutningur rússneskra borgara hélt áfram, og lág tíðni eistneskra barnsfæðinga varð til þess, að hlutur Eistlendinga í íbúaföldanum minnkaði til muna. En tengsl við Vesturlönd urðu nánari, sérstaklega með auknum ferðamannastraumi til landsins. Æ fleiri Eistlendingar af Vesturlöndum, þó mikill minnihluti útlagahópsins, sóttu ættingja í Eistlandi heim, en hinir síðarnefndu fengu sjaldan tækifæri til að endurgjalda þær heimsóknir eða ferðast almennt úr landi.

Við upphaf sjöunda áratugar er enn mjög þröngt í búi hjá þeim, sem byggja sveitir Eistlands, en eftir því sem á tuginn leið, skánaði efnislegur aðbúnaður manna á samyrkjubúum Eystrasaltslandanna. Og Eistland varð vettvangur umbótatilrauna í efnahagslífi ráðstjórnarinnar. Mikill fjörkippur var í menntamálum, rétt eins og á árunum frá 1930–1940, svo að við lá, að offjölgun væri í sumum greinum og þar af leiðandi atvinnuskortur. Þrátt fyrir ritskoðun og rússneskjun blómstraði menningin í landinu. Kommúnistaflokkur alríkisins og Kommúnistaflokkur Eistlands gáfu þjóðlegri menningu lausari tauminn, þó að þess væri ætíð gætt, að hún yrði ekki opinská um einkaeign flokksins, stjórn málin, eða um of skipulögð.

Fámennir, en beinskeyttir andófhópar spruttu upp hér og hvar í Ráðstjórnarríkjunum, jafnt í Eistlandi sem annars staðar. Þeir lögðu höfuðáherslu á kröfur um, að almenn mannréttindi væru virt. Hugsjón lýðræðis og þjóðernis þróaði enn.

Án þess að blessun sé lögð yfir núverandi ástand mála í Eistlandi eða það varið, verður að viðurkenna, að á ýmsum sviðum hafa umtalsverðar umbætur átt sér stað. Mörg ljón eru á vegi þess, sem leitast við að spá, hver framtíðarþróunin verði í Eistlandi, sérstaklega þar sem hún dregur svo mjög dóm af framvindu mála í Ráðstjórnarríkjunum öllum. Sú stjórn málaandstaða, sem þrífst neðanjarðar, skuggaráðuneyti í þess orðs fyllstu merkingu, mun ef til vill eflast svo, að áhrif hafi á þá, sem með völdin fara. Tímans tönn vinnur nú æ hraðar á jeistneskum leiðtogum innan flokks, landstjórnar og iðnaðar, og hver veit nema fyrirsjáanlegt brotthvarf þeirra skapi skilyrði fyrir viðlíka efnahagslegri, menningarlegri og jafnvel stjórnmálalegri þróun og varð í Tékkóslóvakíu 1968 — jafnvel innan Ráðstjórnarríkjanna.

Líklegt má telja, að í kjölfar framþróunar í tæknimenningu og efnahagsmálum fylgi aukin áhrif svonefndra tækniræðinga, teknokrata. Og talið er, að þeir séu ekki

eins illa flæktir í fjötra kennisetninga og gamalgrónu flokksbroddarnir. Eða eins og maðurinn sagði, hinir kommúnísku atvinnumenn eru ekki nærri eins bölvaðir og atvinnu-kommúnistarnir.

Búast má við, að tengslin við Vesturlandabúa verði aukin.

Þær miklu tálmanir, sem nú eru á ferðum Eistlendinga til Vesturlanda eru ekki góður fyrirboði, og raunar hörmulegar frá sjónarhóli Balta.

Ýmsir ætla, að vaxandi áhrif tækniræðinga muni leiða til þess, að losað verði á skrufstykkinu, sem nú kreppir að menningarlífi og pólitík og þoka muni í frjálsræðisátt. Rök þeirra eru, að ekki verði stætt á því, sé hagspekingum og tækniræðingum veitt aukið frelsi með ýmsum umbótum í efnahagsmálum, að neita þá frjálsræðiskröfum annarra menningarstétta, svo sem rithöfunda, blaðamanna og listamanna.

Þeir menn, sem ala slíkar vonir í brjósti, hafa eitthvað ruglast í ríminu, er þeir reyndu að túlka þær staðreyndir, sem lágu á borðinu. Þegar talað er um frjálsræðisaukningu í efnahagslegu tilliti, merkir það einungis, að hluti af ákvörðunarvaldi hagfræðinga og tæknimanna innan miðstjórnarkerfisins verði færður í hendur starfsbræðra þeirra innan hinna ýmsu iðngreina. Sú tilfærsla á ekkert skylt við það frjálsræði, sem aðrir menntamenn eru að berjast fyrir. Aukið frjálsræði blaðamanna og fréttaskýrenda ógnar til dæmis kerfinu mun meira en hitt, að dregið sé úr miðstjórnarvaldi á afmörkuðum sviðum.

Og sé lítið til þróunar innan Austur-Evrópu, er hvergi að finna neina vísbendingu um að efnahagslegar umbætur og stjórnmalalegar eigi samleið. Þýska alþýðulýðveldið er gleggsta dæmið um, að hægt er að koma við allvíðtækum efnahagslegum og tæknilegum umbótum án þess að slaka hið minnsta á í menningu eða stjórnmalum. Umbætur svæðisbundinna þjóðhagsráða á síðari hluta sjötta áratugar hófust eftir nokkra hláku í stjórnmalum, en hins vegar var tekið til við efnahagsendurbæturnar 1965 rétt í þann mund, sem hert var á tókunum í menningu og stjórnmalum.

Erfitt er að spá um, hvort innflutningur Rússa til Eistlands aukist eða hvort úr honum dragi. Kunnáttumenn höfðu talið, að á sjöunda áratugnum yrði mikill samdráttur í þeim mannflutningum, en síðan kom í ljós, að aldrei fluttu fleiri Rússar til landsins en á því tímabili. Engu að síður þykir engin goðgá að spá, að dregið verði úr þessum straumi Rússa á þessum áratug. Enda er það ein af þeim forsendum, sem eistneskir stjórnmalamenn og hagfræðingar gefa sér, er þeir vinna að skipulagningu atvinnulífsins. Þannig gerir núgildandi fimm ára áætlun ráð fyrir því, að aukinn hagvöxtur muni eingöngu fást vegna aukinnar framleiðni, en ekki hvíla á innflutningi vinnuafis. En engu að síður veita nýjustu tölur síst vísbendingu um, að lát sé á straumi rússneskra innflytjenda til landsins. Hinn 13. mars 1972 skýrði *New York Times* frá því, að enn flyttu um 9.000 manns árlega til Eistlands. eru það nokkur hundruð fleiri en fluttu árlega til landsins á sjöunda áratug og um 2.000 fleiri en meðalársflutningar voru á sjötta áratug.

Iðulega er því varpað fram, að sjálfkrafa muni draga úr ásókn Rússa til landsins,

vegna þess hversu Rússum fjölgar lítið. Þótt þessi kenning hafi mikið til síns máls, er ekki hægt að heimfæra hana upp á svo sérstök héruð sem Eystrasaltslöndin, nema viðtækar athuganir myndu renna frekari stöðum undir hana. Í kaflanum um rússneskjun ræddum við um tvo mikilvæga vegvísa inn í framtíðina. Annar var, að Eistlendingar myndu með tímanum mynda eldri borgarahóp þjóðfélagsins, en innflytjendurnir og þeirra afkomendur æskuna, sem landið erfir. Hinn var, að innflytjendunum væri ætlaður skásti húsakosturinn, þó að þeir stæðu oftast neðar í félagsstiganum en Eistlendingar, sem fylla mennta- og menningarstéttirnar.

Þá er í þriðja lagi einkar athyglisvert, að vegna þeirrar röskunar, sem stórfelldur innflutningur hefur á þjóðlíf, síði og venjur, er hinn hefðbundni öxull milli hinnar austlægu Tallinn, höfuðborgar stjórnmalanna, og háskólaborgarinnar Tartu, hjarta menningarinnar, að koma fram á ný. Háskólamenntaðir menn voru fjörgjafar í menningar- og stjórnmalabaráttunni, sem rann blómaskeið sitt á hinu mikla þjóðvakningartímabili síðari hluta 19. aldar. Ekki er loku fyrir það skotið, að sagan endurtaki sig. Dálítið tákn kom upp, um að sú yrði raunin, er Tartu-blaðið *Edasi* (Framsókn) tók að birta greinaflokk um þróun fólksfjölgunar í Eistlandi. Yfirvöldum þótti þessi greinaflokkur vera orðinn nógu langur, enda væri verið að fjalla um viðkvæm mál af ábyrgðarleysi. En viðleitni háskólastúdenta er annað merki um, að Tartu sé að verða vin eistneskrar þjóðernisbaráttu.

Ef til vill gætir fullmikillar bjartsýni, nánast óskhyggju, í þessari forspá. Við gerð hennar er þó aðeins gengið að því sem vísu, að sú jákvæða skipun, sem varð á ýmsum málum á sjöunda áratug haldi áfram, og einnig er tekið mið af nokkrum meginstraumum nú við upphaf þessa áratugar. En þrátt fyrir þá staðreynd, að nú horfi að ýmsu leyti betur, þá er ekki með því sagt, að eistneska þjóðin sé eða ætti að vera ánægð með núverandi ástand. Ekki er ósennilegt, að umbæturnar vekji vonir með mönnum og þær verði aftur til þess, að þeir geri kröfur um gagngerar breytingar á þjóðfélagsskipuninni.

En þó að svo færi, er ekkert í ráðstjórnarkerfinu, sem skuldbindur valdamenn til að sinna slíkum kröfum, hvort sem Rússar eða aðrir bera þær fram. Því verðum við að reyna að meta, hvort líklegt sé, að Moskvustjórnin taki upp umburðarlyndari stefnu í málefnum minnihlutabjóðanna í næstu framtíð. Þá er rétt að áreitta, að framtíð Eistlands, Lettlands og Litáens ræðst ekki aðallega af, hvaða stefnu Moskvu-stjórnin tekur upp gagnvart þessum löndum, heldur fremur af því, hvernig heildarstefna ráðstjórnarinnar í þjóðernismálum Ráðstjórnarríkjanna verður í framtíðinni.

Manntalsskýrslur frá 1970 sýndu, að Rússum er hlutfallslega að fækka í Ráðstjórnarríkjunum. Af þessum skýrslum geta jafnvel stærðfræðilegir aulabárðar séð, að um árið 2000 verða Rússar ekki lengur í meirihluta í ríkjunum. Nú riður því meir á en oft áður fyrir leiðtogana í Kreml að hugleiða af festu kröfur annarra ríkja sambandsins og reyna að styrkja þær stöðir sameiningar, sem nú eru teknar að fúna undir rússneska heimsveldinu. Hinn kosturinn er að taka upp sömu fjöldakúgun

minnihlutaþjóðanna og átti sér stað, meðan andi Stalíns sveif enn yfir vötnum. Innrásin í Tékkóslóvakíu sýnir, að núverandi leiðtogar hafa engu gleymt af því, sem gamli heimiliskennarinn í stjórnmálum kenndi þeim í Kreml, meðan hann var og hét.

Einmitt nú, við upphaf áttunda áratugar þessarar aldar, bendir ýmislegt til þess, að leiðtogarnir hafi gert upp við sig að svara kröfum minnihlutaþjóðanna með undirokun fremur en umbótum.

Eftir sem áður er það framtíðarmarkmið ráðstjórnarinnar í Moskvu að bræða allar þjóðir ríkisins í eina ráðstjórnarþjóð. Ýmsar skoðanir eru þó uppi um, hvernig og hvenær eigi að koma þessu markmiði í verk. Þessari stefnu er þó aldrei hafnað opinberlega í sjálfri sér. En fulltrúar minnihlutaþjóðanna stagast á, að þessi samruni verði að komast á með þeim hætti, að hver einstök þjóð efli með sér menningu og atorku, þar til þær standi allar jafnt að vígi og hin mikla rússneska bræðraþjóð. Þá fyrst sé tími „framtíðar-lausnarinnar“ runninn upp. Og meðan beðið er þessarar „langþráðu“ stundar, er hægt að hlúa að og þróa menningu minnihlutaþjóðanna og þjóðarbrotanna.

Enn lifir í vonarglætunum hjá sumum um, að þokast kunni í átt til frelsis og lýðræðis í Ráðstjórnarríkjum framtíðarinnar. Áður var sýnt fram á, að skortur frumstæðustu mannréttinda kemur harðar niður á Eistlendingum og öðrum áþekktum minnihlutaþjóðum en öðrum ráðstjórnarþegnum. Ef eitthvað miðaði í lýðræðisátt, myndu þeir og njóta þess í ríkari mæli en Rússar. En það hefur sýnt sig, að ráðstjórnarleiðtogarnir eru ekki ginnkeyptir fyrir frelsisaukningu, þar sem þeir óttast, að hún yrði til þess að veikja stöðu kerfisins.

Tímaritið *Time* hefur bent á, að núverandi stjórnarmálanefnd (Politburo) Kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna sé „ekki draumur tryggingasölumannsins“. Félagar þess eru yfir sextugt, og þeir eru ekki líklegir til að yfirfara hugskot sín í stjórnámálum ótilneyddir.

Og um leið virðist ýmsum sem ógnvekjandi skýjabólstrar þyrlist nú upp við sjóndeildarhringinn. Kom oft fram hjá Eistlendingum, sem ég ræddi við, að þeir óttast, að óheillavænlegar aðgerðir séu á döfinni. Til dæmis telja þeir, að til geti staðið að leggja latneska stafrófið niður með öllu og rússneska stafagerðin verði tekin upp þess í stað. Sú breyting yrði ekki aðeins til að veikja tengslin við Vesturlönd, heldur yrði að miklu leyti höggvið á rætur hins liðna. Lögleiðing rússneska stafrófsins yrði mjög áhrifamikil til rússneskjunar í Eistlandi. En þrátt fyrir allt er ekki margt, sem bendir til, að af þessu verði í bráð.

Einnig voru eistneskir viðmælendur mínir hræddir um, að Eistland, Lettland og Litáen kynnu að missa stöðu sína sem sérstök lýðveldi innan ríkisins. Afdrif Kirjálalands, Karelíu, er þeim enn í fersku minni, enda hvorki fjarlægð í tíma né rúmi. Kremlarbændum varð ljóst árið 1956, að finnskumælandi íbúar voru orðnir svo fáir í þessu sambandslýðveldi, að stöðu þess skyldi breyta úr sjálfstæðu sambandslýðveldi í sjálfstjórnarlýðveldi innan rússneska sambandslýðveldisins, lækka

Það með öðrum orðum um eitt þrep í hinu fjórskipta stjórnskipunarkerfi ríkisins. En Kirjálaland hafði vissulega sérstöðu, svo ekki er hægt að draga almenna ályktun af hvernig þar fór.⁴³

En það fer ekki heldur fram hjá Eistlendingum, að ekkert sambandslýðveldi er fámennara en þeirra og hlutur þeirra í heildaríbúafjöldanum þverr með ári hverju. Ef hlutskipti Eistlands verður hið sama og Kirjálalands, þá þrengist enn lífsbarátta eistneskrar menningar.

Í þriðja lagi bera Eistlendingar kvíðboga fyrir, að hluti Eistlands kunni að verða innlimaður í Rússland, eins og gert var 1945, þótt landið fari ekki sömu leið og Kirjálaland. En 1945 voru héruðin Virumaa og Petserimaa, sem höfðu tilheyrt sjálfstæðu Eistlandi, sameinuð Rússlandi, á þeim forsendum, að þessi landsvæði hefðu ekki verið innan landamæra Eistlands fyrir 1920. Þá var meirihluti íbúanna í þessum héruðum Rússar.

Margir Eistlendingar sögðu mér, að þeir óttuðust, að svæðin milli Tallinn og Narva myndu verða sameinuð Rússlandi, þar sem íbúarnir væru nú orðnir Rússar að meirihluta til. Ég held, að þessi ótti sé ekki á rökum reistur, þar sem íbúafjöldinn var ekki lagður til grundvallar landhelguninni 1945, heldur hinar sögulegu staðreyndir. Þá má benda á, að Kazakhstan er enn sambandslýðveldi í Ráðstjórnarríkjunum, þó að Kazakhar séu einungis orðnir um 30% af íbúum landsins.

Ekki skipti tap Petserimaa-héraðs neinum sköpum fyrir Eistland, þar sem það var líttþróað hérað í sjálfstæðu Eistlandi. Ef Rússar myndu hins vegar taka land til sín nú, þá myndi það ríða Eistlandi að fullu, jafnt efnahagslega sem pólitískt, og er tímar liðu fram einnig menningarlega. Tallinn er miðstöð iðnaðarframleiðslu, og þar er stór og mikil höfn. Kohtla Järve er miðstöð steinolúvinnslunnar, og í Narva er mikil iðnaðarvinnsla auk hinna miklu vatnsaflvirkjana. Yfirtaka þessa landsvæðis myndi sliga efnahagslíf Eistlands. Hinn hluti landsins gæti ekki einn veitt efnahagsleg lífsskilyrði, svo að ekki myndi líða á löngu, þar til landið yrði svipt réttarstöðu sinni sem sambandslýðveldi.

Hið fjórða, sem menn hafa áhyggjur af, er, hvert verði hlutskipti eistneskrar menntunar, þegar meirihluti barna á skólaskyldualdri í lýðveldinu verður rússneskur. Með svipuðu áframhaldi og nú er verður svo komið innan 10 ára. Verður þá töluð rússneska í öllum eistneskum skólum? Verður eistneska ekki lengur kennd sem skyldugrein? Þegar ég ræddi um þetta við fólk árið 1970, vissi enginn, hvað yfirvöld ætluðust fyrir í þessum efnum, og því voru allir fullir efa og grunsemda.

Í framhaldi af þessu má spyrja, hver verður lífsvon eistneskrar menningar, þegar Eistlendingar verða komnir í minnihluta í flokki, skrifstofubáknum og stjórnkerfi landsins? Munu þau skipti verða til þess, að enn meira afli verði beitt til rússneskjunar þjóðarinnar án tillits til þess, hvað Moskvustjórnin ætlast fyrir í þeim málum innan alríkisins í heild? Eistlendingar óttast um framtíð þjóðar sinnar. Þá rekur minni til, að í manntali 1926 kom fram, að ráðstjórnarsambandið byggðu 169 þjóðir, sem töluðu jafnmörg mál. Nú eru þær 120. 49 þjóðir hafa orðið nauðungarflutningum,

rússneskjun og tungumálauppstökkun að bráð. Eistlendingar eru staðráðnir í að týnast aldrei sem þjóð. Sama er að segja um Letta og Litáa. Margt bendir til, að þetta muni þeim takast.

10. kafli

Er um nýlendukúgun að ræða?

INN RÁS RÁÐSTJÓRNARRÍKJANNA í Tékkóslóvakíu 1968 vakti eftirfarandi spurningu meðal margra sósíalista: Eru Ráðstjórnarríkin heimsvaldasinnað stórveldi? Samkvæmt skilgreiningum Leníns var heimsvaldastefna hæsta stig kapítalismans og samkvæmt því gátu heimsvaldastefna og sósíalískt ríki vart farið saman. En ekki hafa allir marxistar talið fyrrnefnda skilgreiningu Leníns óskeikula. Tito, forseti Júgóslavíu, fullyrti strax árið 1948 á flokksþingi júgóslavneska kommúnistaflokksins, að „fátt einkenni ástand heimsmála meir en sú staðreynd, að Ráðstjórnarríkin birtust í hlutverki árásargjarns heimsvaldasinna, sem sæktist eftir forystu í heiminum.“⁴⁴ Skæraliðaforinginn Ernesto „Che“ Guevara sagði að úrkynjun rússnesks kommúnisma yfir í heimsvaldastefnu ráðstjórnarinnar „væri mesta svikamylla, sem upp hefði komið í veröldinni.“⁴⁵ Og Kínverjar fordæma ráðstjórnarleiddoga sem „heimsvaldasinna“ og „nýja keisara.“

Eftir að Stalínstímabilinu lauk, hafa ýmsir vestrænir kommúnistar reynt að endurvekja hugmyndir Leníns og þær umræður, sem urðu á bernskuskeiði Ráðstjórnarríkjanna. Skömmu áður en Lenín lést, endurskoðaði hann stefnu sína um þjóðir ríkisins frá rótum. 1923 fordæmdi hann Stór-Rússa-stefnu þá, sem Stalín framfylgdi í heimaríki sínu, Georgíu. Stuttu síðar fékk Lenín hjartaáfall, sem varð honum að aldurtíla.⁴⁶ Flokksþingið, sem haldið var 1923, samdi langa og umburðarlynda ályktun um þjóðernismál ríkisins. Ári síðar var Lenín allur, og viðvaranir hans gegn stórrússneskum gorgeir gleymdust skjótt. Ekki var lengur vitnað í ágæta setningu, sem hann notaði til að slá botninn í eina af síðustu greinum sínum: „Réttindi Georgíumanna, Úkraínnumanna og annarra ráðstjórnarþjóða varða mun meiru en þörfin á miðskipun stjórnvaldsins, sem Stalín leggur nú ofurkapp á, til þess að réttlæta hálfgerða heimsvaldastefnu gagnvart undirokuðum þjóðum.“⁴⁷

Lenín var ekki svo glámskyggn að halda, að heimsvaldastefna hefði ekki viðgengist fyrir daga kapítalismans, en hann taldi ekki, að sú stefna mundi lifa af uppgjöf kapítalismans og umskipti til sósíalisma.

Októberbyltingin mikla 1917 gerði ekki annað en stöðva um stund uppbyggingu keisaraveldisins. Samþykktar voru yfirlýsingar um réttindi hinna ýmsu þjóða, sem landið byggðu. Allar þjóðir áttu að vera fullvalda og jafnar og hafa rétt til að stofna

sjálfstætt ríki. Ekki leið þó á löngu, þar til hugsjónir og raunveruleiki fjarlægðust æ meir hvort annað í þessum efnunum sem öðrum og sáust ekki árum og áratugum saman. Ljóst varð, að „nýju keisararnir“ höfðu síst kastað heimsveldisáformum fyrri keisara fyrir róða. Gamla franska spakmælið sannaðist enn: Plus ça change, plus c'est la même chose (Því stórbrotnari sem breytingarnar eru, því meira er allt gjörsamlega óbreytt).

Leyfum tölunum að tala og skýra sögulega þróun þessara mála. Árið 1505 náði rússneska heimsveldið yfir um 2,2 milljón ferkílómetra (0,85 milljón fermílna), en 1914 hafði það þanið sig yfir 22,3 milljón ferkílómetra (8,6 milljón fermílna). Í fjórar aldir hafði Rússland stækkað um 130 ferkílómetra hvern einasta dag. Stærsta landaukningin varð auðvitað við æ stórbrotnari innlimun á öðrum þjóðum í Rússland. Meðan á byltingu bolsévika stóð og í borgarastyrjöldinni, sem í kjölfar hennar fylgdi, endurheimtu nokkrar þessara þjóða sjálfstæði sitt. En það var skammgóður vermir, því að þær voru fljótlega innlimaðar í Ráðstjórnarríkin, sum innan árs, en Eystrasaltsþjóðirnar ekki fyrir en með seinni heimstyrjöldinni. Ráðstjórnarríkin urðu 8,6 milljónir fermílna á ný. Til samanburðar má skoða breska heimsveldið sem var 12,8 milljónir fermílna 1914 og 83 þúsund fermíllur 1970. Sambærilegar tölur um franska nýlenduveldið eru 4,0 milljón fermílna og 58 þúsund fermíllur.

Síðarnefndu nýlenduveldunum tveimur hefur auðnast að bæta upp landatapið með því að taka upp ný efnahagsleg samskipti við nýlendurnar. En Moskvu-valdinu hefur hins vegar tekist að ná enn sterkari efnahagstökum á nýlendum sínum án þess að veita þeim snefil af sjálfstæði í stjórnámálum. Og nú er svo komið, að ekkert ríki ógnar þeirri stöðu Ráðstjórnarríkjanna að vera mesta nýlenduveldi heimsins.

Þrátt fyrir mannlega og efnislega eyðileggingu plægði heimstyrjöldin síðari jarðveginn fyrir hástígrússneskrar heimsvaldastefnu. Allmörg svæði, sem voru í skugga almættis rússnesku keisaranna, voru innlimuð í Ráðstjórnarríkin. Þeirra á meðal voru Eystrasaltslöndin, hluti Finnlands og Póllands, austur af Curzon-línunni, þá Königsberg, Austur-Galísía, Norður-Búkovína og Karpata-Úkraína. Auk þess jukust rússnesk áhrif stórlega í Austur-Evrópu fyrir tilstilli Rauða hersins. Hinn dæmigerði, klassíska heimsveldisdraumur Ráðstjórnarríkjanna birtist sem fyrir í yfirtöku lands með hervaldi.

Á þessu urðu þó breytingar, eftir að Stalín var allur. Reyndar vitnuðu Kremlar-bændur á stórhátíðum og kváðust halda fullri tryggð við lokatakmarkið: leiðsögn Ráðstjórnarríkjanna í veröldinni, eftir að heimsbyltingin hefði farið fram. En byltingin og hugsjónin urðu raunar ekki annað en skraut um hefðbundna utanríkisstefnu, sem laut alfarið rússneskum þjóðarhagsmunum á hverjum tíma.

Nú á síðustu tímum, á meðan friður hefur verið tryggður með ógnarjafnvæginu milli risaveldanna, hafa Ráðstjórnarríkin fylgt þeirri óskráðu reglu, að forðast áreitnar hernaðaraðgerðir. (Í endurgjaldsskyni hafa Bandaríkin gengið skilyrðislaust að því að leitast ekki við að veikja stöðu Ráðstjórnarríkjanna í Austur-Evrópu né ýta

undir frjálsræðishreyfingar í Eystrasaltsríkjunum og öðrum þjóðarbrotasvæðum í Ráðstjórnarríkjunum.) Þó má alls ekki gleyma þeirri staðreynd, að ríki ráðstjórnarinnar er í eðli sínu heimsvaldahreyfing. Sú rússneska umsköpun í Austur-Evrópu, sem gerð var eftir lok heimsstyrjaldarinnar síðari, niðurbæling uppreisnartilraunar Austur-Þjóðverja 1953, blóðbaðið í Ungverjalandi 1956 og innrásin í Tékkóslóvakíu er hörmulegt, en nauðsynlegt víti til varnaðar fyrir framtíðina. Koma mun fram, að vöxtur einangrunarhyggju í Bandaríkjunum mun bjóða útfærslu rússneskrar heimsvaldastefnu heim.

Tæki rússneskrar heimsvaldastefnu⁴⁸

Styrkustu stoðir, sem rússnesk heimsvaldastefna styðst við um þessar mundir, eru:

1) Varsjáráttmálinn milli átta Austur-Evrópuríkja, sem gekk í gildi 1955. Meginástæðan til þess sáttmála kann að vera nauðsynin til að veða á móti NATO, sem stofnað var 1949 sem varnarbandalag vestrænna þjóða. Þó sýna þeir atburðir, sem urðu í Ungverjalandi 1956 og Tékkóslóvakíu 1968, að Varsjárbandalagið er ekki eingöngu til varnar, heldur má nota það til að ná heimsvaldamarkmiðum Ráðstjórnarríkjanna. Einnig má benda á hinar miklu heræfingar á landamærum Júgóslavíu og Rúmeníu, sem haldnar voru til þess að benda hinum ofsjálfstæðu leiðtogum þessara landa á, að stóri bróðir gæfi þeim gætur.

2) Markaðsbandalagið COMECON. Bandalag þetta er að vissu leyti andsvar við efnahagslegum samruna á Vesturlöndum, einkum þó Efnahagsbandalagi Evrópu. En tilgangurinn er einnig sá að gera Austur-Evrópuþjóðirnar enn háðari Ráðstjórnarríkjunum.

3) Ráðstjórnarríkin eru, eins og aðrar stórar þjóðir, tiltölulega óháð utanríkisverslun vegna mikilla náttúruauðæfa. Því eru þau þess umkomin að nota verslun við önnur ríki í stjórnmálatilgangi fremur en sem hagstjórnartæki, og þannig geta þau aukið enn ósjálfstæði Austur-Evrópuþjóðanna gagnvart Ráðstjórnarríkjunum.

4) Aðstoð við þróunarlöndin. Með því að veita Kúbu geysilega efnahagsaðstoð hefur Ráðstjórnarríkjunum tekist að ná fötfestu í Vesturálfu. Menntamönnum frá þróunarlöndunum er veitt menntun í Ráðstjórnarríkjunum í von um, að þeir muni vinna að yfirtöku kommúnista í löndum sínum eða að minnsta kosti auka samskipti og tengsl við Ráðstjórnarríkin, er þeir snúa heim.

5) Vopnasendingar til óróa-svæða víða um heim: Ráðstjórnin sendi eldflaugar til Kúbu 1962. Mikil hernaðaraðstoð er veitt Egyptum, og ráðstjórnarflugmenn hafa tekið þátt í bardögum yfir Súez-skurði. Miklar vopnasendingar voru til Nígeríu og Írak, er Biafra-stríðið og stríðin í Kúrdistan stóðu yfir.

6) Víðtæk nýsnotastarfsemi um allan heim.

7) Áframhald vígbúnaðarkapphlaupsins, samfara áköfum áróðri fyrir afvopnun og friðsamlegum samskiptum þjóða í milli. Þessa aðferð notaði Stalín allt frá 1927 og Lenín notaði á undan honum hugtakið „perediska“ (hlé til að anda). Þessi

stefna, að friða fólk og lægja öldurnar, miðar að því að fá vestrænar þjóðir til að láta af vígbúnaði, meðan opnaðar eru nýjar leiðir til að víkka yfirráðasvæði sitt út.

8) Áróðursáhrif hjá Sameinuðu þjóðunum og öðrum alþjóðastofnunum. Sendinefndir ráðstjórnarinnar hafa ætíð and-heimsvaldasinnuð vígorð og and-nýlendusinnuð á vörum, sérstaklega til að ná eyrum þróunarlanda. En um leið framfylgja Ráðstjórnarríkin harðvítugri nýlendustefnu og heimsvaldastefnu innan eigin áhrifasvæðis. Fáir hafa orðað þetta framferði betur en Lenín: „Sósíalismi í orði, heimsvaldastefna á borði.“

Hvað býr að baki rússneskri heimsvaldastefnu?

Ýmsir marxistar ásaka ákveðna einstaklinga fyrir heimsvaldastefnu Ráðstjórnarríkjanna og þá einkum Stalín. Þessi kenning er reyndar eins and-marxísk í sjálfu sér og frekast getur verið, þar sem hún gerir einstaklingum svo hátt undir höfði um mótun sögunnar. Miklu nær er að benda á byltingarhugmyndafræði Ráðstjórnarríkjanna, sem boðar heimsforráð ríkisins. Alræði og einræði hins sósíalíska þjóðskipulags gerir leiðtogum landsins kleift að framfylgja heimsvaldastefnu án þess að eiga nokkra andstöðu á hættu heima fyrir. Þessi hugmyndafræði og auðvitað sósíalíska kerfið er að miklu leyti runnin frá ákvörðunum Leníns og Stalíns og annarra einstaklinga.

Að nokkru má skýra utanríkisstefnu Ráðstjórnarríkjanna á þann veg, að ráðstjórnin óttist ytri þrýsting, sem hún þykist standa berskjölduð fyrir. Nefna má íhlutun Vesturveldanna í borgarastríðið rússneska kringum 1920, árársstefnu Hitlers-Þýskalands á fjórða áratug og stofnun varnarbandalags vestrænna ríkja með herstöðvum eftir endilöngum landamærunum, sem snúa að Ráðstjórnarríkjunum og hinar síðustu væringar á landamærum

Hobson, Lenín og aðrir klassískir hugmyndafræðingar litu ætíð svo á, að efnahagsleg markmið væru rætur heimsvaldastefnu. Það voru engu að síður hernaðarlegir öryggishagsmunir, sem lágu að baki ákvörðun Ráðstjórnarríkjanna um að hernema Eystrasaltslönd. Hins vegar hafa efnahagsleg sjónarmið átt sinn þátt í ásælni rússneskra leiðtoga í lönd, og lýsti Stalín þeim hugsanagangi vel strax árið 1920. „Mið-Rússland, hjarta heimsbyltingarinnar, getur ekki lengi verið án aðstoðar frá landamærahéruðunum, sem eru rík af hráefnum, olíu og matvælum.“⁴⁹ Þó að öryggishagsmunir hafi einkum legið til grundvallar innlimun Eystrasaltsríkjanna 1940, hefur hernámið síðar vakið efnahagslegan áhuga á útfærðri innlimun. Eistland hefur orðið töluverður burðarás í efnahagslífi ráðstjórnarinnar, meðal annars með því að sjá öllu Leníngarðssvæðinu fyrir raforku.

Höfuðborgin — fylgihnötturinn

Eistneskt efnahagslíf er afskræmt á okkar dögum, og það þjónar ekki eistneskum hagsmunum. Ein afleiðing þess er ofnýting á náttúruauðlindum Eistlands.

Hinn þekkti marxisti, hagfræðingurinn André Gunder Frank, hefur orðað það svo, að Eistland sé orðið efnahagslegur fylgihnöttur höfuðborgarinnar Moskvu. Allar meiriháttar ákvarðanir um eistneskt efnahagslíf eru teknar í Moskvu. Hagsmunir eistnesku þjóðarinnar verða að víkja fyrir heildarhagsmunum Ráðstjórnarríkjanna. Eistland er svo háð hinu rússneska ákvörðunarvaldi, sem situr í Moskvu, að aðstöðunni verður aðeins jafnað við stöðu nýlendu gagnvart nýlenduveldinu. Stjórn-málamarkmiðum, sem ákveðin eru í Moskvu, jafnt í efnahags-, her-, menningar- og stjórn-málum, er framfylgt með hjálp forrættindastéttarinnar á staðnum, skrifstofubákni flokksins. Hagsmunir þess hóps eru oftast hinir sömu og broddanna í höfuðborginni.

Þegar ráðstjórnarleiðtogum er borið á brýn, að þeir framfylgi nýlendustefnu, benda þeir ætíð á hina efnislegu þróun, sem orðið hefur í Eystrasaltslöndum, og gera þá ýmist samanburð á ástandinu fyrr og nú eða bera löndin þrjú saman við þróunarríki Afríku og Asíu. Walter heitinn Kolarz sýndi fram á í bók sinni *Kommúnisma og nýlendustefnu*, að hinn efnislegi mælikvarði, sem ráðstjórnarleiðtogarnir bera fyrir sig, er óraunhæfur og fær ekki staðist. Kolarz bendir á, að ætti að bregða sömu efnislegu mælistikunni á Afríkuríki, kæmi í ljós, að þróaðasta landið væri ekki Gínea, Tanzanía eða önnur sjálfstæð ríki þar í álfu, heldur Transkei, sem suðurafriísk aðskilnaðarstefna hefur skapað. Góðir skólar og iðnvæðing á háu stigi geta aldrei komið í stað mannréttinda.

En enginn hefur lýst vanda Eystrasaltslandanna betur en Sekou Touré, leiðtogi Gíneu. Er hann var að beiðast frelsi fyrir land sitt úr höndum Frakka 1958, kvæðst hann taka „frelsi í örbirgð fram yfir þrælkun í allsnægtum“.⁵⁰

Sú stefna Ráðstjórnarríkjanna að láta Eistland þróast efnahagslega, er engin undantekning frá sögu heimsvaldasinna og nýlendusinna. Það er algjör misskilningur að ætla, að heimsveldisþjóðir reyni ætíð að hefta hagvöxt í þeim löndum, sem þær undiroka. Meginmarkmiðið er, að miðstjórnarvaldið nýti aðstöðu sína til þess að beina vexti og viðgangi fylgihnattarins inn á þær brautir, sem best þjóna hagsmunum höfuðborgarinnar sjálfar.⁵¹

Ákvæði stjórnarskrárinnar

Í þessum kafla höfum við, enn sem komið er, aðallega rætt um efnahagsþætti þessa máls. Þó eru fylgikvillar yfirdrottunar Ráðstjórnarríkjanna í efnahagsmálum til-tölulega óverulegir. Skortur á andlegu frelsi, rússneskjun og stjórn-málalegt ósjálfstæði gagnvart hinum fjarlægum og erlendu valdhöfum í Moskvu eru miklu óbærilegri klafar.

Í „Stalín-stjórnarskránni“, sem sett var 1936 og staðfesti ýmis réttindi til handa sambandslýðveldunum, segir í 17. grein, að sjálfræði sambandslýðveldanna sé ekki önnur takmörk sett en greinir í afdráttarlausum hömlum 14. gr. stjórnarskrárinnar, sem raunar er hin langrækilegasta í allri stjórnarskránni.

14. greinin kveður á um alræðisvald alríkisstjórnarinnar í varnarmálum, utanríkismálum, öryggismálum, breytingum á landfræðilegri skiptingu, efnahagslegri áætlunargerð, lána- og peningamálum, menntun og svo framvegis. Alríkisstjórnin í Moskvu hefur því miklu meiri völd en nokkur önnur stjórn hefur innan sambandsríkis í víðri veröld. Meira að segja hugmyndafræðilegt sjálfræði sambandslýðveldanna er því mjög takmarkað.

Sérstaða rússneska sambandslýðveldisins gerir sambandsríkjakerfi ráðstjórnarinnar enn frekar að ævintýralegu rugli, sem ekkert á skylt við raunveruleikann. Þetta eina sambandslýðveldi er víðlendara en öll hin saman lögð. Það nær yfir um 3/4 hluta alls lands í Ráðstjórnarríkjunum, og þar býr meira en helmingur þjóðarinnar. Iðnaðargetan er einnig mjög umfangsmikil í þessu lýðveldi.

Þá er sjálfræði hinna lýðveldanna enn minna en ella vegna forystuhlutverks Kommúnistaflokksins. Nú orðið er jafnvel staðfest í stjórnaðarskránni, að Flokkurinn sé æðri en landstjórnirnar (grein 126). Samkvæmt hinni viðurkenndu meginreglu um lýðræðislega miðstjórnun eru ákvarðanir, sem æðstu flokksstofnanir í Moskvu taka, bindandi fyrir flokkana í sambandslýðveldunum. Er þetta eitt atriði enn, sem sýnir hvílík blekking felst í því að tala um sjálfræði sambands lýðveldanna. Hið svokallaða „ráðstjórnarlýðræði“ eða „alþjóðahyggja öreiganna“ er í raun réttir ekki annað en einræði Kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna undir forystu Rússa.

Tveim helstu valdamíðstöðvum Kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna, stjórn-málanefndinni (Politburo) og Æðsta ráðinu, er stjórnað af Rússum. Eftir flokksþingið 1971 voru 8 Rússar, 4 Úkraínumenn, 1 Hvít-Rússi, 1 Kazakhi og 1 Letti í stjórn-málanefndinni. Lettinn er Arvid Pelshe, stalínisti, sem flestir Lettar líta fremur á sem Rússa en Letta. Hann hefur hvað eftir annað ráðist harkalega á þjóðernis-tilhneigingar í eigin lýðveldi og minnir þar nokkuð á Stalín, Georgíumanninn, sem varð mesti talsmaður stórrússa-hrokans, sem uppi hefur verið. Aðalritari flokksins, Leoníd Brezhnev, er Rússi eins og allir hinir meðritararnir 10. Ritarnir fara með stjórn flokkskerfisins, sem hefur um 250.000 starfsmenn. Um 90% félaga miðstjórnarinnar í Moskvu eru Rússar, en hinir eru flestir Úkraínumenn.

Rússar eru einnig í miklum meirihluta í flokknum. Árið 1970 voru 62% flokksbundinna kommúnista Rússar, en þó eru þeir aðeins 53% íbúa Ráðstjórnarríkjanna. Meira að segja eru Rússar í meirihluta í kommúnistaflokkum fimm sambandslýðvelda — Lettlands, Moldavíu, Kazakhstan, Túrkménístan og Kírgísíu (Kírgístan). Og í öllum sambandslýðveldunum er það regla, að hið mikilvæga embætti annars flokksritara sé í höndum Rússa, sem má treysta. Þeir eru sérstakir trúnaðarmenn valdhafanna í Moskvu, og því eru völd þeirra miklu meiri en starfstíttillinn gefur til kynna. Sjaldnast eru þeir talandi á þjóðtungu lýðveldanna, og því fara umræður í Politburo og flokksráðum sambandslýðveldanna oftast fram á rússnesku. Eftir að þessi varnagli hefur verið sleginn, er embætti aðalritara lýðveldisins látið innfæddum eftir, því að slík skrautfjöður er nauðsynleg til að friða innlenda aðila og láta allt líta vel út erlendis.

Þá drottna Rússar og innan ríkisstjórnanna. Alríkisstjórnin og stjórnir lýðveldanna eru að miklu leyti skipaðar Rússum. Árið 1970 gegndu Rússar 50 af 69 ráðherraembættum Ráðstjórnarríkjana. Í Lettlandi voru 15 ráðherrar af 41 Rússar. Í Kazakhstan voru þeir 13 af 35, í Kírgísíu 12 af 25, í Úzbekístan 13 af 34, í Tadzíkístan 8 af 26 og í Túrkménístan 7 af 24. Í Eistlandi voru þó aðeins tveir ráðherranna Rússar, en flestir hinir voru Jeistlendingar.

Ráðstjórnarríkin — Nýlenduveldi

Að lokum skulum við skoða, hvernig Ráðstjórnarríkin standa gagnvart þeirri skilgreiningu á nýlendustefnu, sem ég setti fram í lok fyrsta kafla: „Um nýlendustefnu er að ræða, þegar stórveldi leitast við að ríkja yfir stjórnmalastarfsemi, efnahagsmálum, hernaðar- og menningarmálum miklu minna ríkis.“

Heimfærsla þessarar skilgreiningar á „forsjá“ Ráðstjórnarríkjana í Eystrasaltslöndunum hvílir á rússneska hernáminu og ákvörðunum miðstjórnarvaldsins í Moskvu, þegar kemur að:

- a) Kommúnistaflokknum,
- b) hinni opinberu áætlanagerð,
- c) alríkisráðuneytunum og iðnaðarframleiðslunni undir þeirra stjórn,
- d) menntun,
- e) fjölmiðlum og menningarstofnunum,
- f) hernum (einkum með dvöl rússneskra hersveita í Eystrasaltslöndum).

Í ályktun þeirri, sem samþykkt var af Sameinuðu þjóðunum hinn 14. nóvember 1966 og stefnt er gegn nýlendustefnu, segir meðal annars: „Þegar þjóðir eru lagðar undir erlend yfirráð og arðrán, eru þær sviptar grundvallar-mannréttindum sínum. Slíkt er andstætt sáttmála hinna Sameinuðu þjóða og leggur stein í götu friðar í heiminum. Allar þjóðir eiga rétt til að ráða málum sínum sjálfar, og því eiga þær sjálfar að ákveða stjórnarfyrikomulag sitt og efnahagslega, þjóðfélagslega og menningarlega þróun í löndum sínum.“ Ráðstjórnarríkin neituðu að greiða þessari ályktun atkvæði. Vekur sú afstaða þeirra enga furðu, þegar haft er í huga, hve vel ályktunin á við yfirstjórn Rússa yfir fjölda undirokaðra þjóða.

Fyrrgreindri ályktun var fylgt eftir á Allsherjarþinginu með ályktun nr. 2189 frá 13. desember 1966 um að „hrinda í framkvæmd ályktun um sjálfstæði til handa nýlendum og þjóðum þeirra“. Allsherjarþingið lýsti því yfir, „að það hefði áhyggjur af þeirri stefnu nýlenduveldanna að fara í kringum réttindi nýlendnanna með því að efla skipulagðan aðflutning erlendra innflytjenda til þessara landa og með því að láta innfædda íbúa flytja búferlum innan landa sinna eða með því að flytja þá úr landi.“ Orðalag þessarar yfirlýsingar er eins og sniðið um ástandið í Eystrasaltslöndunum.

Því hefur verið borið við, að sá skilningur, sem lagður sé í orðin heimsvaldastefna og nýlendukúgun, eigi aðeins við, þegar haf sé milli landanna, sem í hlut eiga. Og víst er það hverju orði sannara, að vestræn nýlendustefna hefur einungis komið fram, þegar svo háttar. En fræðilega fær slík kenning ekki staðist. Auk þess eru dæmi um, að móðurland og nýlenda liggi hvert að öðru. Nefna má Namibíu (Suðvestur-Afríku), sem á lönd að Suður-Afríku og er í raun beinlínis nýlenda þess.

Og jafnvel þó að farið sé eftir hugtakaskýringu ráðstjórnarinnar, kemur í ljós, að líta má á Eystrasaltslöndin sem rússneskar nýlendur. Í nýjustu útgáfu af *Orðabók stjórnmalanna* (útgefni í Moskvu undir ritstjórn B. N. Ponomarevs) eru nýlendur skilgreindar þannig: „Nýlendur eru þau lönd, sem svipt hafa verið stjórnmalalegu og efnahagslegu sjálfstæði og eru kúguð og arðrænd af heimsvaldasinnuðum þjóðum. Heimsvaldasinnar hernema jafnan nýlendurnar til að hafa stjórn á þeim, koma á laggirnar stjórnvöldum, þar sem þegar heimsvaldaþjóðarinnar gegna helstu embættum. Síðar meir svipta þeir nýlenduþjóðina stjórnmalalegum réttindum, taka við stjórn allra mikilvægra iðjuvera og afmá þjóðlega menningu hinnar undir-okuðu þjóðar.“

Varla fengist betri lýsing en þessi á stefnu Ráðstjórnarríkjanna gagnvart Eystrasaltslöndunum, ef frá er talin hin þjóðlega menning, sem þar blómstrar.

11. kafli

Vandi Eystrasaltslanda á okkar dögum

MEÐ SAMNINGI, SEM GERÐUR VAR 1941, viðurkenndi Þýskaland Hitlers, sem þá var í bandalagi við Ráðstjórnarríkin, yfirráð Ráðstjórnarríkjanna yfir Eystrasaltslöndum. Samningur þessi var þó aldrei staðfestur, þar sem stríð skall á milli þessara ríkja. Innlimun þeirra naut einnig viðurkenningar nággranna Eistlands í norðri, Finnlands (ágúst 1940). Svíþjóð, nággranninn í vestri, fylgdi yfirlýstri hlutleysisstefnu, meðan á stríðinu stóð. En í raun varð framkvæmd þeirrar stefnu sú, að Svíar hölluðu sér að þeim, sem betur vegnaði á hverjum tíma. Þeir voru því ekkert að tvínóna við að viðurkenna rússneskt hernám í Eystrasaltslöndunum.

Til þess að auðvelda skilning manna á því, sem rætt verður í þessum kafla, er rétt að undirstrika, að hægt er að viðurkenna ríki og stjórnarhætti á tvo ólíka vegu. Samkvæmt alþjóðalögum er mismunur þessara leiða eftirfarandi: Viðurkenning er annars vegar ákveðin og algjör *de jure* og hins vegar til bráðabirgða eða takmörkuð við ákveðin lögfræðileg tengsl *de facto*. Svíþjóð og Finnland eru einu ríkin utan hinna kommúnísku, sem hafa viðurkennt hernám ráðstjórnarinnar í Eystrasaltslöndunum *de jure*. Um 35 ríki viðurkenna enn sendifulltrúa hins sjálfstæða Eistlands. Enn fleiri ríki líta á hernámið, sem staðið hefur frá 1940, sem brot á alþjóðalögum, en hafa engu að síður viðurkennt innlimunina *de facto*.

Viðhorf Vesturlanda

Bandaríkin eru enn mjög andvíg hernámi Eystrasaltslandanna. Strax 23. júní 1940 fordæmdi Sumner Welles, sem þá gegndi störfum utanríkisráðherra í Bandaríkjunum, hernám Ráðstjórnarríkjanna mjög harðlega. Og 15. október sama ár lýsti Franklin D. Roosevelt því yfir, að endurreisa bæri sjálfstæði Litáens og annarra Eystrasaltsríkja.

Á Jalta-ráðstefnunni hafnaði Roosevelt kröfu Stalíns um að Eystrasaltslýðveldi Ráðstjórnarríkjanna fengju aðild að Sameinuðu þjóðunum, auk Rússlands, Úkraínu og Hvíta-Rússlands. Þessi krafa Stalíns var sett fram í því augnamiði að auka áhrif Kremlarmanna innan Sameinuðu þjóðanna.

21. júní 1965 samþykkti fulltrúadeild Bandaríkjaþings með 298 atkvæðum gegn

engu ályktun um vanda Eystrasaltslandanna. Þar var þess meðal annars krafist, að Bandaríkin hreyfðu málum þeirra á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og mál þessara ríkja skyldi leysa á grundvelli þess, að öllum þjóðum bæri réttur til þess að ákveða framtíð sína sjálfar. Árið eftir var áþekkt yfirlýsing samþykkt í öldungadeildinni, mótatkvæðalaust.

Nú fyrir skömmu, 21. mars 1972, barst eistnesku-bandarísku þjóðanefndinni bréf frá forseta Bandaríkjanna, þar sem meðal annars sagði: „Bandaríkin hafa þungar áhyggjur af þeim erfiðu aðstæðum, sem Eistland og önnur Eystrasaltsríki búa við. Óslitinn áhugi vor á málinu kemur fram í stefnu vorri gagnvart Eystrasaltslöndunum og stuðningi vorum við kröfur um sjálfsákvörðunarrétt Eystrasaltsþjóðanna. Vér höfum samúð með réttlátri þrá þeirra eftir frelsi og sjálfstæðri tilveru þjóðanna, og, eins og yður er kunnugt, höfum vér aldrei viðurkennt hina valdknúnu innlimun þeirra í Ráðstjórnarríkin. Af þeim sökum höldum vér áfram að viðurkenna sendifulltrúa í Washington-borg, sem þangað voru sendir af síðustu stjórnnum frjálsra Eystrasaltslanda.“

Stóra-Bretland hefur ekki verið jafngagnort í sínum yfirlýsingum. Er löndin voru hernúmin, heyrðust ekki jafnharðorðar yfirlýsingar og frá Sumner Welles úr þeirri átt. Þó er sendifulltrúum Eystrasaltslandanna leyft að starfa áfram í Lundúnum eins og í Washington-borg. Í ræðu, sem breski utanríkisráðherrann Sir Alec Douglas Home flutti í lávarðadeildinni 2. nóvember 1960, sagði hann meðal annars: „Ráðstjórnarríkin láta eins og þau séu framherjar í baráttunni fyrir því, að nýlendum sé veitt sjálfstæði. En frá 1939 hafa þau innlimað landsvæði í ríki sitt, þar sem 22 milljónir manna búa. Staðreyndin er sú, að þrjár nýjustu nýlendur heims eru innan Ráðstjórnarríkjanna: Litáen, Lettland og Eistland.“

Sumarið 1967 lét ríkisstjórn Harolds Wilsons undan kröfum Ráðstjórnarríkjanna og seldi það gull, sem seðlabankar Eystrasaltslandanna höfðu afhent Englandsbanka til geymslu á sjálfstæðisárunum. Andvirðið var notað til að bæta breskum fyrirtækjum þann skaða, sem þau höfðu orðið fyrir, er ráðstjórnin þjóðnýtti þau bóta-laust á fjórða áratug. Auk þess var opnaður reikningur, sem Ráðstjórnarríkin gátu tekið breskar vörur út á. Skiljanlegt er, að Bretar hafi viljað bætur til handa breskum fyrirtækjum, sem þjóðnýtt höfðu verið, og einnig hitt, að þeir vilji efla utanríkisviðskipti sín. En það er ekki eins auðvelt að sjá nokkra sanngimi í því, að Bretar skyldu nota eignir annarra þjóða en þeir áttu sökótt við í þessum tilgangi. Sala Bretlands á gulli Eystrasaltslandanna er augljóst brot á alþjóðalögum. Á venjulegu máli er athæfi Breta ekki annað en þjófnaður.

Afstaða Kanada til Eystrasaltslandanna er svipuð og Bandaríkjastjórnar. Við umræður, sem urðu í kanadíska þjóðþinginu í nóvember 1968 vegna innrásarinnar í Tékkóslóvakíu, sagði utanríkisráðherrann, Sharp, meðal annars: „Þá hefur Kanada aldrei viðurkennt svonefnd lettnesk, eistnesk og litáísk ráðstjórnarlýðveldi né lög-mæti ríkisstjórna þeirra, sem einn innrásaraðili, ráðstjórnin, kom á laggir.“

Það setti ugg að mörgum Eystrasaltsbúum, er jafnaðarmannastjórn Willys Brandts

boðaði hina nýju stefnu sína gagnvart austantjaldslöndunum (*Ostpolitik*). Óttuðust þeir, að hún myndi leiða til þess, að Vestur-Þýskaland viðurkenndi rússneska hernámið í löndunum þremur. Griðasáttmálinn milli Ráðstjórnarríkjanna og Vestur-Þýskalands kveður meðal annars á um, að báðir aðilar séu því andvígir, að landamærum í Evrópu verði breytt með vopnavaldi. Engu að síður ítrekaði Walter Scheel utanríkisráðherra í þinginu hinn 9. október 1970, að „engin stjórn Sambandslýðveldisins Þýskalands hefur fram til þessa viðurkennt innlimun Eystrasaltsríkjanna. Undirritun griðasáttmálans hefur engu breytt í því efni. Svo sem ég hef þegar sagt við komu mína frá Moskvu, samþykka báðir aðilar sáttmálans að forðast að beita vopnavaldi. En það kemur ekki í veg fyrir, að landamærum verði breytt í framtíðinni, jafnvel lögð niður eftir samkomulagi, heldur merkir sáttmálinn einungis að slíkum breytingum yrði komið á með friðsamlegum aðgerðum. Með undirritun þessa sáttmála tókum við enga afstöðu til siðferðilegs réttmætis núverandi landamæra né til þess, hvort þau séu löglega til komin í öndverðu eða ekki.“ Hæstiréttur Frakklands lýsti yfir 10. janúar 1951, að ekkert alþjóðlegt skjal fyrirfyndist, sem sannaði, að sjálfstætt Eistland væri ekki lengur í tölu þjóðanna, og því héldi það land áfram *de jure* tilveru sinni þrátt fyrir erlent hernám. Sendifulltrúar hinna sjálfstæðu baltnesku ríkja halda réttindum sínum enn að vissu marki í Frakklandi. De Gaulle forseti hafði mikinn áhuga á „baltneska vandanum“ og draumsýn hans var, að Eystrasaltslöndin yrðu sjálfstæð ríki í Austur-Evrópu, laus undan járnhæl Ráðstjórnarríkjanna.

Afstaða Evrópuríkja til „baltneska vandans“ kemur fram eins og í hnotskurn í ályktun Evrópuráðsins, sem samþykkt var hinn 29. ágúst 1960, þegar 20 ár voru liðin frá upphafi rússneska hernámsins og innlimun Evrópulandanna þriggja, Eistlands, Lettlands og Litáen, í Ráðstjórnarríkin með hervaldi. Þá lýsir ráðið því yfir: að hin ólöglega innlimun hafi verið gerð, án þess að tekið væri nokkurt tillit til vilja þjóðanna, að ráðið hafi samúð með hinum þjáðu Eystrasaltsþjóðum og fullvissi þær um, að bræðraþjóðirnar í Evrópu hafi ekki gleymt þeim, að ráðið sé þess fullvisst, að hin kommúníska kúgun muni ekki ná að tortíma lífsþrótti Eystrasaltsþjóðanna né trú þeirra á frelsi og lýðræði, að tilvera Eystrasaltslandanna sé viðurkennd *de jure* af meirihluta ríkisstjórna hins frjálsa heims, og ráðið hvetji aðildarríki sín til þess að styðja baráttu flóttamanna úr löndunum þremur við að varðveita þjóðlega menningu, hefðir og tungur, uns sá dagur renni, að Eistlandi, Lettlandi og Litáen takist að starfa sem frjálsar þjóðir í lýðræðislegum alþjóðasamtökum.

Afstaða annarra en Evrópuríkja

Evrópuríkin eru ekki ein um að neita að viðurkenna hernám Ráðstjórnarríkjanna í Eystrasaltslöndum. Árið 1968, á 50 ára afmæli sjálfstæðis Lettlands, skrifaði sendiherra Zambíu hjá Sameinuðu þjóðunum til samtakanna BATUN (Baltic Appeal to the United Nations): „Zambía neitar að fyrirgefa afskipti nokkurs ríkis af innan-

ríkismálum annars, og því óskar Zambía Eystrasaltsþjóðunum alls hins besta í baráttu þeirra fyrir sjálfstæði. Dr. Kaunda forseti og þegnar Zambíu óska ykkur árangurs í baráttunni fyrir frelsi.“ Af sama tilefni ritaði ambassador Filippseyja: „Stjórn Filippseyja hefur samúð með Eystrasaltsþjóðunum og mun styðja kröfur þeirra um frelsi, ef þær verða teknar fyrir á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.“ Athyglisvert er, að ríki eins og Írak, Marokkó, Íran, Japan, Pakistan og Sádi-Arabía viðurkenna enn sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna og bjóða sendifulltrúum þeirra í mót-tökur vegna opinberra heimsókna þjóðhöfðingja og þess háttar. Ekkert Suður-Ameríkuríki, nema ef vera skyldi Kúba, hefur viðurkennt hernám Ráðstjórnar-ríkjanna í ríkjunum þremur.

Einkum er það tvennt, sem skýrir, hve mörg ríki þriðja heimsins hafa samúð með frelsisbaráttu Eystrasaltsríkjanna. Í fyrsta lagi hafa Afríkuríkin og ýmis Asíuríki bitra og ferska reynslu af nýlendustefnum Evrópuríkja, og þau þekkja því þær aðferðir, sem beitt er í Eystrasaltslöndunum. Í öðru lagi eru mörg ríki þriðja heimsins smá og því mjög viðkvæm fyrir því, þegar gengið er á rétt smáríkja. Alþjóðalög, sérstaklega andi slíkra laga um jafnrétti þjóðanna og friðhelgi landamæra, eru mikilvæg vörn og þess vegna er þeim ákaft haldið fram. Þetta skýrir málstað Eystrasaltslandanna, þar sem þau eru fórnardýr hernaðarmáttar stórveldis.

Réttarstaða sjálfstæðiskröfu Eystrasaltsríkjanna

Lagarök um sjálfstæðisfullyrðingar Eystrasaltsþjóðanna eru flest á sömu hlið. Með hernáminu 1940 brutu Ráðstjórnarríkin eftirfarandi alþjóðlega samninga, sem staðfestir höfðu verið af leiðtogum þeirra sjálfra: Í viðaukasamningi við Brest-Lítovsk sáttmálann, sem gerður var árið 1918 milli Rússlands og miðveldanna var því lýst, að Rússland ætti ekki tilkall til Eystrasaltsríkjanna, og Rússland lofaði að hafa ekki afskipti af innanlandsmálum þessara ríkja. Í friðarsamningum þeim, sem gerðir voru 1920 milli Rússlands og Eystrasaltslandanna, gáfu Rússar „af fúsum vilja og um aldur og ævi“ eftir allt tilkall til yfirráðaréttar yfir Eystrasaltslöndunum. Í Moskvu-samkomulaginu frá 1929, sem undirritað var af Eistlandi, Lettlandi, Póllandi, Rúmeníu og Ráðstjórnarríkjunum, gengust ríkin undir Briand-Kellogg sáttmálann, sem bannaði, að hernaður væri notaður til að ná fram markmiðum þjóðanna.

Ráðstjórnarríkin og Eystrasaltsþjóðirnar gerðu með sér friðarsáttmála 1932, þar sem friðarsamningunum frá 1920 var enn einu sinni lýst sem óbreytanlegum grundvelli fyrir samskipti þessara ríkja. Samkomulag var gert 1932 um, að deilur á milli Ráðstjórnarríkjanna og Eystrasaltsríkjanna yrðu jafnaðar með friðsamlegum hætti. 1939 var gerður sáttmáli um gagnkvæma aðstoð Ráðstjórnarríkjanna og Eystrasaltsþjóðanna, þar sem lögð er áhersla á, að sá sáttmáli „geti á engan hátt skert sjálfsákvörðunarrett samningsaðilanna eða breytt hagfræðilegu eða stjórnfæðilegu stjórnarfari þeirra“. Mörg ríki eru enn opinberlega og að alþjóðalögum bundin

ályktun, sem Þjóðabandalagið samþykkti 11. mars 1932. Samkvæmt henni getur engin þjóð þolað, að gengið sé með valdi á stjórnmálalegt sjálfstæði annars ríkis. Þessi grundvallarályktun var þekkt undir nafninu Stimson-kenningin, og dró hún nafn af Henry Lewis Stimson, þáverandi utanríkisráðherra Bandaríkjanna. Því má bæta við, að Eystrasaltslöndin voru aldrei tekin út af aðilaskrá Þjóðabandalagsins.

Meðan síðari heimsstyrjöldin geisadi, margítrekuðu Vesturveldin þá grundvallar-kenningu, að breytingar á landamærum ríkja eða stjórnfræðilegri stöðu þeirra yrðu ekki viðurkenndar, meðan stríðið væri háð. Þessar hugmyndir voru einnig staðfestar í Atlantshafsyfirlýsingunni frá 1940, sem meðal annars var staðfest af Ráðstjórnarríkjunum. Í fyrstu grein þeirrar yfirlýsingar segir, að ríkin, sem að yfirlýsingunni standa, séu sammála um að sækjast ekki eftir landvinningum. Í annarri grein segir, að ríkin „muni leitast við að tryggja, að ekki verði gerðar breytingar á landfræðilegri stöðu ríkja, sem séu í ósamræmi við óþvingaðan og ótvíræðan vilja viðkomandi þjóða.“ Er því einmitt lýst yfir, að aðilar yfirlýsingarinnar „virði rétt allra þjóða til þess að velja sér eigið stjórnarfyrikomulag“ og þeir óski þess, „að sjálfstjórn og sjálfstæði verði endurreist, þar sem það hafi verið tekið frá þjóðum með valdi.“

Finnsku brúðurnar

Svo sem ég hef áður dregið á, hafa hinir „hlutlausu“ nágrannar Eystrasaltsþjóðanna, Finnland og Svíþjóð, viðurkennt innlimun þeirra í Ráðstjórnarríkin, og gerðu þeir það strax árið 1940 ásamt nasistastjórninni í Berlín og leppstjórnnum hennar. En tilraunum Skandínavíuþjóðanna til að friða hinn volduga rússneska nágranna sinn var ekki með því lokið. Árið 1969 var Æskulýðssamtökum eistneskra sósíalista vísað úr Alþjóðasamtökum ungra sósíalista, IUSY, að frumkvæði Finna, sem nutu stuðnings Æskulýðssamtaka sænskra jafnaðarmanna. Árið 1970 höfðu Finnar enn frumkvæði að tillögu um að víkja Félagi ungra frjálslyndra Eistlendinga af þingi Heimssamtaka frjálslyndrar og róttækrar æsku (WFLRY) árið 1973. Þingið samþykkti þó ekki þessa tillögu um að víkja frjálslyndum eistneskum útlögum af þinginu. Það gerði hið gagnstæða. Samþykkt var tillaga, þar sem stefna Ráðstjórnarríkjanna gagnvart Eystrasaltsþjóðunum var fordæmd og krafist var sjálfstæðis til handa Eistlandi, Lettlandi og Litáen. Eina sendinefndin, sem greiddi atkvæði gegn tillögunni, var hin þýska og einnig flestir fulltrúar úr sendinefndum Skandínavíuríkjanna. Ekki verður betur séð en það sé óréttlátt að útiloka útlagasambönd frjálslyndra og jafnaðarmanna. Einkum gætu þó nágrannar þessara kúguðu þjóða, Skandínavarnir, betur fagnað eigin frelsi en með því að reyna að ganga milli bols og höfuðs á frelsishreyfingum Balta í því augnamiði einu að halda uppi góðri sambúð við Ráðstjórnarríkin.

Baráttan innan IUSY og WFLRY er aðeins upphafið. Sennilega eru önnur alþjóðasamtök, svo sem PEN-klúbburinn og Lútherska heimssambandið, sem samtök baltneskra útlaga eru enn aðilar að, næst á listanum. Þegar unnið var að brottvísun úr

IUSY og WFLRY, var helsta röksemdin sú, að samtök Balta væru andvíg núverandi landamærum í Evrópu. Engar sannanir um slíkt voru þó lagðar fram. Enda þarf engan að undra það, því að útlagasamtökin og æskulyðsdeildir þeirra hafa aldrei krafist þess, að núverandi landamærum verði breytt með vopnavaldi. Hins vegar hafa þau krafist þess, að í Eystrasaltslöndunum fari fram þjóðaratkvæðagreiðsla undir eftirliti Sameinuðu þjóðanna um framtíð Eystrasaltsríkjanna.

Hvaða rök eru færð gegn sjálfstæði Eystrasaltsríkja?

Fullrytt hefur verið, að kosningarnar, sem fram fóru 1940, hafi sýnt eindreginn þjóðarvilja Eystrasaltsþjóðanna um að sameinast Ráðstjórnarríkjunum. Í þessum „baltnesku kosningum“ var þó til dæmis ekki heimilt að bjóða fram menn, sem ekki voru kommúnistar.

Annað atriði, sem fært hefur verið fram til þess að réttlæta innlimunina, er, að öryggi Ráðstjórnarríkjanna hefði verið ógnað, ef Eystrasaltslöndin hefðu fengið að halda sjálfstæði sínu. En benda má á, að í sáttmálanum frá 1939 um gagnkvæma aðstoð fengu leiðtogar Ráðstjórnarríkjanna eins mikla tryggingu og þeir óskuðu fyrir því, að Eystrasaltslöndin myndu aldrei ljá lönd undir óvinveittar hersveitir. Jafnvel þótt þeirri fullyrðingu sé ekki hafnað, að Ráðstjórnarríkjunum hafi verið nauðsynlegt að hernema Eystrasaltslöndin árið 1940 til að tryggja landamæri sín, getur slíkt ekki réttlætt áframhaldandi hernám, eftir að Þýskaland nasismans hefur gjörsamlega verið lagt í rúst. Á kjarnorku- og eldflaugaöld hefur hernaðarlegt mikilvægi Eystrasaltslandanna fyrir Ráðstjórnarríkin minnkað að mun þrátt fyrir ABM-eldflaugakerfið í Eistlandi og herskipahafnir ráðstjórnarinnar á ströndum Eystrasaltslandanna.

Ekki er unnt að ná tryggunni friði í Norður-Evrópu, meðan „baltneski vandinn“ er óleystur. Því verður að ræða þann vanda á öryggismálaráðstefnu Evrópu, og þar verður að leysa hann á grundvelli sjálfsákvörðunarréttar þjóðanna. Ef og þegar gagnkvæma fækkun herliðs í Evrópu ber á göma í viðræðum Ráðstjórnarríkjanna og Vesturlanda, þá ber að knýja Ráðstjórnarríkin til að fara með herlið sitt á brott úr Eystrasaltslöndunum og Austur-Evrópu.

Eistland, Lettland og Litáen hafa ætíð átt samleið með Vestur-Evrópu, rétt eins og stórfljót þessara landa falla öll vestur að ósi. Hin miklu fen og skóglendin í Austur-Lettlandi og Litáen, sem ná allt fram til Peipsi-vatns á landamærum Eistlands og Ráðstjórnarríkjanna, mynda menningarleg og landfræðileg landamæri. Eins er Nemunas, hið mikla fljót í Litáen, tilkomumikill rammi um Eystrasaltslöndin í suðri. Það er því algjör firra að halda því fram, að þau séu „landamæralönd Rússlands“, rétt eins og rangt er að staðhæfa, að þau séu „Ostland“ Þýskalands, eins og nasistarnir gerðu á styrjaldarárunum.

Þá eru Eystrasaltsþjóðirnar alls óskyldar Rússum og Þjóðverjum um mál. Lettneska og litáíska mynda sérstaka og sjálfstæða baltneska tungumálakvísl indó-

evrópsku málheildarinnar. En eistneska er ekki indó-evrópskt mál, heldur finnó-úgrískt. Svo sem fyrr er greint, er finnska nánasti ættingi þess, en fjarlægari er ungverskan. Af öðrum skyldum málum má nefna lappnesku (sem um 50.000 Lappar tala í norðurhlutum Noregs, Svíþjóðar, Finnlands og Rússlands) og síðan tungur nokkurra þjóðarbrotá í Rússlandi, einkum á Volgu-svæðunum og í Síberíu. Eistneska, lettneska og litavíska nota öll latneska stafrófið, en Rússar hins vegar hið kírílíska.

Einnig hafa fullyrðingar um, að Eystrasaltslöndin séu sögulega séð rússnesk héruð, ekki við rök að styðjast. Rússland var eins og hvert annað nýlenduveldi í Eystrasaltslöndunum, en að vísu allsíðbúið. Svo sem fyrr hefur komið fram, þá hrepptu Rússar herradóm yfir Eistlandi í byrjun 18. aldar. En allt raunverulegt vald var þó í höndum þýsku landeigendanna allt fram til ársins 1918. Allmörg önnur nýlenduveldi höfðu ríkt yfir Eistlandi og Lettlandi á undan Rússum.

Of smáir?

Sumir þeirra, sem andvígir eru sjálfstæði Eistlands, bera því við, að vegna smæðar landsins skorti það grundvöll undir sjálfstæði. Þessi röksemd verður æ veigaminni, eftir því sem fleiri smá Afríkuríki öðlast sjálfstæði. Ef við teljum, að fámenn og smá Afríkuríki eigi rétt til sjálfstæðis, hvernig er okkur þá stætt á að neita Eystrasaltsþjóðunum um þann sama rétt? Enda er hinn lagalegi réttur þeirra ótvíráður, en hnefaréttur erlends herveldis er í veginum.

Eistland er minnst Eystrasaltsríkjanna, en það er ekki minnsta ríki Evrópu. Landið er 18.300 fermíur og því stærra að flatarmáli en Albanía, Belgía, Holland, Sviss og Danmörk, svo að ekki sé minnst á dvergrikin Andorra, Liechtenstein, Monaco, Páfagarð og San Marino. Af þeirri 141 þjóð, sem býr við sjálfstæði í heiminum, eru 30 fámennari en Eistland og 34 eru minni lönd.

Iðulega heyrir staðhæft, að þróun alheimsstjórnmalanna gangi nú í átt til stærri heilda og dagar smárikjanna séu liðnir. Þeir, sem andvígir eru sjálfstæðiskröfu Eystrasaltsþjóðanna, halda þessari kenningu mjög á lofti. Í raun er þessu þó öfugt farið, því að enn er rík tilhneiging til að stofna ný sjálfstæð ríki. Stofnár Sameinuðu þjóðanna, 1945, voru aðildarríki þeirra 45, en nú eru þau 132. Hvers vegna er landabréf stjórnmalanna í Evrópu svo miklu heilagra en annarra álfa?

Þeir, sem styðja sjálfstæðiskröfu Eystrasaltsþjóðanna, eru ekki andstæðingar alþjóðahyggju. Hins vegar eru þeir andvígir þeirri alþjóðahyggju, sem fremur ætti að nefna stór-rússneskan þjóðarhroka.

Á okkar dögum lætur „þjóðernisstefna“ illa í eyrum Evrópubúa. Þjóðernisstefna Evrópulanda hefur hleypt af stað tveimur stórstyrjöldum á þessari öld, og margir Evrópumenn tengja þjóðernisstefnu ennþá nasisma og öðrum öfgafullum hugmyndakerfum. Þjóðernisstefna birtist þó með ólíkum hætti eftir aðstæðum, og því ættu menn að varast að skella henni hugsunarlaust á vogarskálar hleypidómanna.

Að minnsta kosti verður að gera greinarmun á Þjóðernisstefnu hins undirokaða og Þjóðernisstefnu kúgarans. Þar skiptir algjörlega í tvö horn, eins og til dæmis Lenín varð snemma ljóst.

Of vanþroska?

Enn ein röksemd þeirra, sem draga rétt Eyrstrasaltsríkjanna til sjálfstæðis í efa, er sú, að löndin séu „vanþroskuð í stjórnmálum“, og benda þeir þá á, að mjög var þrengt að lýðræði í þessum löndum á fjórða áratug. En þá þróun verður að meta með hliðsjón af þeirri stefnu, sem Evrópustjórnmál tóku á þessu tímabili. Eins og við þekkjum öll, setti einræði sterkasta stjórnmálasvipinn á Evrópu á þessum áratug, og öll þróun gekk í átt til þess. Einræði var aldrei jafnalgjört í Eyrstrasaltslöndunum og víða annars staðar í Evrópu. Og á það má einnig benda, að verulega hafði þokast í lýðræðisátt, áður en Rússar hernámu landið árið 1940. Ekki má gleyma hinni róttæku uppskiptingu lands eða hinum einstöku lögum um Þjóðarbrot né ýmsum öðrum mikilvægum framfarasporum, þegar alræði framkvæmdarvaldsins á þessum árum er gagnrýnt. Enda kemur engum í hug að draga í efa rétt þeirra Þjóða, sem bjuggu við einræði fyrir stríð, til þess að njóta sjálfstæðis nú. Eða ætti að svipta Þýskaland, Austurríki, Ungverjaland, Grikkland og Ítalíu sjálfstæði á þeirri forsendu, að þau hafi verið „vanþroskuð í stjórnmálum“ á þriðja og fjórða áratug aldarinnar?

Framþróun þriðja heimsins svonefnda, eftir að fjölmörg ríki höfðu öðlast sjálfstæði á síðasta áratug, ætti að hafa kennt okkur að forðast fyrirritningu og mikillæti í afstöðu til þeirra Þjóðskiptu ríkja, sem nú berjast fyrir lýðræði í löndum sínum.

Sá, sem reisir andstöðu sína við sjálfstæði Eyrstrasaltsríkjanna á göllum þessara Þjóðfélaga á árunum milli stríða, er að hegna þessum Þjóðum fyrir mistök, sem leiðtogum þeirra urðu þá á. Því að enginn getur með nokkrum sanni sagt, að yfirdrottun ráðstjórnarinnar (fremur en yfirdrottun keisaranna áður) sé skref í átt til frelsis og lýðræðis.

Vígamenn kalda stríðsins

Böltum hefur gengið erfiðlega að vekja athygli á frelsisbaráttunni í Eistlandi, Lettlandi og Litáen og inntaki þeirrar baráttu. Um þessar mundir taka óvenjumargir undir réttindakröfur smáþjóða, um að þær fái sjálfar að skapa sér eigin framtíð. En sviðsljósín hafa ekki náð til Eyrstrasaltslandanna, og baráttu þeirra hefur verið í skugganum. Þjóðirnar eru gleymdar. Um leið og hin svarta Afríka leitast við að hrista af sér ok gömlu vestrænu nýlenduveldanna með umtalsverðum árangri, þyngist sú byrði, sem rússneska nýlenduveldið leggur Böltum á herðar, og umheimurinn verður einskis var eða lætur sér í léttu rúmi liggja.

Vissulega mega Baltar nokkuð sjálfum sér um kenna. Eldra fólkið er enn á

kaldastríðstímanum. Margir Baltar verja íhlutun Bandaríkjanna í Suðaustur-Asíu eins og hvern annan sjálfsagðan hlut og eru stuðningsmenn afturhalds- og andkommúnískra stjórna, hvar sem þær finnast í heiminum. Slík blindni og hatur á kommúnistum eru skiljanleg í ljósi þeirra hörmunga, sem Ráðstjórnarríkin hafa leitt yfir þessar þjóðir og enn eru ofarlega í minni manna. En hins vegar er slík afstaða ekki verjanleg siðferðilega né heldur samrýmist hún almennri skynsemi. Baráttu fyrir mannréttindum er ekki hægt að staðbinda, eigi hún að fá almennan hljómgrunn. Afturhaldssamir Baltar gagnrýna iðulega vinstri-sinna fyrir að fordæma vestræna heimsvaldastefnu og nýlendustefnu án þess að minnast einu orði á aðfarir Ráðstjórnarríkjanna í Eystrasaltslöndunum. En hvers vegna gera margir Baltar sjálfir þau mistök að horfa fram hjá þeirri staðreynd, að mannréttindi eru fótum troðin af mörgum andkommúnistastjórnnum?

Baltneskir útlagar afgreiða iðulega klofning í alþjóðlegu miðstjórnarkerfi kommúnismans sem hillingar einar. Þeir nota eigin reynslu af stálmismanum sem mælistiku á hina ýmsu anga nútíma kommúnisma. Breytir þar engu, þótt ný-vinstri-sinnar með gagnrýni sinni á ráðstjórnarkommúnisma kippi fótum undan hreintrúar and-kommúnisma. Annað dæmi eru hinar hatrömmu árásir Kínverja á stefnu „nýju keisaranna“ í Moskvu í þjóðernismálum og raunar stefnu þeirra almennt. Með ásökunum um stór-rússneskan-þjóðernishroka, sósíalíska heimsvaldastefnu og nýlendukúgun í Eystrasaltslöndunum hefur Rauða-Kína orðið ómetanlegur bandamaður Balta.

Baltneskur and-kommúnismi hefur orðið mörgum róttækum manni þægileg afsökun fyrir að ljá frelsisbaráttu þeirra ekki stuðning sinn. En auðvitað verður að meta baráttu þeirra fyrir frelsi og sjálfstæði eftir inntaki hennar, en ekki láta stjórn-málaskoðanir einstakra baráttumanna villa sér sýn. Leggja verður áherslu á, að baltneskir sósíalistar í útleð eru eindregnir baráttumenn fyrir sjálfstæði landa sinna. Flesta skeleggustu talsmenn sjálfstæðis í röðum sósíalista er að finna í hernumdu löndunum þremur, en ekki á meðal útlaganna, sem oft eru mjög íhaldssamir.

Er sjálfstæði aðeins skýjaborg?

Mörgum þykir sem endurreisn sjálfstæðra Eystrasaltsríkja geti aldrei orðið annað og meira en óraunhæfar vangaveltur. Vissulega er þægilegast að loka augunum fyrir ástandinu þar og líta á núverandi skipun heimsmála sem endanlega og óbreytanlega. En sé litið á málin frá sjónarhóli sögunnar, verður hugmyndin um endurheimt sjálfstæðis ekki eins fjarstæðukennd og ella. Englendingar réðu Írlandi í 800 ár og Írar töpuðu þjóðtungu sinni að verulegu leyti. Engu að síður öðluðust þeir sjálfstæði á ný árið 1920 (að Ulster undanskildu). Tékkar og Slóvakar bjuggu við stjórn Austurríkis-Ungverjalands í tæp 500 ár. Þeir fengu sjálfstæði 1918. Öldum saman laut Noregur stjórn Danmerkur eða Svíþjóðar, en fékk sjálfstæði 1905. Sömu sögu er að segja um Ísland, Pólland og þjóðirnar á Balkanskaganum. Margar Asíu- og

Afríkubjóðir hafa nýlega hlotið sjálfstæði eftir áratuga eða aldalanga kúgun erlendra nýlenduvelda. Eystrasaltsþjóðirnar munu því ekki gefa upp vonina um frelsi og sjálfstæði.

Árið 1917 börðust aðeins fáeinir hugsjónamenn fyrir sjálfstæði Eistlands. Árið eftir var sjálfstæðið orðið veruleiki. Á sjötta áratug var tilveru Eistlendinga sem þjóðar ógnað. En á miðjum þeim áratug tók að losna nokkuð um hið þrúgandi heljartak stalínismans, og á næstu árum óx Eistlandi ásmegin á fjölmörgum sviðum. Auk þessa alls er hernaðarstaða Ráðstjórnarríkjanna óviss þrátt fyrir gífurlegan herstyrk þeirra og batnandi sambúð við Bandaríkin. Skorist hefur í odda milli rússneskra og kínverskra hersveita, og ekki má vanmeta þann stríðsneista, sem hvenær sem er gæti orðið að báli á landamærum Kína. Hugsanlegt er, að stórstyrjöld milli Rússa og Kínverja gæti leitt til þess, að rússneska heimsveldið liðaðist í sundur og Eystrasaltsþjóðirnar og aðrar „bræðrabjóðir“ Rússa í Ráðstjórnarríkjunum hlytu hið langþráða sjálfstæði.

Ekki aðeins sjálfstæði

Auðvitað er sjálfstæði langtímamarkmið frelsisbaráttunnar í Eystrasaltslöndunum. En nálægari markmið eru varnarbaráttan gegn rússneskjun, varðveisla þjóðlegra hefða, latneska stafrófið, staða landsins sem sambandslýðveldis og fleira.

Þar sem rússnesku leiðtogarnir muni aldrei sætta sig við fullt sjálfstæði Eystrasaltsþjóðanna, telja ýmsir frelsisbaráttumenn, að skynsamlegra sé að berjast fyrir eins konar „fylgiríkjakerfi“, svipuðu því, sem lönd Austur-Evrópu búa við. Útlagararnir líta nánast á þessa hugmynd sem landráð, en hún hefur samt iðulega verið rædd af menntamönnum í Ráðstjórnar-Eistlandi. Meðan Brezhnev-keningin er í hávegum höfð í Kreml, er tillagan um áþekka stöðu og Austur-Evrópulönd hafa jafnóaðgengileg fyrir leiðtogana þar og krafan um sjálfstæði. Samt virðist vera verðugt verkefni að afla þessari hugmynd fylgis, jafnvel þótt hana skorti hið siðferðilega aðráttarafl, sem sjálfstæðiskrafan hefur.

Svo sem komið hefur fram, var ein helsta ástæðan fyrir hernámi ráðstjórnarinnar hernaðarlegs eðlis. Þess vegna verður að miða samningaviðræður um „baltneska vandann“ við að veita Ráðstjórnarríkjunum hernaðarlega tryggingu. Hugsanlegt er, að slíkar viðræður gætu leitt til svipaðs ástands og var 1939, að rússneskar hersveitir séu innan landamæra sjálfstæðra Eystrasaltsríkja. Annar möguleiki er að veita löndunum stöðu hálfgerðs fylgiríkis, líkt og Finnland er nú. Slíkt myndi fela í sér, að engar herstöðvar Rússa yrðu innan landamæra en ríkin yrðu efnahagslega háð Ráðstjórnarríkjunum, aðallega gegnum utanríkisviðskipti, og þau myndu sýna Ráðstjórnarríkjunum nær algera hlýðni á vettvangi utanríkismála.

Slíkar vangaveltur láta sem guðlast í eyrum flestra Balta, jafnt útlaga sem annarra. Auðvitað er sjálfstæði eftir sem áður sá kostur, sem allir kjósa helst, en hann má ekki stöðva menn í að leita eftir hinum næstbesta.

Brýnustu úrbætur

Af grundvallarástæðum er ekki hægt að setta sig við það ástand, sem nú er í Eyrstrasaltslöndunum. En það merkir ekki, að umbætur innan núverandi kerfis séu ekki fagnaðarefni. Þess vegna er þeim tillögum, sem fara á hér á eftir, varpað fram sem eins konar stundaráætlun, án þess að hernám ríkjanna eða kommúnistastjórnin séu um leið viðurkennd.

Nokkrar tillögur eiga eingöngu við um Eyrstrasaltsríkin, en aðrar rétt eins vel um önnur þjóðarbrot innan Ráðstjórnarríkjanna. Aðrar eru um rússneskar aðstæður almennt, og þær kæmu öllum ráðstjórnarborgurum til góða.

Þessi „stefnuskrá“ er sprottin af áhrifum frá samtölum mínum við eistneska borgara, frá neðanjarðar-stjórnarandstöðunni í Ráðstjórnarríkjunum, en sérstaklega þó frá ávarpi rússneska menntamannsins Andrejs Sakharovs og svars eistneskra menntamanna, sem áður hefur verið vitnað í. Að lokum eru áhrif frá stefnuskrá Lettneskra jafnaðarmanna og verkamannaflokksins í útleð, frá 1970. Þar sem vitnað er til stjórnarskráa sósíalísku lýðveldanna, þá er ekki með því sagt, að þær spegli vilja þjóðanna þriggja. Þessir 15 punktar eru settir fram sem umræðu- og athafnagrundvöllur í þeirri trú, að sterkt og hnitmiðað almenningssálit geti jafnvel haft áhrif á rússneska valdhafa. Í þeim er dregið á nokkrar mikilvægustu kröfurnar, sem bera verður fram við rússneska leiðtoga í því skyni að létta þyngstu áþjámni af Eyrstrasaltsþjóðunum.

1) Virða verður ákvæði í stjórnarskrám Eistlands, Lettlands og Litáens, þar sem tryggt er málfrelsi, fundafrelsi, trúfrelsi og friðhelgi heimilisins, afnema ritskoðun og leyfa frjálsa útgáfustarfsemi.

2) Heimila verður, að fleiri en einn frambjóðandi bjóði sig fram í sveitarstjórnar-, lýðveldis- og sambandsríkjakosningum.

3) Auka þarf vald æðstu ráðanna, stjórna þeirra og staðbundinna áætlanastofnana í Eyrstrasaltslöndunum. Breyta þarf alríkisráðuneytum innan lýðveldaráðuneyti, og gera þau þannig ábyrg gagnvart „ríkisstjórnunum“ í Eyrstrasaltslöndunum, en ekki valdhöfunum í Moskvu.

4) Binda þarf endi á yfirráðarétt rússneska kommúnistaflokksins yfir æðstu ráðum Eyrstrasaltslandanna, forsætisnefndum þeirra og „ríkisstjórnunum“ þeirra.

5) Veita verður öllum stjórn mála fongum sakaruppgjöf. Leyfa verður þeim, sem enn eru í rússneskum þrælkunarþúðum, að snúa til heimkynna sinna. Gefa verður út málskjöl fyrri sýndarréttarhalda og koma í veg fyrir, að ný verði haldin.

6) Draga verður úr valdi og valdsviði leynilögreglunnar KGB.

7) Stefna verður fyrir rétt og refsá þeim embættismönnum, sem a) gefið hafa út fyrirskipanir um aftökur eða pyndingar á stjórn mála fongum, b) sem staðið hafa að

nauðungarflutningum eða fangelsun saklausra manna, kvenna og barna. Gera þarf dómstólana óháða eftirliti Flokksins og ríkisstjórnarinnar.

8) Leyfa verður ferðalög úr landinu. Virða verður þann rétt manna til að flytjast úr landi, sem staðfestur er í 13. gr. (2) Mannréttindayfirlýsingarinnar. Leyfa verður erlendum ferðamönnum að ferðast um Eystrasaltslöndin. Afnema verður hömlur á því, að menn geti pantað sér erlendar bækur, blöð eða tímarit, hætta truflunum erlendra útvarpssendinga, og láta af ritskoðun prentaðs máls og sendibréfa, sem frá útlöndum berast.

9) Binda verður enda á eftirlit flokksins með vísindalegum rannsóknum, bókmenntum og listum.

10) Stöðva verður skipulagðan flutning Rússa til Eystrasaltslandanna og láta af þjóðamisrétti Rússum í vil, varðandi húsnæðismiðlun í Eystrasaltslöndum.

11) Krefjast verður þess, að menn séu talandi á þjóðtungur viðkomandi ríkja, eigi þeir að vera embættisgengir í ríkisstjórnir, helstu stöður í ráðuneytum og iðjuverum og kennaraembætti í Eystrasaltslöndunum.

Gera verður þjóðtunguna að skyldugrein í þeim skólum innan annarra lýðvelda en Rússlands, þar sem kennsla fer fram á rússnesku.

12) Opna verður almenningi sjúkrahús, apótek, hjúkrunarheimili og verslunarhús flokksins.

13) Leyfa verður stéttarfélög, sem vernda hagsmuni verkamanna, í stað þess að beita þeim sem þjónustufyrirtækjum í þágu flokksins. Leyfa verður verkföll.

14) Afnema verður valdknúinn samyrkjubúskap. Leyfa verður landbúnaðarverkamönnum að stofna félög til að gæta hagsmuna sinna.

15) Láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslu, undir eftirliti Sameinuðu þjóðanna, um hvort Eystrasaltslöndin skuli fá sjálfstjórn eða ekki. Ekki má búa í haginn fyrir slíka þjóðaratkvæðagreiðslu með því að flytja þjóðirnar burt úr löndum sínum eða flytja inn stórkostlegan fjölda annarra þegna.

Þegar síðast talda atriðinu verður fullnægt og Eystrasaltsþjóðirnar munu koma á ný í hóp frjálsra þjóða heims, er „baltneski vandinn“ endanlega leystur. Barátta þessa fólks fyrir frelsi og sjálfstæði kallar á stuðning lýðræðisinnar og framfarasinna um alla heim. Óréttlæti verður aldrei réttlætt með því, að 30 ár eða fleiri séu liðin síðan það var knúið fram.

Annáll Eistlandssögunnar

Forsöguöld

Um 7500 f. Kr. Sennilegt, að landnám Eistlands hafi hafist.

7500–2000 f. Kr. Fiski- og veiðimannamenning.

2000–1400 f. Kr. Upphaf jarð- og akuryrkju.

1300–500 f. Kr. Bronsöld. Bronsgripir fluttir til landsins, svo sem vopn og skrautmunir.

400 f. Kr.–1200 e. Kr. Járnöld.

árið 100 Rómverski sagnfræðingurinn Tacitus getur um Þjóð, sem hann nefnir Aestii í riti sínu *Germania*.

800–1200 Víkingaöld. Eistneskir stríðsmenn og höndlarar ná til Skandináviulanda í vestri og Hólmgarðs (Novgorod) í austri.

1227 Fyrstu rituðu heimildir um Eistlendinga.

Hin forna sjálfstæðisöld Eistlands

1030 Rússneskur her nær eistneska virkinu, sem stóð á núverandi borgarstæði Tartu, og þar reisa Rússar nýtt virki, Júrjev.

1061 Eistlendingar ná Júrjev eða Tartu á nýjan leik.

1132 og **1134** Rússar ráðast inn í Eistland.

1177 Eistlendingar svara árásum Rússa í sömu mynt og jafna aðalbækistöð Rússa, Pskov, við jörðu.

1187 Eistneskir víkingar leggja hina fornu höfuðborg Svíþjóðar, Sigtún (Sigtuna), í rúst.

1193 Páfinn í Róm ákveður, að krossferðir skulu farnar til Eistlands, þar sem íbúar neita að gangast undir kristna trú.

1196 Danski konungurinn Knútur VI. tekur land á Eistlandi.

1200 Krossferðariddarar undir forystu Alberts biskups, sem árið áður hafði verið vígður biskup til Brima (Bremen), reisa borgina Riga.

1202 *Fratres Militae Christi*, Regla sverðsbræðra, er stofnuð.

1206 Danir reyna að ná undir sig Saaremaa eyju (Ösel, Eysýsla í *Brennu-Njáls sögu*), en mistekst.

1207 Lífland er gert að furstadæmi í hinu Heilaga rómverska ríki.

1208 Þýskar hersveitir ráðast inn í Suður-Eistland. Hið forna sjálfstæðisríki Eistlands hefst.

1210 Eistlendingar bera sigurorð af sameinuðum herjum Þjóðverja, Líflendinga og Letta á ár-bökkum Ümera.

1217 Eistlendingar bíða ósigur í stórorrustu á degi heilags Matteusar, 21. september. Foringi þeirra, Lembit, er drepinn. Suður-Eistland gefst upp.

1219 Að beiðni Alberts biskups senda Danir hersveitir til Norður-Eistlands til að veita Þjóð-

verjum liðstyrk. Danir vinna sigur í orrustu um hið forna virki Lindahisa og setja þar upp eigið borgarvirki, Tallinn (Reval).

1220 Sænskir herflokkar ráðast inn í Vestur-Eistland, en verða undir í orrustu við íbúa Eysýslu, Saaremaa.

1222 Danski konungurinn Valdemar II. heldur í krossferð til Eysýslu, Saaremaa, þar sem hann reisir sér virki. Sama ár ná þó Eistlendingar því virki á sitt vald.

1223 Sigurinn á Eysýslu, Saaremaa, hleypir nýjum krafti í Eistlendinga, og þeim tekst að hrekja óvinina af höndum sér og frelsa allt landið utan Tallinn-virkis.

1224 Þýskar hersveitir ná Tartu á nýjan leik og loks öllu meginlandi Eistlands.

1227 Þjóðverjar ráðast inn í Eysýslu, Saaremaa. Endir er bundinn á hið forna sjálfstæði Eistlands.

1227–1561: Tímabil Þýsku riddarareglunnar

Eistneskir bændur eru undirokaðir af þýsku sigurvegurunum, hinum baltnesku barónum. Plágur og landfarsóttir.

1237 Regla sverðsbræðra sameinast Þýsku riddurunum og mynduð er Þýska riddarareglan.

1238 Norður-Eistland, héruðin Harjumaa og Virumaa, eru lögð undir Danmörku með samningi þess og Þýsku riddarareglunnar.

1343–1345 Mesta uppreisn, sem gerð var í Evrópu á miðöldum, hefst í Eistlandi að kvöldi St. Georgs-dags hinn 23. apríl 1343. Uppreisnin er ekki barin niður fyrr en eftir tveggja ára átök.

1346 Danir selja Þýsku riddarareglunni Norður-Eistland á ný.

1424 Lénsherrarnir öðlast rétt til þess að elta uppi strokuþræla.

1492 Ívan III. hertogi af Moskvu lætur reisa virkið Ívangarð á eystri bakka árinna Narva, og verður það útvörður Rússlands í vestri.

1523–1525 Siðaskipti ná til Eistlands.

1524 Fyrsta handritið fært í letur á eistneska tungu, safn kirkjubæna.

1535 Fyrsta bók á eistneska tungu, spurningakver, prentað í Þýskalandi.

1549 Bólusótt leggur 1/5 allra Eistlendinga að velli.

1551 Taugaveiki verður 2/3 hlutum þeirra, sem lifðu af bólusóttina, að fjörtjóni.

1558 Stríð skellur á milli Rússlands og Lítlands.

1559 Þýska riddarareglan selur Danakonungi lendur sínar.

1561 Ríki Þýsku riddarareglunnar líður undir lok. Svíakonungur tekur háaðalinn í Harjumaa og Virumaa undir sinn verndarvæng, og með því hefst sænska tímabilið í Norður-Eistlandi. Suður-Eistland gefst upp fyrir Póllandi.

1561-1721: Sænska tímabilið

Lagastada bændu verður skárri, en stríð, plágur og hungursneyð hrjá landsmenn.

1580–1581 Svíaher hrekur innrásarher Rússa úr Norður-Eistlandi.

1600–1629 Svíþjóð og Pólland heyja stríð. Fyrri stríðstímabilið er frá 1600–1611, en hið síðara frá 1621–1629, og lýkur því með vopnahléi, sem samið var um í Altmark. Suður-Eistland og Norður-Lettland er lagt undir Svíaríki.

1630–1631 Menntaskólar eru stofnaðir í stærstu borgum landsins, Tartu og Tallinn.

1632 Sænski herkonungurinn Gústaf Adolf II. stofnar fyrsta háskólann, Academia Gustaviana, í Tartu (Dorpat).

1637 Fyrsta eistneska málfræðin er prentuð.

1645 Svíar innlima Saaremaa í ríki sitt að lokinni styrjöld við Dani.

1657 Kýlapest, afbrigði af Svartadauða, leggur 3/4 hluta íbúa Norður-Eistlands að velli.

1684 Fyrsti kennaraskólinn stofnaður.

1686 Nýja testamentið er prentað á eistnesku.

1687 Karl XII. Svíakonungur kemur á löggjöf, sem miðar að bættri stöðu eistneskra bænda.

1695–1697 Hungursneyð í landinu. 50.000 manns deyja úr hungri.

1700 Norðurlandaófriðurinn mikli hefst. Karl XII. sigrar Rússaher við Narva, hina sögulegu landamæraborg milli Rússlands og Eistlands.

1704 Rússneskar hersveitir ná Narva og Tartu á sitt vald.

1710 Rússar hernema allt Eistland. Plágur geisa. Á fyrsta áratug 18. aldar farast 3/4 hlutar eistnesku þjóðarinnar af völdum sjúkdóma, hungursneyðar, hardæris og styrjalda.

1721 Friðarráðstefna, sem haldin er í Uusikaupunki (Nystad), viðurkennir hina fyrri *de facto* innlimun Eistlands og Líflands í Rússland.

1721–1918: Rússneska tímabilið

Bændur verða af þeim umbótum, sem orðið höfðu á högum þeirra á sænska tímabilinu, en hins vegar er landið friðað. Um miðja 19. öld hefst eistneska þjóðernisvakningin. Síðar mistakast tilraunir til rússneskjunar.

1739 Fyrsta eistneska biblían prentuð.

1740 Æðsti dómstóll Rússaveldis staðfestir bændaánaðina.

1766 Fyrsta eistneska tímaritið, *Lubhike öppetus*, hefur göngu sína.

1774–1789 Bólusótt er árviss faraldur í Eistlandi á þessu tímabili.

1802–1804 Yfirvöld leitast við að bæta hlutskipti bænda.

1816–1819 Bændaánaud lýkur. Upp er tekin skylduvinna.

1838 Hið eistneska lærdómsfélag stofnað.

1841 Víðtæk bændauppreisn. Upp spretta Messíasar-hreyfingar. 17% íbúanna snúast til rússnesks rétrúnaðar.

1849 Bændum í Suður-Eistlandi (Líflandi) er fengin með löggjöf heimild til þess að kaupa sér land.

1856 Sams konar lög eru sett í Norður-Eistlandi.

1856-1881: Þjóðleg vakning

1857 Fyrsta eistneska dagblaðið, *Pärnu Postimees*, hefur göngu sína. Stofnandi blaðsins er J. V. Jannsen. Dóttir hans er Lydia Koidula, ein fremsta skáldkona Eistlendinga.

1857–1861 Eistneski þjóðsögu- og ljóðabáلكurinn *Kalevipoeg* er gefinn út í samantekt F. R. Kreutzwalds.

1858 Bændauppreisn í ýmsum héruðum landsins, hin mesta þeirra í Mahtra. Uppreisnin blossaði upp vegna lagasetningar frá 1856, sem gekk ekki eins langt og bændur höfðu óskað.

1863 Slakað á hömlum gegn búferlaflutningum og ferðafrelsi bænda með svonefndum „vega-bréflögum“.

1864 Bænaskrár sendar keisaranum um að bæta stöðu bænda. J. V. Jannsen flytur til Tartu, þar sem hann gefur út blaðið *Eesti Postimees*.

1865 Lög, sem heimiluðu landeigendum að beita leiguliða sína líkamlegum refsingum, svo sem hýðingum, og veittu þeim lögsögu yfir þeim, numin úr gildi.

1866 Settar reglur um ný sveitarfélög. Reglurnar stefna að því að draga úr valdi þýska landaðalsins.

1868 Vinna gegn greiðslu í einhverri mynd leysir leysir vinnuskylduna af hólmi.

1869 Fyrsta sönghátíð Þjóðarinnar haldin.

1870 Nefnd sett á laggir til þess að koma á fót eistneskum æðri skóla (hinum svo nefnda Alexander-skóla). Félag bænda og stúdenta stofnuð. Járnbraut milli Tallinn og St. Pétursborgar opnuð.

1872 Eesti Kirjameeste Selts (Hið eistneska bókmenntafélag) er stofnað.

1876 Járnbrautin milli Tallinn og Tartu er fullgerð.

1878 Hinn róttæki útgefandi, stjórnámálaðurinn C. R. Jakobson, gefur út fréttablaðið *Sakala*.

1881-1896: Rússneskjunartímabil

Rússneska verður skyldumál í stofnunum ríkis og sveitarfélaga. Mörg samtök Eistlendinga og baltneskra Þjóðverja eru leyst upp.

1887 Rússneska verður kennslumál í öllum skólum.

1889 Tartu-háskóli og dómstólaskipunin er rússneskjuð.

1896-1905: Önnur þjóðarvakningin

1896 Hinn frjálslyndi Jaan Tõnisson verður ritstjóri *Postimees*, sem orðið hafði dagblað fimm árum fyrr.

1901 Lögfræðingurinn Konstantin Päts hefur útgáfu á fréttablaðinu *Teataja* (upplýsandinn, fræðarinn) í Tallinn.

1902 Fyrsti eistneski bankinn stofnaður í Tartu.

1904–1905 Fyrstu stjórn málafélögin verða virk í landinu.

1904 Eistneskir þjóðernissinnar fá meirihluta í fyrsta sinn, í kosningum til borgarstjórnar Tallinn.

1905 Uppreisn í Rússlandi. Eignir eru brenndar í Eistlandi. Almenn verkföll. Hersveitir keisarans svara með blóðbaði.

1906 Fyrsti eistneski menntaskólinn er stofnaður, kvennaskóli í Tartu.

1909 Eistneska þjóðfræðisafnið, Eesti Rahva Museum, er opnað.

1913 Estonia, eistneska þjóðleikhúsið, vígt.

1914 Upphaf heimsstyrjaldarinnar fyrri.

1917 Febrúar- og október-bylingar í Rússlandi. 12. apríl veitir bráðabirgðastjórn Rússlands Eistlandi sjálfstæði, og öll svæði í Eistlandi og Líflandi, sem byggð eru Eistlendingum, eru sameinuð. Æðsti valdamaður þessa nýja kerfis er umboðsmaður, sem rússneska bráðabirgðastjórnin

skipar, en við hlið hans starfar eistneskt ríkisþing, Maapäev. 28. nóvember lýsir Maapäev sig æðsta valdhafa Eistlands, en bolsévikar leysa þá þingið umsvifalaust upp.

1918-1940: Hið sjálfstæða eistneska lýðveldi

1918 24. febrúar lýsir frelsisnefnd ríkisþingsins því yfir, að Eistland sé sjálfstætt ríki innan þjóðfræðilegra landamæra landsins. Næsta dag hernema þýskar hersveitir landið að fullu. Hernámið stendur fram í nóvember, en þá berast fréttir um uppreisn í Þýskalandi, og þýski herinn í Eistlandi heldur heimleiðis. Eistneska bráðabirgðastjórnin tekur völd í Eistlandi. 28. nóvember hefst sjálfstæðisstríð Eistlands. 29. nóvember hernema rússneskar hersveitir Narva. Lýst er yfir stofnun hins fyrsta eistneska ráðstjórnarlýðveldis (Eesti Töörahva Kommuun) undir forystu eistneska kommúnistans Jaans Anvelts. Eistneskir herir frelsa landið allt.

1919 23. apríl — sama mánaðardag og bændauppreisnin hófst árið 1343 — kemur Stjórnlagabíngið (Asutav Kogu) saman undir forystu jafnaðarmannsins Augusts Reis til þess að semja stjórnarskrá fyrir sjálfstætt Eistland. Róttæk uppskipting jarða er gerð og tekst vel. 3. júlí lýkur svonefndu Landeswehr-stríði gegn þýskum herjum, sem reynt höfðu um mánaðarskeið að hernema Eistland.

1920 2. febrúar eru friðarsamningar við Ráðstjórnar-Rússland undirritaðir í Tartu. Fyrsta stjórnarskrá Eistlands er sett 15. júní.

1921 Sjálfstæði Eistlands er viðurkennt *de jure* af Stóra-Bretlandi, Frakklandi og Ítalíu. Eistland verður fullgilt aðildarríki meðlimur Þjóðabandalagsins.

1924 1. desember gera kommúnistar misheppnaða byltingartilraun í höfuðborg Eistlands með stuðningi Ráðstjórnarríkjanna.

1925 Sett eru lög um sjálfsforræði þjóðarbrotu. Stofnaður er sjóður til að styrkja menningar- og íþróttastarfsemi.

1932 Fyrstu tilraun til að breyta stjórnarskránni er hafnað í þjóðaratkvæðagreiðslu. Gerður er griðasáttmáli við Ráðstjórnarríkin.

1933 Önnur og þriðja þjóðaratkvæðagreiðslan er haldin um breytingar á stjórnarskránni. Í síðari atkvæðagreiðslunni er önnur stjórnarskrá lýðveldisins samþykkt, en með henni var handhöfum framkvæmdavalds fært aukilegt vald.

1934 Í mars lýsir Konstantín Päts forsætisráðherra yfir neyðarástandi til að koma í veg fyrir byltingartilraun fasista.

1935 Ríkisstjórn Päts bannar stjórnmalaflokka.

1938 Þriðja stjórnarskráin gengur í gildi á nýársdag. Konstantin Päts er kjörinn forseti. Stjórnmalaföngum veitt almenn sakaruppgjöf. Á ný tekur að þokast í lýðræðisátt.

1939 Molotov-Ribbentrop-sáttmálinn undirritaður 23. ágúst. Í leynilegum viðauka við sáttmálann deila Ráðstjórnarríkin og Þýskaland Eystrasaltslöndum á milli sín. 1. september hefst heimsstyrjöldin síðari. Hinn 28. september er Eistland neytt til að undirrita sáttmála um svonefnda gagnkvæma aðstoð við Ráðstjórnarríkin, og sama verða hin Eystrasaltslöndin að gera.

1939 Rússneskar hersveitir koma sér fyrir í Eystrasaltslöndunum.

1939–1940 Eystrasalts-Þjóðverjar eru fluttir til Þýskalands samkvæmt samningi, sem gerður er milli Eistlands og Þýskalands.

1940: Ráðstjórnar-Eistland

1940 16. júní setja Ráðstjórnarríkin Eistlandi og Letlandi úrlitakosti og Litáen tveim dögum síðar. 17. júní hernema rússneskar hersveitir Eistland. 21. júní tekur við völdum ný stjórn, vinveitt Ráðstjórnarríkjunum, aðallega vegna þrýstings frá þeim, og þá einkum frá Andrej Zhdanov, sem kemur til Tallinn sem sérstakur erindreki Stalíns. Dagana 14. og 15. júlí eru haldnar svonefndar „baltneskar kosningar“. Andkommúnistum og þeim, sem andvígir eru Ráðstjórnarríkjunum, er óheimilt að bjóða sig fram. Þingið, sem kosið er í þessum „kosningum“, lýsir 21. júlí Eistland ráðstjórnarlýðveldi. 22. júlí sækir þetta sama þing um inngöngu Eistlands í Ráðstjórnarríkin. 23. júlí er land, bankar og stærri iðnfyrirtæki þjóðnýtt. 6. ágúst veitir Æðsta ráð Ráðstjórnarríkjanna Eistlandi stöðu sambandslýðveldis innan Ráðstjórnarríkjanna.

1941 Dagana 13. og 14. júní fara fram fjölda-nauðungarflutningar. Meira en 40.000 Baltar eru fluttir nauðugir brott á einni nóttu, þar af 15 þúsund frá Eistlandi. Nauðungarflutningunum linnir, er nasistar ráðast inn í Ráðstjórnarríkin 22. júní. Þýskar hersveitir hafa lagt allt Eistland undir sig 6. desember.

1944 Hernámi Þjóðverja lýkur, en í stað þess hefst nýtt hernám Rússa. 26. júlí fellur Narva í hendur Rauða hersins. 25. ágúst fellur Tartu, 22. september Tallinn og 24. september Haapsalu. 24. nóvember eru allar þýskar hersveitir horfnar úr Eistlandi. 18. september, fyrir fall Tallinn-borgar, er Eistland lýst sjálfstætt ríki af Jüri Uluots, sem þá gegndi embætti forseta í stað Päts, sem hafði verið fluttur til Rússlands. Otto Tief er skipaður forsætisráðherra samsteypustjórnar. Nokkrir ráðherrar þessarar stjórnar eru síðar handteknir, en öðrum tekst að flýja til Vesturlanda. Haustið 1944 flýja 70.000 Eistlendingar heimaland sitt undan hinu nýja hernámi Ráðstjórnarríkjanna.

1949 Stórfelldir nauðungarflutningar fólks hafnir á ný, þegar samyrkjubúskap er komið á í landinu.

1953 Josif Stalín deyr. Smám saman dregur úr ógnarstjórninni.

1955 Æðsta ráð Ráðstjórnarríkjanna samþykkir lög um náðun. Flestir þeirra, sem lifað höfðu af þrælkun í vinnubúðum í Síberíu, fá að snúa heim.

Tilvísanir

- 1 Hampden Jackson, *Estonia* (London: Allen and Unwin, 1938), 65. bls.
- 2 August Rei, *The Drama of The Baltic Peoples* (Stockholm: Kiriastus Vaba Esti, 1970), 24. bls.
- 3–4 Haft eftir sagnfræðingnum Imre Lipping, úr fyrirlestri, sem hann flutti á eistneska menningardeginum í New York í apríl 1972.
- 5 Viktor Klauson, 30 years of Soviet power, *Kodumaa* (Föðurlandið), Tallinn, ágúst 1970, 13. bls.
- 6 Sjá ritgerðina „A Social and Demographic Mini-overview of Estonian history“ eftir Tõnu Parming, doktor í þjóðfélagsfræðum við Yale-háskóla. Bretinn Hampden Jackson nefnir í bók sinni *Estonia* á 236. bls., að 1934 hafi verið 1 háskólastúdent á hverja 332 íbúa, en þá var 1 stúdent á hverja 885 íbúa í Bretlandi.
- 7 Úr *Eesti keele grammatika* sem J. Valgma gaf út 1955 (Tallinn: 1955), 119.–120. bls.
- 8 *Estonian Events*, ágúst 1971.
- 9 Sjá Nigel Grant, *Soviet Education* (London: University of London Press, 1965), 47. bls.
- 10 Eftirfarandi kaflahluti er einkum sóttur í erindi, sem prófessor Mardi Valgemäe flutti á The First Conference on Baltic Studies 28. nóvember til 1. desember 1968 við Maryland-háskóla, og einnig er efni sótt í *Books Abroad*, sem eistneski prófessorinn og ljóðskáldið Ivar Ivask, sem starfar við háskólann í Oklahoma, ritstýrir. *Books Abroad* skýrir reglulega frá nýjum bókmenntum frá Eistlandi og víðar. Útdráttur úr ofangreindum fyrirlestri Mardi Valgemäe var gefinn út í *Bulletin of the Institute for the Study of the USSR*, XVI. árg. (september 1969).
- 11 Valgemäe, 20. bls.
- 12 Þessi þáttur er sóttur í óprentaða ritgerð prófessors Rein Taagepera, The impact of the New Left on Estonia.
- 13 Þessi kafli er að nokkru sóttur í ritgerð Rein Taagepera, Nationalism in the Estonian Communist Party, sem birt var í *Bulletin of the Institute for the Study of the USSR*, XVII. árg. (1, 1970). Sbr. og doktorsritgerð Michael J. Widmer, *Nationalism and Communism in Latvia: The Latvian Communist Party under Soviet Rule* (Harvard 1969).
- 14 Þetta bréf frá 17 lettneskum kommúnistum var birt sem heilsíðu forsíðugrein í hinu þekktu sænska dagblaði *Dagens Nyheter* 29. janúar 1972. Næstu tvo daga var það birt í öllum

helstu stórblöðum á Norðurlöndum og jafnframt í vestur-þýskum blöðum. *Daily Telegraph* í Lundúnum birti bréfið 5. og 7. febrúar, og loks var það birt í *The New York Times*, eftir að sérfræðingar Bandaríkjastjórnar og fjöldi óháðra sérfræðinga höfðu úrskurðað, að bréf þetta væri ófalsað. Vilji menn komast yfir bréfið í fullri lengd þess, geta þeir óskað eftir því frá BATUN, 2789 Schurz Avenue, Bronx. NY 10465, USA. — Sjá og grein mína „Bréf frá Lettlandi“, *Morgunblaðið* 26. maí 1972.

15 Ofangreindar tölur og margar aðrar tölfraðilegar upplýsingar í þessum kafla eru fengnar úr upplýsandi grein eftir, „forsætisráðherra“ Ráðstjórnar-Eistlands, Viktor Klauson, sem birt var í sérstakri útgáfu á *Kodumaa* (föðurlandið) í ágúst 1970. Þessari útgáfu var einkum ætlað að ná til eistneska útlaga, en hún var einnig prentuð á ensku og þýsku vegna fjölda alþjóðlegra ráðstefna, sem haldnar voru í Tallinn sumarið 1970.

16 Sjá t. d. Elmar Järvesoo, *Estonian Economy Since 1944: Policies, Structure, Change and Standard of Living*, fyrirlestur fluttur á The First Conference on Baltic Studies (University of Maryland, College Park), 28. nóvember–1. desember 1968. Fyrirlesturinn var prentaður, nokkuð stytur í *Acta Baltica*.

17 Arnold Purre, *Estlands Industrie unter sowjetischer Herrschaft*, *Acta Baltica* X, Königstein-Taunus, 1970, 40. bls., þar sem vitnað er í eistneska ráðstjórnardagblaðið *Rahva Hääl* (Rödd fólksins) 14. október 1967.

18 Arnold Veimer, *Eesti NSV sotsialistlik industrialiseerimme* (Sósíalísk iðnvæðing í eistneska ráðstjórnarlýðveldinu), *Eesti Riiklik Kirjastus* (Tallinn: 1958), 179. bls., sjá og Järvesoo, 6. bls.

19 Purre, 55. bls., tekið úr *Sovjetskaja Estonija* 11. ágúst 1960.

20 Purre, 55. bls., tekið úr *Rahva Hääl* 25. desember 1963.

21 Purre, 51. bls., tekið úr *Eesti Kommunist*, 4. tbl. 1967.

22 H. J. Wagner, *Regional Output Levels in the Soviet Union*, Radio Liberty Research Paper, no. 41.

23 V. Raud, *The Smaller Nations in the World's Economic Life* (London: King & Staples, 1944).

24 Ályktunin er prentuð í heild í *Briviba* (Frelsi, málgagnir lettneskra jafnaðarmanna) 8. október 1970).

25 Jan Leijonhielm, *En månadslön för kostym*, *Industria*, Stokkholmi nóvember 1969.

26 Purre, 63. bls., úr *Rahva Hääl*, desember 1967.

27 Lenin, *Works* (Moskva: 1953), 5. bindi, 270. bls.

28 Evald Uustalu, í kafla hans í verki August Rei, *The Drama of the Baltic Peoples*.

29 Evald Uustalu, 322. bls. Áþekkar lýsingar af hvernig aðrar ráðstjórnarþjóðir voru fluttar

burt nauðugar, er að finna í bók Roberts Conquests, *The Nation Killers* (London: MacMillan, 1971).

30 A. Solzhenitsyn: *A Day in the Life of Ivan Denisovich* (New York: Praeger, 1963), 57. bls. Ísl. útg. *Dagur í lífi Ívans Denisovichs*, þýð. Steingrímur Sigurðsson (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1963).

31 Tönu Parming, Population Changes in Estonia, 1935–1970, *Population Studies*, 26. árg., 1, 53.–78. bls.

32 Sjá rannsókn L. T. Terevskaia, sem birt er í *Sovjetskaja Etnografia*, 1968, 3, og endurpr. í *Bulletin of Baltic Studies*, 4. árg., desember 1970.

33 *Chronicle of Current Events* er gefið út í enskri þýðingu Amnesty International Publications, Turnagain Lane Farringdon Street, London EC 4. Sjá og Peter Reddaway: *Uncensored Russia. The Human Rights Movement. The Annotated Text of the Unofficial Moscow Journal A Chronicle of Current Events* (London: Jonathan Cape, 1972).

34 Reddaway, 171.–172. bls.

35 Reddaway, 172. bls.

36 Reddaway birtir heilan kafla um mál baltnesku sjóliðsforingjanna. Þá birtir hann einstætt eftirrit af yfirheyrslunum yfir Gavrilov og öðrum, sem fram fóru í höfuðstöðvum KGB í Eistlandi, við Pagari-götu 2 í Tallinn.

37 Reddaway, 174. bls.

38 Sjá t. d. *Daily Telegraph* 5. og 7. febrúar eða *New York Times* 27. febrúar.

39 Tilvitnun úr *Newsletter from behind the Iron Curtain*, nr. 473, XXVI. bindi, mars 1972. Eistneska upplýsingamiðstöðin í Stokkholmi.

40 Ýmsar af þeim skráttum sem tilfærðar eru hér á eftir, heyrði ég á ferðum mínum um Eistland, en aðrar eru teknar beint úr litlu sænsku safnriti: *Politiska anekdoter från Östeuropa* eftir Lars Erik Blomqvist (Stockholm: Utrikespolitiska institutet, 1971).

41 Í þessum kafla er stuðst við ritgerð Rein Taagepera, *The Baltic Republics in the 1960s: Political and Social Developments*, *Estonian Events*, ágúst 1970.

42 Sjá Andrei Amalrik: *Will the Soviet Union Survive Until 1984?* (London: Allan Lane, 1970).

43 Samkvæmt manntali ársins 1959 voru Kirjálár eða Karelar í Kirjálalandi (Karelia) einungis 85 þúsund, eða 13% íbúanna. 1970 voru þeir 84.000 og 12% íbúanna.

44 Günther Hillman, *Selbsteritik des Kommunismus* (Hamburg: Rowohlt, 1967), 150. bls.

45 Ladislaus Singer, *Sowjet-Imperialismus* (Stuttgart: Seewald Verlag, 1971), 13. bls.

46 Singer, 91. bls.

47 Singer, 90. bls., þar sem vitnað er til ævisögu Trotskíjs eftir Isaac Deutscher.

48 Þessi þáttur er sóttur í *Sowjet-Imperialismus* eftir Ladislaus Singer.

49 Stalin, *Works* (Moskva: 1953), IV. bindi, 363. bls.

50 Tilvitnun Walter Kolarz í bók hans *Communism and Colonialism* (London: MacMillan, 1964), 126. bls.

51 Þessi rök eru sett mjög vel fram af George Lichtheim í *Imperialism* (New York: Praeger, 1971).

Skýringar

höfðu þeir ekki áhuga ... 7. bls. Danakonungur bauð Hinrik VIII., konungi Englands, landið þrisvar (sem veð fyrir láni), en hann hafnaði því. Ýmsir breskir fyrirmenn mæltu með því í lok 18. aldar og byrjun hinnar 19. að taka Ísland af Dönum, sem þá voru í ófriði við Breta, en það var ekki gert. Áhugi Breta á Íslandi var nær eingöngu „neikvæður“: Þeir vildu ekki, að neitt annað stórveldi hefði of mikil ítök á Íslandi. Sjá Hannes H. Gissurarson, Ísland veðsett, selt, rýmt eða tekið, *Vísinding*, 33. árg. 50. tbl. (jólabláð 2015), 18.–21. bls.

á nokkrum tölum ... 8. bls. Tölurnar eru af heimasíðum hagstofu Íslands og hagstofu Eistlands, <http://www.statice.is> og <http://www.stat.ee/en>

Andres Küng ... 8. bls. Andres Küng, *Ett liv för Baltikum. Journalistiska memoarer* (Stockholm: Timbro, 2002).

Ívan Käbin ... 8. bls. Küng notar hið rússneska nafn hans, Ívan, en ekki Johannes. Hann (1905–1999) fæddist í Eistlandi, en fluttist með foreldrum sínum til Rússlands fimm ára og ólst þar upp. Hann var kennari í Moskvu, uns hann fluttist aftur til Eistlands. Hann var aðalritari kommúnistaflokks Eistlands 1950–1978 og forseti forsætisnefndar Æðsta ráðs Eistlands 1978–1983. Käbin var í sendinefnd um landbúnaðarmál, sem kom frá Ráðstjórnarríkjunum til Íslands 1978, en heimsókn hans hingað virtist ekki hafa vakið athygli.

Heinrich Mark ... 8. bls. Hann (1911–2004) var kennari að mennt og síðasti starfandi forseti útlagastjórnar Eistlands í Stokkhólmi (1990–1992).

Mart Laar ... 8. bls. Hann (f. 1960) er eistneskur sagnfræðingur og stjórnmalamaður. Hann var forsætisráðherra 1992–1994 og 1999–2002 og varnarmálaráðherra 2011–2012, en varð þá að draga sig í hlé af heilsufarsástæðum. Á meðal bóka hans eru *Estonia: Little Country that Could* (London: Centre for Research into Post-Communist Economies, 2002), um hinar róttæku efnahagsumbætur í Eistlandi, og *The Forgotten War. Armed Resistance Movement in Estonia in 1944–1956* (Tallinn: Grenader, 2005), um andspyrnuna gegn hernámsliði ráðstjórnarinnar. Laar tók á móti Davíð Oddssyni í opinbera heimsókn til Eistlands 2000 og kom sjálfur í opinbera heimsókn til Íslands 2001. Laar var líka meðal fyrirlesara á svæðisþingi Mont Pélerin samtakanna á Íslandi 2005 ásamt Davíð Oddssyni, Vaclav Klaus, forseta Tékklands, prófessor Harold Demsetz, prófessor Arnold Harberger og fleirum. Í formálanum að bók Küngs sagðist Laar hafa á unglingsárum fengið eistneska útgáfu hennar lánada í ljósriti hjá Tunne Kelam sagnfræðingi og lesið með áfergju. Hann bætti við (7. bls.) „Ég veit, að ég var ekki einn um að verða fyrir áhrifum af bókinni. Hið sama var að segja um marga aðra Eistlendinga heima fyrir og í útleð. Davíð Oddsson, sem þá var stúdentalleiðtogi á Íslandi og síðan forsætisráðherra í mörg ár, þýddi bók Küngs á íslensku og hefur síðan verið staðfastur vinur Eistlands.“

Jón Sigurðsson ... 9. bls. Hann (1811–1879) var sagnfræðingur og fornfræðingur, sem gaf út fjölda íslenskra fornrita og rannsakaða íslenska sögu, um leið og hann skapaði hana. Hann setti rök sín skýrast fram í Hugvekju til Íslendinga í *Nýjum félagsritum*, 8. árg. 1848, 1.–24. bls. Hann var eindreginn stuðningsmaður atvinnufrelsis, eins og sést á mörgum ritgerðum hans í *Nýjum félagsritum*. Hann vitnaði t. d. um það í hinn frjálslynda franska hagræðing Jean-Baptiste Say í ritgerðinni Um alþing á Íslandi í *Nýjum félagsritum*, 1. árg. 1841, 74.–75. bls., að ekki mætti „hafa stundarskaða nokkurra manna fyrir augum, heldur gagn alþýðu bæði í bráð og lengd“, þegar ráðist væri í efnahagsumbætur, t. d. lækkun verndartolla.

hefur verið gert lítið úr ... 9. bls. Sjá m. a. efasemdir um, að Ísland sé nógu stórt til að vera ríki í Alfred Cobban, *National Self-Determination* (Oxford: Oxford University Press, 1944), 74. bls., og Anne Sibert, *Undersized: Could Greenland be the new Iceland? Should it be?* *Vox* 10. ágúst 2009, <http://voxeu.org/article/could-greenland-be-new-iceland> Baldur Þórhallsson prófessor hefur reifað þá kenningu, að smáríki séu ekki sjálfbær og þurfi á skjóli að halda, m. a. Domestic buffer versus external shelter: viability of small states in the new globalised economy, *European Political Science*, 10. árg. (2011), 324.–336. bls. Telur hann hafa verið eðlilegt, að Íslendingar leituðu skjóls hjá Noregskonungi 1262 og treystu síðan á vernd Danakonungs. En Íslendingar játuðu Noregskonungi nauðugir skatt 1262. Þeir hefðu getað tryggt aðflutninga með eðlilegri verðlagningu innflutnings. Vernd konungs reyndist næstu aldir mjög takmörkuð, jafnframt því sem hann gerði bandalag við innlenda landeigendastétt um að halda niðri sjávarútvegi með þeim afleiðingum, að Íslendingar sultu oft, eins og Þráinn Eggertsson prófessor hefur leitt rök að, sjá kaflann Why Iceland Starved, *Imperfect Institutions: Possibilities and Limits of Reform* (Ann Arbor: University of Michigan Press, 2005). Íslendingar reyndu að skríða í skjól, en festust í fátæktargildru. Eistlendingum hefur eflaust líka fundist sú „vernd“, sem þeir fengu frá baltnesku barónunum eftir sigur þeirra 1227, lítt fýsileg og líka „verndin“ frá Rússakeisara síðar, þótt yfirráð Svía hefðu þótt nokkru skárri, eins og Küng segir. Ekki reyndist hinu unga eistneska lýðveldi 1918–1940 heldur mikið skjól í alþjóðasamningum eða alþjóðastofnunum: Gerðir voru sáttmálar við Ráðstjórnarríkin, og Eistland gekk í Þjóðabandalagið. Hitt er annað mál, að smáríki þurfa á bandamönnum að halda, jafnt við önnur smáríki og við stórveldi, og stórveldin eru vissulega misjöfn, eins og samanburður á hlutskipti Íslands og Eistlands sýnir, þótt niðurstöðum ráði vitanlega frekar stjórnarfar en þjóðerni. Eistland og önnur Eystrasaltsríki vita vel af vanmætti sínum og leitast mjög við að efla samstarf við Norðurlandþjóðir, Evrópulönd og ríki Norður-Atlantshafsins, eins og rökrétt er. Aðild þeirra að Evrópusambandinu á sér því frekar rætur í stjórn málasjónarmiðum en viðskiptahagsmunum.

Stofnríki Sameinuðu þjóðanna ... 9. bls. Upplýsingar af heimasíðu S. Þ., <http://www.un.org/en/sections/member-states/growth-united-nations-membership-1945-present/index.html>

Með frjálsum alþjóðaviðskiptum ... 9. bls. Sjá um þær tvær röksemdir, sem hér fara á eftir, um viðskipti og lýðræði, m. a. Alberto Alesina, The size of countries: Does it matter? *Journal of the European Economic Association*, 1. árg. 2.–3. hefti, 301.–316. bls. Af þeim virðist mega ráða, að smáþjóðir eins og Íslendingar og Eistlendingar ættu helst að styðja frjáls alþjóðaviðskipti og lýðræði, en treysta síður á risaveldi eða alþjóðastofnanir sér til halds og trausts.

Mússólíni ... 9. bls. Benito Mussolini (1883–1945) var ákafur sósíalisti á yngri árum, en þegar fyrri heimsstyrjöldin hófst, gerðist hann jafnákafur þjóðernissinni og stofnaði fasistaflokk, og var stefna hans blanda úr hentisemi, lýðskrumi, sósíalisma og þjóðernisstefnu. Hann

var skipaður forsætisráðherra 1922 og hrífsaði til sín öll völd 1925. Eftir misjafnt gengi í heimsstyrjöldinni síðari setti Ítalíukonungur hann af 1943. Hann stofnaði þá lýðveldi, Repubblica Sociale Italiana, hið félagslega ítalska lýðveldi, í Norður-Ítalíu og stjórnaði þar með fulltingi Þjóðverja. Í apríl 1945 gómuðu ítalskir skæruliðar undir forystu kommúnistans Luigis Longos hann og fylgikonu hans á flótta og drápu. Hengdu þeir lík skötuþjúanna upp á endann á krókum á torgi í Milánó. Talið er, að Longo og lið hans hafi slegið eign sinni á gull og önnur verðmæti, sem Mussolini hafði meðferðis, og hafi þetta nýst ítalska kommúnistaflokknum síðar. Longo hafði barist í spænska borgarastríðinu undir nafninu Gallo, eins og Valentín González segir í *Bóndanum. El campesino*, sem kemur út í þessari ritröð. Árni Pálsson, síðar prófessor, birti fróðlega ritgerð um Mússólíni í *Vöku*, 1. árg., 2. hefti (1927), 132.–145. bls.

Stalín ... 9. bls. Jósef Vissaríanovítsj Dzhúgashvíli, sem kallaði sig Stalín eða Stálmanninn (1878–1953), var frá Georgíu í Kákasus. Hann var bolsévíki eins og Lenín og komst smám saman til æðstu valda í Kremlkastala árin eftir valdarán bolsévika 7. nóvember 1917. Gerðist hann miskunnarlaus einræðisherra, sem svelte milljónir bænda í Úkraínu til bana 1932–1933, þegar þeir tregðuðust við að afhenda ríkinu allar afurðir sínar. Einnig framkvæmdi hann reglulega „hreinsanir“ í kommúnistaflokknum, svo sem í Moskvuréttarhöldunum 1938, sem Halldór K. Laxness varð vitni að og sagði frá af velþóknun í *Gerska æfintýrinu* (Reykjavík: Heimskringla, 1938). Milljónir manna sátu í þrælkunarbúðum hans. Unnið er úr nýjum heimildum um stjórnarfar í ríki Stalíns í Stéphane Courtois (ritstj.): *Svartbók kommúnismans* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2009), sem er endurútgæfið í þessari ritröð. Sbr. Boga Þór Arnason, *Barnið sem varð að harðstjóra: saga helstu einræðisherra 20. aldar* (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 2015), þar sem er stuttur kaflí um Stalín. Íslenskir kommúnistar harðneituðu hins vegar á sínum tíma öllum óþægilegum staðreyndum um Stalín. Gáfu þeir út lofsamlegar ævisögur hans, *Bóndann í Kremli* eftir Gunnar Benediktsson (Reykjavík: Reykholt, 1945) og *Stalín, 1879–1944* eftir breska kommúnistann J. T. Murphy í þýðingu Svennis Kristjánssonar (Reykjavík, Kristján Júlíusson, 1975). Jóhannes úr Kötlum orti einnig lofkvæði um Stalín.

gríðasáttmála við ... 9. bls. Í gríðasáttmálanum, sem utanríkisráðherrarn Þýskalands og Ráðstjórnarríkjanna (Jochim von Ribbentrop og Vjatsjeslav Molotov) undirrituðu í Moskvu 23. ágúst 1939, skiptu Hitler og Stalín með sér Mið- og Austur-Evrópu í leyningum viðbótarákvæðum. Stalín skyldi fá Finnland, Eistland, Lettland, austurhluta Póllands og Moldovu, en Hitler vesturhluta Póllands og Litáen. Seinna breyttu þeir samkomulagi sínu svo, að Stalín fékk líka Litáen, en Hitler stærri sneið af Póllandi. Í samræmi við sáttmálann réðst Hitler að vestan inn í Pólland 1. september 1939, en Stalín að austan 17. september. Þórbergur Þórðarson hafði eftir árás Hitlers á Pólland sagst hengja sig, ef Stalín færi líka inn í Pólland (í samtali við dr. Guðmund Finnbogason landsbókavörð á Hótel Borg 13. september). Þegar Þórbergur var minntur opinberlega á þessa yfirlýsingu, kvæðst hann aðeins hafa sagst hengja sig, færi Stalín í stríðið með Hitler. Í samræmi við gríðasáttmálann réðst Stalín líka á Finnland og kúgaði undir sig Eystrasaltslöndin. Evrópuþingið hefur gert 23. ágúst að minningardegi fórnarlamba alræðisstefnunnar í Evrópu, nasisma og kommúnisma.

Hitler ... 9. bls. Adolf H. (1889–1945) var frá Austurríki, en barðist í þýska hernum í fyrri heimsstyrjöld. Seinna kvæðst hann hafa orðið fyrir sinnepsgasárás Breta 1918 og því blindast tímabundið. En þýskur taugalækni af gyðingaættum, sem flýði til Íslands, Karl Kroner, hélt því fram, að hann hefði orðið fyrir taugaáfalli og því blindast um skeið. Eftir stríð gekk Hitler í Hinn þjóðernissósíalíska þýska verkamannaflokk Þýskalands (Nationalsozialistische Deutsche Arbeiterpartei), nasistaflokkinn, og varð skjótt foringur hans. Stefna flokksins var

blanda úr sósíalísma, þjóðernisstefnu og gyðingahatri. Var hann afar andsnúinn frjálshyggju og „stórauðvaldi“ annars vegar og „gyðinglegum bolsévísma“ hins vegar. Hitler varð kanslari Þýskalands í janúar 1933 og tók sér brátt einræðisvald, en stytta síðan í rústum Berlínar í stríðslok 1945. Hann er með samstarfsmönnum sínum talinn bera ábyrgð á morðum um sex milljóna gyðinga í Helförinni. Sbr. Boga Þór Arnason, *Barnið sem varð að harðstjóra*, þar sem er stuttur kafli um Hitler. Í bókinni *Hitler talar* eftir Hermann Rauschning (Reykjavík: Menningar- og fræðslusamband alþýðu, 1940) er sjónarmiðum hans skilmerkilega lýst, þótt ýmsir fræðimenn efast um, að Hitler hafi sagt allt það sjálfur við Rauschning, sem haft er eftir honum. „Húsamálarinn Hitler“ er ljóð eftir Bertolt Brecht, sem birtist í *Rauðum pennum*, 1. árg. (1935), 256. bls. Sjá einnig Konrad Heiden, *Ævi Adolfs Hitlers: saga ábyrgðarlausrar aldar* (Reykjavík, Víkingsútgáfan, 1943). Allir voru þeir Rauschning, Brecht og Heiden mjög andvígir Hitler, og komu verk þeirra út, áður en hann hleypti af stað heimsstyrjöld og Helförinni. Sjá enn fremur m. a. Þorstein Thorarensen, *Að hetjuhöll. Saga Adolfs Hitlers: uppruni hans, æska og fyrstu baráttuár* (Reykjavík: Fjölvi, 1969), Hugh Trevor-Roper, *Síðustu daga Hitlers* (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1972), og Traudl Junge, *Til hinstu stundar: einkaritari Hitlers segir frá* (Seltjarnarnes: PP forlag, 2004).

Maó ... 9. bls. Mao Zedong (1893–1976) var kennari að mennt, en gerðist róttækur marxisti og byltingarmaður. Hann varð formaður kommúnistaflokks Kína 1935, og frá valdatöku kommúnista 1949 til æviloka var hann einræðisherra í þessu fjölmennasta ríki heims. Bar hann ábyrgð á fjöldaftökum í upphafi valdatíðar sinnar, stórfelldri hungursneyð 1958–1961 og „menningarbyltingunni“ 1966–1976, þegar öll frjálshugsun var bannfærð í landinu og fjöldi fólks pyndaður til dauða. Talið er, að um 40 milljónir manna hafi fallið í hungursneyðinni, en Maó lét sér fátt um finnast. Íslenskir kommúnistar og vinstri sósíalistar voru ekki síður hrifnir af Maó en Stalín og gáfu m. a. út eftir Maó *Ritgerðir* í þremur bindum (Reykjavík: Heimskringla, 1959–1970) og *Rauða kverið* (Reykjavík: Heimskringla, 1967). Jóhannes úr Kötlum orti lofsamlega um Maó í „Kveðju til Kína“ í *Tímariti Máls og menningar*, 13. árg. 3. hefti (1953), 213.–214. bls. Þá má nefna *Bókina um Kína* e. Sverri Kristjánsson og Edgar Snow (Reykjavík: Heimskringla, 1950), *Byr undir vengjum* e. Kristin E. Andrésson (Reykjavík: Heimskringla, 1959) og *Bak við bambustjaldid* e. Magnús Kjartansson (Reykjavík: Heimskringla, 1964). Einnig er bók Ragnars Baldurssonar, *Kína. Frá keisaraveldi til kommúnísma* (Reykjavík: Mál og menning, 1985), hliðholl kínverskum kommúnistum. Áhrifamikil lýsing er á stjórnarfarinu í tíð Maós í bréfum Skúla Magnússonar, sem stundaði þar nám, en þau eru birt í *Rauðu bókinni. Leyniskýrslum SÍA* (Reykjavík: Heimdallur, 1963). Fróðlegur kafli er um Kína í *Svartbók kommúnísmans*, sem kom út 2009. Þegar senda átti þá bók ritstjóra *Sögu* til umsagnar, var það afþakkað með þeim orðum, að *Saga* birti ekki umsagnir um þýðingar. Tveimur árum áður hafði *Saga* þó birt langa og fjandsamlega ritgerð um bók, sem þá var í þýðingu og von á úr prentun sama ár, *Maó. Sagan sem aldrei var sögð* eftir Jung Chang og Jon Halliday (Reykjavík: Mál og menning, 2007). Var umsögnin eftir Geir Sigurðsson, sem hafði verið styrkþegi kínversku kommúnistastjórnarinnar í heimspekinámi í Kína og átti eftir að verða starfsmaður Konfúsíusarstofnunar, sem Kínastjórn kostar á Íslandi. Í bók Jung Chang og Hallidays, sem er bönnuð í Kína, er dreginn saman feikilegur fróðleikur um Maó. Sjá Hannes H. Gissurarson, *Saga sem Saga vill ekki segja, Þjóðmál*, 3. hefti (2014), 28.–44. bls. Jung Chang hafði áður skrifað áhrifamikla metsölubók um hlutskipti Kínverja, *Viltta svani. Þrjár dætur Kína* (Reykjavík: Mál og menning, 1994). Sbr. einnig Boga Þór Arnason, *Barnið sem varð að harðstjóra*, þar sem er stuttur kafli um Maó.

almennrar viðurkenningar ... 10. bls. Toomas Hiio, Legal Continuation of the Republic of

Estonia and the Policies of Non-Recognition, *Estonia 1940–1945. Reports of the Estonian International Commission for the Investigation of Crimes Against Humanity*, ritstj. Toomas Hiio, Meelis Maripuu og Indrek Paavle (Tallinn: Estonian Foundation for the Investigation of Crimes Against Humanity, 2006), 195.–198. bls.

vinstri sósíalistar og kommúnistar ... 10. bls. Íslenskir vinstri sósíalistar og kommúnistar störfuðu fyrst í vinstra armi Alþýðuflokksins, en stofnuðu 1930 kommúnistaflokk Íslands samkvæmt fyrirskipun frá Moskvu, og var Brynjólfur Bjarnason formaður. Flokkurinn var deild í Komintern, Alþjóðasambandi kommúnista (3. alþjóðasambandinu), sem starfaði 1919–1943. Sóttu tveir Íslendingar 2. þing þess 1920, Brynjólfur Bjarnason og Hendrik S. Ottósson. Þar voru Moskvuskilyrðin svokölluðu samþykkt fyrir aðild, en þau legga meðal annars þá skyldu á aðildarflokka (skv. 3. skilyrði) að stofna ólögleg hliðarsamtök, sem reiðubúin séu til aðgerða, ef og þegar byltingarástand myndast. Ólafur Friðriksson sótti 3. þingið 1921 og 4. þingið 1922. Brynjólfur Bjarnason sótti 5. þingið 1924 og þeir Einar Olgeirsson og Haukur Björnsson 6. þingið 1928. Kommúnistaflokkur Íslands, sem starfaði í átta ár, átti aðild að Komintern. Fyrir hönd hans sóttu Brynjólfur Bjarnason og Einar Olgeirsson 7. þingið 1935. Að minnsta kosti fimm erindrekar Kominterns komu til Íslands, Olav Vegheim, Hugo Sillén, Harry Levin, Viggo Hansteen og Willi Mielenz. Íslenskir kommúnistar sendu alls 23 Íslendinga í byltingarþjálfun í Moskvu 1929–1938. Þeir voru (í röð eftir námstíma): Jens Figved, Andrés Straumland, Eyjólfur Árnason, Jafet Ottósson, Þóroddur Guðmundsson, Eggert Þorbjarnarson, Dýrleif Árnadóttir, Haraldur Bjarnason, Gísli Indriðason, Hallgrímur Hallgrímsson, Helgi Guðlaugsson, Angantýr Guðmundsson, Stefán Þjetursson, Kristján Júlíusson, Skafti Einarsson, Lilja Halblaub, Guðrún Rafnsdóttir, Steingrímur Aðalsteinsson, Jóhannes Jóseppson, Benjamín Eiríksson, Hjalti Árnason, Elísabet Eiríksdóttir og Ásgeir Blöndal Magnússon. Mynduðu þessir nemendur hinn harða kjarna í Kommúnistaflokknum og síðar Sósíalistaflokknum. Tveir þeirra settust á þing, Steingrímur Aðalsteinsson og Þóroddur Guðmundsson. Hallgrímur Hallgrímsson barðist í spænska borgarastríðinu. Í bók Jóns Ólafssonar heimspekings, *Kæru félögum* (Reykjavík: Mál og menning, 1999), er markvisst reynt að gera lítið úr tengslum íslenskra kommúnista og vinstri sósíalista við Kremhverja og úr ofbeldiseðli kommúnismans. Þar segir t. d. á 52. bls.: „Það er ekki að sjá af þeim heimildum, sem aðgengilegar eru úr Norðurlandadeildum Lenínskólans og Vesturskólans, að sérstök áhersla hafi verið lögð á praktíska byltingarstarfsemi, svo sem njósnir, undirröður og hvers kyns moldvörpustarfsemi.“ Nægar heimildir eru þó til um, að nemendur voru þjálfaðir í vopnaburði og þeim kenndur undirröður, enda var það beinlínis á stefnuskrá Kominterns, sem rak skólana. T. d. sögðust þeir Andrés Straumland (í dagbók sinni), Helgi Guðlaugsson (í samtölum við Ólaf Grím Björnsson) og Benjamín Eiríksson (í bókinni *Benjamín H. J. Eiríksson í stormum sinna tíða*, Reykjavík: Bókafélagið, 1996) allir hafa fengið þjálfun í meðferð skotvopna. Einnig má nefna bók Ainos Kuusinens, *Before and After Stalin* (London: Michael Joseph, 1975), 52.–53. bls.: „Námsefnið var meðal annars söguleg efnishyggja, saga hinna ýmsu kommúnistaflokka, lögleg og ólögleg flokksstarfsemi, byltingaraðferðir, notkun dulmáls og þjálfun í öðrum greinum.“ Sbr. einnig Erik Rosenfeldt, *Verdensrevolutionens generalstab. Komintern og det hemmelige apparat* (København: Gads, 2011), 131. bls.: „Á námskrá voru meðal annars námskeið í marx-lenínisma, stjórnálagfræði, þróun hinnar alþjóðlegu verkalýðshreyfingar og sögu Ráðstjórnarríkjanna og kommúnistaflokksins. En einnig voru haldnar skotæfingar og tilsögn veitt í notkun skotvopna, undirröðri, dulmálssendingum og vopnaðri skæruliðastarfsemi.“ Árið 1938 gekk vinstri armur Alþýðuflokksins til samstarfs við kommúnista, sem lögðu niður flokk sinn, og stofnaður var Sameiningarflokkur alþýðu — Sósíalistaflokkurinn. Þótt hann væri ekki yfirlýstur kommúnistaflokkur, voru helstu foringjar

hans í nánum tengslum við Kremhverja og hvikuðu aldrei frá stuðningi við Ráðstjórnarríkin. Ein alvarlegasta missögnin í *Kæru félögum*, er þegar Jón Ólafsson skrifar um viðræður Einars Olgeirssonar, formanns Sósíalístaflokksins frá 1939, og Georgís Dímítrovs, trúnaðarmanns Stalíns, í Moskvu haustið 1945, 141. bls.: „Ekki er ljóst af dagbókarfærslu Dimitrovs hvað þeim Einari fór á milli en þó hefur Einar rætt við hann um möguleika á viðskiptum landanna því að Dimitrov hefur skrifað hjá sér að Einar ætli sér næsta dag að hitta Anastas Mikojan, utanríkisviðskiptaráðherra.“ En samkvæmt dagbók Dímítrovs, sem Jón vitnar einmitt í, bað Einar „um ráð um afstöðu flokksins og ríkisstjórnarinnar til stofnunar bandarískra herstöðva (flugvalla o. sv. frv.) til tjóns um sjálfstæði Íslands, svo og um íslensk flokksmálefni“. Hér er aðalatriðinu sleppt, að íslenskir kommúnistar og vinstri sósíalistar báðu Kremhverja um leiðbeiningar um, hvernig þeir ættu að bregðast við herstöðvabeitni Bandaríkjamanna 1945. Sósíalístaflokkurinn bauð síðast fram 1953, en gerði eftir það kosningabandalag við ýmsa vinstri sósíalista, sem komu aðallega úr Alþýðuflokknum, og nefndist það Alþýðubandalagið. Alþýðubandalaginu var breytt í stjórnmalaflokk 1968, Sósíalístaflokkurinn lagður niður og öll opinber tengsl við Kremhverja rofin. Síðasta verk Alþýðubandalagsins var, þegar sendinefnd frá því fór til Kúbu haustið 1998 í boði kommúnístaflokksins þar. Voru tveir fyrrverandi formenn Alþýðubandalagsins í nefndinni, Svavar Gestsson og Margrét Frímannsdóttir. Fyrir alþingiskosningarnar 1999 sameinaðist hluti Alþýðubandalagsins Alþýðuflokknum og fleiri vinstri flokkum í Samfylkinguna, en annar hluti stofnaði Vinstri hreyfinguna — Grænt framboð. Um sögu hreyfingar vinstri sósíalista og kommúnista sjá m. a. Þór Whitehead, *Sovét-Ísland. Óskalandið* (Reykjavík: Uglá, 2010) og Hannes H. Gissurason, *Íslenskir kommúnistar 1918–1998* (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 2011). Ýmis skjöl þessarar hreyfingar, þ. á m. frá Komintern, Alþjóðasambandi kommúnista, eru í handritadeild Þjóðarbókhöfundunar.

Teodoras Bieliackinas ... 10. bls. Greinar hans voru m. a. Flóttamennirnir frá Eyrstrasaltslöndunum, *Morgunblaðið* 18. desember 1945; Athugasemd, *Morgunblaðið* 4. janúar 1946; Níu spurningar til Hendriks Ottóssonar, *Morgunblaðið* 27. janúar 1946; Bak við „járnrtjaldið“, *Morgunblaðið* 2. og 3. ágúst 1946; Undirokun smáþjóðar, Byron og Þórbergur Þórðarson, *Morgunblaðið* 8. ágúst 1946; Reiður Rússavínur með rangan málstað, *Morgunblaðið* 17. ágúst 1946; Sannleikurinn um Eyrstrasaltslöndin, *Morgunblaðið* 27. og 28. ágúst 1946. Andmælendur hans voru m. a. Jónas H. Haralz, Baltnesku flóttamennirnir í Svþjóð, *Þjóðviljinn* 29. nóvember 1945; Björn Franzson, Litúvískur fasisti launar íslenska gestrisni, *Þjóðviljinn* 13. ágúst 1946. Bieliackinas fæddist í Pétursborg 1907, en fjölskylda hans fluttist til Litáen eftir byltingu kommúnista. Hann kom fyrst til Íslands 1934, en lauk B.A. prófi í íslensku frá Háskóla Íslands 1945. Hann lést langt fyrir aldur fram úr nýrnameini 1947. Faðir hans Simonas, sem var efnaður lögfræðingur, var myrtur í Auschwitz 1945.

Almenna bókafélagið ... 10. bls. Félagið var kynnt í fimm dálka frétt á baksíðu *Morgunblaðsins* 17. júní 1955, og rituðu undir ávarp um stofnun þess stjórnarmennirnir, Bjarni Benediktsson ráðherra, Alexander Jóhannesson prófessor, Jóhann Hafstein bankastjóri, Karl Kristjánsson alþingismaður og Þórarinn Björnsson skólameistari. Einnig rituðu undir það bókmenntaráðsmennirnir Gunnar Gunnarsson rithöfundur, Birgir Kjaran, rithöfundur og heildsali, Davíð skáld Stefánsson frá Fagraskógi, Guðmundur G. Hagalín rithöfundur, dr. Jóhannes Nórdal hagfræðingur, Kristján Albertsson rithöfundur, Kristmann Guðmundsson rithöfundur, Tómas Guðmundsson skáld og dr. Þorkell Jóhannesson prófessor. Fyrstu útgáfurit AB voru *Örlaganótt yfir Eyrstrasaltslöndum* e. Ants Oras, *Íslendinga saga* Jóns Jóhannessonar prófessors til 1550, fyrra bindi, *Myndir og minningar*, ævisaga Ásgríms Jónssonar málara e. Tómas Guðmundsson, *Grát, ástæra fösturmold* e. Alan Paton, um kúgunina í Suður-

Afríku, og *Hver er sinnar gefu smíður* e. Epiktetos. AB gaf aðallega út fagurbókmenntir og fræðslurit, en nokkur útgáfuritanna voru um kúgunina í kommúnistaríkjunum, t. d. *Nytsamur sakleysingi* e. Otto Larsen (1956), *Þjóðbyltingin í Ungverjalandi* e. Erik Rostböll (1957), *Hin nýja stétt* e. Milovan Djilas (1958), *Sivagó leknir* e. Boris Pasternak (1959), *Réttur er settur* e. Abram Tertz, öðru nafni Andrej Sínjavskíj (1962), *Dagur í lífi Ívans Denisovítsj* e. Aleksandr Solzhenítsyn (1963), *Deild 7* e. Valeríj Tarsís (1966) og bók Kúngs (1973). AB lenti í svipuðum erfiðleikum á 10. áratug og mörg önnur útgáfufyrirtæki og varð gjaldþrota 1996, en var endurreist 2011, þegar nafnið var keypt út úr þrotabúi. Er það nú rekið sem hluti BF-útgáfu ehf. Auk þeirrar ritraðar, sem þessi bók er þáttur í, Safns til sögu kommúnismans, hefur AB m. a. gefið út *Íslenska kommúnista 1918–1998* e. Hannes H. Gissurarson (2011), *Heimur batnandi fer* e. Matt Ridley (2014) og þrjár skáldsögur Ayns Rands, *Uppsprettna* (2012), *Undirstöðuna* (2013) og *Kíru Argúnovu* (2014). Á meðal þjóðmálarita AB síðustu ár má nefna *Icesave-samningana. Afleikur aldarinnar?* e. Sigurð Má Jónsson blaðamann (2012), *Búsáhaldaþynginguna: Sjálfsprottin eða skipulögð?* e. Stefán Gunnar Sveinsson sagnfræðing (2013), *Tekjudreifingu og skatta* e. Ragnar Árnason prófessor o. fl. (2014) og *Andersen-skjölín* e. Eggert Skúlason ritstjóra (2015).

Ants Oras ... 10. bls. Hann (1900–1982) var prófessor í ensku í Háskólanum í Tartu, en flýði Eistland 1943, á meðan Þjóðverjar hersátu það, og komst til Bandaríkjanna, þar sem hann varð prófessor í Flórídaháskóla í Gainesville. Bók hans kom út á mörgum öðrum tungum, *Baltic Eclipse* (London: Victor Gollancz, 1948); *Slagskugga över Baltikum* (Stockholm: Aldus/Bonniers, 1949); *Mørke over Baltikum* (Oslo: Høvik Forlag, 1949); *Viron kohtalonuodet* (Jyväskylä: Gummerus, 1958), og er finnska útg. nokkuð aukin. Bók Oras var vel tekið á Íslandi. Sjá m. a. Harmsaga Þjóðar, sem á að uppræta, *Vísir* 7. desember 1955 (merkt J.); Kristmann Guðmundsson, Bækur Almenna bókafélagsins, *Morgunblaðið* 17. desember 1955. Oft var vikið að henni á prenti næstu ár, sjá t. d. Serov – „slátrarin mikli“, *Morgunblaðið* 5. apríl 1956; Ein blaðsíða um gerræði Rússa, *Alþýðublaðið* 8. janúar 1957. Í leiðara *Morgunblaðsins* 10. júlí 1958 (undir fyrirsögninni Af hverju lá leiðin þangað?) sagði, að „þúsundir landsmanna“ hefðu lesið bók Oras. Var gagnrýnt í leiðaranum, að íslensk þingmannanefnd í opinberri heimsókn til Ráðstjórnarríkjanna hefði m. a. nýlega farið til Lettlands. Í nefndinni voru Alfréð Gíslason og Karl Guðjónsson frá Alþýðubandalaginu, Emil Jónsson og Pétur Pétursson frá Alþýðuflokknum og Karl Kristjánsson og Sigurvin Einarsson frá Framsóknarflokknum. Þingflokkur sjálfstæðismanna þáði ekki boðið austur. Þegar Ásmundur Sigurðsson, fyrrverandi alþingismaður, fagnaði því í *Þjóðviljanum* 13. desember 1960 (undir fyrirsögninni Fáa A-bandalagið kjarnorkuvopn er Íslandi teft í stórkostlega hættu), að Eystrasaltslöndin hefðu „tekið upp“ sósíalisma, andmælti *Morgunblaðið* honum harðlega á forsíðu daginn eftir með tilvitnunum í Ants Oras, sem væri „einn glæsilegasti vísindamaður, rithöfundur og bókmenntagagnrýnandi Eistlendinga“. Þá má geta þess, að *Morgunblaðið* vitnaði í hina sænsku þýðingu á bók Oras þegar 19. ágúst 1949, Í gær og á morgun. Einnig birtust kaflar úr bókinni, áður en hún var gefin út, Her í landi, *Lesbók Morgunblaðsins* 20. febrúar 1955. Þýðingin þar er ekki hin sama og síðar e. séra Sigurð Einarsson á sjálfri bókinni.

séra Sigurðar Einarssonar ... 10. bls. Hann (1898–1967) var guðfræðingur að mennt, en starfaði lengi sem kennari og fréttamaður á Ríkisútvarpinu. Hann var skipaður dósent í guðfræði 1937 að loknu samkeppnisprófi, og gegndi hann því starfi til 1944. Hann var prestur í Holti undir Eyjafjöllum frá 1946 til æviloka og kenndi sig oftast við þann stað. Hann flutti erindi um játningar í austurvegi á fjölmennum fundi Heimdallar 26. mars 1956, en þá hafði Níkíta Khrústsjov haldið leyniræðu um glæpi Stalíns á þingi kommúnistaflokks

Ráðstjórnarríkjanna. Í erindinu rifjaði séra Sigurður upp skrif íslenskra kommúnista um Stalín og jafnvel skáldskap þeirra, t. d. kvæði Jóhannesar úr Kötlum. *Morgunblaðið* birti erindið í heild 29. mars, og verður það endurútgefið í þessari ritröð ásamt öðrum erindum íslenskra menntamanna um kommúnisma. Sjálfur hafði séra Sigurður ungur haft samúð með rússneskum byltingarmönnum, eins og ljóðabók hans, *Hamar og sigð* (Reykjavík: 1930) sýndi.

áhrif kommúnista í íslensku menningarlífi ... 10. bls. Þar var aðallega um að ræða bókafélagið Mál og menningu, sem var löngum fjölmennt og öflugt. Að stofnun þess sumarið 1937 stóðu Félag byltingarsinnaðra rithöfunda og bókaфыirtækið Heimskringla, en það hafði verið stofnað eftir fyrirskipun frá Moskvu (í bréfi frá Mauno Heimo til Brynjólfs Bjarnasonar í febrúar 1933, sjá Hannes H. Gissurason, *Íslenska kommúnista 1918–1998*, 96. bls.). Snemma voru stofnuð sjálfseignarfélög, sem áttu eignir Máls og menningar, og voru þau skrifuð fyrir húseignum að Þingholtsstræti 27 og Laugavegi 18. Stofnandi Máls og menningar og forstjóri, Kristinn E. Andrésson (1901–1973), lauk mag. art. prófi í bókmenntum og stundaði framhaldsnám í Þýskalandi til 1931, þegar hann sneri heim. Hann var þingmaður Sósíalístaflokksins 1942–1946 og ritstjóri *Þjóðviljans* 1946–1947. Hann var einnig formaður MÍR (Menningartengsla Íslands og Ráðstjórnarríkjanna) 1968–1972. Kristinn gegndi starfi forstjóra Heimskringlu og Máls og menningar til 1971. Miðstjórn kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna samþykkti 25. júlí 1971 að veita Kristni sérstakan lífeyri fyrir dygga þjónustu í nær fjörutíu ár (Hannes H. Gissurason, *Íslenskir kommúnistar 1918–1998*, 448. bls.). Um það leyti er Kristinn lést 1973, voru sjálfseignarfélögin, sem hann hafði stofnað, komin í hendur nokkurra ungra Alþýðubandalagsmanna, sem vildu ekki tengjast kommúnistaríkjunum. Þar var framarlega í flokki Halldór Guðmundsson bókmenntafræðingur, sem tók við stjórn Máls og menningar 1984, en hann er dóttursonur Halldórs Stefánssonar rithöfundar, sem var einn af stofnendum Máls og menningar. Stórhýsið við Þingholtsstræti 27 var selt árið 1973. Þegar leið fram á 10. áratug, stéðjuðu erfiðleikar að mörgum útgáfufyrirtækjum, þ. á m. Máli og menningu. Að frumkvæði Íslandsbanka sameinuðust Mál og menning og Vaka-Helgafell árið 2000 í útgáfu- og miðlunarfyrirtækið Eddu undir stjórn Halldórs. Þá var stofnað einkahlutafélagið Mál og menning-Heimskringla, sem fór með helmingshlut Máls og menningar bókmenntafélags í Eddu. Sameiningin tókst ekki sem skyldi, og vantaði fjármagn enn inn í fyrirtækið. Árið 2002 keypti Björgólfur Guðmundsson framkvæmdamaður meiri hlutann í Eddu, en Mál og menning-Heimskringla ehf. átti minni hlutann. Var talið, að Björgólfur hefði með þessum kaupum bjargað Máli og menningu frá gjaldþroti. Halldór Guðmundsson lét af stjórn Eddu og hóf að skrifa bækur, m. a. um Halldór Kiljan Laxness og Þórberg Þórðarson. Eigendur Vöku-Helgafells seldu við sama tækifæri sinn hlut í fyrirtækinu og hófu nokkru síðar eigin útgáfu á ný í félaginu Veröld. Erfiðleikar héldu áfram í bókaútgáfu, og varð mikið tap á rekstri Eddu næstu ár, og jók Björgólfur hlut sinn. Árið 2007 keypti hins vegar Mál og menning-Heimskringla ehf. bókaútgáfuhluta Eddu, en síðan sameinuðust það félag og JPV í eitt fyrirtæki, Forlagið, og var það undir stjórn Jóhanns Páls Valdimarssonar og gaf út bækur undir ýmsum útfefandaheitum. Var talið, að Björgólfur Guðmundsson hefði selt hlut sinn á hagstæðu verði fyrir kaupendur. Þar eð Björgólfur hafði auðgast í Rússlandi eftir fall kommúnismans, er sú kaldhæðni örlaganna, að Mál og menning stóð og féll fyrstu fjörutíu starfsárin með Rússagulli kommúnista, en var síðan fleytt yfir erfiðleika 2002 og 2007 með Rússagulli kapítalista! Í tengslum við kaupin á bókaútgáfuhluta Eddu var stórhýsi Máls og menningar við Laugaveg 18 selt haustið 2007. Það, sem eftir er af hinu upphaflega Máli og menningu Kristins E. Andréssonar, er því sjálfseignarfélagið Mál og menning bókmenntafélag, sem á Mál og menningu-Heimskringlu ehf., en það félag fer með helmingshlut í Forlaginu. Sjálfseignarfélagið endurnýjar sig sjálft. Það velur nýja menn inn í félagsráð, þegar gamlir

falla frá. Það hefur fengið háar arðgreiðslur frá Forlaginu og er talið vellauðugt. *Tímarit Máls og menningar*, sem hóf göngu sína 1940, en átti erfitt uppdráttar um og eftir aldamót, var endurvakið 2004.

nutu verulegra fjárstyrkja ... 10. bls. Eftir að Komintern var lagt niður 1943, tók alþjóðadeild kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna við hlutverki þess, og fengu Sósíalistaflokkurinn og hliðarsamtök hans (t. d. Mál og menning) alls um 3,5 millj. Bandaríkjadala eða hátt í 500 milljónir kr. á verðlagi ársins 2015 í styrki 1940–1972, aðallega þó 1955–1970. Sjá Hannes H. Gissurarson, Hvers virði var Rússagullið? *Vísinding*, 29. tbl. 2015, 3.–4. bls.; Kjartan Ólafsson, Hvað varð um peningana frá Moskvu? *Morgunblaðið* 3. nóvember 2006. Verulega hefur munað um þetta fé, eins og sést af því, að sósíalistar og hliðarsamtök þeirra áttu fjögur stórhýsi í Reykjavík, þegar flokkur þeirra var lagður niður 1968: Mál og menning Laugaveg 18 og Þingholtsstræti 27, sem fyrr segir, en Sósíalistaflokkurinn Tjarnargötu 20 og Skólavörðustíg 19. Samtals eru þessi fjögur stórhýsi virt á 1,1 milljarð króna árið 2016. Í Sósíalistaflokknum voru oftast á annað þúsund manns og fæstir taldir vel efnum búnir. Leifarnar af eignum Sósíalistaflokksins runnu í svokallaðan Sigfúsarsjóð, en hann styður Samfylkinguna, eftir að hluti Alþýðubandalagsins rann inn í hann. Talsvert er rætt um fjárstyrki frá Moskvu til íslenskra kommúnista og vinstri sósíalista í bók Jóns Ólafssonar, *Kæru félögum*. En margt er þar vansagt eða missagt. Jón nefnir t. d. ekki fyrsta fjárstyrkinn, sem íslenskir kommúnistar hlutu þegar voruð 1919, þótt hann vitni í heimildina, þar sem upplýsingar eru um styrkinn á 15.–16. bls. Hann segir um annan fjárstyrk samkvæmt beiðni frá 1920, að ekkert bendi til þess, að styrkurinn hafi verið veittur, 17. og 305. bls. En heimildir eru til um, að hann hafi verið veittur. Jón minnst ekki heldur á tvo styrki 1928 og einn 1940, þótt þeirra sé getið í heimildum, sem hann hafði aðgang að.

August Rei ... 10. bls. Hann (1886–1963) var lögfræðingur að mennt og forystumaður jafnaðarmanna í Eistlandi. Hann var þjóðforseti 1928–1929, utanríkisráðherra 1932–1933, sendiherra í Moskvu 1938–1940, utanríkisráðherra útlagastjórnar Eistlands 1944–1945 og starfandi forseti hennar frá 1945 til dauðadags. Þótt *Alþýðublaðið*, *Tíminn* og *Vísir* segðu frá heimsókn hans, minnstust þau ekki á Bessastaðaförina. Það gerði *Morgunblaðið* hins vegar á forsiðu 12. júní, og brást þá sendiherra Ráðstjórnarríkjanna við. Sjá m. a. Hannes H. Gissurarson, *Íslenskir kommúnistar 1918–1998*, 328.–329. bls.

Tómasi Tómassyni forstjóra ... 10. bls. Hann (1888–1978) var bláfátækur bóndasonur af Rangárvöllum, sem missti föður sinn ungur og varð að þiggja af sveit, en fluttist ungur til Reykjavíkur og braust til bjargálna. Hann stofnaði Ölgerð Egils Skallagrímssonar 1913 og rak hana af myndarskap til æviloka. Tómas varð aðalræðismaður Eistlands á Íslandi 1935. Hann heimsótti Eistland 1938 og var þá gestur Konstantins Päts forseta (sjá aftanmálsgrein við 34. bls.). Ráðstjórnin í Moskvu krafðist þess 1949, að nafn hans yrði máð út af lista utanríkisráðuneytisins um ræðismenn erlendra ríkja, og var það gert, eflaust vegna brýnna viðskiptahagsmuna Íslands, sem var háð sölu sjávarafurða austur fyrir jartnjald. Bjarni Benediktsson, þáverandi utanríkisráðherra, var þó góður vinur Tómasar og fyrrverandi tengdasonur (en fyrri kona Bjarna, Valgerður Tómasdóttir, lést af barnsförum eftir stutt hjónaband). Bjarni vék að þessu máli í afmælisgrein um Tómas í *Morgunblaðinu* 9. október 1958: „Sjálfur hefur Tómas aldrei látið sig það neinu skipta, en hiklaust haldið áfram að greiða götu þeirra Eistlendinga, sem hingað hafa komið og til hans leitað.“ Í minningarorðum í *Morgunblaðinu* 29. nóvember 1978 sagði Bernhard Mäelo, fyrrv. bankastjóri í Tartu, sem komst til Svíþjóðar í stríðinu, að Tómas hefði verið gestrisinn við Eistlendinga, sem komu

til Íslands. Hann hefði boðið sér og fleiri Eistlendingum heim og látið í ljós þá ósk, þegar hann kvaddi gesti sína, að „aftur mætti koma sá tími, að eistneska þjóðin fengi frelsi sitt á ný“. Mælo var Íslandsvinur, sem kom hingað fyrst á bindindismót 1953, og birtust nokkur viðtöl við hann í íslenskum blöðum, m. a. í *Alþýðublaðinu* 23. júlí 1955 og *Morgunblaðinu* 24. október 1963. Kona Mælos, Helmi, var rithöfundur, og kom bók hennar, *Blómarós. Saga frá Eistlandi*, út 1965 (Reykjavík: Æskan).

birti frétt um þetta ... 10. bls. August Rei forsætisráðherra Estlendinga [svo] heimsótti Ísland, *Morgunblaðið* 12. júní 1957. Blaðið, sem þá var undir ritstjórn Bjarna Benediktssonar, bætti við fréttina: „Estneska [svo] stjórnin, sem August Rei veitir nú forsæti, er að stjórnögum rétt skipuð ríkisstjórn landsins.“

Tunne Kelam ... 11. bls. Hann (f. 1936) er sagnfræðingur að mennt og starfaði í eistneskum skjalasöfnum, uns upp komst, að hann var höfundur skjals um kúgunina í Eistlandi, sem sent var Sameinuðu þjóðunum 1972. Þá missti hann starf sitt og var sendur í erfiðisvinnu, en hélt áfram andófi við hernám Rússa. Hann gerðist einn af forystumönnum sjálfstæðishreyfingar Eistlands og var 1990–1992 forseti Eistneska þingsins, sem kosið var til hliðar við Æðsta ráðið. Hann var þingmaður á hinu endurreista eistneska þingi 1992–2004 og var varaforseti þess 1992–2003, en hefur setið á Evrópuþinginu frá 2004.

Arnórs Hannibalssonar ... 11. bls. Arnór (1934–2012) stundaði nám í Rússlandi 1954–1959 og lauk meistaraþrófi í heimspeki og sálfræði, en dvaldist síðan við framhaldsnám í Póllandi. Þegar hann skrifaði nýkominn frá námi eystra greinar um reynslu sína, vildu íslenskir kommúnistar og vinstri sósíalistar ekki birta þær, og gaf hann þær þá út á bók, *Valdið og þjóðin. Safn greina um Sovét* (Reykjavík: Helgafell, 1963). Einnig skrifaði hann *Kommúnisma og vinstri hreyfingu á Íslandi* (Reykjavík: Helgafell, 1964) og *Moskvulínuna* (Reykjavík: Nýja bókafélagið, 1999), en síðarnefndu bókina skrifaði hann eftir rannsóknir í nýopnuðum skjalasöfnum í Moskvu. Hann lauk doktorsþrófi í heimspeki frá Edinborgarháskóla 1973 og varð lektor, síðar dósent og prófessor, í þeirri grein í Háskóla Íslands. Arnór var um skeið ræðismaður Litáens á Íslandi og beitti sér mjög fyrir Eystrasaltslöndin. Í afmælisritinu *Davíð Oddsson fimmtugur* (Reykjavík: Bókafélagið, 1998) skrifar hann um sjálfstæðisbaráttu Eystrasaltslanda, Þeir draumar rættust, 23.–36. bls.

samband við Manfred Wörner ... 11. bls. Samtal við Davíð Oddsson 21. júlí 2016. Wörner (1934–1994) var lögfræðingur að mennt, þingmaður Kristilega lýðræðisflokksins 1965–1988, varnarmálaráðherra Þýska sambandslýðveldisins 1982–1988 og framkvæmdastjóri Atlantshafsbandalagsins 1988–1994.

Utanríkisráðherrarnir þeirra ... 11. bls. Meri (1929–2006) var utanríkisráðherra Eistlands 1990–1992, sendiherra í Helsinki innan við ár og forseti Eistlands 1992–2001 og kom aftur til Íslands í opinbera heimsókn 1999. Hann hafði verið fluttur unglingur ásamt fjölskyldu sinni til Síberíu í nauðungarflutningunum í júní 1941, sem Küng lýsir. Faðir hans hafði verið í eistnesku utanríkisþjónustunni og Shakespeare-þýðandi eins og Oras. Fjölskyldunni tókst síðar að komast heim til Eistlands. Jurkás (f. 1946) var utanríkisráðherra Lettlands 1990–1992, sat á þingi um skeið eftir það, en hætti síðan afskiptum af stjórnmálum. Hann er hlynntur bættum samskiptum lands síns við Rússland. Saudargas (f. 1948) var utanríkisráðherra Litáens 1990–1992 og 1996–2000. Hann var kjörinn á Evrópuþingið fyrir Kristilega lýðræðisflokkinn í Litáen 2009.

Í mannlífínu gætir ... 11. bls. William Shakespeare, *Julius Caesar* (1599), 4, 3, 217. Víkverji (sem eflaust var Styrmir Gunnarsson ritstjóri) skrifaði í *Morgunblaðið* 27. ágúst 1991: „Davíð Oddsson forsætisráðherra flutti frábæra ræðu í kvöldverði, sem hann efndi til fyrir utanríkisráðherra Eyrstrasaltsríkjanna og fylgdarlið þeirra sl. sunnudagskvöld. Yfirleitt eru slíkar borðræður efnislitlar og raunar innantómar, en sú lýsing á síst af öllu við þessa ræðu forsætisráðherra, enda vakti hún mikla athygli gesta, og hafði utanríkisráðherra Litháens sérstaklega orð á því, hve áhrifamikil ræða Davíðs hefði verið. Í ræðunni gat forsætisráðherra þess, að hann hefði á námsárum sínum í háskóla þýtt bók eftir Andres Küng (sem skrifaði reglulega greinar hér í *Morgunblaðið* fyrr á árum) um örlög fólks í Eistlandi, og hefði hún haft mikil áhrif á sig. Þá vitnaði Davíð Oddsson jöfnum höndum til Shakespeares, Voltaires og Íslendingasagna á þann veg, að athygli vakti.“

Á bak við tjöldin ... 12. bls. Samtal við Davíð Oddsson 21. júlí 2016. Sjá einnig, Kom ekki til greina að nefna aðeins Rúmeníu og Slóveníu, *Morgunblaðið* 9. júlí 1997.

Árna Bergmanns ... 13. bls. Árni (f. 1935) stundaði nám í Rússlandi 1954–1962 og lauk meistaraþrófi í bókmenntum. Árni var blaðamaður og síðar ritstjóri á *Þjóðviljanum* 1962–1992, en kenndi einnig rússneskar bókmenntir í Háskóla Íslands. Hann var formaður MÍR, Menningartengsla Íslands og Ráðstjórnarríkjanna, 1972–1974. Tilvitnunin er úr *Miðvikudögum í Moskvu* (Reykjavík: Mál og menning, 1979), 30. bls.

Sheremetev ... 30. bls. Borís Petrovítsj S. (1652–1719) var einn af herforingjum Péturs I. Rússakeisara. Eru þessi ummæli hans fræg í Eistlandi.

Þjóðabandalaginu ... 32. bls. Það var stofnað 1920, hafði aðsetur í Genf í Sviss og átti að stuðla að friðsamlegri sambúð þjóða. Eistland gerðist aðili að því 1921. Ísland gerðist aldrei aðili, enda sáu Danir skv. sambandslagasáttmálanum frá 1918 um meðferð utanríkismála í umboði Íslands. Jón Þorláksson forsætisráðherra var einn þeirra, sem var því andvígur að ganga í Þjóðabandalagið. Aðildarríki voru 58, þegar flest voru. Það veikti hins vegar bandalagið, að Bandaríkin urðu aldrei aðili að því. Þýskaland og Japan gengu úr því 1933, og Ráðstjórnarríkin voru rekin úr því 1939 eftir innrásina í Finnland.

Kommúnistar náðu lengst ... 33. bls. Kommúnistaflokkur Eistlands var stofnaður haustið 1920, en áður hafði starfað í Eistlandi deild úr bolsévikaflokki Rússaveldis. Einn af fyrstu leiðtogum flokksins var Viktor Kingissepp (1888–1922), sem starfaði fyrir leyniþjónustu bolsévika, Tsjekuna. Eistneska lögreglan handtók hann 1922 við undirróður og byltingarundirbúning í Tallinn og tók af lífi. Annar leiðtogi flokksins, Jaan Anvelt (1884–1937), stjórnaði uppreisnartilraun kommúnista 1924. Eftir það var flokkurinn bannaður til 1940. Anvelt varð útlagi í Ráðstjórnarríkjunum, starfaði hjá Komintern, Alþjóðasambandi kommúnista, og var handtekinn í hreinsunum Stalíns 1937. Var hann barinn til dauðs í rússnesku fangelsi. Annar eistneskur útlagi í Ráðstjórnarríkjunum, Arthur Mehring (Meering á eistnesku, en réttu nafni Richard Voldemar Mirring, 1901–1938), starfaði á skrifstofu Kominterns í Moskvu fyrir Norðurlönd og Eyrstrasaltsríki og hafði nokkur afskipti af íslenskum kommúnistum. Sendi hann þeim m. a. bréf með ýmsum fyrirmælum sumarið 1930 og tók við munnlegri skýrslu frá Brynjólfi Bjarnasyni í Moskvu sumarið 1932 (sjá Hannes H. Gissurarson, *Íslenskir kommúnistar 1918–1998*, 56.–58. bls.). Árin 1933–1936 rak eistneski kommúnistaflokkurinn skrifstofu í Kaupmannahöfn. Mirring/Mehring gaf henni skipun um að myrða eistneska kommúnistann Johannes Eltermann (1896–1936), sem grunaður var um

samstarf við eistnesku lögregluna. Eltermann var myrtur í febrúar 1936, en líkinu eytt með sérstakri efnablöndu og morðið ekki upplýst fyrr en löngu seinna. Á meðal morðingjanna voru eistnesku kommúnistarnir Karl Säre (1903–1945) og Johannes Meerits (1903–1952). Mirring/Mehring var handtekinn í Moskvu 1937 í hreinsunum Stalíns og tekinn af lífi ári síðar. Säre sneri aftur til Eistlands 1938, eftir að fjöldi kommúnista hafði verið þar náðaður. Hann varð aðalritari kommúnistaflokks Eistlands eftir hernám Rússa 1940 og tók fullan þátt í ódæðum þeirra næsta árið. Þjóðverjar gripu hann, eftir að þeir réðust inn í landið haustið 1941. Í yfirheyrslum sagði hann þá til margra flokkssystkina sinna. Säre var sendur í þýsku fangabúðirnar Sachsenhausen 1942. Þar játaði hann á sig hlutdeild í morðinu á Eltermann í Kaupmannahöfn, og bar hann vitni í réttarhöldum í Kapmannahöfn 1943. Hann lést í fangabúðum í Neuengamme 1945. Johannes Meerits (sem bar stundum dulnefnið Leo Loring) hafði gefið sig fram við sænsku lögregluna 1939 til þess að komast hjá því að fara til Moskvu, þar sem hann óttaðist um örlög sín í hreinsunum Stalíns. Hann var framseldur til Danmerkur 1943, ákærður fyrir morðið á Eltermann og dæmdur í fangelsi. Hann var sendur í fangaskiptum til Ráðstjórnarríkjanna 1949 og tekinn þar af lífi fyrir njósnir 1952. Dansk blaðamaðurinn Erik Nørgaard rekur söguna um morðið á Eltermann í *Mendene fra Estland* (København: Holkenfeldts forlag, 1990) og *Mordet i Kongelunden* (København: Holkenfeldts forlag, 1991). Margt er þó enn á huldu um Säre. Hann var til dæmis erindreki Kominterns í Shanghai 1924–1927, og á hann að hafa kynnst þar Roger Hollis, sem síðar varð yfirmaður bresku gagnjónsnaðildarinnar MI5. Því hefur verið haldið fram, að Hollis hafi verið á mála hjá ráðstjórninni rússnesku, sjá t. d. Peter Wright og Paul Greenglass, *Spycatcher* (New York: Viking, 1987). Því er þó vísað á bug í Christopher Andrew, *The Defence of the Realm* (London: Allan Lane, 2009). Svo virðist sem Säre hafi verið samtímis Richard Krebs í Shanghai, en Krebs skrifaði undir dulnefninu Jan Valtin söguna *Úr álögum*, sem komið hefur út í þessari ritröð (2015). Ekki getur þó Krebs þar um Säre. En við aðalritarastarfi kommúnistaflokks Eistlands af Säre tók Nikolai Karotamm 1943 og gegndi því til 1950. Þá varð Ívan eða Johannes Käbin aðalritari (sjá aftanmálsgrein við 8. bls.) til 1978. Karl Vaino var aðalritari 1978–1988 og Vaino Väljas 1988–1990. Þá var flokkurinn lagður niður, og hafa kommúnistar hverfandi fylgi í Eistlandi. Í síðustu þingkosningum, sem þeir tóku þátt í 2007 undir nafninu Eistneski vinstri flokkurinn, fengu þeir 0,7% atkvæða.

Konstantin Päts ... 34. bls. Hann (1874–1956) var einn af leiðtogum sjálfstæðisbaráttu Eistlendinga og veitti Bændaflokknum forystu. Hann var fimm sinnum þjóðforseti, 1921–1922, 1923–1924, 1931–1932, 1932–1933 og 1933–1934. Hann tók öll völd í sínar hendur 1934 til að afstýra valdatöku fasistaflokks, sem var þá í miklum uppgangi. Hann var forsætisráðherra og þjóðforseti 1934–1937 og forseti 1937–1940. Päts og fjölskylda hans voru flutt nauðug til Rússlands sumarið 1940. Þar sat hann fyrst í fangelsi og var síðan vistaður á geðveikrahæli, og var sjúkdómur hans talinn vera að telja sig forseta Eistlands.

innrás Þjóðverja ... 34. bls. Eins og Ants Oras segir í *Örlaganótt yfir Eystrasaltslöndum*, sem kemur út í þessari ritröð, töldu sumir Eistlendingar þýska hernámsliðið skárrí kostinn af tveimur vondum eftir hina hræðilegu reynslu af rússneska hernámsliðinu 1940–1941. Einn þeirra var eistneski lögreglumaðurinn Evald Mikson (1911–1994), sem einnig var kunnur knattspyrnukappi í landi sínu, markmaður í landsliðinu. Hann hafði flúið inn í skóga undan rússneska hernámsliðinu, en tók aftur við starfi í eistnesku lögreglunni haustið 1941 eftir hernám Þjóðverja. Þá yfirheyrði hann m. a. kommúnistaleiðtogann Karl Säre (sjá aftanmálsg. við 33. bls.). Eftir nokkra mánuði vörpuðu Þjóðverjar Mikson í fangelsi. Skömmu eftir að hann var látinn laus, flýði hann til Svíþjóðar, en honum var vísað þaðan

burt vegna ásakana á hendur honum um ýmis brot, aðallega á meðan hann tók sumarið 1941 þátt í baráttu eistneskra skæruliða gegn rússneska hernámsliðinu, sem var þá að hörfa undan þýska innrásarliðinu. Upplausn var þá í landinu. Mikson komst til Íslands, kvæntist íslenskri konu og fékk ríkisborgararétt 1955 undir nafninu Eðvald Hinriksson. Einar Sanden skrifaði endurminningar Miksons, *Úr eldinum til Íslands* (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1988). Þar er gefið í skyn, að Karl Säre hafi veitt Mikson upplýsingar um Roger Hollis, yfirmann bresku gagnnjósnadeildarinnar MI5, sem á að hafa verið á mála hjá leyniþjónustu ráðstjórnarinnar, sjá 126. bls. bókarinnar og aftanmálsgr. við 33. bls. Sérstök alþjóðleg rannsóknarnefnd, sem Eistlendingar skipuðu, komst að þeirri niðurstöðu í skýrslu, sem þegar hefur verið vitnað í og gefin var út 2006, að Mikson hefði þá fáu mánuði, sem hann starfaði haustið 1941 í eistnesku lögreglunni undir stjórn Þjóðverja, gefið út aftökuskipanir (death warrants) nokkurra manna, þ. á m. gyðinga, og því gerst sekur um stríðsglæpi. Sjá *Reports of the Estonian International Commission for the Investigation of Crimes Against Humanity*, xx. bls. Meðal nefndarmanna voru Uffe Ellemann-Jensen, fyrrv. utanríkisráðherra Danmerkur, og prófessor Peter Reddaway. Nefndin tók hins vegar ekki afstöðu til annarra ásakana á hendur honum um ýmis brot, m. a. gegn gyðingum. Í sjálfsævisögu sinni, *Ett liv för Baltikum*, 259.–267. bls., ræðir Andres Küng um valþröng Eistlendinga í síðari heimsstyrjöld og segir, að tiltölulega fáir þeirra hafi tekið þátt í stríðsglæpum nasista.

Zhdanov ... 35. bls. Andrej Z. (1896–1948) var einn nánasti aðstoðarmaður Stalíns. Hann sá í nokkur ár um að framfylgja friðarsamningi Ráðstjórnarríkjanna og Finnlands frá 1944 og markaði einnig stefnu kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna í menningarmálum eftir stríð, þegar kúgunin var sem verst.

Artur Alliksaar ... 42. bls. Hann (1923–1966) var eistneskt skáld. Hann var kvaddur í þýska herinn 1943, en barðist sem skógarbróðir eftir hernám Rússa og sneri síðan til heimabæjar síns, Tartu, og gerðist járnbrautarstarfsmaður. Hann var handtekinn 1949 og sendur í útleið, en fékk að snúa aftur til Eistlands 1958. Eftir það bjó hann við sult og seyru, en orti ljóð til varnar frelsinu. Ljóðasafn hans varð metsölubók í Eistlandi 1999.

Arvo Valton ... 42. bls. Hann (f. 1935) er eistneskur rithöfundur. Hann var fluttur ásamt fjölskyldu sinni nauðungarflutningum til Síberíu 1949, en sneri heim 1954. Hann sat á eistneska þinginu 1992–1995 fyrir Föðurlandsflokkinn (flokk Marts Laars).

Sínjavskj og Daníel ... 42. bls. Rithöfundarnir Andrej Sínjavskj (1925–1997) og Júlí Daníel (1925–1988) voru handteknir fyrir það haustið 1965 að birta bönnuð skáldverk sín erlendis. Árið 1966 var Sínjavskj dæmdur í sjö ára fangelsi og fimm ára útleið og Daníel í fimm ára fangelsi og þriggja ára útleið. Þegar *Vísir* spurði 21. febrúar 1966 nokkra kunna íslenska rithöfunda um dómana, gagnrýndu þá flestir, en Jóhannes úr Kötlum, Stefán Jónsson og Friðjón Stefánsson færðust undan að svara. Sínjavskj skrifaði undir dulnefninu Abram Tertz, og kom út eftir hann skáldsagan *Réttur er settur í þýð*. Jökuls Jakobssonar (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1962). Hún er um réttarfar í alræðisríki og strýðst við síðustu daga Stalíns.

George Orwell ... 43. bls. Hann (1903–1950) var einn kunnasti rithöfundur Breta á 20. öld. Í spænska borgarastríðinu var hann sjálfbodaðliði í lýðveldishernum, en gerðist eindreginn andstæðingur stalínisma, þegar hann varð vitni að framferði flugumanna rússnesku ráðstjórnarinnar, sem eltu uppi stjórnleysingja og trotskista og myrtu. Skáldsaga hans um alræðisríkið, *Nítján hundruð áttatíu og fjögur*, kom út í þýð. Thorólfs Smiths og

Hersteins Pálssonar (Reykjavík: Stuðlaberg, 1951). Eftir hann hafa einnig komið út á íslensku bækurnar *Dýrabær* (Animal Farm; Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1985; hafði áður komið út undir nafninu *Félagi Napóleón* hjá Prentsmiðju Austurlands á Seyðisfirði 1949), *Í reiðuleysi í París og London* (Down and Out in Paris and London; Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2005) og *Stjórnmal og bókmenntir* (greinasafn; Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2009). Þegar útgáfa *Dýrabæjar* var í undirbúningi, varð „orwellskt“ atvik. Ritstjóri Lærdómsrita Hins íslenska bókmenntafélags, Þorsteinn Gylfason heimspekiþrúfandi, hafði beðið starfsbróður sinn, Arnór Hannibalsson, að skrifa formála að bókinni, enda þekkti Arnór alræðisríkið af eigin raun (sbr. aftanmálsgrein við 11. bls.). En þegar Þorsteinn fékk grein Arnórs í hendur, hafnaði hann henni, af því að Arnór hafði leyft sér að gagnrýna Halldór Kiljan Laxness. Fátt hefði verið fjar Orwell en slík umhyggja um orðstír gamals stalinista. Grein Arnórs birtist síðan í *Frelsinu*, 7. árg. 1. hefti (1986), 29.–34. bls. Hannes H. Gissurarson skrifaði hugleiðingu um eina frægustu smásögu Orwells, Þegar Orwell skaut filinn, *Þjóðmál*, 7. árg. 1. hefti (2011), 49.–52. bls.

Veröld nýrri og góðri ... 43. bls. Aldous Huxley (1894–1963) var enskur rithöfundur. Bók hans um staðleysu nytjastefnunnar, þar sem þörfum allra er fullnægt, en enginn vex og þroskast af sjálfum sér, *Brave New World*, kom út á ensku 1932, en í þýð. Kristjáns Oddssonar 1988, *Veröld ný og góð* (Reykjavík: Mál og menning).

Gervimönnum ... 43. bls. Karel Čapek (1890–1938) var fjölbætur, tékneskur rithöfundur, sem samdi m. a. vísindaskáldsögur. Leikfélag Reykjavíkur sýndi leikritið *Gervimenn* (RUR, Rossum's Universal Robots) í þýðingu Boga Ólafssonar 1937, en það er ádeila á sálarsnauda vélamenningu. Árni Bergmann hefur lagt til að kalla leikritið *Vélmennin*. Nokkrar smásögur Čapeks hafa verið þýddar á íslensku og ein skáldsaga, *Salamöndrustríðið* í þýð. Jóhannesar úr Kötlum (Reykjavík: Mál og menning, 1946).

Mati Unt ... 43. bls. Hann (1944–2005) gaf út fyrstu skáldsögu sína átján ára og mörg framúrstefnuverk eftir það.

Paul-Eirik Rummo ... 44. bls. Hann (f. 1942) er eistneskt ljóðskáld. Í skáldsögunni *Hreinsun* e. Sofi Oksanen (Reykjavík: Mál og menning, 2010) eru ljóð hans notuð sem endurtekið stef. Rummo hefur setið á þingi fyrir hinn hægri sinnaða Umbótaflokk og var menntamálaráðgjafi 1992–1994 og ráðgjafi á ráðuneytis 2003–2007.

Arvi Siig ... 44. bls. Hann (1938–1999) var eistneskt ljóðskáld. Í tíð kommúnista var ljóð hans, sem Küng nefnir, ekki endurprentað.

Roger Garaudy ... 45. bls. Hann (1913–2012) var sonur gyðingahjóna, sem voru kaþólskrar trúar. Hann tók mótmælendatrú fjórtán ára, gekk í kommúnistaflokk Frakklands og varð þingmaður um skeið, en sinnti einnig háskólakennslu og skrifaði fjölda bóka um marxisma. Hann varð aftur kaþólskur, en gerðist síðan múslimi 1982 og deildi eftir það á „goðsögnina um sex milljónirnar“, sem nasistar hefðu myrt, Helförina. Hann taldi líka, að árás öfgamúslima á tvíburaturnana í New York 11. september 2001 hefði verið sviðsett.

Hando Runnel ... 47. bls. Hann (f. 1938) er sjálfmenntaður rithöfundur og skáld, sem vann lengi á ríkisjörð. Undir stjórn kommúnista fékk hann að gefa út verk sín, en ekki mátti skrifa um þau. Eftir endurreisn eistneska lýðveldisins stofnaði hann bókaútgáfu í Tallinn.

Johannes Vares ... 50. bls. Hann (1890–1946) var læknir að mennt, en einnig ljóðskáld undir nafninu Johannes Barbarus. Hann var titlaður forsætisráðherra Eistlands frá júní fram í ágúst 1940 og eftir það forseti forsætisnefndar Æðsta ráðs Eistlands. Á meðan Þjóðverjar hernámu Eistland, dvaldist hann í Rússlandi 1941–1944, en tók síðan við fyrri stöðu. Hann stytti sér aldur 1946. Yfirkjörstjórn Eistlands komst að þeirri niðurstöðu á leynilegum fundi 1944, að Vares hefði aldrei verið löglegur forsætisráðherra. Sá er og skilningur núverandi valdhafa.

Marx ... 51. bls. Karl M. (1818–1883) var þýskur heimspekingur, sem gerðist sameignarsinni og stofnaði ásamt öðrum Alþjóðasamband verkamanna (kallað fyrsta Alþjóðasambandið). Hann var útlagi í Lundúnum síðari hluta ævinnar, og sá efnaður samstarfsmaður hans og vinur, Friedrich Engels, þá um að halda honum uppi. Áhrifamesta rit hans, sem hann samdi með Engels, er *Kommúnistaávarpið* 1848 (Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2007; 3. útg. á ísl.). Þar hélt hann því fram, að öll saga mannkynsins væri saga um stéttabaráttu, en öreigabylting undir forystu kommúnista væri óhjákvæmileg, enda væru öreignarnir sífellt að verða fátækari. *Úrvalsrit* hans og Engels komu út á íslensku í tveimur bindum 1968 (Reykjavík: Heimskringla). Bókin var prentuð í Austur-Þýskalandi, og sá Svavar Gestsson, sem þar var við nám í flokksskóla kommúnista, um prófarkalestur. Sigurður Ragnarsson sagnfræðingur var einn af þýðendum. Þar eru ekki teknar með ýmsar greinar og bréf Marx og Engels, sem sýndu, að þeir höfðu litla samúð með smáþjóðum, enda væru þær íðulega afturhaldssamar. Marx hafði bersýnilega sömu skoðun á Íslendingum og samstarfsmaður hans, Friedrich Engels (sjá næstu aftanmálsgr.), því að hann skrifaði Engels eitt sinn, að Bruno Bauer hefði heimsótt sig í Lundúnum 12. desember 1855. Þegar Bauer hefði látið þau orð falla, að enska hefði spillt af frönsku, sagðist Marx hafa svarað: „Ég tjáði honum þá til huggunar, að Hollendingar og Danir segðu það sama um þýskuna og að „Íslendingar“ væru hinir einu sönnu ómenguðu piltungar.“ Bréf frá Marx til Engels 14. desember 1855. Karl Marx og Friedrich Engels, *Werke*, 28. bindi (Berlin: Dietz, 1963), 467. bls. Marx vildi líka beita ofbeldi í þágu hinnar sögulegu nauðsynjar, væri þess þörf. Hann skrifaði 1848 í *Nýja Rínarblaðið*, að nú væri fólk óðum að sannfærast um, að aðeins dygði eitt ráð til að stytta blóðugar fæðingarhríðir nýs skipulags, „ógnarstjórn byltingarinnar“ (revolutionäre[r] Terrorismus). Sieg der Kontrerevolution zu Wien, *Neue Rheinische Zeitung* 7. nóvember 1848. Karl Marx og Friedrich Engels, *Werke*, 5. bindi (Berlin: Dietz, 1959), 457. bls.

Engels ... 51. bls. Friedrich E. (1820–1895) var þýskur rithöfundur og kaupsýslumaður. Hann var vinur og samstarfsmaður Karls Marx og sá um að ritstýra þeim verkum hans, sem gefin voru út að honum látnum. Hann trúði eins og Marx á sögulega nauðsyn, sem afturhaldssamar smáþjóðir og úreltir síðir yrðu að víkja fyrir. Í desember 1846 skrifaði Engels frá París, að ekki væri hann hrifinn af Norðurlandþjóðum. „Svíar lítilsvirða Dani sem þýsk-mengaða, úrkynjaða, rausgjarna og veikgedja. Norðmenn fyrir líta fransk-mengaða Svía með sinn aðal og gleðjast yfir því að í Norge sé einmitt þetta sama fávísa bændþjóðfélag og á tímum Knúts ríka. Þeir eru aftur á móti svívirtir af Íslendingum, sem enn tala alveg sömu tungu og þessir subbulegu víkingar frá anno 900, súpa lýsi, búa í jarðhýsum og þrífast ekki nema loftið lykti af úldnum fiski. Ég hef oftsinnis freistast til þess að vera stoltur af því að vera þó ekki Dani, hvað þá Íslendingur, heldur bara Þjóðverji.“ Ódags. bréf frá Engels til Marx, desember 1846. Karl Marx og Friedrich Engels, *Werke*, 27. bindi (Berlin: Dietz, 1963), 71–72. bls. Engels sagði 1848 svipað í *Nýja Rínarblaðinu*, en Marx var þá ritstjóri þess. Þá hafði verið rætt um, að aðrar Norðurlandþjóðir kæmu Dönum til aðstoðar í deilum þeirra við Prússa. „Norðurlandahugsjónin er ekkert annað en hrifning af hinni ruddalegu, óþrífnu, fornorrænu sjóræningjaþjóð“, skrifaði Engels. „Íslendingar töldu allar þjóðirnar þrjár úrkynjaðar, enda er

sú þjóð auðvitað mesta Norðurlandþjóðin, sem er frumstæðust og líkust hinni fornnorrænu í öllum siðum og háttum.“ Der dänisch-preußische Waffenstillstand, *Neue Rheinische Zeitung* 10. september 1848. Karl Marx og Friedrich Engels, *Werke*, 5. bindi (Berlin: Dietz, 1959), 394. bls. Fleiri dæmi má nefna. Í grein um ástandið í Ungverjalandi í *Nýja Rítarblaðinu* 13. janúar 1849 sagði Engels þýska heimspekinginn Hegel hafa rétt fyrir sér um, að sumar smá- og jaðarþjóðir væru ekkert annað en botnfall (Volkerabfälle). Nefndi Engels sérstaklega Kelta í Skotlandi, Bretóna í Frakklandi, Baska á Spáni og suður-slavneskar þjóðir. „Í næstu heimsstyrjöld munu ekki aðeins afturhaldsstéttir og konungsaettir hverfa af yfirborði jarðar, heldur líka afturhaldsþjóðir í heild sinni. Og það eru framfarir.“ Der magyarische Kampf, *Neue Rheinische Zeitung* 13. janúar 1849. Karl Marx og Friedrich Engels, *Werke*, 6. bindi (Berlin: Dietz, 1961), 176. bls.

Lenín ... 51. bls. Rússneski lögfræðingurinn Vladímír Íljítsj Úljanov, sem kallaði sig Lenín (1870–1924), var leiðtogi þeirra rússnesku sósíalista, bolsévika, sem vildu, að fámennur, samhentur hópur tæki völdin strax í vopnaðri byltingu og umskapaði síðan skipulagið eftir kenningum Marx. Rússneski keisarinn missti völdin í mars 1917, en bolsévikar rændu völdum 7. nóvember sama ár, og Lenín þjóðnýtti þá öll framleiðslufyrirtæki, stofnaði leynilögreglu, Tsjekuna, og fangelsaði andstæðinga eða tók af lífi. Í fyrsta hluta *Svartbókar kommúnismans*, sem er um kommúnisma í Rússlandi, er stuðst við nýbirt gögn, sem sýna, að Lenín var ekki síður miskunnarlaus en eftirmaður hans, Stalín.

Þjóðhagsráðs Eistlands ... 53. bls. Í tíð Níkíta Khrústsjovs 1957 voru stofnuð 105 svæðisbundin þjóðhagsráð, *sounarkhoz*, í Ráðstjórnarríkjunum, og var eitt fyrir Eistland og þótti gefa góða raun. Þessi ráð voru, eins og Küng segir, afnumin 1965.

Milovan Djilas ... 54. bls. Hann (1911–1995) var frá Svartfjallalandi, en gerðist einn af forystumönnum júgóslavneskra kommúnista og handgenginn Josip Tito. Hann snerist hins vegar gegn Tito og „hinni nýju stétt“, eins og hann kallaði valdastétt kommúnista, og var rekinn úr kommúnistaflokknum 1954 og fangelsaður 1956. Þegar hann var dæmdur í sjö ára fangelsi haustið 1957, birti *Þjóðviljinn* um það litla frétt 6. október á 7. bls., en á forsíðunni stóra frétt undir fyrirsögninni „Vísindaafrek Sovétríkjanna vekur aðdáun um allan heim“, og var hún um gervitungl, sem ráðstjórnin rússneska hafði sent út í himingeyminn. Jón úr Vör orti þá kvæði, sem lauk svo: „... og forsíðan heyrði ekki/hjartslátt í jarðneskum fangaklefa.“ Bók Djilas, *Hin nýja stétt*, kom 1958 út í þýð. Sigurðar Líndals og Magnúsar Þórðarsonar (Reykjavík: Almenna bókafélagið). Einar Olgeirsson hélt um þær mundir leshring fyrir menntaskólanema. Einn þeirra spurði Einar, hvernig bregðast skyldi við kenningu Djilas. Einar svaraði, að menn yrðu að brynja sig fyrir efasemdum eins og þeim, sem Djilas setti fram. Margur maðurinn hefði gefist upp og svikið í baráttunni. Sjá Jón Baldvin Hannibalsson, Ráðherrasósíalisminn og síamstvíburarnir, *DV* 6. september 1982.

Níkíta Khrústsjov ... 66. bls. Hann (1894–1971) var einn af forystumönnum kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna og dyggur stuðningsmaður Stalíns, á meðan hann lifði, þótt hann gagnrýndi hann í leyniræðu sinni 1956, sem kom út í þýðingu Stefáns Þjeturssonar 1957 og birst hefur í þessari ritröð. Honum var steypst af stóli 1964, og sendi þá Einar Olgeirsson, formaður Sósíalistaflokksins, eftirmanni hans, Leoníd Brezhnev, heillaóskaskeyti.

bók Dúdíntsevs ... 69. bls. Vladímír Dúdíntsev (1918–1998) var úkraínskur rithöfundur, sem skrifaði á rússnesku. Bók hans, *EKKI af einu saman brauði*, kom út í Ráðstjórnarríkjunum 1956

og í þýð. Indriða G. Þorsteinssonar tveimur árum síðar (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1958). Dúdintsev lenti í miklum erfiðleikum eftir útkomu bókarinnar, þótt hann væri ekki fangelsaður, og dró hann fram lífið á gjöfum og lánum vina og vandamanna. Gerð var eitt sinn svo hörð hrið að honum á fundi rithöfunda, að hann féll í ómegin og hneig niður.

NKVD ... 76. bls. Ráðherrar bolsévika nefndust í upphafi þjóðfulltrúar, og þjóðfulltrúaráð innanríkismála gegndi sama hlutverki og innanríkisráðuneyti í öðrum ríkjum. Eftir valdatöku sína 1917 stofnuðu bolsévíkar fyrst leynilögreglu, sem kölluð var Tsjeka. Hún var endurskipulögð 1922 sem GPÚ, síðar OGPÚ, og var deild í þjóðfulltrúaráði innanríkismála, NKVD. Leynilögreglan var síðan aftur endurskipulögð 1934 og gekk eftir það undir sama nafni og stofnunin öll. Þjóðfulltrúaráðin voru lögð niður 1946 og stofnuð ráðuneyti, og var NKVD skipt í innanríkisráðuneytið, MVD, og leynilögreglu, MGB. Þessu var breytt aftur 1953, þegar ráðuneytin tvö voru sameinuð. Þeim var síðan skipt aftur 1954 í MVD, innanríkisráðuneytið, og KGB, leynilögregluna, sem rekin var allt til hruns Ráðstjórnarríkjanna 1991.

Potma ... 79. bls. Búðirnar eru nálægt borginni Temníkov í Mordovíu, skógi girtar. Enn eru reknar þar fangabúðir. Þar var þýski kommúnistinn Vera Hertzsch (1904–1943) um skeið í haldi ásamt dóttur sinni barnungri, Sólveigu Erlu Benjamínsdóttur (1937–?), sem hún hafði eignast með Benjamín H. J. Eiríkssyni, en þau höfðu kynnst, á meðan hann hlaut byltingarþjálfun í Vesturskólanum í Moskvu 1935–1936. Halldór K. Laxness var viðstaddur handtöku Veru aðfaranótt mánuðagsins 14. mars 1938, en sagði ekki frá henni fyrr en aldarfjórðungi seinna, í *Skáldatíma* (Reykjavík: Helgafell, 1963). Í Ráðstjórnarríkjunum var refsing lögð við því að vera maki „föðurlandssvikara“, og hafði Vera verið gift einum slíkum áður, Abram Rozenblúm, og skipti þá ekki máli, að hún var löngu skilin við hann. Sólveig Erla hefur líklega dáði úr vösbúð í fangabúðunum, og ætti hún þá að vera eini Íslendingurinn, sem fórst í Gúlagi Stalíns. Jón Ólafsson heimspekingur segir frá Veru í *Appelsínum frá Abkastú* (Reykjavík: Mál og menning, 2012). Sú bók er þó um margt ónákvæm, sbr. t. d. aftanmálsgrein hér við 108. bls. Einnig eru kaflar um Veru í tveimur bókum e. Hannes H. Gissurason, *Benjamín H. J. Eiríksson í stormum sinna tíða* (Reykjavík: Bókafélagið, 1996) og *Íslenskum kommúnistum 1918–1998*. Einnig var Aino Kuusinen í Potma, sjá Elinor Lipper og Aino Kuusinen, *Konur í þrælakistum Stalíns*, sem kom út í þessari ritröð AB 2015.

Serov ... 85. bls. Ívan S. (1905–1990) var í Rauða hernum og þá fenginn til að taka af lífi Míkhaíl Túkhatsjevskíj hershöfðingja í hreinsunum Stalíns. Hann nam herfræði í Frúnze-herskólanum og gekk 1939 í leynilögregluna, NKVD, þar sem hann varð aðstoðarforstöðumaður. Hann sá um nauðungarflutningana frá Eyrstrasaltsríkjunum 1941, eins og Kúng segir, og aðstoðaði eftir stríð við skipulagningu leynilögreglu Austur-Þýskalands, Stasi, og Póllands og við nauðungarflutninga frá ýmsum svæðum í Ráðstjórnarríkjunum. Því er haldið fram, að í stríðslok hafi hann eigin hendi tekið af lífi Andrej Vlasov, foringja fjölmenns rússnesks liðs, sem barðist með Þjóðverjum gegn ráðstjórninni. Eftir lát Stalíns tók Serov þátt í samsæri gegn yfirmanni sínum, Lavrentíj Bería. Serov var yfirmaður KGB 1954–1958 og GRÚ, leyniþjónustu Rauða hersins, 1958–1963. Hann lék a. m. k. tvisvar þann leik að fá menn til fundar við sig og svíkja þá síðan, eins og lesa má um í *Svartbók kommúnismans* og víðar. Fyrst var það í Póllandi í stríðslok, þegar forystumenn pólsku neðanjarðarhreyfingarinnar buðust til að setjast að samningum við Kremlverja. Serov þáði boðið, en lét handtaka alla Pólverjana, sem komu til samningafundarins. Þeir voru síðan

drepnir. Síðan var það í Ungverjalandi 1956, þegar forystumönnum uppreisnarinnar var heitið griðum, en þeir síðan handteknir. Þeir voru síðan drepnir.

Skógarbræðurnir ... 90. bls. Baráttu skæruliðanna er lýst í Mart Laar, *The Forgotten War. Armed Resistance Movement in Estonia in 1944–1956* (Tallinn: Grenader, 2005), sbr. aftanmálsgrein við 8. bls.

byltingin í Ungverjalandi ... 90. bls. Um hana kom út bókinn *Þjóðbyltingin í Ungverjalandi e. Erik Rostbøll í þýðingu Tómasar Guðmundssonar* (Reykjavík: Almenna bókafélagið, 1957). Hún er endurútgæfin í þessari ritröð.

hluti Finnlands ... 108. bls. Samkvæmt griðasáttmála Stalíns og Hitlers í Moskvu 23. ágúst 1939 féll Finnland í hlut Stalíns. Þegar Stalín setti Finnum úrslitakosti, sem þeir samþykktu ekki, skall hið svokallaða Vetrarstríð á 30. nóvember 1939. Þótt samúðarbylgja risi með Finnum á Íslandi, létu vinstri sósíalistar sér fátt um finnast og kölluðu „Finnagaldur“. Í Vetrarstríðinu vörðust Finnar hetjulega, en urðu að lokum að ganga að samningaborði, og voru friðarsamningar undirritaðir í Moskvu 12. mars 1940. Jón Ólafsson skrifar hins vegar um Vetrarstríðið í *Appelsinum frá Abkasíu*, 285. bls. „Það var stríð Rússa við Finna en þeir fyrrnefndu réðust yfir landamærin haustið 1939 til að ná af Finnum þeim hluta Karelíu sem hafði fallið þeim í skaut 1918 þegar Finnland varð sjálfstætt ríki.“ Margar missagnir eru í þessum fáu orðum. Finnland varð ekki sjálfstætt 1918, heldur 6. desember 1917, og viðurkenndu Kremlverjar sjálfstæði þess strax 18. desember það ár. Borgarastríð var háð í landinu á útmánuðum 1918, en í Tartu 1920 sömdu Finnar við Kremlverja um landamæri ríkjanna. Engin rússnesk svæði (önnur en Petsamo við Íshaf) höfðu heldur „fallið í skaut“ Finna við fullt sjálfstæði. Kremlverjar viðurkenndu í Tartu-samningnum 1920 að langmestu leyti landamærin frá 1809, þegar Finnland gekk undan Svíum og varð stórhertogadæmi, sem laut Rússakeisara. Rússar höfðu þá skilað Finnlandi aftur svæðum í Kirjálalandi (Karelíu), sem þeir höfðu unnið á öndverðri átjándu öld eftir stríð við Svía. Þessi svæði voru byggð Finnum og hluti af Finnlandi nema tímabilið 1721–1809.

Hobson ... 110. bls. John A. H. (1858–1940) var enskur rithöfundur og gagnrýnandi hefðbundinnar hagfræði, sem hélt því fram í bókinni *Imperialism* (London: Nisbet, 1902), að nýlendu- eða landvinningastefna evrópsku stórveldanna væri knúin áfram af þörf kapitalismans fyrir nýja markaði og fjárfestingar. Hafði hann sterk áhrif á Lenín, *Heimsvaldastefna. Hæsta stig auðvaldsins* (Reykjavík: Heimskringla, 1961). En stuðningsmenn hins frjálsa eða sjálfstýrða hagkerfis hafa aldrei verið hlynntir landvinningum: Þeir telja edlilegra að útvega sér gæðin með því að bjóða greiðslu fyrir þau en hrífa þau til sín með ofbeldi. Adam Smith lagði til í *Audlegð þjóðanna* (1776), að Bretar veittu nýlendum sínum sjálfstæði. Einn eindregnasti frjálshyggjumaður Bandaríkjanna í lok 19. aldar, William Graham Sumner, kvað þjóð sína vera að taka upp ósiði Evrópumanna með því að heyja stríð við Spán og leggja undir sig Filippseyjar og Kúbu. Raunar eru Bandaríkin lítt háð um afkomu sína útflutningi eða erlendum fjárfestingum. Austurríski hagfræðingur Joseph Schumpeter hélt því fram í ritgerðinni *Zur Soziologie der Imperialismen* (Tübingen: Mohr, 1919), að landvinningastefna lægi ekki í edli kapitalismans, heldur væri hún leif frá fyrri tíð, borin uppi af gömlum valdastéttum. Það er síðan kaldhæðni orlaganna, að síðasta nýlenduveldið var Rússland, eins og Küng bendir á, en ein síðasta nýlendan Hong Kong, og sáu íbúar hennar mjög eftir bresku nýlendustjórninni, sem afhenti hana Kínaveldi 1997.

viðurkennt hernám ráðstjórnarinnar ... 115. bls. Svo sem skýrt hefur verið frá, viðurkenndi Ísland aldrei hernám Eyrstrasaltsríkjanna *de jure* og gekk ekki lengra *de facto* en bráðnaðsynlegt þótti, og er eina dæmið í rauninni, þegar nafn Tómasar Tómassonar, aðalræðismanns Eistlands, var máð 1949 af lista utanríkisráðuneytisins um fulltrúa erlendra ríkja að kröfu ráðstjórnarinnar rússnesku. Þó gengu einstakir aðilar lengra, opinberir og hálfopinberir. Þegar hefur verið nefnt dæmið um þingmannanefndina, sem kom við í Lettlandi í heimsókn til Ráðstjórnarríkjanna 1957 og *Morgunblaðið* gagnrýndi harðlega (sjá aftanmálsg. við 10. bls.), en taka verður fram, að Sjálfstæðisflokkurinn neitaði að senda fulltrúa sína þangað. Þá var einnig gagnrýnt, að Hannes Jónsson sendiherra rauf sumarið 1978 óskráð samkomulag sendiherra Atlantshafsbandalagsríkja í Moskvu um að heimsækja ekki Eyrstrasaltsríkin opinberlega, sjá Guðna Th. Jóhannesson, Siðferði og sérhagsmunir í utanríkisstefnu Íslendinga, *Morgunblaðið* 15. október 1997. Hvorugt verður þó talið jafngilda viðurkenningu *de jure* á innlimun Eyrstrasaltsríkja í Ráðstjórnarríkin. Einnig kom fyrir, að frammámenn færu í boðsferðir til Eyrstrasaltsríkja. T. d. sótti Össur Skarphéðinsson, þá formaður Stúdentaráðs, stúdentamót í Narva í Eistlandi sumarið 1976, og greiddi IUS, International Union of Students, sem stjórnað var af Kremlverjum, ferðakostnað, sjá pbb [Pál Baldvin Baldvinsson], Er Össur í vasa rússanna? *Stúdentablaðið*, 53. árg. 1. tbl. (1977), 2. bls.

Á Jalta-ráðstefnunni ... 115. bls. Á Jalta-ráðstefnunni 4.–11. febrúar 1945 sömdu Josif Stalín, einræðisherra Ráðstjórnarríkjanna, Winston S. Churchill, forsætisráðherra Breta, og Franklin D. Roosevelt Bandaríkjaforseti um framtíðarskipan mála í heiminum eftir fjórsjáanlegan ósigur Þjóðverja og Japana í styrjöldinni. Því hefur löngum verið haldið fram, að þeir hafi þar skipt Evrópu í áhrifasvæði Vesturveldanna annars vegar og Ráðstjórnarríkjanna hins vegar. T. d. segir Sigurður Ragnarsson sagnfræðingur í kennslubók fyrir framhaldsskólanema, sem þegar hefur verið vitnað í, *Nýjum tímum*, 263. bls.: „Í Jalta viðurkenndu vesturveldin í reynd að Eyrstrasaltslöndin og austurhluti Póllands yrðu áfram hluti Sovétríkjanna og Austur-Evrópa á sovésku áhrifasvæði. Á sama hátt gekk Stalín út frá því sem gefnu að vesturhluti álfunnar, þar sem Bretar og Bandaríkjamenn tækju við uppgjöf Þjóðverja, yrði þeirra áhrifasvæði.“ En þá gera verður greinarmun á ólíkum skilningi kommúnista og vestrænna lýðræðissinna á hugtakinu áhrifasvæði. Stalín sveik fyrirheit sitt um frjálssar kosningar í þeim löndum, sem Rauði herinn hertók, og þau voru ýmist neydd inn í Ráðstjórnarsambandið eða urðu leppríki. Í Vestur-Evrópu fóru hins vegar fram frjálssar kosningar, og lýðræðisstjórnir tóku þar við völdum. Bandaríkjamenn virtu það m. a. s., þegar Íslendingar höfnuðu haustið 1945 beiðni þeirra um herstöðvar til langs tíma. Einnig þarf að gera greinarmun á þoli og lofi. Vesturveldin þöldu Stalín að leggja undir sig Austur-Evrópu, vegna þess að þau töldu sér um megn að koma í veg fyrir það nema hefja stríð, en þau leyfðu honum það ekki. Því síður lögðu þau blessun sína yfir hernámið. Sigurður Ragnarsson horfir einnig fram hjá því, að Bandaríkin og Bretland viðurkenndu aldrei *de jure* hernám Eyrstrasaltsríkjanna og Bandaríkin jafnvel ekki heldur *de facto*, því að sendiskrifstofum ríkjanna í Bandaríkjunum var ekki lokað. Hitt er annað mál, eins og Küng segir á 90. bls., að Eyrstrasaltsþjóðirnar urðu fyrir miklum vonbrigðum, þegar Vesturveldin komu uppreisnarmönnum í Ungverjalandi ekki til aðstoðar 1956. En þar réð úrslitum sama sjónarmið og í Jalta 1945, að Vesturveldin gætu ekki hætt á heimsstyrjöld vegna þeirra landa, sem Kremlverjar töldu á áhrifasvæði sínu og voru reiðubúnir að verja með vopnum.

Atlantshafsfyrirlysingunni ... 119. bls. Winston S. Churchill, forsætisráðherra Breta, og Franklin D. Roosevelt Bandaríkjaforseti gáfu út Atlantshafsfyrirlysinguna (Atlantic Charter) eftir leynifund á skipum undan Nýfundnalandi 14. ágúst 1941. Samkvæmt henni stefndu

hvorki Bandaríkin (sem þá tóku ekki þátt í stríðinu) né Bretland að landvinningum í stríðinu. Sjálfsvörðunarréttur þjóða skyldi viðurkenndur og landamæri ekki færð til nema með samþykki íbúa. Að fundinum með Roosevelt loknum kom Churchill við á Íslandi, en Bandaríkin höfðu mánuði áður tekið við vörnum landsins af Bretum. Ráðstjórnarríkin samþykktu yfirlýsinguna í Lundúnum haustið 1941, þremur mánuðum eftir að Hitler hafði ráðist á þau. Gera ber greinarmun á Atlantshafsýfirlýsingunni og Atlantshafssáttmálanum 1949, sem kvað á um stofnun Atlantshafsbandalagsins.

Brezhnev-kenningin ... 124. bls. Hún var sú kenning Leoníds Brezhnevs (1906–1982), aðalritara kommúnistaflokks Ráðstjórnarríkjanna frá 1964 til æviloka, að það væri ekki einkamál neins sósíalistaríkis, ef „gagnbyltingarsinnar“ næðu þar völdum, heldur allrar sósíalístahreyfingar heims. Með því réttlætti hann innrásina í Tékkóslóvakíu.

Jaán Tõnisson ... 130. bls. Hann (1868–1941) var einn af leiðtogum sjálfstæðisbaráttu Eistlendinga og veitti Þjóðarflokknum forystu. Hann var tvisvar forsætisráðherra Eistlands árin 1919–1920, þjóðforseti 1927–1928 og 1933 og utanríkisráðherra 1932–1933. Leynilögregla ráðstjórnarinnar handtók hann haustið 1940 og myrti hann líklega í júlí 1941.

Molotov-Ribbentrop-sáttmáli ... 131. bls. Griðasáttmáli Stalíns og Hitlers 23. ágúst 1939 er oft nefndur eftir utanríkisráðherrunum, sem undirrituðu hann, Joachim von Ribbentrop (1893–1946) og Vjatsjeslav Molotov (1890–1986). Ribbentrop var sendiherra Þýskalands í Bretlandi 1936–1938 og utanríkisráðherra 1938–1945. Hann var leiddur fyrir rétt í Nürnberg eftir styrjöldina og dæmdur til dauða fyrir glæpi gegn friðnum, stríðsglæpi og glæpi gegn mannkyninu. Hann var tryggur Hitler fram í rauðan dauðann og var hengdur 16. október 1946. Molotov skipulagði samyrkjuna í Úkraínu, þegar milljónir bænda, sem tregðuðust við að skila uppskeru sinni og ganga inn í samyrkjubú, voru ýmist sveltir í hel eða fluttir nauðungarflutningum til Síberíu. Hann tók líka fullan þátt í hreinsunum Stalíns. Hann var utanríkisráðherra 1939–1949 og 1953–1955, en féll úr náðinni á valdatíma Khrústsjovs og var gerður sendiherra í Mongólíu og síðar fulltrúi Ráðstjórnarríkjanna hjá Alþjóðakjarnorkumálastofnuninni í Vín. Hann var rekinn úr kommúnistaflokknum 1961, en tekinn aftur inn í hann 1984. Hann var alla ævi dyggur stalínisti, og breytti engu um það, að kona hans, Polína Zhemtsúzhína, var fangelsuð 1948 að skipun Stalíns. Hún var af gyðingaættum og sökuð um að vera „ziónisti“. Hún var fimm ár í fangabúðum, en á meðan gekk Molotov til verka með Stalín eins og ekkert hefði í skorist. Í Vetrarstríðinu nefndu Finnar heimagerðar sprengjur, flöskur fylltar bensíni, sem þeir vörpuðu að rússneska innrásarliðinu, „Molotov-kokkteila“.

Jüri Uluots ... 132. bls. Hann (1890–1945) var lagaprófessor í Háskólanum í Tartu og forsætisráðherra Eistlands frá október 1939. Hann fór í felur, þegar mynduð var leppstjórn Kremhverja í júní 1940, og tók þátt í neðanjarðarhreyfingu gegn hernámi Stalíns og Hitlers. Hann tók skv. eistnesku stjórnarskránni við starfsskyldum forseta, þegar Konstantin Päts forseti var handtekinn í júlí 1940. Yfirkjörstjórn Eistlands komst að þeirri niðurstöðu á leyninglegum fundi 1944, að Uluots hefði haldið áfram að vera löglegur forsætisráðherra landsins eftir 21. júní 1940. Uluots lést, skömmu eftir að hann komst til Stokkhólms. Dr. August Rei tók við af honum fram til andláts síns 1963, þá Aleksander Warma 1963–1970, síðan Tõnis Kint 1970–1990 og loks Heinrich Mark 1990–1992, þegar hann viðurkendi og vék fyrir Lennart Meri, fyrsta lýðræðislega kjörnum forseta Eistlands eftir hernám Rússa.

Nafnaskrá

- Aamisepp, Ilmar 68
al-Idrisi 20
Albanía, Albanar 121
Albert af Buxthoeven 127
Alliksaar, Artur 42, 43
Alsír 13
Altmark 128
Amalrík, Andrej 100
Andorra 121
Anvelt, Jaan 131
Armenía, Armenar 75, 83
Armstrong, Neil 58
Arnór Hannibalsson 11, 13
Austurríki 12, 62, 124
Austur-Þýskaland 67, 102, 109
Azerbaijan 50
Árni Bergmann 13
Ásgeir Ásgeirsson 10
Ástralía 22
Bandaríkin, Bandaríkjamenn 7, 10, 12, 22, 45, 78, 79, 96, 108, 109, 111, 115, 116, 123, 124
Beckett, Samuel 46
Belgía, Belgar 121
Bería, Lavrentíj 13
Berlín 19, 119
Berklav, Eduard 80, 81
Bieliackinas, Teodoras 10
Bíafra 109
Brandt, Willy 117
Bratislava 92
Brecht, Bertolt 46
Bremen (Brimar) 127
Brezhnev, Leoníd 97, 112, 124
Bretland, Bretar 7, 10, 12, 62, 78, 116, 131
Büchner, George 43
Čapek, Karel 43
Castro, Fidel 48
Cromwell, Oliver 30
Daníel, Júlí 42, 92
Danmörk, Danir 79, 12, 20, 29, 30, 121, 124, 127–129
Davið Oddsson 11, 12
De Gaulle, Charles 117
Dinces, Alexander 79
Djilas, Milovan 54
Dorpat, sjá Tartu
Dómíníska lýðveldið 45
Dúdínstev, Vladímír 69
Egyptaland, Egyptar 109
Emesaks, Gustav 96
Engels, Friedrich 51
England, Englendingar 35, 124
Evrópa, Evrópumenn 10, 14, 19, 30, 62, 83, 117, 120
Filippseyjar, Filippseyingar 118
Finnland, Finnar 21, 22, 35, 65, 78, 92, 96, 108, 115, 119, 121, 125
Frakkland, Frakkar 59, 108, 111, 117, 131
Frank, Andrè Gunder, 111
Friedman, Milton 12
Fuentes, Carlos 46
Garaudy, Roger 45, 46
Gavrílov, Gennadíj 93
Georgía, Georgíumenn 75, 94, 107, 112
Gínea, Gíneubúar 111
Grikkland 17, 74, 122
Guðmundur Í. Guðmundsson 10
Guevara, Ernesto „Che“ 44, 45, 107
Gústaf Adolf II. 129
Harjumaa 128

Hayek, Friedrich von 12
 Heller, Joseph 46
 Helsinki 20, 21
 Heródotos 29
 Hitler, Adolf 9, 10, 34, 36, 110, 115
 Hobson, John A. 119
 Holland, Hollendingar 121
 Home, Sir Alec Douglas 116
 Hólmgarður (Novgorod) 29, 127
 Hróðgeir II. (Roger) 20
 Huxley, Aldous 43
 Húss, Jóhann 46
 Hvíta-Rússland, Hvít-Rússar 75, 82, 83, 112, 113, 115
 Írak, Írakar 109, 118
 Íran, Íranir 118
 Írland, Írar 9, 30, 32
 Ísland, Íslendingar 1–10, 14, 18, 29, 30, 41
 Ítalía, Ítalir 122, 131
 Ívan II. 128
 Ívansgarður (Ivangorod) 83
 Jakobson, Carl R. 130
 Jannsen, Johann Voldemar 129, 130
 Japan, Japanir 118
 Jeltsín, Borís 11
 Johnson, Lyndon B. 46
 Jón Baldvin Hannibalsson 11
 Jón Sigurðsson 9
 Júgóslavía, Júgóslavar 10, 54, 62, 109
 Júrtjev, sjá Tartu
 Jürkans, Jánis 11
 Kaalep, Artis 42, 43
 Kafka, Franz 46
 Kaley 20
 Kanada, Kanadamenn 9, 22, 56, 116
 Kaplinski, Jaan 42, 57
 Karl XII. 129
 Karotamm, Nikolai 51
 Kazakhstan, Kazakhar 80, 83, 112, 113
 Katalónía 10
 Kábin, Ívan 8, 49, 52, 58
 Kelam, Tunne 10
 Kennedy, John F. 24
 Khrústsjov, Níkíta S. 53, 66, 78, 79
 Kírgísía, Kírgísar 112, 113
 Kirjálaland (Karelía) 104, 105
 Kíev, sjá Kænugarður
 Kína, Kínverjar 24, 107, 123, 124
 Klausen, Valter 35
 Knútur VI. 127
 Kohtla-Järva 59, 93, 105
 Koidula, Lydia 96, 129
 Kolarz, Walter 111
 Kosygin, Aleksej 97
 Kore 76
 Krasavín, Ígor N. 11
 Kreuzwald, Friedrich Reinhold 129
 Króatía, Króatar 10
 Kúba, Kúbverjar 109, 118
 Kúrdistan, Kúrdar 74, 109
 Küng, Andres 8, 12–15, 17
 Küng, Daniel 8
 Küng, Emilie 8
 Küng, Frida 8
 Küng, Lena 8
 Kænugarður (Kíev) 29, 97
 Königsberg (Kalíníngarður) 108
 Laar, Mart 8, 12
 Lebedev, Konstantín 49
 Lembit 127
 Lenín, Vladímír 51, 65, 74, 75, 97, 107, 109, 110
 Lenínsgarður, sjá Pétursborg
 Lettland, Lettar 11, 13, 15, 17, 20, 22, 24, 28, 29, 34, 36, 46, 51–53, 61, 64, 76, 77, 80, 82–85, 93, 96, 98, 103, 104, 106, 112, 113, 116–122, 127, 131, 132
 Liechtenstein 121
 Lindahisa 128
 Lipping, Imre 16
 Litáen, Litáar 11, 13, 15, 17, 20, 22, 24, 28, 29, 34, 36, 61, 72, 73, 76, 77, 82–85, 98, 103, 104, 106, 115–122, 125, 132

Lífland 31, 127–130
 Lundúnir 12
 Madrid 12
 Mahtra 129
 Maó Zedong 9
 Mark, Heinrich 12
 Marokkó 118
 Marx, Karl 51, 74
 Málmey (Malmö) 8
 Meri, Lennart 11, 12
 Moldavía, Moldóvar 112
 Mongólía 50
 Mónakó 121
 Moskva 10, 11, 58, 61, 80, 89, 90, 92, 94, 103, 105, 111–113, 117, 123, 125, 128
 Mrozek, Slavomir 44
 Múrmansk 71
 Mússólíni, Benito 9
 Müürisepp, Aleksej 53
 Namibía 114
 Narva (borg og fljót) 50, 58, 71, 83, 93, 128, 129, 131
 Nemunas 120, 121
 Niklus, Mart 78, 79
 Nígería, Nígeríubúar 109
 Noregur, Norðmenn 7–9, 12, 35, 121, 124
 Novgorod, sjá Hólmgarður
 Ockelbo 8
 Oras, Ants 10, 12, 13
 Orwell, George 43
 Pakistan, Pakistanar 118
 Paldiski 20
 Parming, Tönu 16, 82, 87
 Páfagarður (Vatíkanið) 9, 10, 121
 Päts, Konstantín 34, 130–132
 Peípsi-vatn 30, 37, 58, 120
 Pelshe, Arvid 112
 Perluhöfn 94
 Petserimaa 83, 105
 Ponomarev, Borís N. 114
 Pétur mikli 30
 Pétursborg 7, 23, 31, 46, 59, 60, 76, 78, 83, 88, 92, 94, 110, 130
 Potma 79
 Pólland, Pólverjar 10, 30, 62, 67, 74, 82, 108, 118, 124, 128
 Prag 93
 Pskov 60, 127
 Púertó Ríkó 9
 Quebec 9
 Rävälä 20
 Rádstjórnarríkin, rádstjórnarþegnar 10, 13–15, 19, 21–25, 27, 28, 35, 37, 38, 45, 46, 49–51, 53–55, 59–63, 67, 69, 72, 74, 75, 79, 80, 83, 89, 90, 97, 98, 101, 103, 104, 107–118, 120, 123–125, 131, 132
 Reddaway, Peter 91, 93
 Reval, sjá Tallinn
 Rei, August 10, 76
 Riga 20, 30, 31, 72, 83
 Riispere 60
 Roosevelt, Franklin D. 115
 Róm, Rómverjar 27, 29
 Rummo, Paul Eerik 42–44
 Runnel, Hando 47
 Rúmenía, Rúmenar 109, 118
 Rússland, Rússar 7, 8, 13, 23, 27–32, 49–51, 54, 58, 64, 74–77, 80–88, 90, 92–97, 100, 102–105, 108, 110, 112, 113, 115, 118, 121, 122, 124–129
 Saaremaa (Eysýsla, Ösel) 127–129
 Sakharov, Andrej 91, 125
 San Marínó 121
 Saudargas, Algirdas 11
 Sádi-Arabía 118
 Scheel, Walter 117
 Serov, Ívan 80
 Shakespeare, William 11
 Sharp, Mitchell 116
 Sheremetev, Borís 30
 Siig, Arvi 44
 Sigtuna (Sigtún) 29, 127

Sikiley 20
 Sillimäe 93
 Sindi 60
 Sigurður Einarsson 10
 Sigurður Ragnarsson 13, 14
 Síbería 8, 59, 76, 77, 83, 95, 96, 98, 100, 121
 Sínjavskej, Andrej 42, 92
 Skotland 10
 Slóvakía, Slóvakar 9, 124
 Slóvenía 10
 Solzhenítsyn, Aleksandr 25, 78, 98
 Sovétríkin, sjá Ráðstjórnarríkin
 Spánn 10
 Stalín, Josif 9, 10, 13, 20, 34, 36, 42, 50, 75, 76, 78–80, 101, 104, 107–110, 112, 115, 132
 Stimson, Henry Lewis 119
 Stokkhólmur 16, 19–21
 Suður-Afríka 114
 Súdan 17
 Súes-skurður 109
 Sviss, Svisslendingar 121
 Svíþjóð, Svíar 7–10, 15, 16, 29, 30, 82, 83, 115, 119, 121, 124, 127–129
 Taagepera, Rein 16, 47
 Tacitus 127
 Tadzhhíkistan 113
 Taívan 9
 Tallinn 19–25, 31, 46, 54–59, 70–72, 76, 87, 88, 91, 93, 95, 98, 103, 105, 128, 130, 132
 Tanzanía 111
 Tartu 20, 30, 32, 33, 35, 37–39, 43, 71, 74, 91, 97, 103, 127–132
 Tékkóslóvakía, Tékkland, Tékkar 9, 24, 25, 45, 62, 67, 80, 92, 93, 101, 107, 109, 116, 124
 Thomas, Dylan 46
 Tief, Otto 132
 Tító, Jósíp Broz 107
 Tõnisson, Jaan 130
 Tourè, Sekou 111
 Tómas Tómasson 10
 Transkei 111
 Túrkménistan, Túrkménar 75, 112, 113
 Tõnurist, Edgar 66, 86
 Uluots, Jüri 132
 Ungverjaland, Ungverjar 62, 80, 90, 109
 Unt, Mati 42, 43
 Uusikaupunki (Nystad) 129
 Uustale, Evald 16
 Úkraína, Úkraínnumenn 75, 80, 90, 97, 100, 107, 112, 115
 Úzbekístan, Úzbekar 113
 Ümera 127
 Valdemar II. 128
 Valton, Arvo 42, 44
 Vares-Barberus, Johannes 50
 Veimer, Arnold 53, 59
 Vestur-Þýskaland 25, 35, 62, 70, 117
 Vetemaa, Enn 42
 Viljandi 14, 71
 Virumaa 105, 128
 Washington-borg 16, 116
 Welles, Sumner 115, 116
 Wilson, Harold 116
 Wörner, Manfred 11
 Zambía, Zambíumenn 117, 118
 Zhdanov, Andrej 34, 132
 Þýskaland, Þjóðverjar 7, 8, 10, 29, 30, 32, 62, 74, 110, 115, 119, 121



Þegar þýðandi þessarar bókar gerðist forsætisráðherra 18 árum eftir útkomu hennar á íslensku, varð Ísland fyrst til að viðurkenna á ný sjálfstæði Eystrasaltsríkjanna: Davíð Oddsson með utanríkisráðherrum Íslands og Eystrasaltsríkjanna í Höfða 26. ágúst 1991, Jóni Baldvín Hannibalssyni, Algjirdas Saudargas, Janis Jurkans og Lennart Meri.



Andres Küng var Íslandsvinur og sænskur þingmaður. Dr. August Rei, forsætisráðherra útlagastjórnar Eistlands, heimsótti Ísland 1957.

SMÁÞJÓÐ Í KLÓM KOMMÚNISTA

Eistland varð fullvalda ríki sama ár og Ísland, 1918. Bæði löndin voru hernumin 1940. En ólíku var saman að jafna, því að Stalín og Hitler, sem réðu Eistlandi til skiptis, virtu einskis fullveldi þess og menningu. Andres Küng var sænskur rithöfundur af eistneskum ættum, sem lýsti í þessari bók markvissum tilraunum kommúnista í Moskvu til að má af eistnesku þjóðinni sérkenni, svipta hana sjálfsvitund. Bókin kom út hjá Almenna bókafélaginu 1973 í þýðingu Davíðs Oddssonar, þá laganema.

„Bækur Andres Küngs eru afar læsilegar, og hann hefur yfirgripsmikla þekkingu á viðfangsefnum sínum.“

— *Sænska Eistlandsráðið*

ATLAS
IDDE

EUROPE
★ AECR-RNH ★
OF THE VICTIMS



Almenna bókafélagið
www.rnh.is
www.bokafelagid.is

ISBN 978-9935-469-96-0



9 789935 469960 >